MÁLARI SEM FÆR FÓLK TIL AÐ BROSA
Ísak Óli Sævarsson er með einhverfu
VIÐTAL **34**



Strákahljóm-sveitin Sykur
VIÐTAL **36**

Windows 7
5 dagar
w7.is

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARÚTGÁFA

17. október 2009 — 246. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

VIÐTAL 24

Getum komist skjótt úr kreppunni, segir Bjarni Benediktsson

KYNFERÐISBROT 32

Glæpamenn sleppa

TÍSKA 48

Svart siffon í vetur

TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG

ALLT Í PLATI „Þetta er fals! Þetta má ekki!“ hrópaði leikarinn Gunnar Eyjólfsson gramur þegar hann kom æðandi út úr Þjóðleikhúsinu í gærkvöldi. Aðstandendur leiksýningarinnar Brennuvargarnir, eftir svissneska leikskáldið Max Frisch, höfðu í tilefni frumsýningarinnar sett á svið eldsvoða með reykblæstri og öðru tilheyrandi, við misjafnar undirtektir viðstaddra. Það var að minnsta kosti ljóst að gjörningurinn hafði tilætluð áhrif, því sumir gestanna urðu sjáanlega skelkaðir. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Meirihluti vill segja upp AGS-samningi

Stuðningsfólk Samfylkingar sker sig úr í afstöðu til frekara samstarfs við AGS. Getum ekki búið við þessar tafir mikið lengur, segir Steingrímur J. Sigfússon.

KÖNNUN Meirihluti þeirra sem tóku þátt í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins vill að ríkisstjórnin segi upp samningnum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Af þeim sem tóku afstöðu vildu 58 prósent uppsögn samningsins, en 42 prósent sögðust andvíg uppsögn hans.

Meirihluti stuðningsmanna allra flokka utan Samfylkingarinnar vildi segja upp samningnum. Rúmlega 65 prósent sjálfstæðismanna vildu uppsögn, tæp 69 prósent framsóknarmanna og 59 prósent stuðningsmanna Vinstri grænna.

Á meðal Samfylkingarfólks vilja 35 prósent segja samningnum upp en 65 prósent vilja það ekki.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir að niðurstaðan komi sér ekki á óvart. „Maður hefur skynjað það að þessar endalausu tafir á endurskoðuninni hafa grafið undan trú fólks á þessu samstarfi. Þetta undirstrikar að málið þarf að komast á hreyfingu eða við verðum að fara að grípa til annarra ráða.“



Á ríkisstjórnin að segja upp samningnum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn?

„Ég les það út úr þessu að það sé mikil óánægja með að áætlun okkar með AGS sé ekki að ganga eftir. Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að endurskoða áætlunina, en á sama tíma sé skynsamlegt að byggja áfram á samstarfi við sjóðinn,“ segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins.

„Mér finnst þetta mjög gleðileg tíðindi, þau bera vott um að þjóðin sé að öðlast sjálfsvirðingu á ný,“ segir Ögmundur Jónasson, þingmaður VG.

Hringt var í 800 manns fimmtudaginn 15. október. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var: Á ríkisstjórnin að segja upp samningnum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn? Alls tóku 78 prósent afstöðu til spurningarinnar.

- bj, kóp, shá

Færeyskir stjórnmálamenn:

Samningur við Ísland í hættu

UTANRÍKISMÁL Tveir forsvarsmenn færeysku landsstjórnarinnar segja að hugsanleg aðild Íslands að Evrópusambandinu stofni fríverslunarsamningi þjóðanna tveggja í hættu. Utanríkisráðherra Færeyja telur jafnvel að honum verði sjálfhætt. Ríkur pólitískur vilji er fyrir upptöku evru og aðild að EES-samningnum. - kóþ / sjá síðu 16

Hausthappdrætti Blindrafélagsins 2009 hefst í dag, bls. 19.
Stuðningur til sjálfstæðis!

SPURNING DAGSINS

Arna, verða ekki eintómir hnakkar þarna?

„Ég veit ekki hvort þeir myndu ríða feitum hesti þaðan, því það verður ekki boðið upp á skinku."

Hrossablót verður haldið í Hótel Varmahlíð í kvöld. Arna Björg Bjarnadóttir er forstöðumaður Sögusetur íslenska hestsins.

Þrír karlmenn úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald:

Grunur lögreglu um mansal styrkist

LÖGREGLUMÁL Grunur lögreglunnar á Suðurnesjum um að litháíska konan sem kom til landsins um síðustu helgi sé fórnarlamb mansals hefur styrkst, að sögn Öldu Hrannar Jóhannsdóttur, staðgengils lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Þrír karlmenn sem handteknir voru í tengslum við komu konunnar hingað til lands skulu sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi til næsta miðvikudags, samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjaness í gær.

Lögreglan ræddi við konuna í gær. Í ljós hefur komið að hún heitir öðru nafni en hún gaf upp við komuna hingað til lands. Jafnframt að hún var með fölsuð skilríki. Hún

RANGT NAFN Konan heitir ekki því nafni sem var á skilríkjum hennar. Þau eru fölsuð.

telur sig hafa komið hingað til að vinna við eitthvað sem landar hennar hafi verið búnir að útvega henni. Þeir hafi ætlað að taka á móti henni í flugstöðinni. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins virðist konan ekki hafa hugmynd um hvað hún átti að starfa við hér á landi.

Rannsókn lögreglunnar beinist meðal annars að því að upplýsa hver konan er auk mansalsþáttarins. Sjálf kveðst hún vera frá Litháen. Henni hefur verið komið fyrir í góðu og öruggu húsnæði að sögn Gunnars Schram, yfirlögregluþjóns á Suðurnesjum.

Lögregla telur fullvíst að fjórði maðurinn sem talinn er tengjast málinu, Vitalius Gejer, hafi farið af landi brott í síðustu viku. - jss

Banaslys á Haukadalsheiði:

Kastaðist af fjórhjóli og lést

LÖGREGLUMÁL Banaslys varð á Haukadalsheiði í gær, þegar erlendur ferðamaður kastaðist af fjórhjóli og lést af sárum sínum. Ferðamaðurinn, karlmaður á sextugsaldri, var farþegi á hjólinu. Ökumaður þess meiddist lítillega og var fluttur til skoðunar á sjúkrahúsið á Selfossi.

Um tuttugu manna hópur erlendra ferðamanna var í fjórhjólaferð á heiðinni þegar slysið varð. Tekin var skýrsla af þeim og þeim boðin áfallahjálp.

Ekki er unnt að greina frá nafni eða þjóðerni hins látna að svo stöddu. - sh

Hinn látni 25 ára borgarbúi:

Búið að bera kennsl á líkið

LÖGREGLUMÁL Lögreglunni á Akranesi tókst í gær að bera kennsl á lík sem fannst á Langasandi í fyrradag. Hinn látni var 25 ára gamall höfuborgarbúi.

Ekki er grunur um að andlát mannsins hafi borið að með saknæmum hætti, að sögn Viðars Stefánssonar hjá lögreglunni á Akranesi. Enn er þó óvíst hvort um sjálfsvíg eða slys var að ræða. Dánarorsök er einnig óljós. - sh

BEÐIÐ VIÐ ÚTIBÚ Stærsti banki Bandaríkjanna skilaði mun verra uppgjöri en menn bjuggust við. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Erfitt að fóta sig eftir hrunið:

Stærsti bankinn skilar tapi

VIÐSKIPTI Bank of America, umsvifamesti viðskiptabanki Bandaríkjanna, tapaði einum milljarði dala, jafnvirði 124 milljarða króna, á þriðja ársfjórðungi. Á sama tíma í fyrra hagnaðist bankinn um tæplega 1,2 milljarða dala.

Þetta er annar ársfjórðungurinn í röð sem bankinn skilar tapi þrátt fyrir 32 prósenta tekjuaukningu. Afkoman er talsvert undir væntingum.

Bloomberg-fréttaveitan segir bankann eiga erfitt með að fóta sig eftir yfirtöku á tveimur fjármálafyrirtækjum sem stóðu höllum fæti í fjármálahruninu fyrir rúmu ári. - jab

Hef aldrei kynnst öðru eins ástandi

Svínaflensan kemur misjafnlega hart niður í leikskólum og grunnskólum í borginni. Í leikskólanum Vinagerði í Reykjavík vantaði 44 börn. Í Hamraskóla hefur orðið að fella niður kennslu í eldri bekkjum vegna veikinda starfsmanna.

HEILBRIGÐISMÁL „Ég hef aldrei kynnst öðru eins ástandi," segir Dagrún Ársælsdóttir, leikskólastjóri í leikskólanum Vinagerði í Reykjavík.

Svínaflensan hefur herjað á börn og starfsmenn í leikskólanum svo um munar. Í honum eru 62 börn og í gær mættu 18 börn. Þá voru fimm starfsmenn af fimmtán veikir.

„Það eru tvær flensur í gangi," segir Dagrún enn fremur. „Það er haustflensan og svínaflensan. Þetta er rosalega smitandi. Maður hefur ekki kynnst því á þrjátíu ára ferli að þetta gangi svona jafnt yfir skólann. Stundum hefur megnið af yngstu börnunum veikst en nú er þetta allur leikskólinn. Á elstu deildinni er 31 barn en í dag eru fjögur þeirra mætt."

Dagrún segir svínaflensu hafa verið staðfesta bæði í hópi barna og starfsmanna. Brýnt sé að foreldrar fari ekki of snemma af stað með börnin eftir veikindin. Þá sé hætta á að þau fái lungnabólgu.

„Veikindin hafa varað í um það bil viku, svo ég vona nú að börnin fari að skila sér," segir Dagrún.

„Það er hundleiðinlegt að vera í barnlausum leikskóla."

Ólöf Ingimundardóttir, aðstoðarskólastjóri í Fellaskóla, segir ástandið í skólanum nokkuð gott. Örfáir nemendur hafi greinst með svínaflensu en þar sé enginn faraldur enn sem komið sé.

Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, aðstoðarskólastjóri í Hamraskóla, segir að fella hafi þurft niður kennslu í efri bekkjum skólans vegna veikinda kennara.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

VINAGERÐI Fimm starfsmenn af fimmtán voru veikir í leikskólanum Vinagerði í gær.

SJÚKLINGUM Á SPÍTALA FJÖLGAR

Sjúklingum með svínaflensu fjölgar á hverjum degi á Landspítalanum. Alls 25 einstaklingar lágu inni í gær, þar af fjórir á gjörgæslu. Í fyrradag voru sjúklingarnir 21.

„Við látum litlu börnin að sjálfsögðu ganga fyrir," segir hún.

Á heimasíðu skólans segir að mikil veikindi séu meðal nemenda og starfsmanna hans um þessar mundir. Nokkuð hafi borið á því að foreldrar hafi ekki náð sambandi við skrifstofu skólans til að tilkynna forföll, vegna álags á símkerfið. Útlit sé fyrir að halda þurfi áfram að fella niður kennslu í efri bekkjunum um sinn.

Í tilkynningu sem menntamálaráðuneytið sendi frá sér í gær segir að nemendur í framhaldsskólum þurfi tímabundið ekki að skila veikindavottorðum. Sóttvarnalæknir höfuðborgarsvæðisins beinir þeim tilmælum til Samtaka atvinnulífsins að vegna álags á heilsugæslustöðvar séu atvinnurekendur beðnir um að leita annarra leiða til að staðfesta veikindi.

jss@frettabladid.is



Í RAUÐAKROSSHÚSINU „Ertu að skoða Facebook?" spurði Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands gest Rauðakrosshússins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Forsetinn í Rauða kross-húsi:

Tóku vel á móti Ólafi Ragnari

FÉLAGSMÁL Gestir Rauða kross-hússins tóku fagnandi á móti Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, þegar hann kynnti sér starfsemina í Borgartúni 25 í Reykjavík um miðjan dag í gær.

Forsetinn fór á milli starfsstöðva, ræddi við starfsfólk og gesti sem nýta sér þjónustu Rauða krossins. Meðal annars gerði hann stans hjá prjónahópi og hjá aðstandendum hláturjóganámskeiðs.

Rauða kross-húsið býður upp á ókeypis námskeið og stuðning, en þar er þjónustumiðstöð þar sem einstaklingar og fjölskyldur geta leitað eftir stuðningi til að takast á við breyttar aðstæður í kjölfar efnahagshrunsins. Að sögn starfsfólks sækja um 50 manns Rauða kross-húsið á degi hverjum. - óká

Bílslys á Reykjanesbraut:

Þrír fluttir á spítala eftir slys

LÖGREGLUMÁL Þrír menn, tveir fullorðnir og ungur piltur, voru fluttir á slysadeild um kvöldmatarleytið í gær eftir að bíll þeirra fór út af veginum á Reykjanesbraut, vestan við álver Alcan. Mjög hvasst var á veginum þegar slysið varð.

Klippa þurfti mennina úr bílnum, en varðstjóri lögreglu taldi að meiðsl þeirra hefðu ekki verið mjög alvarleg. - sh

Framsóknarmenn vilja bætt samskipti við forsætisráðherra og útskýra Plan B:

Vilja þúsund milljarða lánalínu

STJÓRNMÁL Framsóknarmenn telja, eins og málum er háttað, rétt að stjórnvöld óski með formlegum hætti eftir þúsund milljarða króna lánalínu frá Noregi. Af þeirri fjárhæð kunni að vera þörf fyrir að draga um þriðjung, það er fá rúmlega 300 milljarða að láni.

Segja þeir margt vinnast með slíkri fyrirgreiðslu í stað efnahagsáætlunar stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Til dæmis losni Ísland úr þeirri pattstöðu sem ríki gagnvart Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, Bretum og Hollendingum og vaxtabyrðin verði mun lægri.

Framsóknarmenn kalla áætlun sína í þessum efnum Plan B og hafa þegar kynnt hana ýmsum norskum stjórnmálamönnum, líkt og frægt er orðið.

Hafa þeir nú óskað eftir fundi með Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra til að fara yfir málið með henni.

„Við ætlum að kynna þetta fyrir forsætisráðherra og leiðrétta ýmsan misskilning sem er í gangi," segir Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknar. „Það var aldrei ætlun okkar að ræða þetta við alla aðra en forsætisráðherra og nú viljum við koma á betra talsambandi." - bþs

HLÝTT Á ÞINGRÆÐU Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Höskuldur Þórhallsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.is • SÍA

Kringlan

Opið til 18 í dag

Opið á morgun frá 13 - 18

NÝJAR VÖRUR

20-50% afsláttur

fimmtudag til þriðjudags

nýtt kortatímabil

Kringlukast

Mán til mið 10–18.30, **fim** 10–21, **fös** 10–19, **lau** 10–18, **sun** 13–18 | Sími 517 9000

Komdu í heimsókn

GENGIÐ 16.10.2009

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	123,54	124,12
Sterlingspund	201,36	202,34
Evra	184,15	185,19
Dönsk króna	24,735	24,879
Norsk króna	22,071	22,201
Sænsk króna	17,754	17,858
Japanskt jen	1,3554	1,3634
SDR	196,62	197,80

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
236,5554
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Seðlabanki vísar á Alþingi sem vísar á Seðlabanka og Framsókn er í óvissu:

Enginn veit hver á að borga

STJÓRNSÝSLA Alþingi kaus hagfræðinginn Daniel Gros í bankaráð Seðlabankans á fimmtudag, en þingflokkur Framsóknarflokksins tilnefndi hann. Daniel er búsettur í Brussel og því ljóst að hann þarf að ferðast um langan veg á bankaráðsfundi. Þá er líklegt að þýða þurfi öll gögn fyrir hann. Fréttablaðið spurðist fyrir um hver greiddi kostnað við ferðir, uppihald og þýðingar en fátt var um svör.

Í Seðlabankanum fengust þær upplýsingar að þar vissu menn ekkert um málið utan það að Alþingi hefði kosið Gros í ráðið. Engin hefð væri fyrir því að bankaráðsmenn byggju erlendis og hvað kostnað varðaði væri réttast að ræða við Alþingi sem kaus Gros.

DANIEL GROS Er búsettur í Belgíu og þarf að ferðast um langan veg á bankaráðsfundi.

Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, segir hins vegar að afskiptum Alþingis ljúki þegar bankaráðsmaður hefur verið kosinn. „Það er eitt sem við gerum, að kjósa fólk í nefndir og ráð. Þar með er því lokið. Það er Seðlabankans að ráða fram úr kostnaðinum."

Helgi segist gera ráð fyrir að nokkur kostnaður sé við ferðalög, uppihald og þýðingu.

Einar Skúlason, framkvæmdastjóri þingflokks Framsóknarflokksins, segir tilskipun Gros tilraun til að opna stjórnsýsluna. Kannað hefði verið hvort þetta væri ekki löglegt, en kostnaðurinn væri óljós. „Ég vona að kostnaðurinn lendi ekki á okkur." - kóp

Tilmæli frá Landspítalanum:

Heimsóknir takmarkaðar

HEILBRIGÐISMÁL Farsóttanefnd Landspítala mælist til þess að almenningur takmarki heimsóknir sínar til sjúklinga á sjúkrahúsinu eins og kostur er vegna yfirstandandi svínaflensufaraldurs.

Margar deildir hafa þegar takmarkað heimsóknir og er fólk vinsamlegast beðið að virða þær takmarkanir. Fólk sem hefur einkenni flensunnar á borð við hálssærindi, hita, beinverki og hósta er beðið um að koma alls ekki í heimsókn á spítalann, aðrir aðeins ef þeir eiga brýnt erindi og þá í samráði við starfsfólk viðkomandi deildar. - jss

FT vitnar í látinn fræðimann:

Jákvæðar fréttir mikilvægar

FJÖLMIÐLAR Íslenskir fjölmiðlar hafa verið hvattir til þess að auka hlut jákvæðra frétta. Það geti dregið úr neikvæðum langtímaáhrifum á Íslendinga í kjölfar efnahagshrunsins. Þetta segir í netútgáfu breska blaðsins Financial Times í umfjöllun um afleiðingar hrunsins í gær. Vitnað er til Guðjóns Magnússonar, læknis og prófessors í lýðheilsufræðum við Háskólann í Reykjavík.

Guðjón var aðstoðarlandlæknir 1980-1990, þekktur víða og eftirsóttur fyrirlesari á alþjóðaráðstefnum um lýðheilsu. Hann lést 4. október síðastliðinn og var jarðsunginn frá Hallgrímskirkju á fimmtudag. - jab

Ákærður fyrir manndráp:

Játaði morðið fyrir dómi

DÓMSTÓLAR Ákæra á hendur Bjarka Frey Sigurgeirssyni fyrir manndráp var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í gær.

Bjarka er gefið að sök að hafa veist að manni í herbergi að Dalshrauni í Hafnarfirði 17. ágúst og slegið hann minnst fimm þungum höggum í höfuðið með tréborði og vöfflujárni. Maðurinn hlaut mörg brot á höfuðkúpu og alvarlega áverka á heila sem drógu hann til dauða. Bjarki játaði sök, en neitaði þó að hafa notað vöfflujárn.

Aðstandendur mannsins krefja Bjarka um samtals fjórar milljónir króna, auk útfararkostnaðar. - jss

UMHVERFISMÁL

Blátunnur í Árborg

Svokallaðar Blátunnur eiga að vera við hvert heimili í Árborg frá og með næstu áramótum. Blátunna er ætluð undir endurvinnanlegan pappírsúrgang og tekur við fleiri tegundum pappírs en grenndargámakerfið sem nú er við lýði.

Hröktu ráðherra úr púlti

Brottvísun hælisleitenda til Grikklands er umdeild. Mótmælendur hafa farið mikinn. Dæmi eru um að Útlendingastofnun hafi látið hjá líða að senda fólk til Grikklands. Sjálfstætt mat er lagt á sérhverja umsókn.

MANNRÉTTINDI Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra varð frá að hverfa eftir að hróp voru gerð að henni á ráðstefnu í Háskóla Íslands í gær.

Mótmælin eru talin tengjast öðrum sem boðuð höfðu verið vegna brottvísunar fjögurra útlendinga til Grikklands í vikunni. Mótmælt var við heimili dómsmálaráðherra á miðvikudagskvöldið. Þá sóttu að sögn lögreglu um tuttugu manns mótmæli á Lækjartorgi í gær. Mótmælendurnir halda því fram að aðbúnaður hælisleitenda í Grikklandi sé óviðunandi og óforsvaranlegt að senda hælisleitendur hér þangað.

Anna Pála Sverrisdóttir, þingmaður Samfylkingar, spurði dómsmálaráðherra út í málið á Alþingi á fimmtudag. Þar áréttaði Ragna að brottvísun hælisleitenda væri byggð á lögum og almennum mælikvörðum. Ekki væri um geðþóttaákvörðun ráðherra að ræða.

„Hvort sem mönnum líkar betur eða verr er lagaumhverfið þannig að við erum aðilar að Dyflinnarsamstarfinu sem byggist á því að þegar eitt Dyflinnar-ríki endursendir fólk til annars ríkis er það vegna þess að hælismeðferð fer þá fram í því ríki sem það er sent til," sagði Ragna og benti á að Norðurlöndin endursendu öll hælisleitendur til Grikklands. Þá sagði Ragna mál allra flóttamanna vera skoðað gaumgæfilega og benti á að flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna hefði komist að þeirri niðurstöðu að aðstæður í Grikklandi hefðu breyst svo til hins betra að óhætt væri fyrir flóttamenn að snúa aftur þangað. Hún vísaði einnig til skýrslu sem ráðuneytið birti í sumar vegna ákvörðunarinnar um að endursenda fólk til Grikklands.

Í skýrslunni kemur fram að skoða eigi hvert tilvik fyrir sig og kanna aðstæður „og meta með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum um aðstæður hælisleitenda í Grikklandi hvort þess megi vænta að viðkomandi muni njóta réttinda sinna sem hælisleitandi þar í landi".

Rósa Dögg Flosadóttir, settur forstjóri Útlendingastofnunar, staðfestir að Dyflinnar-reglugerðinni sé ekki fylgt fortakslaust heldur séu mál könnuð í samræmi við það vinnulag sem lagt er upp með í skýrslu dómsmálaráðuneytisins. Dæmi séu um að ákveðið hafi verið að senda fólk ekki þangað vegna þess að það hafi fallið undir skilgreiningar skýrslunnar.

olikr@frettabladid.is

HRÓP GERÐ AÐ RÁÐHERRA Mótmælendur sóttu ráðstefnu sem boðað hafði verið til í gær af tilefni 50 ára afmælis mannréttindadómstóls Evrópu og komu í veg fyrir að Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra gæti flutt þar ræðu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

RAGNA ÁRNADÓTTIR Eftir um 10 mínútna stapp gafst dómsmálaráðherra upp á að reyna að flytja ræðu í Háskólanum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HÆLISLEITENDUM FÆKKAR MJÖG

Umtalsverð fækkun hefur á þessu ári orðið á umsóknum um hæli hér á landi samkvæmt upplýsingum Útlendingastofnunar. Um síðustu mánaðamót höfðu borist 27 umsóknir um hæli, en þær voru alls 73 árið 2008. Árin 2006 og 2007 sóttu 39 og 42 um hæli. Flestar hafa umsóknir á einu ári orðið árið 2002 þegar 117 sóttu um hæli hér á landi.

Af umsóknum sem bárust á þessu ári drógu níu umsækjendur umsóknir sínar til baka eða hurfu af landi brott. Átta voru sendir aftur til samstarfsríkis Dyflinnarsamkomulagsins á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar, einum var synjað um hæli en í málum tveggja var veitt hæli. Sjö mál eru svo enn í vinnslu hjá Útlendingastofnun.

Útlendingastofnun hefur þar fyrir utan veitt hæli af mannúðarástæðum í tilvikum sjö umsækjenda á þessu ári, vegna umsækjenda sem komu fyrir 1. janúar 2009. Þá fengu fjórir slíkt leyfi sem áður höfðu dregið umsóknir um hæli til baka.

UMSÓKNIR UM HÆLI

Þróun síðustu ára

2009	27*
2008	73
2007	42
2006	39
2005	87
2004	76
2003	80
2002	117
2001	53
2000	25
1999	24

Fram til 1. október 2009.
HEIMILD: ÚTLENDINGASTOFNUN.

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

VÆTUSAMT OG KÓLNANDI

Í dag verður stíf sunnanátt sunnan og austan til annars mun hægari norðvestlæg átt. Rigning víða um land en þó úrkomuminnst á Austurlandi og Vestfjörðum. Milt verður framan af degi en smám saman kólnar, fyrst vestan til og í kvöld má búast við snjókomu til fjalla og á heiðum. vestanlands. Veður fer kólnandi.

Á MORGUN 10-18 m/s norðaustan til annars hægari

MÁNUDAGUR 5-10 m/s



HEIMURINN

Alicante	21°
Amsterdam	13°
Berlín	8°
Billund	10°
Brussel	11°
Eindhoven	13°
Frankfurt	9°
Friedrichshafen	9°
Gautaborg	7°
Kaupmannahöfn	6°
Las Palmas	27°
London	12°
New York	8°
Orlando	24°
Osló	9°
París	12°
Róm	13°
Stokkhólmur	7°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Jólalandið

OPNAR Í DAG Í **BLÓMAVALI SKÚTUVOGI**

Dagskrá
fyrir alla fjölskylduna

kl. 13:30 í dag
Ingó veðurguð tekur lagið

ALLIR KRAKKAR
FÁ GEFINS SVALA OG
SÚKKULAÐIMUFFINS

Ís
10 kr

KRAKKAFJÖR
ALLA HELGINA

Litríkir páfagaukar og kanínur frá Dýraríkinu til sýnis. Börnin fá að klappa kanínum!

SERÍUMARKAÐUR

STÓRLÆKKAÐ VERÐ á völdum vörum

EGG

25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM Í EGG

Soldis
Silkitré & silkiblóm

25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM Í SOLDIS

25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM BÚSÁHÖLDUM

HÚSASMIÐJAN

Kaffi Garður
Skútuvogi
Gúllassúpa **190 kr.**

blómaval

OPIÐ TIL 21:00 Í SKÚTUVOGI

KJÖRKASSINN

Ætlar þú á Airwaves?

Já 3%

Nei 97%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ertu farin(n) að huga að jólunum?

Segðu skoðun þína á visir.is.

Benjamín Þór Þorgrímsson tapar skaðabótamáli vegna Kompássþáttar:

Blaðamenn Kompáss sýknaðir

DÓMSMÁL Héraðsdómur hefur sýknað fyrrverandi starfsmenn fréttaskýringarþáttarins Kompáss af skaðabótakröfu Benjamíns Þórs Þorgrímssonar, sem Kompás festi á filmu á laun þegar hann veittist að Ragnari Magnússyni veitingamanni.

Benjamín taldi Kompásmenn hafa brotið gegn friðhelgi einkalífs síns með því að sýna myndskeiðið í sjónvarpi og höfðaði mál á hendur þeim Jóhannesi Kr. Kristjánssyni og Kristni Hrafnssyni, auk 365 miðla og forstjóranum Ara Edwald. Benjamín krafðist tíu milljóna í bætur.

„Þótt aðalefni myndskeiðsins og umfjöllunar stefndu hafi verið hinar ólögmætu starfsaðferðir stefnanda, verður að telja að birting myndar af honum hafi, eins og hér háttaði til, ekki falið í sér brot gegn rétti stefnanda til eigin myndar," segir í dómnum. „Að áliti dómsins hafði almenningur augljósa hagsmuni af því að þekkja stefnanda og starfsaðferðir hans, og mun meiri en stefnandi af því að upptakan yrði ekki birt. Jafnframt er það álit dómsins að umfjöllun stefndu um stefnanda hafi í umrætt sinn bæði verið málefnaleg og byggð á staðreyndum."

Benjamín er dæmdur til að greiða hverjum hinna stefndu 170 þúsund krónur í málskostnað. Dómnum verður áfrýjað, að sögn Vilhjálms H. Vilhjálmssonar, lögmanns Benjamíns. - sh

ÚR ÞÆTTINUM Dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að hagsmunir almennings af því að sjá Benjamín og starfsaðferðir hans hafi vegið þyngra en friðhelgi einkalífs hans. MYND/STÖÐ 2

Mannréttindaráð SÞ:

Gasaskýrslan til Öryggisráðsins

ÍSRAEL, AP Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna ákvað í gær að skýrsla um mannréttindabrot Ísraela og Palestínumanna í þriggja vikna stríði á Gasaströnd um síðustu áramót verði send Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna til umfjöllunar. Bæði Ísraelar og Palestínumenn hafa gagnrýnt skýrsluna, en þar er því haldið fram að mannréttindabrot hafi verið framin á báða bóga.

Ísraelar hafa verið andvígir því að ráðið fjalli um skýrsluna, en Palestínumenn hafa verið tvístígandi. Talsmaður Palestínustjórnar, fagnaði því í gær að skýrslan fari fyrir Öryggisráðið. - gb

KAUPUM GEGN STAÐGREIÐSLU

Mercedes Benz GL, ML 320 Cdi
Landrover Discovery Dísel
LandCruiser 200 (bensín & dísel)
Range Rover Vogue V8 Dísel
Range Rover Sport Dísel
Audi Q7 Dísel
BMW X5 Dísel
Árgerð 2007 og yngra

Sendu myndir og upplýsingar í tölvupósti á:
deutsche.auto@gmail.com eða hringdu í síma 821 9980.

14 til 28 Nóvember 2009

Eina lífvarðanámskeiðið á Íslandi

Öryggisvarðaskólinn

Sími: 698 1666
ovskoli.is

Terr Security

Terr security býður uppá starfsmöguleika á heimsvísu

Séra Gunnar getur ekki hunsað biskup

Biskup taldi sér skylt að leysa ágreininginn í Selfosssókn með því að flytja séra Gunnar Björnsson til í embætti. Gunnari er ekki stætt á að hunsa ákvörðunina. Fullt var út úr dyrum á borgarafundi Gunnars og stuðningsmanna hans í gær.

KIRKJAN Vel á annað hundrað manns mætti á opinn fund sem séra Gunnar Björnsson og stuðningsmenn hans stóðu fyrir á Selfossi í gærkvöldi. Fundurinn hófst með því að gestir sungu saman lagið Fyrr var oft í koti kátt, og voru fundargestir í kjölfarið hvattir til að tjá hug sinn allan.

Tilefni fundarins var mál séra Gunnars, en biskup tilkynnti honum bréfleiðis í vikunni að til stæði að færa hann til í starfi.

Biskup segir í bréfinu að sér sé vel ljóst að séra Gunnar hafi verið sýknaður af ákæru um kynferðisbrot. „Þrátt fyrir þá niðurstöðu er einsýnt af öllum atvikum að djúpstæður og alvarlegur trúnaðarbrestur hefur myndast milli yðar og þeirra sem fara með málefni safnaðarins," segir í bréfinu.

„Slíkur trúnaðarbrestur milli sóknarprests og sóknarnefndar veldur því að kirkjulegu starfi í söfnuðinum verður ekki unnt að sinna með eðlilegum hætti ef þér komið til starfa að nýju og einingu innan sóknarinnar yrði beinlínis búin hætta af."

Sú skylda hvíli á herðum biskups að beita sér fyrir lausn ágreiningsefna, og vegna þess að skýr krafa hafi borist frá sóknarnefnd Selfosskirkju um að Gunnar snúi ekki aftur, hafi biskup því ákveðið að gera Gunnar að sérþjónustupresti út skipunartíma sinn, til 31. maí 2012. Í starfinu felist verkefni á vegum Helgisiðastofu og önnur tilfallandi verkefni og hann geti sinnt því heiman frá sér.

Gunnar hefur hins vegar lýst því yfir að hann hyggist hafa ákvörðun biskups að engu.

Gunnari er þó ekki stætt á því að hunsa ákvörðunina, að sögn Gests Jónssonar, lögfræðings Biskupsstofu. Ákvörðunin sé meðal annars byggð á 36. grein laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, sem segir að stjórnvald sem skipað hefur mann í embætti geti flutt hann í annað embætti heyri þau bæði undir stjórnvaldið.

„Hann getur hins vegar borið það upp við dómstóla eins og aðrir hafi hann einhverjar efasemdir um heimildirnar," segir Gestur.

Tíu prestar rituðu biskupi bréf í september til stuðnings séra Gunnari. Í bréfinu er áhyggjum lýst af þróun málsins, það sé hættulegt fordæmi þegar dómar Hæstaréttar eru sniðgengnir og það sendi vond skilaboð út í íslenskt samfélag.

Taki Gunnar ekki aftur við starfi sínu á Selfossi skapist alvarleg fordæmi sem geti orðið hættulegt öllum starfsmönnum kirkjunnar. „Nægjanlegt sé að kæra starfsmann, þar þurfi engar hefðbundnar reglur samfélagsins að gilda. Þar sé starfsfólk, sem ekki hafi þau mannréttindi að hægt sé að sýkna það." stigur@frettabladid.is

STUÐNINGSMENN SÉRA GUNNARS

Eftirtaldir prestar undirrita bréfið til biskups sem skrifað er til stuðnings séra Gunnari:

- Auður Eir Vilhjálmsdóttir, sérþjónustuprestur
- Dalla Þórðardóttir, prófastur í Skagafirði
- Gísli Gunnarsson, sóknarprestur í Glaumbæ
- Guðmundur Þorsteinsson, fyrrverandi dómprófastur
- Gunnar Sigurjónsson, sóknarprestur í Digraneskirkju
- Jón Ragnarsson, sóknarprestur í Hveragerði
- Valgeir Ástráðsson, sóknarprestur í Seljakirkju
- Vigfús Þór Árnason, sóknarprestur í Grafarvogskirkju
- Þórir Stephensen, fyrrverandi dómkirkjuprestur

SÉRA GUNNAR BJÖRNSSON Er verulega ósáttur við ákvörðun biskups.

IÐA

Helgartilboð

5.690,-
3.983,-

Lækjargata 2a sími 511-5001 opið alla daga frá 9.00 - 22.00

Forsætisráðuneytið vísar frá sér ákvörðun um að afhenda bréf forseta Íslands:

Tengist ekki framkvæmd valds forseta Íslands

STJÓRNSÝSLA Forsætisráðuneytið telur það ekki á valdi forsætisráðherra að hnekkja ákvörðun forseta Íslands um að veita ekki aðgang að bréfum, sem forsetaskrifstofan afhenti Rannsóknarnefnd Alþingis. Fréttablaðið óskaði eftir afritum þeirra sautján bréfa sem forsetaskrifstofan afhenti Rannsóknarnefndinni en fékk synjun. Forsetaembættið vísaði til þess að vegna almannahagsmuna mætti undanþiggja bréfin upplýsingarétti þar til þrjátíu ár væru liðin frá ritun þeirra.

Fréttablaðið bar synjun forsetaskrifstofunnar undir forsætisráðuneytið á þeim forsendum að samkvæmt 11. grein stjórnarskrárinnar sé forseti Íslands ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Því hafi synjunin verið á ábyrgð forsætisráðherra.

Í bréfi sem Fréttablaðinu barst í gær og er undirritað af Ragnhildi Arnljótsdóttur ráðuneytisstjóra og Ágústi Geir Ágústssyni segir að ýmis verkefni forseta Íslands lúti ekki meðferð þess valds sem honum sé veitt í stjórnarskránni og ráðherrum sé falið að framkvæma á eigin ábyrgð. „Falla þar t.d. undir ýmis formleg og óformleg samskipti forseta Íslands við innlenda og erlenda aðila." Segist ráðuneytið telja ljóst að bréfaskipti forsetans séu meðal þeirra verkefna. Það sé því ekki á valdi forsætisráðherra að hnekkja ákvörðun skrifstofu forsetans. Ráðuneytið bendir á að heimilt sé að bera synjun forsetaskrifstofunnar undir úrskurðarnefnd um upplýsingamál, en Fréttablaðið sendi málið til meðferðar hjá nefndinni hinn 12. október. - pg

BRÉF Rannsóknarnefnd Alþingis óskaði eftir bréfum sem forsetinn hefði skrifað til stuðnings fjármálastofnunum eða forsvarsmönnum þeirra og fékk sautján bréf til rannsóknar.

NÝTT KORTA-TÍMABIL

HAUST ÚTSALA

8.–18. október

Í SMÁRALIND

Gerðu hagkvæm jólainnkaup
á stærstu haustútsölu ársins!

Opið til kl. 18 í dag

SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000

Smáralind

ENNEMM / SÍA / NM39472

VEISTU SVARIÐ?

1 *Með hvaða liði ætlar Arnar Gunnlaugsson að leika næsta sumar?*

2 *Hvað fær Framsóknarflokkurinn marga þingmenn í nýrri könnun Fréttablaðsins?*

3 *Hver er vinsælasti karakterinn í eftirhermukeppninni Laddanum á Rás 2?*

SVÖR Á BLAÐSÍÐU 66

Gunnar Helgi Kristinsson: Fylgisaukning Sjálfstæðisflokksins eðlileg

VG tapar furðulitlu miðað við vandræði

STJÓRNMÁL „VG tapar furðulega litlu fylgi miðað við þau vandræði sem flokkurinn hefur verið í," segir Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við HÍ, um könnun Fréttablaðsins á fylgi flokkanna sem birt var í gær. „Steingrímur J. Sigfússon hefur komið sterkur út úr stjórnarsamstarfinu og virðist njóta virðingar utan VG. Það er ágiskun mín að flokkurinn njóti þess."

Miðað við niðurstöður kosninganna í apríl tapar VG tveimur þingmönnum, Hreyfingin og Borgarahreyfingin ná ekki kjöri, Sjálfstæðisflokkurinn bætir við sig sex og Samfylking og Framsókn standa í stað.

Gunnar Helgi segir fylgi Samfylkingarinnar athyglisvert í ljósi þess að flokkurinn er í forystu ríkisstjórnar í erfiðum aðgerðum. „Samfylkingarfólk hlýtur að telja þetta nokkuð viðunandi," segir hann.

Fylgi við Borgarahreyfinguna og Hreyfinguna mælist svo til ekkert. „Þetta er hrunið eins og búast mátti við," segir Gunnar Helgi. Sama hafi gerst hjá Frjálslynda flokknum sem hífði upp fylgið á ný með útspili í innflytjendamálum. „Ef Borgarahreyfingin eða Hreyfingin fara í einhvern slíkan afkima getur fylgið kannski vaxið aftur."

Hann segir fylgið við Sjálfstæðisflokkinn nokkuð hátt, sem þó sé ekki óeðlilegt í ljósi þess að hann eigi í höggi við ríkisstjórn sem standi í erfiðum aðgerðum. Framsókn vinni hins vegar ekki á þrátt fyrir harða stjórnarandstöðu. - bþs

MARGRÉT OG VALGEIR: VIÐBÚIÐ

„Þetta er ósköp skiljanlegt og ég get vel sett mig í spor ringlaðra kjósenda því það hefur gengið mikið á hjá okkur sem fólk botnar ekkert í," segir Margrét Tryggvadóttir, þingmaður Hreyfingarinnar. „Við erum áhlaupsframboð," segir hún „og skoðanakannanir skipta okkur minna máli en flokka með 90 ára sögu." Margrét býst við að landið rísi á ný því Hreyfingin hafi mörg góð mál í farteskinu og ætli að láta til sín taka á næstunni.

„Það mátti búast við þessu því umræðan hefur verið ofboðslega neikvæð eftir landsfundinn og klofninginn þegar þingmennirnir sendu kjósendum sínum fingurinn," segir Valgeir Skagfjörð, formaður Borgarahreyfingarinnar.

Ekki standi til að hætta og gefast upp. „En við verðum kannski ekki stjórnmálaflokkur áfram heldur frekar þverpólitísk hreyfing sem styður menn til góðra verka og hefur áhrif á umræðuna."

Enginn auglýsandi stærri en átta prósent í Fréttablaðinu

Auglýsingamarkaðurinn hefur dregist saman um þriðjung frá því í fyrra. Rekstur Fréttablaðsins er ekki háður neinum einum auglýsanda eða fyrirtækjasamsteypu, segir Ari Edwald, forstjóri 365.

VIÐSKIPTI Vísbendingar eru um að auglýsingamarkaðurinn hafi í heild dregist saman um þriðjung frá því í fyrra. Að sögn Ara Edwald, forstjóra 365, hljómar sú tala nærri lagi fyrir félagið, en það gefur meðal annars út Fréttablaðið og rekur Stöð 2 og Bylgjuna.

„Í krónum sýnist mér samdrátturinn verða 30 til 35 prósent en raunlækkun meiri sem nemur verðbólgu. Það hefur verið erfitt að laga reksturinn að þessum samdrætti og erfiðast í blaðaútgáfunni þar sem kostnaðarþróun á pappír hefur verið óhagstæð ofan á allt annað."

Ari bendir á að heilu sviðin, á borð við fjármálageirann og bílaumboðin, hafi nánast horfið af markaðnum eins og staðan er núna.

„Þessir aðilar voru meðal helstu auglýsenda og minnkandi umsvif þeirra hafa haft verulega mikið að segja."

Að sögn Ara er engin fyrirtækjasamsteypa með meira en átta prósent af auglýsingunum í Fréttablaðinu í dálksentrimetrum talið það sem af er árinu 2009.

Ari tekur fram að þetta hlutfall sé enn lægra þegar miðað er við tekjur en ekki dálksentimetra, þar sem stærstu auglýsendurnir noti mest af heilum síðum og opnum, sem eru hlutfallslega ódýrari en minni auglýsingar.

„Ég fullyrði að rekstur Fréttablaðsins er ekki háður neinum einum auglýsanda eða fyrirtækjasamsteypu. Auglýsandahópurinn er miklu breiðari og sterkari en það, enda er Fréttablaðið langsterkasti prentmiðill landsins og með Evróvisjón-dekkun á höfuðborgarsvæðinu á hverjum degi."

Spurður um hvernig landslagið sé almennt í þessum efnum á dagblaðamarkaðnum segir Ari að eftir því sem hann komist næst sé stærsti auglýsandinn í Morgunblaðinu það sem af er 2009 með svipað hlutfall af dálksentrimetrum og sá stærsti hjá Fréttablaðinu, jafnvel heldur hærra ef eitthvað er.

Skiptingin milli Fréttablaðsins og Morgunblaðins á birtum dálksentimetrum á árinu er 61 prósent á móti 39 prósent, Fréttablaðinu í vil.

Ari bendir jafnframt á að ítarlegar upplýsingar um auglýsingar, sem birtast í dagblöðum, sé meðal annars hægt að nálgast hjá CreditInfo Fjölmiðlavaktinni, ef menn kæra sig um.

Meðallestur á dagblöðum

Samkvæmt nýjustu lestrarkönnun lesa 144 þúsund, á aldrinum 12 til 80 ára, Fréttablaðið á hverjum degi sem er rúmlega fimmtíu þúsundum fleiri en lesa Morgunblaðið.



HEIMILD: BLAÐAKÖNNUN CAPACENT MAÍ - JÚL 2009

SÆRÐUR MAÐUR BORINN BURT Árás á lögreglustöð í Peshawar kostaði þrettán manns lífið. NORDICPHOTOS/AFP

Fleiri sprengjuárásir í Pakistan:

Árás á lögreglustöð í Peshawar

PAKISTAN, AP Þrír sjálfsvígsárásarmenn réðust vopnaðir sprengjum á lögreglustöð í Peshawar í Pakistan í gær, daginn eftir að sprengjuárásir voru gerðar á fjórar lögreglustöðvar í landinu. Árásin kostaði þrettán manns lífið.

Peshawar er stærsta borgin í norðvesturhluta landsins, þar sem talibanar og aðrir uppreisnarhópar hafa látið til sín taka undanfarið. Alls hafa meira en 150 manns farist í sprengjuárásum í Pakistan síðustu tólf daga.

Pakistanski herinn gerði í gær harðar loftárásir á stöðvar talibana í Suður-Waziristan og segist hafa fellt þar tugi manna. - gb

novilon® Gólfdúkur hagkvæm og nútímaleg lausn

Bókahornið, þægindi og rólegheit



Engin vandamál

Sérverslun með gólfdúk og teppi

Heimilisgólfdúkur léttir andrúmsloftið

forbo FLOORING SYSTEMS

KJARAN GÓLFBÚNAÐUR

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

OTTÓ AUGLÝSINGASTOFA

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

LANDSBANKINN Einn mannanna reyndi að brjóta upp hraðbanka Landsbankans.

Fjórir menn ákærðir fyrir stórfelldan þjófnað:

Stálu hraðbanka og deildu þýfinu

DÓMSMÁL Fjórir menn hafa verið ákærðir fyrir fjölmörg brot, ýmist saman eða hver í sínu lagi. Saman stálu þeir til dæmis hraðbanka sem innihélt 2,2 milljónir króna. Þeir brutu bankann upp síðar sama dag og skiptu þýfinu á milli sín.

Mennirnir, sem eru allir af erlendum uppruna, stálu hraðbankanum aðfaranótt sunnudagsins 1. febrúar. Hann var í anddyri verslunarmiðstöðvar að Sunnumörk 1 í Hveragerði.

Nokkru síðar reyndi einn mannanna að brjóta upp hraðbanka Landsbankans að Dalvegi 2 í Kópavogi. Sá hinn sami er einnig ákærður fyrir fjölmörg umferðarlagabrot. Í öllum tilvikum var um hraðakstur að ræða.

Þá eru mennirnir ákærðir fyrir fleiri þjófnaðarbrot af ýmsu tagi. Þeim er gefið að sök að hafa stolið verkfærum og vettlingum úr BYKO fyrir á annað hundrað þúsund og íþróttagalla í Útilífi.

Vátryggingafélag Íslands krefst þess að mennirnir greiði skaðabætur að upphæð 2.313 milljónir króna. Tvær aðrar skaðabótakröfur eru gerðar á hendur þeim, að upphæð 83 þúsund og 202 þúsund. - jss

Mjólkur- & ostadagar í Hagkaup
15. - 25. október

OSTAMEISTARAR OG MJÓLKURFRÆÐINGAR VERÐA Á STAÐNUM TIL AÐ SVARA SPURNINGUM VIÐSKIPTAVINA

Laugardag í Hagkaup Kringlunni kl. 14-18

GETRAUNALEIKUR Í SKEIFUNNI
Komdu og giskaða á magnið af kókómjólk! Vegleg verðlaun í boði!

Þú færð kraft úr kókómjólk

FRÁBÆRT ÚRVAL AF ÍSLENSKUM OSTUM Á TILBOÐI
í ostaborði Kringlunnar

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 25. október á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

LAGERSALA

• 2 dagar eftir •

Húfur 500 - 1.000 kr.

Krakka buxur 500 kr.

Fullorðins flís 4.000 - 5.500 kr.

Fullorðins buxur 2.000 kr.

Krakka úlpur 3.000 kr.

Krakka flís 1.000 - 3.000 kr.

Útigallar 7.000 kr.

Opnunartímar

Lau (17.10.): 11-16
Sun (18.10.): 12-16

LAGERSALA

Faxafeni 12 (2. hæð), 108 Reykjavík www.66north.is

66° NORÐUR

Formaður Matvís dró í land ummæli um svarta atvinnustarfsemi á Reykjanesi:

Það veitingamenn afsökunar

VIÐSKIPTI Níels S. Olgeirsson, formaður Matvæla- og veitingafélags Íslands, baðst á fimmtudag afsökunar á ummælum sínum um veitingarekstur á Reykjanesi.

Níels hafði í blaði Matvæla- og veitingafélagsins í grein um síðferði í atvinnurekstri sagt að svo virtist sem engin lög giltu á Reykjanesi. Níels viðhafði síðan svipuð ummæli um veitingamenn á Reykjanesi í Fréttablaðinu á þriðjudag og miðvikudag.

Á fimmtudag átti Níels fund með veitingamönnum á Reykjanesi. „Menn töluðu hreinskilnislega saman. Þetta hefur verið eins og hvert annað slys því það nær ekki nokkurri átt að segja að það sé leitun að heiðarlegum fyrirtækjum á Reykjanesi – það er alveg galið," segir Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.

Erna segir veitingmenn búast við yfirlýsingu frá Matvís eftir þennan fund. „Ég á að von á því að það muni heyrast eitthvað frá Matvís í kjölfarið því það kom fram á fundinum að Matvís heldur því langt í frá fram að obbinn af fyrirtækjum á Reykjanesi sé ekki heiðarlegur," segir hún. Níels kvaðst í gær vera að vinna að því að senda eitthvað frá sér um málið en að það væri ekki tilbúið.

- gar

MATVÍS Formaður Matvæla- og veitingafélags Íslands skrifaði grein um síðferði í atvinnulífinu í blað félagsins.

Barnavagn fyrir lest:

Barnið slapp að mestu ómeitt

ÁSTRALÍA, AP Lögreglan í Ástralíu segir það ganga kraftaverki næst að sex mánaða barn hafi sloppið að mestu ómeitt þegar það varð fyrir járnbrautarlest í bænum Ashburton.

Barnið var í barnavagni sem rann út á lestarteinana þegar móðirin leit af því stundarkorn. Barnavagninn barst með lestinni 40 metra vegalengd áður en lestin stöðvaðist. Atvikið má sjá á myndbandi sem barst víða um netið í gær.

- gb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Kannabis í miðborginni

Áttatíu grömm af marijúana fundust við húsleit í miðborginni í fyrrakvöld. Var efnið ætlað til sölu. Þrír karlmenn á þrítugsaldri voru handteknir í þágu rannsóknarinnar.

MORGAN TSVANGIRAI Segir réttarhöld á hendur samstarfsmanni sínum ekkert annað en ofsóknir. NORDICPHOTOS/AFP

Dregur sig út úr stjórninni

Stjórnarsamstarf Tsvangirai og Mugabe er í uppnámi. Tsvangirai forsætisráðherra ætlar ekki að taka þátt í stjórninni fyrr en lausn finnst á deilu.

SIMBABVE, AP Morgan Tsvangirai, forsætisráðherra Simbabve, ætlar ekki að taka þátt í ríkisstjórnarsamstarfi með Robert Mugabe forseta meðan Roy Bennett, einn helsti ráðgjafi hans, sætir ofsóknum.

„Við erum ekki að yfirgefa stjórnina í reynd," segir Tsvangirai, en segir að hvorki hann né aðrir ráðherrar úr flokki hans, Lýðræðishreyfingunni, muni sækja ríkisstjórnarfundi eða taka þátt í öðru stjórnarsamstarfi með ZANU-PF, flokki Mugabe.

Bennett hefur verið ákærður fyrir að hafa tekið þátt í tilraunum Lýðræðishreyfingarinnar til að steypa Robert Mugabe af stóli með valdi eftir forsetakosningarnar á síðasta ári.

Tsvangirai lítur á þetta sem hreinar ofsóknir, enda hafi ásakanir á hendur þeim um að hafa ætlað að steypa Mugabe af stóli með valdi löngu verið afsannaðar.

„Það er ekki verið að sækja Bennett til saka, það er verið að ofsækja hann," segir Tsvangirai. Bæði Evrópusambandið og Bandaríkin hafa lýst áhyggjum af fangelsun Bennetts, og sagt hana merki um valdamisnotkun og vanburða réttarríki.

Viðbrögð Tsvangirais nú þykja staðfesta langvarandi óánægju hans í stjórnarsamstarfinu með ZANU-PF. Á hinn bóginn hefur hann hvað eftir annað sagt að stjórnarsamstarfið með Mugabe sé eina leiðin til að tryggja framtíð landsins, og staðfestir þá afstöðu sína með því að vilja ekki segja sig alfarið úr stjórninni.

Tsvangirai og Mugabe mynduðu samsteypustjórn í febrúar eftir harðar deilur út af forsetakosningum, sem þeir báðir sögðust hafa sigrað í. Niðurstaðan varð sú að Tsvangirai yrði forsætisráðherra en Mugabe áfram forseti.

Réttarhöld yfir Bennett eiga að hefjast á mánudag. Tsvangirai hafði valið Bennett til að vera aðstoðarlandbúnaðarráðherra í ríkisstjórn sinni, en daginn sem stjórnin átti að taka við völdum var Bennett handtekinn. Hann var þó fljótlega látinn laus úr fangelsi gegn tryggingu, en var hnepptur á ný í fangelsi nú í vikunni.

gudsteinn@frettabladid.is

Hvað er best fyrir börnin?

Ráðstefna um foreldraorlof – umönnunarstefnu og stöðu kynjanna á Norðurlöndum

Hótel Sögu, Reykjavík, 22. október 2009.

Kunnir norrænir fræðimenn gera grein fyrir rannsóknum sínum og skýra frá stefnumörkun stjórnvalda. Aðalfyrirlesari er Dr. Janet Gornick, prófessor í stjórnmála – og félagsfræði við City University í New York.

Á ráðstefnunni verður kynnt samanburðarrannsókn á fæðingar- og foreldraorlofi á Norðurlöndunum. Í rannsókninni er m.a. leitað svara við því hvernig orlofsréttur er nýttur og áhrif þess á heilsu, samband foreldra og barna og stöðu kynja á vinnumarkaði.

Ráðstefnan er endurgjaldslaus og kjörinn vettvangur fyrir skólafólk, foreldra, fræðimenn, stjórnmálamenn og alla þá sem vilja fræðast um umönnunarstefnu og stöðu kynjanna á Norðurlöndunum.

Ráðstefnan fer fram á ensku og er öllum opin.

Skráning og dagskrá á http://formennska2009.jafnretti.is

norden Nordisk Ministerråd · Háskóli Íslands · Jafnréttisstofa · The Nordic Welfare Model · Félags- og tryggingamálaráðuneytið

Orkuveita Reykjavíkur

Afmæliskaffi í Hellisheiðarvirkjun

1909 2009 Vatnsveita í 100 ár

Í tilefni af 10 ára afmæli Orkuveitunnar og 100 ára afmæli vatnsveitu í Reykjavík bjóðum við í kaffi og með því í Hellisheiðarvirkjun laugardaginn 17. október.

Rútuferðir frá Bæjarhálsi

Frá Bæjarhálsi kl. 13:00, 14:00, 15.00 og 16:00
Frá Hellisheiði kl. 14:00, 15:00, 16:00 og 17:00

Hugvit í 100 ár!

Við hvetjum fólk til að koma og skoða sýninguna „Vatnaskil, dropar úr sögu vatnsveitunnar í 100 ár" í Galleríi 100° á Bæjarhálsi 1.
Þar gefst frábært tækifæri til að kynna sér sögu vatnsveitu í Reykjavík.

Allir velkomnir

Gestamóttaka Hellisheiðarvirkjunar er opin alla daga frá kl. 09.00 -18.00.

www.or.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 47455 10.09

FRÉTTAVIÐTAL: Staða Viðskiptaráðs Íslands og fyrirliggjandi verkefni

Skuldakreppa verður ekki leyst með krónuprentun

Nýr formaður Viðskiptaráðs Íslands segir eitt helsta verkefnið nú að veita ríkisvaldinu aðhald. Óráðlegt sé að einkageirinn beri lungann af byrðum við aðlögun hagkerfisins á meðan of stórum opinberum geira er hlíft. Forsvarsmenn Viðskiptaráðs segja umræðu um störf ráðsins um margt hafa verið ósanngjarna, þótt kannski hefði mátt gera meira úr varnaðarorðum fyrir hrun.

TÓMAS MÁR SIGURÐSSON OG FINNUR ODDSSON Í byrjun mánaðarins lét Erlendur Hjaltason, forstjóri Existu, af starfi formanns Viðskiptaráðs Íslands. Þetta sagðist hann gera til að forðast að önnur störf hans truflaðu starfsemi Viðskiptaráðs. Við tók Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls, en með honum hér að ofan er Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri ráðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Áður en Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls, samþykkti um mánaðamótin að taka við formennsku í Viðskiptaráði Íslands af Erlendi Hjaltasyni, forstjóra Existu, vildi hann að rædd yrðu opinskátt innan ráðsins álitamál sem kynnu að fylgja aðkomu hans. Tómas Már og Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, settust niður með blaðamanni í tilefni formannsskiptanna.

„Ég starfa í fyrirtæki og kem úr iðnaði sem ekki er óumdeildur og hef í ofanálag augljósa tengingu við einn stjórnmálaflokk," segir Tómas, en kona hans er Ólöf Nordal, þingmaður Sjálfstæðisflokks. „Ég þekki hins vegar ágætlega til almenns reksturs og aðstæðna í íslensku viðskiptalífi og treysti mér til að vinna að heilindum að hagsmunum atvinnulífs í heild, enda er það hlutverk Viðskiptaráðs. Að auki er ég þeirrar skoðunar að Viðskiptaráð eigi að vinna að framfaramálum almennt, óháð flokkspólitískum línum. Það varð því úr að ég tæki verkið að mér og ég hlakka til starfans." Sem dæmi um mögulega skörun hagsmuna starfa fyrir ráðið og áliðnaðinn bendir Tómas á mál á borð við sextán milljarða orku- og auðlindaskatt sem beint sé til stóriðjunnar. „En þegar það mál er lesið lengra sjá menn að það bitnar mjög illa á öllu atvinnulífinu," segir hann og nefnir Sementsverksmiðjuna á Akranesi, Steinullarverksmiðjuna, járnblendið, hina nýgangsettu aflþynnuverksmiðju, og garðyrkjubændur sem dæmi, auk neikvæðra áhrifa á almenna notendur. Í raun segir Tómas að auðvelt sé að koma í veg fyrir alla hagsmunaárekstra, enda fjalli Viðskiptaráð um hina stærri hagsmuni atvinnulífsins og umgjörðina sem því sé búin. Viðbúið sé hins vegar að einhverjar breytingar fylgi mannaskiptum í ráðinu, enda sé það í grunninn ekki annað en skoðanavettvangur fulltrúa atvinnulífsins. „Því er eðlilegt að áherslur fylgi í einhverjum mæli tíðaranda og samsetningu viðskiptalífs hverju sinni."

Brýnustu verkefnin

Finnur bendir á að þrátt fyrir reglulegar mannabreytingar standi Viðskiptaráð fyrir ákveðin grunngildi sem staðið hafi óhögguð. „Lög ráðsins kveða á um að vinna skuli að framförum í atvinnulífinu og frjálsum og heilbrigðum viðskipta-háttum. Auk þess er Viðskiptaráð málsvari félaga sinna í samskiptum við opinbera aðila á grundvelli viðskiptafrelsis og jafnréttis milli fyrirtækja og atvinnugreina," segir hann.

Brýnustu verkefni ráðsins nú segja þeir Tómas og Finnur að stórum hluta snúa að þeim miklu kollsteypum sem standi yfir í skattkerfi landsins. „Ljóst er að neikvæðar afleiðingar þeirra verða afdrifaríkar," segir Tómas og kveður mikilvægt að greina í þaula afleiðingar stefnubreytinga í þeim efnum. Þá benda þeir á að fyrirtæki og heimili séu enn í miklum skuldavanda sem ekki sé búið að leysa að fullu, bankakerfið eigi enn eftir að ná sér á strik á nýjan leik, krónan sé rúin trausti og ekki sé fyrirséð hvernig stjórnvöld hyggist vinda ofan af þeirri stöðu. Þá hafi orðstír landsins beðið hnekki á erlendri grundu og nauðsynlegt sé að efla upplýsingaflæði til erlendra hagsmunaaðila.

„Mikilvægustu og skilvirkustu aðgerðirnar sem hægt er að ráðast í til að leysa skuldavanda fyrirtækjanna eru þær sem leiða til sterkara gengis og lægri vaxta," segir Tómas. Til dæmis sé ljóst að úrlausn Icesave-málsins sé forsenda þess að hér fari endurreisnarstarf almennilega af stað. Undir þetta tekur Finnur, sem segir allt of mörgu haldið í lausu lofti meðan deilt sé um Icesave. „Efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins [AGS] fær ekki endurskoðun, lán frá nágrannaþjóðum berast ekki, pressa eykst á gjaldmiðilinn, vextir lækka ekki og vantrú á framtíð hagkerfisins eykst. Við verðum að ljúka málinu sem allra fyrst og í sátt við nágrannaþjóðir," segir hann. Þeir forsvarsmenn Viðskiptaráðs eru einhuga um að á meðan aðrar raunhæfar leiðir liggi ekki fyrir og öll aðstoð sé afmörkuð við einu marktæku áætlunina sem varði braut efnahagslegrar endurreisnar sé samstarf við AGS í senn óhjákvæmilegt og nauðsynlegt.

Krónan sami baggi og áður

Þá segja þeir Finnur og Tómas Már enn standa óhaggað álit ráðsins hvað varðar gjaldmiðilinn og Evrópusambandsaðild frá því í desember í fyrra. „Viðskiptaráð hefur undanfarin ár lagt mikla áherslu á umræðu um gjaldmiðlamál enda hefur krónan staðið íslenskum fyrirtækjum og heimilum fyrir þrifum um langt bil. Sveiflukennt raungengi sem hefur verið úr takti við þarfir hagkerfisins, háir vextir, viðvarandi verðbólga, ófyrirsjáanlegar og miklar gengissveiflur og takmörkuð dýpt gjaldeyrismarkaða eru allt atriði sem vert er að nefna," segir Finnur og bætir við að þótt krónan auðveldi að vissu leyti aðlögun nú megi ekki gleyma því að stóran hluta þess skaða sem hér hafi átt sér stað megi rekja til hennar. „Það væri að mörgu leyti þægilegra að þurfa eingöngu að taka á afleiðingum fjármálakreppu, í stað þess að glíma líka við gjaldeyriskreppu."

Tómas segir jafnljóst að eini valkosturinn við krónuna sé upptaka evru í tengslum við Evrópusambandsaðild. Aðrir kostir, svo sem einhliða upptaka myntar, séu ekki raunhæfir. „Við eigum hér í skuldakreppu," segir Tómas og bendir á að mælt í erlendri mynt hafi landsframleiðsla hér dregist saman um ríflega fimmtíu prósent. „Við leysum ekki skuldakreppu í erlendri mynt með því að prenta krónur."

Eftir stendur svo spurningin um hvort Viðskiptaráð, í ljósi hruns fjármálakerfisins, njóti trausts eða hljómgrunns. „Á því leikur ekki nokkur vafi að ýmislegt hefur misfarist samfélaginu á undanförnum árum, annars stæðum við varla í þeim sporum sem við gerum í dag. Hugmyndafræði ráðsins er ekki hafin yfir gagnrýni og vafalaust hefur verið gengið of hart fram í ákveðnum málaflokkum," segir Tómas. Hann áréttar þó að efnisleg vinna ráðsins hafi ávallt byggt á málefnalegum rökum og að almenn grundvallarviðmið þess hafi sjaldan átt ríkara erindi til ráðamanna.

Ýmis gagnrýni ómakleg

Við þetta bætir Finnur að Viðskiptaráð hafi aftur á móti gert sig sekt um ákveðið viðhorf sem einkennt hafi bæði framvarðasveit íslensks viðskiptalífs sem og stjórnmálamenn. „Segja má að stór hluti þjóðarinnar hafi fylgt öldunni enda áttu fjölmargir góðir hlutir sér stað síðasta áratuginn. Umræddu viðhorfi verður best lýst með hugtökum á borð við sjálfbirgingshátt og oflæti. Íslendingar fóru fram úr sjálfum sér og lögðu of mikið traust á heilindi og hæfileika fárra manna. Stærstu mistökin voru líklega fólgin í því að of fáar raddir fengu að heyrast og því var umræðan ekki eins upplýst og gagnrýnin og æskilegt hefði verið." Þannig segir Finnur að ef til vill hefði mátt gera hærra undir höfði gagnrýni sem fram kom í skýrslum ráðsins um fjármálastöðugleika á Íslandi og þróun íslensks fjármálamarkaðar. Þær hafi þó hlotið afar ómaklega gagnrýni víða að. Að skýrslunum stóðu þekktir erlendir fræðimenn sem höfðu íslenska kollega til fulltingis. „Frelsi þeirra til skrifa var algjört og kom Viðskiptaráð fyrst og fremst að skipulagningu útgáfunnar auk kynningar," segir Finnur. „Að sama skapi verður að hafa í huga, einkum þegar litið er til Mishkin-skýrslunnar svokölluðu, að þær forsendur sem skýrslan var skrifuð út frá voru allt aðrar en þær sem fyrir hendi voru mánuðina fyrir hrun. Í skýrslu Portes og Friðriks Más er sérstaklega varað við þeim hættum sem fylgja erlendri lántöku innlendra fyrirtækja, auk þess sem einn kafli skýrslunnar fjallar sérstaklega um að líklega hafi fjármálakerfið verið orðið of stórt til að stjórnvöld gætu staðið að baki því án verulegra aðgerða."

Tómas segir aðstandendur Viðskiptaráðs fagna málefnalegri gagnrýni á hugmyndir og útgáfu ráðsins. „Með opinskárri og markvissri rökræðu er mun líklegra en ella að stjórnvöld geti tekið upplýstar og skynsamlegar ákvarðanir. Aftur á móti er ódýrt bragð að afskrifa skoðun ráðsins með dylgjum og áróðri. Viðskiptaráð hefur ávallt haft fagleg vinnubrögð að leiðarljósi og gerir grein fyrir skoðunum sínum með málefnalegum hætti. Það mun ekki breytast í bráð."

Nóg komið af hnútukasti

Forsvarsmenn Viðskiptaráðs árétta mikilvægi þess að horfa fyrst og fremst í baksýnisspegilinn til að læra af reynslunni. Viðskiptaráð, líkt og fjöldi annarra, hafi þó einnig komið með tillögur sem vafalítið hefðu eflt viðnám hagkerfisins í hamförum efnahagslífisins, hefðu þær náð fram að ganga. Þar má nefna viðvaranir vegna mikillar útþenslu ríkisútgjalda og „algjörs skorts á samhæfingu peninga- og fjármálastjórnar" undanfarin ár. „Til að komast úr þeim hjólförum sem umræðan virðist ítrekað falla í er hins vegar mun heppilegra að horfa fram á við með það að markmiði að lágmarka skaðann. Að sjálfsögðu á umræða bæði að vera gagnrýnin og hreinskilin, en í þeim tilfellum sem gagnrýni er lögð fram er mjög mikilvægt að samhliða séu lagðar fram tillögur til úrbóta," segir Tómas.

Finnur segir það skiljanlegt að hluta að samfélagsumræðan hafi einkennst af sundrung og hnútukasti alveg frá hruni, enda séu ólík sjónarmið uppi um ábyrgð og orsakir yfirstandandi vandamála. „Það gleymist þó að sameiginlegir hagsmunir þjóðarinnar snúa að framtíðinni. Að dæma viðskiptalífið sem heild út frá mistökum fárra væri ekki eingöngu ósanngjarnt, heldur beinlínis skaðlegt. Ekkert hagkerfi þrífst án öflugs atvinnulífs og öflugt velferðarkerfi verður ekki fjármagnað með auknum umsvifum ríkisins. Þvert á móti þarf að efla fyrirtæki og almennan vinnumarkað til að hægt sé að standa undir þeirri opinberu þjónustu sem við viljum að standi til boða."

FRÉTTAVIÐTAL
ÓLI KR. ÁRMANNSSON
olikr@frettabladid.is

REGLUVERK MÁ EKKI KÆFA FRAMTAKIÐ

Viðskiptaráð Íslands hefur löngum barist fyrir einföldun regluverks í atvinnulífinu. Hrun fjármálakerfisins hefur ekki orðið til þess að ráðið hafi endurskoðað stefnumið sín í þessum efnum. „Regluverkið má ekki vera kæfa nýsköpun og framtaksemi," segir Tómas Már Sigurðsson, formaður ráðsins. Hann bendir sem dæmi á að óþarflega flókið sé að koma upp jafn einföldum rekstri og kaffihúsi. Það fara 100 vinnustundir í undirbúning og öflun margvíslegra leyfa, áður en fyrsti viðskiptavinurinn fær að taka fyrsta kaffisopann.

lifum
HÚSGÖGN & GJAFAVARA

Síðasta helgi!

Erum að flytja í Heimahúsið, Síðumúla 30,
af því tilefni bjóðum við nú
30% afslátt af öllum vörum

30% afsl. af öllum vörum

OPIÐ VIRKA DAGA 11-18, LAUGARDAGA 11-16
ASKALIND 2A - 201 KÓPAVOGUR - 562 4242

EXQUISIT FRYSTIKISTA

94 ltr, 86x54cm, A+ orkuflokkur

Verð áður 64.999 kr.

Tilboð 55.249 kr.

Þú sparar 9.750 kr.

EXQUISIT FRYSTISKÁPUR

70 ltr, 85x48xm,
A orkuflokkur

Verð áður 54.999 kr.

Tilboð 46.749 kr.

Þú sparar 8.250 kr.



LOOK POTTA OG PÖNNU TILBOÐ

Öll línan á **20%** afslætti
Ef þú kemur með gamla úr "byltingunni" þá **30%**

INNKAUPAPOKI NYLON

39%

Tilboð 750 kr.

FERÐAKRÚS

Heldur
velheitu

30%

Tilboð 1.750 kr.

OSTASKERI GASTROMAX

Úr plasti, slegið
rækilega í gegn

50%

Tilboð 499 kr.

ELDHÚSVOG

Tilboð 3.497 kr.

Þú sparar 1.000 kr.

PÖNNUKÖKUPANNA

Gengur á allar hellur
- líka span

Verð áður 4.997 kr.

Tilboð 3.497 kr.

Þú sparar 1.500 kr.

FRESH WAVELÍNAN

Lyktareyðir #1 í USA - umhverfisvænn
Kristallar, sprey, kerti

30%
kynningarafsláttur

50%

BAÐVOG

Tilboð 3.990 kr.

Þú sparar 4.000 kr.

SPACE BAGS

Lofttæmdir geymslupokar
Kauptu einn og fáðu ferðapoka frían með

Heimilistæki á lægsta verði

allar vörurnar á **2.990 kr.**

HEIMILISTÆKJAMARKAÐUR
byggtogbúið
KRINGLUNNI
www.byggtogbuid.is

Wassermaxx Sódavatnstæki

Frábær leið til að spara,
hver 0,5 líter kostar
21 krónu

20%
AFSLÁTTUR

Sódavatnstæki stál, Wassermaxx

Verð áður 22.990 kr.

Tilboð 18.392 kr.

Þú sparar 4.598 kr.

Sódavatnstæki ýmsir litir, Wassermaxx

Verð áður 19.990 kr.

Tilboð 15.992 kr.

Þú sparar 3.998 kr.

1l og 0,5l flöskur
fylgja með, úrval af
bragðefnum.

SNUÐ-HITAMÆLIR
Engin grátur eða óþægindi

50%

Tilboð 1.500 kr.
Þú sparar 1.500 kr.

BÖKUNARDAGAR
Enda á Kringlukasti. Afsláttur á völdum vörum

ALLAR GRILL-YFIRBREIÐSLUR
Og grillið lifir af veturinn

35% afsláttur

NÝKOMNAR SERÍUR
Kauptu tvær og fáðu ódýari á 1/2 virði

ELDRI JÓLAVÖRUR
50%
AFSLÁTTUR

22%

KITCHEN AID
HRÆRIVÉLATILBOÐ LITUÐ
Hrærivél+grænmetiskvörn
+matreiðslubók

Tilboð 82.900 kr.
Þú sparar 23.500 kr.

KITCHEN AID
HRÆRIVÉLATILBOÐ HVÍT
Hrærivél+grænmetiskvörn
+matreiðslubók

Tilboð 79.900 kr.
Þú sparar 23.500 kr.

Magnað Kringlukast
Síðustu forvöð!

iRobot Skúringarvélmenni
Verð áður 85.900 kr.
Tilboð 70.000 kr.
Þú sparar 15.900 kr.
Visa/Eurolan m.v.
12 mánuði 6.812 kr

iRobot Ryksuguvélmenni
Verð áður 95.900 kr.
Tilboð 86.310 kr.
Þú sparar 9.590 kr.
Visa/Eurolan m.v.
12 mánuði 8.354 kr.

ALLAR sparperur á afslætti í BYGGT OG BÚIÐ

SKIPTU NÚNA!

MORTEL
Hvítt postulín

Tilboð 1.499 kr.
Þú sparar 1.000 kr.

VEGGKLUKKA

50%

Tilboð 4.999 kr.
Þú sparar 5.000 kr.

THERMOS®
Hitabrúsar, hitakönnur og hitaboll
Þekktasta merkið!

Margverðlaunað fyrir ThermaxX™ hita-/kulda-einangrunartækni.

20%
afsláttur af öllum vörum frá Thermos

Mikið úrval!

byggtogbúið KRINGLUNNI
www.byggtogbuid.is

HJÓLALJÓS
LED, lýsir vel - einfalt og sterkt

50%

Tilboð 750 kr.

byggtogbúið
KRINGLUNNI

NÝTT KORTATÍMABIL

Sími 568 9400 | www.byggtogbuid.is

FRÉTTASKÝRING: Ísland og Færeyjar, kreppur og framtíð — ÞRIÐJI HLUTI AF FJÓRUM

Fríverslunarsamningur í uppnámi

Viðskipti milli Íslands og Færeyja hafa aukist eftir að samið var um fríverslun milli landanna. Íslendingar hafa þótt koma betur út úr þeim viðskiptum. Færeyingar hafa áhyggjur af framtíð samningsins.



TAPPINN ÚR Færeyingar eru stoltir af Færeyjabjórnum sínum og nú má kaupa hann á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HÓLMFRÍÐUR

Hoyvíkursamningurinn milli Íslands og Færeyja er víðtækasti fríverslunarsamningur sem Íslendingar hafa skrifað undir. Markmiðið með honum var að koma á fót sameiginlegu efnahagssvæði landanna og minnir hann um margt á EES-samninginn.

Samkvæmt samningnum eiga einstaklingar og fyrirtæki landanna tveggja að hafa sömu réttindi og nú geta Íslendingar til að mynda boðið í opinber verkefni í Færeyjum. Fall íslensku krónunnar eftir hrun bankanna hefur auðveldað þeim þetta. Árangur þeirra varð til þess að fjármálaráðherra Færeyja boðaði í fjölmiðlum að í slíkum útboðum yrðu settar reglur um að greiða skyldi laun eftir færeyskum töxtum.

Í verslunum í Færeyjum má finna ýmsar íslenskar vörur. Ólíklegt er að annars staðar í útlöndum sé hægt að finna íslenskt lambakjöt, Svala og Bingókúlur í sömu verslun. Og helsta verslunin heitir Bónus, stofnuð af Íslendingum.

Þá eru ónefnd skipafélögin Eimskip og Samskip, sem flytja stóran hluta varnings Færeyinga.

Kaj Leo Johannesen, lögmaður Færeyinga, þakkar Hoyvíkursamningnum það meðal annars að í Færeyjum lækkuðu útlánsvextir mikið, eftir að Kaupþing stofnaði útibú þar.

Nokkur óánægja var með samninginn meðal Færeyinga í fyrstu. Haft var á orði að Íslendingar stæðu mun betur að vígi og að í Hoyvíkursamninginn væri innbyggð verndarstefna.

„Með honum hefði allt átt að verða frjálst, en svo er ekki. Það er talað um fríverslun með landbúnaðarvörur og við megum til dæmis flytja út egg ti Íslands. En þá kemur í ljós að eggin verða að vera soðin! Það eru ýmsar svona reglur," segir Kári P. Højgaard, formaður Sjálfstjórnarflokksins.

Landbúnaður og fæðuöryggi

En útflutningur á landbúnaðarafurðum er alls ekki aðalatriði fyrir Færeyinga. Hoyvíkursamningurinn er eini samningurinn sem leyfir fríverslun með landbúnaðarvörur milli Íslands og annars lands, en færeyskar landbúnaðarafurðir eru nær einungis mjólkurafurðir og lambakjöt. Þessi kjötframleiðslan dugar þó ekki fyrir innlendan markað og allt ferskt kjöt og grænmeti er innflutt.

Gunvør Balle, ræðismaður Færeyja á Íslandi, segir að rætt sé um réttmæti áframhaldandi styrkveitinga til landbúnaðar. Ómögulegt sé að stefna að fæðuöryggi fyrir Færeyjar. „Landbúnaðurinn fær mikið af styrkjum, en þetta er ekki atvinnugrein, heldur meira eins og hobbí. Fólk spyr sig hvers vegna verið sé að styrkja áhugamál, sem mun líklega aldrei standa undir sér í Færeyjum," segir Gunvør.

Færeyska útrásin

Minna hefur heyrst í andstæðingum Hoyvíkursamningsins eftir því sem hann hefur verið fínpússaður og meiri reynsla fengist af honum. Þar sem 95 prósent af útflutningi Færeyinga eru fiskur er kannski ekki eftir miklu að slægjast á íslenskan markað. En Færeyingar fjárfesta hér á landi, keyptu nýlega tryggingarfélag, og flytja út aðrar vörur. Færeyjabjór fæst nú á Íslandi og getur sá útflutningur skipt Færeyinga nokkru, því íslenski markaðurinn er vitanlega mun stærri en sá færeyski.

Þá hafa Færeyingar hug á að sækja heilbrigðisþjónustu til Íslands. Augnaðgerðir á Íslandi eru vinsælar, svo aðalræðisskrifstofan í Þórshöfn hefur í nógu að snúast við að leiðbeina Færeyingum hingað.

Utanríkismálin

Formaður Þjóðveldisflokksins, Høgni Hoydal, telur að Hoyvíkursamningurinn hafi orðið til þess að heimildum Færeyinga til að gera utanríkissamninga var breytt, þannig að nú væri þeim ómögulegt að gera slíkan samning á sama hátt. Danir hafi séð að Færeyingar voru til alls líklegir, fyrst þeir gerðu svona víðtækan samning við Íslendinga. Þeir hafi því viljað stytta í beislinu. Dan M. Knudsen, umboðsmaður Dana í Færeyjum, tekur ekki undir þetta.

„Það má vera að nýju lögin um utanríkismálaheimildir hafi komið ári á eftir Hoyvíkursamningnum, en ég held að þau hafi verið í undirbúningi í mörg ár. Þau hefðu getað komið ári á undan eða tveimur árum seinna," segir hann.

Um framtíð Hoyvíkursamningsins er ekki gott að segja, því aðildarumsókn Íslendinga að ESB gæti sett strik í reikninginn. „Ein afleiðing ESB-aðildar Íslendinga yrði sú að Hoyvíkursamningnum verður sjálfkrafa slitið," segir Jørgen Niclasen utanríkisráðherra. „Þá verða okkar viðskipti við Ísland eins og þau sem við höfum við ESB." Lögmaðurinn segir það sama: „Samningurinn er okkur mikilvægur. En þetta gæti allt breyst núna þegar Ísland talar við ESB. Við fylgjumst grannt með því."

FRÉTTASKÝRING
KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON
klemens@frettabladid.is

VEITT ÚT Á FRÆNDSEMI OG HEFÐ

Fiskveiðiheimildir Færeyinga í íslenskri lögsögu hafa löngum verið eitur í beinum íslenskra útgerðarmanna. Árið 1991 sagði **Kristján Ragnarsson**, þáverandi formaður LÍÚ, við Morgunblaðið að þær væru „út í hött", því Íslendingar þyrftu á öllu sínu að halda. Þjóðin hefði þá tilhneigingu að vera góð við Færeyinga og líta á þá sem minnimáttar, enda þótt Færeyingar hafi fjárfest furðu mikið í sjávarútvegi. Færeyskir útgerðarmenn nytu meiri stuðnings í Færeyjum en íslenskir á Íslandi.

Þáverandi sjávarútvegsráðherra, **Þorsteinn Pálsson,** réttlætti hins vegar fiskveiðiheimildirnar. Kappkostað væri að eiga sem best samband við Færeyinga í ljósi mikilla samskipta þjóðanna. Samningur um veiðar við Íslandsstrendur væri byggður á viðurkenningu á frændsemi og ræktarsemi við þessa smáu grannþjóð.

Færeysk skip mega veiða 5.600 tonn af botnfiski í íslenskri lögsögu, þar af 1.200 tonn af þorski. Einnig 30.000 tonn af loðnu, en takmarkað er hve mikið af því má fara til manneldis. Gagnkvæmar veiðar eru á fleiri tegundum og Íslendingar veiða síld og makríl við Færeyjar.

Þegar fiskveiðisamningurinn var endurnýjaður 2002 sagði **Steingrímur J. Sigfússon**, formaður VG, að ekki ætti að leggja hagrænan mælikvarða á samskipti þjóðanna: „Ég tel að okkur hafi verið sómi að því að koma vel fram við frændur okkar og vini Færeyinga í því tilviki að þeirra aðstæður breyttust mjög með útfærslu íslensku fiskveiðilögsögunnar á sínum tíma. Ef það stendur okkur nærri að reyna að koma sæmilega rausnarlega fram við einhverja þá held ég það séu nú þessir ágætu grannar okkar."

UTANRÍKISVERSLUN LANDANNA



Gætu keyrt alla leið til Íslands

- Fjarlægðin milli Íslands og Færeyja er 420 kílómetrar. Malbikaðir vegir í Færeyjum eru samtals 463 kílómetra langir.
- Í færeyska útvarpinu líkt og því íslenska er sérstakur þáttur fyrir dánarfregnir og jarðarfarir.
- Íslendingar eru stærsti einstaki hópur innflytjenda (0,4 prósent) í Færeyjum. Danir (5,8 prósent) eru ekki taldir sem innflytjendur í danska konungsríkinu.
- Árið 1934 voru 3.240 færeyskir sjómenn á 155 skipum við Ísland.

ÞRJÚ ÁR OG SVO LAGAST ÞETTA

„Maður heyrir þónokkuð um kreppuna á Íslandi en svo talar maður við fólk sem hefur farið þangað nýlega, eða á fjölskyldu þar, og það segir að fólk virðist alls ekki hafa það svo slæmt," segir **Ása Ósá**, sem starfar á skrifstofu Landsverks sem er fyrirtæki sambærilegt við Vegagerðina á Íslandi.

„Auðvitað tekur langan tíma fyrir fólk sem hefur misst fyrirtæki sín að byggja þau upp aftur, en ég hugsa að það verði fljótt að koma," segir hún.

Heyrst hafi af fólki sem taki sérstaklega mikinn pening með sér, ef það er á annað borð að fara til Íslands, vegna falls krónunnar. Færri fari þangað gagngert til að versla, þó heyrist sögur af fólki sem keypti sér til dæmis bát eða bíl á Íslandi nýlega.

Hildibjart Johansen segist tvisvar hafa komið til Íslands vegna vinnunnar, en hann hefur starfað við útreikning bóta til sjómanna í landi. Hann hefur alls engar áhyggjur af landinu.

„Ísland er svo ríkt og þar er skítfullt af fiski, það finnast leiðir. Tvö, þrjú ár og svo er þetta búið."

ERFITT AÐ FÁ BORGAÐ FRÁ ÍSLANDI

„Það er afar flókið, ekki að selja, heldur að eiga í viðskiptum við Íslendinga. Þeir eru með öðruvísi nálgun í viðskiptum en annað fólk á Norðurlöndunum. Þeir eru allir af vilja gerðir að selja vöruna okkar, en þeir eru tregari til að borga okkur fyrir hana."

Svo segir Kristian Blak, tónlistarmaður og stofnandi Tutls, helsta plötuforlags Færeyja.

„Annaðhvort fara þeir á hausinn eða þeir sem keyptu vöruna af þeim á Íslandi fara á hausinn. Peningarnir týnast. Þetta hefur alltaf verið svona á Íslandi og er svolítið kjánalegt," segir hann.

Tutl hefur átt í nokkrum viðskiptum við hérlend fyrirtæki í gegnum árin og skiptir enn við Íslendinga, þótt í minna mæli sé.

Eftir gengishrunið hefur Tutl byrjað að skipta á plötum við íslenskar hljómplötuverslanir, enda bjóði gengi krónu ekki upp á annað.

„Við höfum líka lækkað verðið á plötum til Íslendinga, því annars gætu þeir ekki keypt neitt á þessu gengi," segir Kristian.

Spurður hvort aðstæðurnar bjóði ekki upp á innflutning frá Íslandi, segir hann jú.

„Ég kom einmitt með slatta af plötum heim með mér síðast þegar ég kom frá Íslandi. Þar var forlag sem skuldaði okkur peninga og greiddi í plötum," segir Kristian og hlær.

LANGBESTU TENGSLIN VIÐ REYKJAVÍK

„Reykjavík og Þórshöfn eru vinaborgir. Bæjarstjórnin hér hefur átt í nánu sambandi við Reykjavíkurborg árum saman og það er afar gott að geta bara tekið upp símann og hringt þegar maður vill. Við erum auðvitað í ákveðnum hópi með Kaupmannahöfn og Ósló og fleiri borgum, en það eru ekki sömu tengslin, langt í frá. Samstarfið við Reykjavík er það langbesta. Reyndar eru þau líka góð við Akranes," segir Heðin Mortensen, borgarstjóri Þórshafnar.

Viðskipti landanna séu einnig mikil og góð. Íslendingar skipi stóran sess í atvinnulífinu.

„Hingað koma iðnaðarmenn og hér er heilmikið af íslenskum vörum til sölu. Við notum mjög mikið af þeim, til dæmis til iðnaðar, meira en nokkru sinni áður."

Fjöldi íslenskra og íslensk-færeyskra fyrirtækja starfar í Þórshöfn. Þar er meira að segja íslensk steypustöð svo nefnd séu nokkur dæmi. Þar eru einnig mörg dönsk fyrirtæki, en borgarstjórinn segist halda að þau íslensku séu fleiri.

„Það er þægilegra fyrir okkur. Við erum svo lík, ekki bara í tali og útliti heldur sem manneskjur. Það er auðveldara að tengjast ykkur en öðru fólki. Það er þannig, það er alveg víst. Og það er gagnkvæmt, við stólum hvert á annað," segir Héðin.

Íslenska hrunið hafi að sjálfsögðu haft áhrif í Þórshöfn.

„Við höfum fundið fyrir því en ekki svo mjög. Auðvitað áttu margir hluti í bönkunum og töpuðu sínu," segir hann. Engin fyrirtæki í Þórshöfn hafi hins vegar farið á hausinn vegna íslenska hrunsins, svo hann viti til.


NURSE JACKIE

C.S.I. MIAMI


LIPSTICK JUNGLE


HOUSE

30 ROCK


THE JAY LENO SHOW


UNITED STATES OF TARA


DEXTER

NÝTT ÚTLIT


HARPER'S ISLAND


TOP GEAR


30 ROCK


AMERICA'S NEXT TOP MODEL


FYNDNAR FJÖLSKYLDUMYNDIR

VERTU MEÐ OKKUR Í VETUR!

SkjárEinn hóf göngu sína fyrir réttum tíu árum og vann fljótt hug og hjörtu íslenskra sjónvarpsáhorfenda með frísklegri dagskrárgerð og vönduðu erlendu efni. Allan þennan áratug hefur SkjárEinn verið vettvangur nýsköpunar í sjónvarpi og veitt ýmsu af vinsælasta sjónvarpsfólki landsins tækifæri við metnaðarfull verkefni auk þess að bjóða áhorfendum upp á marga af vinsælustu sjónvarpsþáttum heims.

SkjárEinn hefur ekki farið varhluta af efnahagskreppunni frekar en aðrir í þjóðfélaginu. Frá upphafi höfum við treyst á auglýsingatekjur til að standa straum af kostnaði við efniskaup, dagskrárgerð og útsendingar til landsmanna. Eins og alþjóð veit hefur orðið gríðarlegur samdráttur á auglýsingamarkaði og breytingar því nauðsynlegar. Frá og með 15. nóvember nk. verður SkjárEinn ódýrasta áskriftarsjónvarp á Íslandi. Þá verður útsendingum læst en gjaldtaka hefst þó ekki fyrr en 1. desember.

Í vetur verður dagskráin okkar sú glæsilegasta frá upphafi. Við munum áfram sýna uppáhaldsþættina þína, íslenska og erlenda, og áfram verðum við óhrædd við nýjungar í íslenskri dagskrárgerð. Vertu með okkur í vetur og við munum halda áfram að tryggja þér vandaða skemmtun ... næstum því ókeypis!

Sigríður Margrét Oddsdóttir
framkvæmdastjóri Skjásins

Glæsilegasta vetrardagskráin frá upphafi fyrir aðeins **2.200 krónur** á mánuði. Tryggðu þér áskrift á **skjarinn.is**, í síma **800 7000** eða í **næstu verslun Símans**.

SKJÁR*EINN*
Næstum því ókeypis


INNLIT / ÚTLIT


30 ROCK


THE OFFICE


SPJALLIÐ MEÐ SÖLVA


GAME TÍVÍ


LIPSTICK JUNGLE

C.S.I. NEW YORK


MATARKLÚBBURINN


90210

30 ROCK


GAME TÍVÍ


LIPSTICK JUNGLE


SKEMMTIGARÐURINN


LÍFSAUGAÐ

ENNEMM / SÍA / NM39416

skoðun

greinar@frettabladid.is

Ólympíuleikar í nafni afvopnunar:

Friðarbaráttta krefst fórna

STEFÁN PÁLSSON SKRIFAR

Í vikunni var tilkynnt að japönsku borgirnar Hiroshima og Nagasaki sæktust eftir því að halda sameiginlega sumarólympíuleikana árið 2020. Slíkir leikar yrðu haldnir undir merkjum heimsfriðar og til að leggja áherslu á kröfuna um kjarnorkuvopnalausan heim.

Sem kunnugt er voru þessar tvær borgir skotmörkin í einu kjarnorkuárásum sögunnar í ágústmánuði 1945. Í ljósi þeirrar sögu hafa íbúar Hiroshima og Nagasaki um árabil verið í fararbroddi í baráttunni gegn kjarnorkuvopnum. Stjórnendur borganna höfðu til að mynda frumkvæði að stofnun alþjóðlegra samtaka, „Borgarstjórar fyrir friði“ (e. Mayors for Peace), sem vinna að útrýmingu þessara vopna.

Meira en þrjú þúsund borgir og bæir um víða veröld eru aðilar að þessum samtökum, þar á meðal fimmtán af stærstu sveitarfélögum Danmerkur, ellefu í Svíþjóð og nærri níutíu í Noregi. Því miður hafa borgaryfirvöld í Reykjavík ekki enn slegist í þennan hóp friðflytjenda, þrátt fyrir yfirlýst markmið um að Reykjavík skuli vera sérstök friðarborg.

Skömmu fyrir aldamótin 2000 hvöttu borgarstjórar Hiroshima og Nagasaki til þess að borgir heims friðlýstu sig fyrir allri umferð og geymslu kjarnavopna. Íslenskir sveitarstjórnarmenn brugðust vel við því ákalli og hafa nú nær öll sveitarfélög landsins gert slíkar samþykktir. Einungis fimm sveitarstjórnir, þrjár á Suðurnesjum og tvær í sveitahreppum, hafa fellt slíkar tillögur og það raunar ítrekað.

Þessi miklu og jákvæðu viðbrögð sveitarstjórnarstigsins hljóta að verða þingliði ríkisstjórnarflokkanna hvatning til að hrinda sem fyrst í framkvæmd fyrirheitum stjórnarsáttmálans um slíka friðlýsingu Íslands og íslenskrar landhelgi. Auk þess sem slík friðlýsing fæli í sér táknrænan stuðning við hina alþjóðlegu baráttu gegn kjarnorkuvopnum er hér um beint hagsmunamál að ræða enda hefur Landssamband íslenskra útvegsmanna hvatt stjórnvöld til dáða og skorað á þau að vinna að alþjóðlegu banni við umferð kjarnorkuvopna á heimshöfunum.

Ljóst er að friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum myndi mælast illa fyrir á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, enda kjarnorkuvopnastefnan einn af hornsteinum NATO. Þá hefur það verið meginregla hjá Bandaríkjaher að játa því hvorki né neita hvort kjarnorkuvopn eru um borð í farartækjum hans. Það mun því reyna á staðfestu íslenskra stjórnvalda þegar kemur að því að efna þessi ákvæði stjórnarsáttmálans.

Því miður hefur það lengi verið háttur Íslendinga að vilja skreyta sig með fjöðrum friðarbaráttunnar, án þess að leggja neitt á sig. Það er til lítils að tendra friðarsúlur eða koma á virðulegum friðarstofnunum ef hugur fylgir ekki máli. Raunverulegir friðflytjendur hika ekki við að standa uppi í hárinu á hernaðarbandalögum, afþakka komur herskipa og hafna atvinnustarfsemi sem byggist á þjónustu við heri, þótt um fjölda starfa sé að ræða. Þar getum við margt lært af íbúum Hiroshima og Nagasaki.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

SPOTTIÐ

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Forsenda velferðarvarna

Orkunýting og stóriðja eru málefni sem greina menn að í stjórnmálum. Það er ekki nýtt. Deilurnar hafa löngum staðið um tvennt: Annars vegar um hlutfallið milli nýtingar og náttúruverndar. Hins vegar um aðkomu erlendra fjárfesta.

ÞORSTEINN PÁLSSON

Í pólitísku samhengi má segja að VG hafi á þessu sviði eins og ýmsum öðrum tekið við merki Alþýðubandalagsins. Flokkurinn er nú í valdastöðu sem gerir honum kleift að hefta frjálshyggjuöfl og framsæknari nýtingarviðhorf sem eru í meirihluta í öðrum flokkum á Alþingi.

Andstaðan við erlenda fjárfestingu er að sönnu veikari á vinstri væng stjórnmálanna en áður var. Náttúruverndarsjónarmiðunum er hins vegar teflt fram af meiri þunga. Í sumum tilvikum sýnast þau vera notuð ein og sér þó að markmiðið sé öðru fremur að hefta umsvif útlendinga í íslenskum þjóðarbúskap. Með öðrum orðum: Röksemdafærslan er ekki gagnsæ.

Endurreisnaráætlunin sem gerð var með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum gerir ráð fyrir verulegri verðmætasköpun á næstu árum í orkufrekum iðnaði. Þær forsendur hagvaxtar voru ákveðnar í tíð fyrri ríkisstjórnar undir forystu Sjálfstæðisflokksins. Núverandi ríkisstjórn með Samfylkingu og VG kaus að gera þær forsendur að sínum. Það var vísbending um pólitíska ábyrgð.

Orkuumræður síðustu vikna eru hins vegar vísbending um að pólitískar forsendur fyrir þessum áformum geti verið að bresta. Það er áhyggjuefni. Ekki fyrir þá sök að álver séu almennt til fegurðarbóta. Hitt skiptir meira máli í því mati að nýframkvæmdir á þessu sviði eru skilyrði þess að takast megi að búa til tekjur til að verja velferðarkerfið á Íslandi. Þessi framkvæmdaáform stefna því til velferðarbóta.

Vissulega var það stílbrot þegar VG féllst á mikilvægi stóriðju í áætlunum fyrri ríkisstjórnar til endurreisnar þjóðarbúskapnum. Ætla verður að þar hafi legið ábyrg og raunsæ viðhorf að baki. Segja má að flokkurinn hafi viðurkennt að við ríkjandi aðstæður hafi stefna hans á þessu sviði verið of þröng til að þjóna heildarhagsmunum fólksins í landinu.

Svigrúmið þrengist

Þessi ábyrga afstaða er nú á undanhaldi. Trúlegasta skýringin er sú að það hafi einfaldlega gengið of nærri flokkskjarnanum í VG að víkja í jafn veigamiklum atriðum frá grundvallarstefnu sinni við stjórnarmyndunina. Það vantar innri styrk til að halda út með aðra stefnu en verið hefur á dagskrá flokksins. Það er skiljanlegt.

Andstaða VG við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn fyrir stjórnarmyndun í febrúar byggðist á skýrri sýn. Frá bæjarhellu flokksins var sjóðurinn ímynd þess versta í heimskapítalismanum. Í sumar fór annar áhrifamesti forystumaður flokksins ekki dult með ákveðinn vilja sinn til að rifta samningnum um endurreisnaráætlunina. Stjórnarsamstarfið hékk um stund á bláþræði af þeim sökum.

Þeir þingmenn flokksins, sem verið hafa í andófi vegna Icesave-samninganna og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, láta nú undan síga. Það verður ýmsum í meira lagi erfitt. Til að létta á þeirri samviskuveiki kann að vera flokkslega nauðsynlegt að sýna trúnað við gömlu stefnuna á öðrum sviðum eins og til að mynda í orkunýtingarmálum.

Flokkurinn getur ekki með formlegum hætti dregið samþykki sitt við stóriðjuframkvæmdir til baka. Þess í stað er völdunum beitt í fjármálaráðuneytinu og umhverfisráðuneytinu til þess að bregða fæti fyrir framkvæmd mála með skattatillögum og tæknilegum stjórnvaldsákvörðunum af ýmsu tagi. Það styrkir innanflokksástandið en veikir efnahagshorfurnar.

Hvar er „nýtt lýðræði“ nú?

Ætli samstarfsflokkur VG að halda stjórnarsamstarfinu saman verður hann að taka tillit til þessara nýju viðhorfa. Þingmenn Samfylkingar eiga ekki annarra kosta völ en að axla ábyrgð á leikfléttum VG. Málefnalegur trúverðugleiki samstarfsins er hins vegar veikari á eftir.

Þetta er pólitísk bakhlið málsins. Að sönnu er það ekki nýtt að stjórnarflokkar þreyti pólitíska refskák. Í þessu tilviki er það hins vegar of kostnaðarsamt fyrir þjóðina.

Miklir almannahagsmunir eru í húfi. Það er ekki tilviljun að ný stóriðjuverkefni eru snar þáttur í tekjuöflunaráformum um endurreisn Íslands. Það er ekki tilviljun að forystumenn VG féllust á að halda þessum áformum við myndun núverandi stjórnar. Aðrar tekjuöflunarleiðir voru ekki í augsýn.

Ráðherrar segja það ekki víst að tafaleikir þeirra muni stöðva stóriðjuáformin. Erfiðleikar við lánsfjáröflun geti ráðið því. Rétt er að þröngt er um lánsfjármagn. Sú staða er ekki gilt skálkaskjól fyrir tafaleikjum. Hún kallar einfaldlega á svör við því hvernig stjórnvöld ætla að vinna að lausn þess vanda.

Forystumönnum andófsins í VG hefur undanfarið verið tíðrætt um „nýtt lýðræði“. Það táknaði í sumar að hefðbundin bönd stjórnarsamstarfs mættu ekki hindra lýðræðislegan vilja Alþingis ef hann væri á annan veg í einstökum málum.

Einmitt þessi hópur notar nú bönd stjórnarsamstarfsins til að koma í veg fyrir að breiður meirihlutavilji fyrir framsækinni og ábyrgri orkunýtingarstefnu nái fram að ganga. Hvar er hugmyndafræðin um „nýtt lýðræði“ nú? Ekki var hún hentistefna, eða hvað?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Æskulýðsfulltrúi af lífi og sál

Þann 1. júní sl. réð Blindrafélagið til starfa æskulýðsfulltrúa. Í starfið var ráðinn ungur félagsmaður, Þorkell Jóhann Steindal. Þorkell er sjónskertur, en hefur ýmislegt reynt og er fullur af hugmyndum og áhuga.
„Ég greindist með augnsjúkdóminn Retinitis pigmentosa (RP) þegar ég var 18 ára gamall. Ef ég ætla að hvetja ungt blint og sjónskert fólk til dáða og efla sjálfstraust þess, þá verð ég fyrst og fremst að vera opinn, fordómalaus og vera því góð fyrirmynd."

Á Íslandi eru hátt í 200 börn og ungmenni sem eru sjónskert (minna en 30% sjón) eða blind. Blindrafélagið berst fyrir því að þau geti verið félagslega virk og að þau eigi kost á sömu menntunarmöguleikum og jafnöldrum þeirra stendur til boða. Það gerir félagið m.a. með námskeiðshaldi, starfsemi sérstaks æskulýðsfulltrúa og skipulögðu félagslífi. Auk þess styrkir félagið fagfólk fjárhagslega til náms, m.a. við kennsluráðgjöf og umferliskennslu blindra og sjónskertra einstaklinga.

Hugtök Markaðsráðgjöf október 09

Miði í Hausthappdrætti Blindrafélagsins birtist sem valkrafa í heimabankanum þínum í dag

Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi er samfélagslegt afl – mannréttindasamtök – sem berst fyrir því að blindir og sjónskertir einstaklingar geti lifað sjálfstæðu, innihaldsríku og ábyrgu lífi og að þeim sé tryggður jafn réttur og jöfn tækifæri til ábyrgrar, virkrar og viðurkenndrar þátttöku í öllum þáttum samfélagsins. Blindrafélagið fjármagnar starfsemi sína að lang mestu leyti með sjálfsaflafé. Þar gegnir happdrætti félagsins veigamiklu hlutverki. Með því að kaupa happdrættismiða tekur þú virkan þátt í að styðja til sjálfstæðis blinda og sjónskerta einstaklinga á öllum aldri og stuðlar þannig að auknum lífsgæðum þeirra og um leið betra samfélagi.

Svona tekur þú þátt í gegnum heimabankann þinn:

Í heimabankanum þínum birtist valkrafa frá Blindrafélaginu að upphæð kr. 1.939,-. Þú getur opnað kröfuna til að sjá ítarupplýsingar um hana.



Eindagi
Þennan dag verður dregið í happdrættinu.

Dregið verður í happdrættinu þann 11. desember n.k. en það er sami dagur og eindagi kröfunnar. Númer kröfunnar, þ.e. seðilnúmerið, er það sama og númerið á happdrættismiðanum þínum.
Vinningar í happdrættinu eru glæsilegir, alls um 300 talsins.
Þar á meðal eru 2 bílar, 120 ferðavinningar, 75 gistivinningar og 100 gjafakort í Kringluna. Heildarverðmæti vinninga er um 50 m.kr.

Þinn stuðningur skiptir máli!

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

70

Frekari upplýsingar á www.blind.is
og í síma 525 0000.
Vinningaskrá birt á síðu 290 í textavarpi
sjónvarpsins og á www.blind.is

Hamrahlíð 17 • 105 Reykjavík • Sími 525 0000 • Fax 525 0001 • www.blind.is • Netfang blind@blind.is

Reykjavíkurborg

Viðtalstímar stjórnenda

Athygli borgarbúa er vakin á reglulegum viðtalstímum sviðsstjóra fagsviða Reykjavíkurborgar auk þjónustustjóra, mannréttindastjóra og framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðva Velferðarsviðs.

Vinsamlega pantið viðtal í síma

4 11 11 11

eða sendið tölvupóst á netfangið

upplysingar@reykjavik.is

ÍSLENSKA SIA.IS HBS 44617 10.09

Upprætum mansal

UMRÆÐAN

Sóley Tómasdóttir skrifar um mansal

SÓLEY TÓMASDÓTTIR

Mál litháísku konunnar sem hvarf um skeið í vikunni hefur loksins vakið fólk til umhugsunar um eðli og umfang mansals hér á landi. Málið er til marks um alvarleika þess vandamáls sem mansal er og mikilvægi þess að hér sé vandaður og vel skilgreindur viðbúnaður til staðar.

Fórnarlömb mansals hafa enga ástæðu til að treysta fólki. Einstaklingar og hið opinbera hafa brugðist þeim og allar bjargir virðast vera bannaðar.

Þetta er þekkt meðal sérfræðinga í málaflokknum eins og er vandlega lýst í greinargerð með aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar gegn mansali.

Í áætluninni er vandanum lýst, hann viðurkenndur og kveðið á um 25 aðgerðir af hálfu stjórnvalda. Meðal annars þarf að gera ráð fyrir fórnarlömbum mansals í lögum og veita þarf sérstakan umþóttunartíma á meðan hið opinbera ávinnur sér traust þeirra til að geta veitt nauðsynlega aðstoð.

Sérstakt neyðarteymi þarf að vera til staðar, fræða þarf starfsfólk lögreglu, heilbrigðiskerfis og félagsþjónustu um mansal og grípa þarf til aðgerða sem sporna gegn eftirspurn eftir klámi og vændi.

Enn heyrast efasemdaraddir þegar mansal á Íslandi ber á góma. Að hér hafi engir dómar fallið, mansal hafi því ekki verið sannað og við megum ekki hrapa að ályktunum. Sérfræðingur norsku lögreglunnar í mansalsmálum sagði hér á landi síðastliðinn vetur að nóg væri að spyrja tveggja spurninga:

1. Er eftirspurn eftir vændi á landinu?

2. Eru vísbendingar um að alþjóðleg glæpastarfsemi teygi anga sína til landsins?

Ef svarið er já má ætla að mansal þrífist hér á landi. Sérfræðingar eru einnig sammála um að samfélagið verði aðeins vart við örlítið brot þeirra mála sem í gangi eru eins og í öðrum kynferðisafbrotamálum.

Það er ekki hægt að skilja milli kláms, vændis og mansals. Því er mikilvægast af öllu að eftirspurnin verði upprætt. Ástæðan fyrir mansali er jú viðskiptavinirnir. Ef engir væru kaupendurnir væri mansal ekki þriðja umfangsmesta glæpastarfsemi heims.

Ég brýni því íslensk stjórnvöld til að taka á hinum stóra sínum og innleiða aðgerðaráætlunina með öllu. Um leið brýni ég kaupendur kláms og vændis til að láta af þeirri iðju sinni. Líf og hagur kvenna og barna er í húfi.

Höfundur er borgarfulltrúi.

„Græna“ fólkið og skotmörkin

UMRÆÐAN

Gústaf Adolf skrifar um stóriðju

GÚSTAF ADOLF SKÚLASON

Við sem störfum í íslenska orkugeiranum búum í tvískiptri veröld þegar kemur að umræðum um umhverfismál. Á erlendri grundu snýst umhverfisumræðan gjarnan um loftslagsmál jarðar og mikilvægi þess að draga – hnattrænt – úr notkun jarðefnaeldsneytis á borð við olíu og kol. Ræddar eru leiðir til að auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa á borð við vatnsafl, vindorku og jarðvarma. Íslendingar eru venjulega í mjög sérstakri stöðu á slíkum fundum, okkar staða er algjörlega einstök, við erum „græna“ fólkið á svæðinu og rúmlega það. Hér er hlutur endurnýjanlegra orkugjafa um 80% á meðan t.d. Evrópusambandið hefur sett sér markmið um að ná 20% hlutfalli árið 2020. Hér eru rafmagn og hiti græn orka. Flest Evrópulönd hafa raunar þegar virkjað miklum mun hærra hlutfall af sínu vatnsafli en við höfum gert. Dæmi eru Noregur, Sviss og Austurríki, þar sem náttúrufegurð er mikil líkt og hérlendis. Færri ríki hafa hins vegar minn aðgang að jarðvarma líkt og við, en hann er þó mikið nýttur t.d. í Toscana-héraði á Ítalíu.

Hér á Íslandi snýst umhverfisumræðan iðulega líka um nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, en á þveröfugum forsendum. Sum okkar sem starfa í orkugeiranum sóttu t.d. umhverfisþing á dögunum. Þar voru flutt ýmis fróðleg erindi, ráðuneytið kynnti vandaða skýrslu og margt jákvætt um þingið að segja. En á þinginu fundu margir hjá sér þörf fyrir að gera grín að íslenskum orkufyrirtækjum og jafnvel ausa yfir þau skömmum. Hópur fólks hló og klappaði þegar orkufyrirtækin fengu það óþvegið eða hótfyndni var beint í þeirra garð. Græna fólkið á erlendum umhverfisfundum er í hlutverki viðurkenndra skotmarka á umhverfisfundum hérlendis. Og umræðan skilar engu.

Formaður loftslagsnefndar Sameinuðu þjóðanna ávarpaði stóran fund hér á dögunum. Hann hrósaði Íslendingum fyrir forystu í baráttunni fyrir minni losun gróðurhúsalofttegunda. Þeir ættu miklar endurnýjanlegar orkuauðlindir og skildu mikilvægi þess að nota þær. Mörgum leið eins og þau væru á fundi erlendis.

Höfundur er aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja.

Græna fólkið á erlendum umhverfisfundum er í hlutverki viðurkenndra skotmarka á umhverfisfundum hérlendis.

Aðeins örfáar íbúðir í boði!

Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina á Kanaríeyjum 24. nóvember í 25 nætur á frábæru tilboði. Í boði er m.a. frábært stökktu tilboð þar sem þú bókar flugsæti og gistingu og fjórum dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir (stökktu tilboð með „öllu inniföldu“ jafnframt í boði). Einnig bjóðum við frábær sértilboð á Parquemar og á hinu vinsæla Jardin del Atlantico íbúðahóteli með „öllu inniföldu“ á hreint ótrúlegum kjörum. Gríptu tækifærið og njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað á hreint ótrúlegum kjörum.

Ath. verð getur hækkað án fyrirvara!

Frá kr. 99.900
Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi stúdíó/ íbúð í 25 nætur. Stökktu tilboð 24. nóvember. Aukalega m.v. stökktu tilboð með „öllu inniföldu“ kr. 50.000. Aukalega m.v. 2 í stúdíó á Parquemar kr. 20.000. Aukalega m.v. 2 í íbúð á Los Tilos kr. 30.000. Aukalega m.v. 2 í íbúð á Jardin del Atlantico með „öllu inniföldu“ kr. 60.000.

Ný jólaferð!
14 nætur frá kr. 119.500
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 3 börn í smáhýsi með 2 svefnherbergjum á Parquesol.
Tryggðu þér sæti strax!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SÍA • NM30227

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

HELGARTILBOÐ!

Ath. tilboðin gilda 16.10.09 til 18.10.09

ALLAR MOTTUR Á 30% AFSLÆTTI

ALLAR ÁBREIÐUR Á 20% AFSLÆTTI

ÖLL HANDKLÆÐI Á 20% AFSLÆTTI

ALLIR ELDHÚS OG BORÐSTOFUSTÓLAR Á 20% AFSLÆTTI

ALLIR WELLPUR HEILSUKODDAR Á 20% AFSLÆTTI

ALLAR TILBÚNAR GARDÍNUR Á 30% AFSLÆTTI

MAGNUS
SKRIFBORÐSSTÓLL
VERÐ ÁÐUR:
12.900,-
NÚ AÐEINS:
9.030,-

RÚM + DÝNA
STÆRÐ: 120 X 200 SM.
VERÐ ÁÐUR: 99.800,-
VERÐ NÚ: 59.800,-

ALLIR SOKKAR OG SOKKABUXUR Á 20% AFSLÆTTI

ALLAR BASTVÖRUR Á 30% AFSLÆTTI

ALLAR GÆLUDÝRAVÖRUR Á 20% AFSLÆTTI

ÖLL PLASTVARA Á 20% AFSLÆTTI

SILVERFLOWER SÆNGURVERASETT.
ST. 140X200 SM. ÁÐUR: 2.490,-
NÚ AÐEINS: 1.490,-

6 STK. KERTI, ÁÐUR: 399,-
NÚ AÐEINS: 199,-

BARNAKULDAGALLAR, ÁÐUR: 2.990,-
NÚ AÐEINS: 1.990,-

ÚLPUR, ÁÐUR: 5.990,-
NÚ AÐEINS: 3.490,-

SKÍÐABUXUR, ÁÐUR: 4.990,-
NÚ AÐEINS: 2.490,-

Lífsstíll og brjóstakrabbamein

UMRÆÐAN
Helgi Hafsteinn Helgason skrifar um brjóstakrabbamein

HELGI HAFSTEINN HELGASON

Brjóstakrabbamein er algengasta krabbamein hjá konum og geta um 10% kvenna átt von á að fá brjóstakrabbamein einhverntíma á lífsleiðinni. Horfur þessara kvenna er þó betri en við greiningu flestra annarra illkynja sjúkdóma og jafnvel betri en ýmissa hjarta- og lungnasjúkdóma. Þannig eru líkur á lækningu eftir greiningu á staðbundnum sjúkdómi einna hæstar á Íslandi eða um 85% og 5 ára horfur betri en 90%. Nýgengi brjóstakrabbameins hefur aukist undanfarna áratugi og þó orsakir þess séu ekki að fullu ljósar hafa faraldsfræðilegar rannsóknir sýnt að fyrir utan erfðafræðilega þætti hafa umhverfi og lífsstíll veruleg áhrif.

Helstu orsaka- og áhættuþættir brjóstakrabbameins eru kynhormónatengdir, þ.e. að vera kvenkyns, ungur aldur við fyrstu tíðir, hár aldur við fyrsta barnsburð, styttri brjóstagjöf og hár aldur við tíðahvörf. Einnig er þekkt að löng notkun hormónalyfja (tíðahvarfa- og getnaðarvarnahormón) eykur áhættuna verulega. Aðrir þættir eru m.a. aldur, þyngd og að einhverju leyti kynþáttur. Þó ekki meira en það að ef asísk kona flytur til Vesturlanda eykst hætta hennar á brjóstakrabbameini og verður svipuð og þarlendra en nýgengi á Íslandi er þrisvar sinnum meira en í Asíu. Lífsstíll og umhverfi hefur þannig einnig mikil áhrif og þá einna helst þyngd, hreyfingarleysi, notkun hormónalyfja, fæðusamsetning og áfengisnotkun.

Baráttuna við brjóstakrabbamein er mikilvægt að heyja á öllum mögulegum vígstöðvum. Helstu leiðir til að tryggja áframhaldandi góðan árangur á Íslandi eru þrjár: 1) forvarnir, 2) snemmgreining með hjálp skimunar og 3) hágæða heilbrigðisþjónusta sem sérsníður eins og hægt er nauðsynlegar meðferðir að hverri konu fyrir sig.

Framfarir undanfarin ár hafa verið á öllum sviðum nútíma heilbrigðisþjónustu, þ.e. við sjúkdómsgreiningu og stigun krabbameina auk nýjunga á sviði skurðaðgerða, geisla- og krabbameinslyfjameðferða. Framundan er von á byltingu í aðgreiningu undirgerða ýmissa krabbameina og þróun nýrra hnitmiðaðra krabbameinslyfja. Framfarirnar hafa þó ekki eingöngu verið til þess að bæta árangur slíkra meðferða heldur einnig til að fækka aukaverkunum og fylgikvillum.

Skimun fyrir brjóstakrabbameini er vel skipulögð á Íslandi en slík leit er lykillinn að snemmgreiningu brjóstakrabbameins, þ.e. þegar meinið er lítið og ekki enn finnanlegt með þreifingu, en horfur eru í beinu hlutfalli við stærð og útbreiðslu krabbameinsins í upphafi.

Þrátt fyrir ofanskráð felst besti árangurinn í því að lækka nýgengi brjóstakrabbameina og fækka tilfellum með breyttu lífsmynstri en algengustu dánarorsakir vegna hjarta- og æðasjúkdóma og ýmissa krabbameina eru beintengd vestrænum lífsstíl. Þar er þá helst átt við reykingar, umhverfismengun, offitu, hreyfingarleysi, fæðusamsetningu og áfengisnotkun. Mikilvægast til að ná árangri í forvörnum er að einstaklingar sjálfir taki ábyrgð á eigin heilsu með heilbrigðum lífsstíl. Það er svo hlutverk yfirvalda að aðstoða með mótun samfélagsins og að skapa umgjörð fyrir heilbrigt líferni.

Leiðbeiningar frá heilbrigðisyfirvöldum eru einfaldar; haltu kjörþyngd, stundaðu líkamsrækt reglulega, forðastu orkuríkt fæði og sykraða drykkjarvöru, takmarkaðu kjötneyslu og þá sérstaklega rautt kjöt og unna kjötvöru, neyttu jurtafæðu, neyttu fjölbreyttrar fæðu og ekki fæðubótaefna, reyktu ekki og neyttu áfengis í hófi. Einnig telja margir að mikil saltneysla og ákveðnar geymslu- og matreiðsluaðferðir eins og reyking, grill og steiking séu varasamar.

Við vitum að konur sem hafa læknast af brjóstakrabbameini eru fjórfalt líklegri til að fá slíkt mein aftur miðað við aðrar konur. Vegna þessa er regluleg sjálfskoðun, eftirlit læknis og myndataka ráðlögð. Konur geta einnig haft áhrif og minnkað hættuna. Nýlega birtust rannsóknarniðurstöður i virtu vísindatímariti „Journal of Clinical Oncology“ sem sýna að hjá konum sem hafa læknast af brjóstakrabbameini veldur offita (BMI 30 eða hærri) um 50% meiri hættu á nýju brjóstakrabbameini. Einnig var sýnt fram á að töluverð (7 eða fleiri drykkir á viku) áfengisnotkun eykur áhættuna um 200% og allar reykingar um rúmlega 200% en áður hafa reykingar ekki verið taldar mikilvægur áhættuþáttur fyrir brjóstakrabbamein.

Að ofangreindu er ljóst að konur verða að taka sjálfar ábyrgð á eigin heilbrigði. Vitneskjan er fyrir hendi en það vantar töluvert upp á að við lifum eftir henni.

Höfundur er lyf- og krabbameinslæknir.

Góður árangur við erfiðar aðstæður

UMRÆÐAN
Óskar Bergsson skrifar um borgarmál

ÓSKAR BERGSSON

Minnihlutinn gagnrýndi framlagða fjárhagsáætlun á sínum tíma fyrir það að vera ekki raunhæf. Sex mánaða uppgjörið sannar að svo var ekki og er það mikill sigur fyrir meirihlutann í borginni.

Sex mánaða uppgjör Reykjavíkurborgar birtir tvær mismunandi niðurstöður í efnahagsumhverfi borgarinnar. Annars vegar er það rekstur Reykjavíkurborgar þar sem tekist hefur að ná frábærum árangri við erfiðar aðstæður og hins vegar ytra umhverfi, gengisfall krónunnar og áhrif þess á eiginfjárhlutfall B-hluta fyrirtækjanna.

Jákvæða niðurstaðan er án efa rekstur borgarinnar sjálfrar. Rekstarniðurstaðan var nær 227 milljónum króna betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Halli á rekstrinum fyrstu sex mánuði ársins kemur fyrst og fremst fram í Eignasjóði borgarinnar þar sem gengisáhrifin koma fram auk þess sem sala á byggingarrétti hefur dregist mikið saman. Strax um mitt síðasta ár var ljóst að yfirstandandi rekstrarár yrði erfitt, þó að engan óraði þá fyrir því hversu erfitt það yrði í raun. Í fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir árið 2009 var því strax ráðist í að minnka kostnað og auka rekstraraðhald. Laun yfirstjórnenda og kjörinna fulltrúa voru lækkuð um 10%, yfirvinna hundraða borgarstarfsmanna var skert og aksturssamningar yfirfarnir. Lagst var í umfangsmikla vinnu við að finna leiðir til sparnaðar og aðhalds á öllum sviðum. Ein leið af mörgum var að leita til starfsfólks borgarinnar eftir hugmyndum til sparnaðar. Það tókst svo vel að Reykjavíkurborg hefur verið tilnefnd til verðlauna fyrir nýsköpun við gerð fjárhagsáætlunar af samtökum evrópskra höfuðborga.

Allt var þetta gert í því skyni að standa vörð um grunnþjónustu, vernda störf fastráðinna starfsmanna, hækka ekki gjaldskrár og leggja fjármagn í atvinnuskapandi verkefni. Allt hefur þetta gengið eftir. Þessu til viðbótar var eftirlit með rekstrinum aukið og eru rekstaryfirlit nú yfirfarin mánaðarlega í borgarráði. Áherslan er skýr: Rekstraráætlun borgarinnar er metnaðarfull og við ætlum að standa við hana. Minnihlutinn gagnrýndi framlagða fjárhagsáætlun á sínum tíma fyrir það að vera ekki raunhæf. Sex mánaða uppgjörið sannar að svo var ekki og er það mikill sigur fyrir meirihlutann í borginni og allt það starfsfólk sem lagt hefur mikið á sig til að ná þessum árangri.

Neikvæða niðurstaðan í sex mánaða uppgjörinu er hins vegar heildarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar og þeirra 11 fyrirtækja sem eru í eigu borgarinnar. Helsta stærðin í því er erlendar skuldir Orkuveitu Reykjavíkur. Það er hins vegar mjög mikilvægt að horfa til þess að langstærsti hluti skuldsetningarinnar er vegna framkvæmda sem gefa tekjur í erlendri mynt. Erfiðleikarnir eru fyrst og fremst óhagstæð gjaldeyrisskráning á framkvæmdatímanum og lokun fjármagnsmarkaða til Íslands eftir hrun.

Niðurstaða sex mánaða uppgjörs Reykjavíkurborgar er skýr: Áætlanir sem snúa að þeim hluta rekstursins sem borgaryfirvöld hafa tök á að stýra er á áætlun og því ber að fagna. Hins vegar og því miður eru þeir þættir sem snúa að ytri þáttum eins og stjórnun efnahagsmála ríkisins ekki að ganga upp og í því liggur vandi Reykjavíkurborgar, rétt eins og heimilanna og fyrirtækjanna í landinu.

Höfundur er formaður Borgarráðs.

Óþolinmótt fé

UMRÆÐAN
Jakobína Ólafsdóttir skrifar um lánatökur ríkisins

Sett voru á gjaldeyrishöft til þess að verja krónuna frekari falli eftir hrun bankanna. Helsta ógnin við gjaldmiðilinn var óþolinmótt fé jöklabréfaeigenda.

Erlendar fjármálastofnanir gáfu út jöklabréf sem seld voru aðilum, íslenskum eða erlendum. Kaupendur jöklabréfa veðjuðu á krónuna á sama tíma og bankarnir og erlendir vogunarsjóðir tóku stöðu gegn henni. Eftir að gjaldeyrishöftin voru sett lokaðist fjármagn jöklabréfaeigenda inni. Þeir hafa því átt einan þann kost að endurfjárfesta fjármuni sína á Íslandi. Staða jöklabréfa og erlendra krónueigna er talin vera 400 til 600 milljarðar ISK en sumir telja að fjárhæðin sé um 620 milljarðar.

Viðskipti með jöklabréf eru íslenska ríkinu óviðkomandi. Þetta voru viðskipti á milli erlendra fjárfestingarbanka og viðskiptavina þeirra með verðbréf í íslenskum krónum.

Eitt af áhyggjuefnum Seðlabankans er að ekki sé unnt að aflétta gjaldeyrishöftunum samkvæmt áætlun AGS. Fyrirhugað er að taka

JAKOBÍNA ÓLAFSDÓTTIR

lán upp á 620 milljarða ISK til þess að styrkja gjaldeyrisforðann sem er 490 milljarðar en þar af eru 210 milljarðar hrein eign. Til samanburðar þá var gjaldeyrisforðinn 163 milljarðar árið 2007 og 67 milljarðar árið 2005. Já, segir kannski einhver „en það sýndi sig að þetta var allt of lítill varaforði“. Jú, rétt er það en við gjörólíkar aðstæður. Bankarnir voru risavaxnir og Seðlabankinn átti að geta staðið undir lánum til þrautavara. Í greinargerð Seðlabankans til forsætisráðherra, 6. október síðastliðinn, segir m.a. um mikilvægi rausnarlegs gjaldeyrisforða „Það eflir getu Seðlabankans til þess að mæta hugsanlegu útstreymi og dregur um leið úr líkum á því að til þess komi.“ Sérstaka athygli vekur að Seðlabankinn telur að gjaldeyrisforðinn (risalánið) dragi úr líkum á útstreymi en litlar líkur eru á því að þessi kenning standist enda verður traust á íslensku efnahagskerfi ekki reist á einni nóttu heldur er það langtímaverkefni. Öllu líklegra er að aðilar sjái risalánið sem farseðil úr landi. Að hræðsla muni ráða för.

Það er ávallt áhugavert þegar hagfræðingar setja sig í spor sálfræðinga og telja sig sjá fyrir um hegðun fólks. Er trúverðugt að álykta að einstakir fjárfestar kynni sér efnahagsstefnu yfirvalda eða hvað þá heldur túlki trúverðugleika hennar þegar þeir taka ákvörðun um það hvar þeir telji fjármunum sínum borgið? Gleymum því ekki að þetta eru aðilar sem tóku stöðu með krónunni þegar aðrir veðjuðu gegn henni.

Stjórnvöld segja að geyma eigi risalánið og greiða af því 20 milljarða á ári í vaxtamun. En samkvæmt ofangreindri tilvitnun í greinargerð Seðlabankans virðist eiga að grípa til þessa varasjóðs þegar gjaldeyrishöft verða afnumin. Gríðarleg áhætta fylgir þessari fyrirætlun. Líklegt er að jöklabréfaeigendur rjúki með fjármuni úr landi en að Íslendingar sitji uppi með að greiða fulla vexti af risaláninu í stað vaxtamunar, þ.e. vextir af innistæðum hverfa en vextirnir ekki. Það mun síðan lenda á komandi kynslóðum að endurgreiða þessa skuld.

Þetta vekur spurningar um áform AGS um að „bjarga“ fjármagnseigendum sem vilja koma fé úr landi með því að taka risalán sem lendir á íslenskum skattgreiðendum.

Fagfjárfestar höfðu alla burði til þess að taka upplýsta ákvörðun um áhættuna sem fylgdi því að fjárfesta í jöklabréfum. Það er fullkomlega réttmæt spurning að spyrja hvort íslenskur almenningur eigi að bera tapið af hruninu, en auk þess að fjármagna bætur til fagfjárfesta. Þessi viðskipti með jöklabréf komu íslenskum almenningi ekkert við.

Lögð hefur verið ríkuleg áhersla á að spyrða Alþjóðagjaldeyrissjóðinn við hugtakið traust en í greinargerð Seðlabankans til forsætisráðherra segir „litið er á aðkomu sjóðsins sem heilbrigðisvottorð fyrir þá efnahagsstefnu sem mótuð hefur verið“. Þetta er í mótsögn við niðurstöðu Center of economic policy research. CEPR segir um spár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í löndum þar sem hann hefur haft aðkomu... að þær feli í sér munstur mistaka sem veki spurningar um hlutleysi sjóðsins.

Höfundur er stjórnsýslufræðingur. Lengri útgáfu greinarinnar má lesa á Vísi.

Hátíð á Hilton
Við kynnum girnilega jóladagskrá á Hilton Reykjavík Nordica og VOX – nú er vandi að velja!
Dýrindis jólahlaðborð í hátíðarsal Hilton. Sigga Beinteins og Daddi Diskó slá á létta strengi og syngja inn jólin með gestum okkar langt fram á kvöld. Hefst 21. nóvember.
Á sama tíma á VOX bjóða meistarakokkar okkar upp á stórglæsilegan jólamatseðil og ógleymanlega kvöldstund fyrir þá sem kjósa framúrskarandi þjónustu og umgjörð.
Ennfremur: Sunnudagsbröns og hádegishlaðborð virka daga með sérstöku jólaívafi frá 22. nóvember.
Kynnið ykkur tilboð á gistingu á Hilton Reykjavík Nordica: www.hilton.is
Sérstök gistikjör fyrir Vildarklúbbsfélaga frá 13. nóvember.
Nánari upplýsingar í síma 444 5052 eða hilton@hilton.is | www.hilton.is
VOX
RESTAURANT/BISTRO
Hilton
Reykjavik Nordica

Í grunninn er þetta ekkert flókið

Sjálfstæðisflokkurinn kynnti í vikunni umfangsmiklar efnahagstillögur sínar. *Kolbeinn Óttarsson Proppé* settist niður með **Bjarna Benediktssyni** og kynnti sér hvernig formaðurinn telur best að koma landinu til bjargar. Bjarni segir stjórnarkreppu í landinu og flokkur hans muni ekki skera stjórnina úr Icesave-snörunni. Hann telur hægt að komast skjótt úr kreppunni.

Sjálfstæðisflokkurinn kynnti efnahagstillögur sínar í vikunni. Verði farið eftir þeim telur flokkurinn að hægt sé að bæta afkomu ríkissjóðs um 85 til 90 milljarða króna. Því sé hægt að ná fram án þess að leggja á nýja skatta eða hækka þá sem fyrir eru; Bjarni segir það enda uppskrift á enn lengri kreppu að hækka skatta ofan í niðurskurðinn.

„Við teljum hættulegt að hækka skatta ofan í niðurskurðinn, það er hvergi annars staðar gert. Nærtækast er að horfa til Bretlands, en þar er risastórt verkefni sem bíður stjórnvalda við að ná jafnvægi í ríkisbúskapnum. Þar keppa flokkarnir um hylli kjósenda með niðurskurðartillögum, en hvorugur flokkanna talar um nýja skatta.“

Tekjutilfærsla

Bjarni segist ekki gera ágreining við ríkisstjórnina um hve mikið þurfi að skera niður, flokkurinn hafi þó athugasemdir við hvernig það er gert. Þar sé lykilatriði að ná hámarkshagræðingu í ríkisrekstri og reyna að verja þjónustustigið.

Hvað tekjuhliðina varðar skilji hminn og haf stjórnina og Sjálfstæðisflokkinn. En er hægt að loka fjárlagagatinu án nýrra skatta? Bjarni segir svo vera, hægt sé að sækja tekjur á annan hátt fyrir ríkissjóð.

„Í fyrsta lagi er það þessi gamla saga, að koma hjólum atvinnulífsins af stað. Það þarf einfaldlega að skapa ný tækifæri, draga hingað heim nýja fjárfestingu og laga umhverfi fyrirtækjanna þannig að við björgum störfum og sköpum ný.

Í okkar huga er skynsamlegt að horfa til þeirra frestuðu skatttekna sem liggja í lífeyrissjóðskerfinu. Nýta þær tímabundið, eða eftir atvikum með kerfisbreytingum á skattlagningu lífeyrissjóðstekna, til að brúa fjárlagahallann yfir erfiðasta tímabilið.“

Sjálfstæðisflokkurinn kynnti í vor þær hugmyndir að skattleggja inngreiðslur í lífeyrissjóði í stað útgreiðslna. Þannig mætti færa til í tíma tekjur sem ríkið hvort eð er ætti eftir að fá. Bjarni segir sjálfstæðismenn strax hafa bent á kosti og galla þeirrar hugmyndar, en meginatriðið hafi verið að sýna vilja og leita leiða til þess að forða atvinnulífi og heimilum frá nýjum sköttum og álögum. Þetta hafi verið góður valkostur sem skapaði umræðugrundvöll. Minna hefði þó farið fyrir umræðum af hálfu stjórnvalda. Ein af mögulegum leiðum sem flokkurinn leggur nú til er að beita þessu aðeins á séreignarsparnað.

„Þar á hið opinbera um það bil 100 milljarða í frestuðum skattgreiðslum. Ef menn myndu ákveða núna að vinda ofan af þeirri frestun og taka skatttekjurnar til sín strax, fengi ríkið 75 milljarða og sveitarfélögin 25. Þetta eru ekki nýjar tekjur, hér er verið að færa til í tíma hvenær ríkið tekur til sín skattpeninga.“

Bjarni segist skynja minni mótbyr við tillögunum núna. Í millitíðinni hafi menn séð framan í þá skatta sem á að leggja á og betur áttað sig á því í hverju verkefnið er fólgið. „Allir myndu horfa til þess hvaða sjóði menn eiga til ráðstöfunar til vara við aðstæður eins og þessar, inni á hverju heimili, í hverju fyrirtæki og ég er viss um að aðrar þjóðir myndu einnig gera það. Ég er viss um að Norðmenn myndu skoða þá digru sjóði sem þeir hafa úr að spila áður en þeir myndu taka ákvörðun um nýja skatta, ef þeir þyrftu að loka fjárlagagati vegna tímabundins samdráttar í hagkerfinu.“

Endurskoða áætlun AGS

Ríkisstjórnin vinnur eftir samkomulagi sem gert var við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS). Bjarni segir þá áætlun að nokkru leyti barns síns tíma og vill að hún sé endurskoðuð, enda hafi hún átt að vera til stöðugrar endurskoðunar. Bjarni telur til dæmis ekki þörf á þeim miklu lántökum sem gert er ráð fyrir. Hann segir þríþætta ástæðu fyrir því að koma sér upp stórum gjaldeyrisvaraforða.

„Í fyrsta lagi er það til að skapa traust á áætlun stjórnvalda um efnahagslega endurreisn. Í öðru lagi er það til að við höfum fjármagn til að spila úr og standa í skilum með afborganir af erlendum lánum. Í þriðja lagi er þetta til að gera okkur kleift að aflétta gjaldeyrishöftum og styðja við krónuna.

FORMAÐURINN Bjarni Benediktsson segir verkefni sitt að gera Sjálfstæðisflokkinn á ný leiðandi afl í íslenskum stjórnmálum. Hann kvartar yfir samráðsleysi stjórnvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Ég er hins vegar ekki tilbúinn til að kaupa mér frið í málinu gegn hvaða gjaldi sem er.

Með okkar tillögum bendum við á aðra leið en sjóðssöfnun til að aflétta gjaldeyrishöftunum og teljum lánsþörfina að öðru leyti ofmetna. Vil viljum frekar að þrýstingnum sem er á krónunni sé aflétt með útgáfu ríkisskuldabréfa í stað þessara miklu lána. Þeir sem eiga kröfur á íslenskar krónur og vilja fara úr landi geti þá skipt þeim yfir í kröfur á íslenska ríkið á langtímaskuldabréfum. Auðvitað þarf að skapa hvata fyrir þá til að gera þetta og leiðin til þess er að lækka stýrivexti myndarlega.

Þar fyrir utan teljum við að fullmikið hafi verið lagt í þetta plan, sem er svo sem skiljanlegt. Á sínum tíma loguðu eldar um alla Evrópu og fjármálakerfi heimsins var í uppnámi. Þá hafði enginn trú á því að við Íslendingar gætum unnið okkur út úr þessu á næstunni.

Í millitíðinni hefur komið í ljós að vöruskiptajöfnuður hefur verið jákvæður í þrettán mánuði og búið er að leggja fram áætlanir um að ná ríkissjóði í jafnvægi og skila afgangi innan fárra ára. Ef við gerum, til viðbótar við þetta, ráðstafanir til að laða að erlent fjármagn er ég ekki í vafa um að traustið á íslenska hagkerfinu kemur hratt og örugglega.“

Ekki flókið verkefni

Mikið hefur verið rætt um stöðugleikasáttmálann og hvort hann sé í uppnámi. Bjarni segir sáttmálann mikilvægan þótt hann hafi verið neikvæður í garð hans í fyrstu. Stóri ókostur hans sé að aðilar vinnumarkaðarins hafi gefið ríkisstjórninni of mikið svigrúm til óljósra skattahækkana.

„Mér leist illa á áformin um nýja skatta frá upphafi og áttaði mig ekki á því hvaða skattar þetta voru. Ég hef innt suma fulltrúa úr atvinnulífinu eftir því hvaða skattar það voru sem þeir höfðu í huga þegar sáttmálinn var gerður – vegna þess að það er gert ráð fyrir að afkomubati ríkissjóðs verði að hluta til fjármagnaður með nýjum sköttum – en fæ engin svör.“

Bjarni segir það stórkostleg afglöp ríkisstjórnarinnar ef sáttmálinn brestur og er ekki bjartsýnn á að hann haldi. Ríkisstjórnin hafi beint kröftum sínum allt of víða. „Ég tel að ríkisstjórnin hafi sett of mörg mál á dagskrá strax í vor. Ég held að í grunninn sé þetta ekkert flókið, þetta er tiltölulega einfalt verkefni; það þarf að loka fjárlagagatinu og koma efnahagslífinu aftur í gang. Það þýðir að það þarf að skapa sátt um hvar á að skera niður og ræða við alla hlutaðeigandi um hvernig við náum til baka tekjustraumi ríkisins.

Ef mönnum tekst að gera þetta kemur allt hitt af sjálfu sér, þá losna menn við atvinnuleysið, þá eiga menn betur fyrir útgjöldum í velferðarkerfinu – bæði í heilbrigðis- og menntamálum, löggæslumálum og hverju sem er. Ef menn klikka hins vegar á þessu grundvallaratriði verða erfiðleikarnir bara meiri og meiri með hverjum deginum sem líður. Mér finnst ríkisstjórnin hafa gert afskaplega lítið til að reyna að skapa sátt um þessi meginverkefni.“

Stjórnarkreppa

Nú er ár liðið frá hruninu og Bjarni segir þann tíma vannýttan. Þau pólitísku átök sem einkennt hafi tímabilið hafi ekki verið til mikils gagns fyrir þjóðina. Skortur á samráði einkenni stjórnina, vel megi vera að slíkt ástand hafi verið við lýði áður, en eins og staðan sé í dag kalli menn eftir meira samráði.

Sú krafa hefur heyrst að einfaldast sé að mynda þjóðstjórn, væru sjálfstæðismenn til í það?

„Ef sú staða kemur upp að kallað er eftir okkar kröftum til að taka þátt í landsstjórninni munum við að sjálfsögðu hlýða því kalli. Við erum hins vegar ekki hér á þinginu með okkar fremsta markmið að fella stjórnina; það er ekki þannig, jafnvel þótt stjórnin virðist á köflum hafa það sem sitt fremsta markmið að halda okkur frá völdum.

Það er stjórnarkreppa í landinu og það er ekki vegna þess að stjórnarandstaðan hafi gengið svo hart fram gegn ríkisstjórninni. Þetta eru meira eða minna allt innanmein, heimatilbúin vandræði.“

Bjarni segir sjálfstæðismenn ekki munu skera ríkisstjórnina niður úr Icesave-snörunni. Ef stjórnin geti ekki klárað málið eigi hún bara að fara frá. Hvað það mál varði liggi það nokkuð ljóst fyrir.

„Alþingi sagði í sumar: Gott og vel, við erum tilbúin til að verja sex prósent af hagvextinum á ári frá 2016 til 2024 til að leysa þetta mál. Það er okkar tilboð um lausn. Bretar og Hollendingar eru augljóslega ósáttir við þetta, en ég tel þetta mjög vel boðið af okkar hálfu. Reyndar er þetta miklu meira en hægt er að ætlast til af okkur miðað við aðstæður, því okkur hefur verið neitað um réttinn til að fá úr þessu skorið. Sú umræða um að við verðum að losna við málið hljómar í mínum eyrum þannig að ríkisstjórnin standi sig ekki.“

En hvað gerist ef Icesave verður ekki samþykkt?

„Það er ekki gott að segja. Ég held að það hafi verið gert of mikið úr því sem þá muni gerast, allt of mikið. Ég held að mögulega opnist augu manna fyrir því að við höfum frá fyrsta degi sagst ætla að virða allar okkar skuldbindingar.

Hver ætlar að fara að beita okkur efnahagslegum þvingunum við þær aðstæður? Ég neita að trúa því að sú verði niðurstaðan. Það sem er slæmt er að þetta getur tafið endurreisnarstarfið og ég tek undir með þeim sem benda á það. Ég tek líka undir með þeim sem segja að best væri að fá málið frá. Ég er hins vegar ekki tilbúinn til að kaupa mér frið í málinu gegn hvaða gjaldi sem er; það kemur ekki til greina.

Skapa traust á ný

Bjarni Benediktsson hefur verið formaður Sjálfstæðisflokksins í hálft ár. Hann segir að á þeim tíma hafi viðhorf gagnvart flokknum breyst, en mikið verk sé óunnið í að skapa traust á ný.

„Ég lít einfaldlega þannig á að vinnan hjá mér við að efla traust á flokknum sé rétt að byrja. Ég hef hins vegar skynjað mjög mikla viðhorfsbreytingu gagnvart Sjálfstæðisflokknum frá því sem var í vor. Það er svo sem ekkert nema eðlilegt að fólki fyndist flokkur sem var að tapa miklu fylgi og var að fara úr ríkisstjórn ætti að halda sig til hlés. Mér fannst erfitt að koma okkar sjónarmiðum að í umræðunni, en finnst andrúmsloftið allt annað í dag. Það breytir því ekki að ég tel að flokkurinn eigi enn mjög mikið verk fyrir höndum með að endurheimta traustið.“

Bjarni segir það stóra verkefni flokksforystunnar að koma því að fyrir hvað flokkurinn í raun standi, nokkurt bil sé á milli þess og viðhorfs almennings gagnvart flokknum.

➜ GÓÐUR ÁFANGI

Samkvæmt könnun Fréttablaðsins sem gerð var síðastliðinn fimmtudag, fer fylgi Sjálfstæðisflokksins vaxandi. Hann mældist með 34,8 prósenta fylgi, töluvert hærra en í kosningunum þegar hann fékk 23,7 prósent atkvæða.

„Þetta er í samræmi við þá tilfinningu sem ég hef haft að það sé vaxandi stuðningur við okkar málstað við þessar erfiðu aðstæður. Við höfum verið að tefla fram leið úr þessari þröngu stöðu og ég held að fólk sé að kalla eftir lausnum.

Á hinn bóginn tek ég þessu með ró og af yfirvegun. Ég lít enn þannig á hlutina að ég horfi til mun lengri tíma til að styrkja stöðu flokksins. Það er mikilvægt verkefni að gera hann á ný að leiðandi afli í íslenskum stjórnmálum og stærsta flokknum.“

EIGNIR

Innlán

Önnur verðbréf

- EUR Class	1,8%
uity Fund II	1,7%
	1,1%
	0,4%
	0,4%
	%

Erlend hlutabréf

State Street N-America Enhanced Fund	9,8%
Fidelity Active Strategy Sicav Fund - Europe Fund	3,1%
Findlay Park American SM COS	3,0%
Montanaro European Smaller Companies Fund	2,3%
Kaupthing Manager Selection C Fund EUR	2,3%
t Pacific Enhance Fund	2,2%
n Mid Cap Fund	2,2%
l Value	2,0%
A	0,9%
	0,9%
	7%

Skuldabréf

Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	31,5%
Ríkisverðbréfasjóður - millilangur	7,2%
Ríkisverðbréfasjóður - langur	7,1%
Veðlán til sjóðfélaga	2,3%
Skuldabréf sveitafélaga	1,7%
Höfuðstólstryggð skuldabréf	1,7%
JPMorgan Liquidity Funds - EUR Governm. Liquidity	1,3%
Síminn hf.	1,0%
JPMorgan Fleming USD Lquidity Fund	1,0%
Ríkisvíxlasjóður	0,7%
Spölur ehf.	0,5%
Covered Bonds 3,75%	0,4%
Hávaxtasjóður	0,4%
Byr sparisjóður	0,3%
Hagar hf.	0,2%
félagið ehf.	0,1%
f gefin út af argentínska ríkinu	0,1%
	0,1%

HJÁ FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐNUM ER MIKIL ÁHERSLA LÖGÐ Á GAGNSÆI

Upplýsingar um eignir Frjálsa lífeyrissjóðsins er að finna á vefsíðunni **www.frjalsilif.is** Upplýsingarnar eru uppfærðar á þriggja mánaða fresti.

Kynntu þér **Frjálsa lífeyrissjóðinn** hjá Ráðgjöf Nýja Kaupþings, Borgartúni 19, í síma 444 7000, sendu tölvupóst á radgjof@kaupthing.is eða komdu við í næsta útibúi Nýja Kaupþings banka.

ÍSLENSKA SÍA.IS KAU 47165 10/09

NÝI KAUPÞING BANKI

FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

SKOÐANAKÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS



Tíu vinsælustu stjórnmálamennirnir

Spurt var: „Hvaða íslenska stjórnmálamanni treystir þú best?" Alls 366 manns tóku afstöðu til spurningarinnar sem eru tæp 46 prósent aðspurðra. Niðurstöðurnar gefa þannig ákveðna vísbendingu um hvaða stjórnmálamönnum íslenskir kjósendur treysta.

Allir		Karlar		Konur	
1. Steingrímur J. Sigfússon	29,5%	1. Steingrímur J. Sigfússon	32,8%	1. Jóhanna Sigurðardóttir	33,9%
2. Jóhanna Sigurðardóttir	26,2 %	2. Jóhanna Sigurðardóttir	18,3%	2. Steingrímur J. Sigfússon	26,3%
3. Bjarni Benediktsson	11,5%	3. Bjarni Benediktsson	13,9%	3. Bjarni Benediktsson	9,1%
4. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson	9,8 %	4. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson	11,7%	4. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson	8,1%
5. Ögmundur Jónasson	4,9 %	5. Ögmundur Jónasson	3,9%	5. Ögmundur Jónasson	5,9%
6. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir	2,7%	6. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir	3,3%	6. Davíð Oddsson	2,7%
7. Davíð Oddsson	2,5%	7. Illugi Gunnarsson	2,8%	7. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir	2,2%
8. Illugi Gunnarsson	2,2%	8. Davíð Oddsson	2,2%	8. Illugi Gunnarsson	1,6%
9. Pétur Blöndal	1,9%	9. Pétur Blöndal	2,2%	9. Pétur Blöndal	1,1%
10. Katrín Jakobsdóttir	1,1%	10. Árni Páll Árnason	1,7%	10. Katrín Jakobsdóttir	1,1%

Samkvæmt könnun Fréttablaðsins 15. október

Flestir treysta Steingrími J.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra nýtur mests trausts stjórnmálamanna samkvæmt niðurstöðu skoðanakönnunar Fréttablaðsins. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra fylgir á hæla hans. *Sigríður Björg Tómasdóttir* ryndi í niðurstöðurnar.

Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra og formaður Vinstri grænna, er sá íslenski stjórnmálamaður sem flestir treysta. 32,9 prósent þeirra sem afstöðu tóku í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins treysta honum best allra. Forsætisráðherra og formaður Samfylkingarinnar, Jóhanna Sigurðardóttir, fylgir fast á hæla hans með stuðning 26,2 prósenta. Mun fleiri treysta því Steingrími en ætla að kjósa Vinstri græna sem njóta stuðnings 19 prósenta kjósenda samkvæmt könnun Fréttablaðsins. Ríflega 30 prósent sögðust ætla að kjósa Samfylkinguna sem er heldur hærra hlutfall en þeir sem treysta Jóhönnu best.

„Það kemur ekkert á óvart að Steingrímur skuli vera toppmaður, hann hefur verið mikið í framlínu ríkisstjórnarinnar og í meiri mæli en Jóhanna því Icesave hefur mætt mikið á honum. Hann hefur þar komið fram sem hinn ábyrgi og trausti maður," segir Valgerður Jóhannesdóttir, verkefnastjóri í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands.

Undir þetta tekur Svanborg Sigmarsdóttir stjórnmálafræðingur: „Steingrímur hefur verið meira í fjölmiðlum en Jóhanna og komið meira fram sem leiðtogi, hann er með Icesave og niðurskurðinn á fjárlögunum á sinni könnu, sem eru erfið mál en hann hefur virkað mjög traustur í þeim. Annars verður að segja að leiðtogar stjórnarflokkanna megi vel við una að fá tæp 30 prósent hvor miðað við þau erfiðu mál sem þeir eru að fást við."

Í þriðja sæti er Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, en nokkuð bil langt bil er á milli hans og Jóhönnu, einungis 11,5 prósent aðspurðra sögðust treysta honum best. Sjálfstæðisflokkurinn hlyti hins vegar tæplega 35 prósenta fylgi ef gengið yrði til kosninga nú samkvæmt könnun Fréttablaðsins.

Svanborg segir lítinn stuðning við Bjarna hljóta að benda til þess að hann hafi ekki sterka stöðu innan síns eigin flokks. „Þetta þýðir það að það eru margir sem segjast ætla að kjósa Sjálfstæðisflokkinn þrátt fyrir Bjarna, ekki vegna hans. Það er að minnsta kosti ekki Bjarni sem dregur fylgi til Sjálfstæðisflokksins, frekar kannski að fylgisaukning hans í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins sé komin til vegna óánægju með hina flokkana." Valgerður er sammála þessu: „Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir hann að hann hafi svona lítið meira fylgi en formaður Framsóknarflokksins, sem er í forsvari fyrir miklu minni flokki."

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, nýtur mests trausts 9,1 prósents þeirra sem tóku afstöðu en sem er fimm prósentustigum minna en flokkurinn fékk í skoðanakönnuninni. Í fimmta sæti er svo Ögmundur Jónasson með 4,9 prósenta fylgi en hann skorar hæst þeirra sem ekki eru formenn stjórnmálaflokka. Þess má geta að sá liðsmaður Hreyfingarinnar sem komst hæst í könnuninni er Þór Saari en 0,8 prósent, eða þrír svarendur, sögðust treysta honum best.

Spurt var: Hvaða íslenska stjórnmálamanni treystir þú best? Úr 800 manna úrtaki svöruðu 366 sem er tæplega 46 prósent svarhlutfall.

Steingrímur vinsæll þvert á flokka

84 prósent þeirra sem sögðust ætla að kjósa VG í könnun Fréttablaðsins segjast bera mest traust til Steingríms J. Sigfússonar. Sama á við um 22 prósent kjósenda Samfylkingarinnar og 6 prósent kjósenda Framsóknarflokksins og 4 prósent kjósenda Sjálfstæðisflokksins. Enginn annar stjórnmálamaður hefur svo mikið traust stuðningsmanna annarra flokka.

Þó segjast 8 prósent kjósenda Sjálfstæðisflokksins bera mest traust til Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar formanns Framsóknarflokksins. 44 prósent kjósenda Sjálfstæðisflokksins segjast treysta Bjarna Benediktssyni best stjórnmálamanna en 9 prósent kjósendanna segjast treysta Davíð Oddssyni best.

Jóhanna Sigurðardóttir nýtur mests trausts 70 prósenta kjósenda Samfylkingarinnar samkvæmt niðurstöðu könnunarinnar. Tvö prósent kjósenda VG segjast bera mest traust til Jóhönnu Sigurðardóttur.

EKKI EFTIRSPURN EFTIR DAVÍÐ ODDSSYNI

Á meðal tíu efstu sem komast á blað sem stjórnmálamenn sem mest traust er borið til er Davíð Oddsson, ritstjóri Morgunblaðsins, sem yfirgaf vettvang stjórnmálanna árið 2005 og varð seðlabankastjóri.

„Ég held ekki að þetta þýði að það sé eftirspurn eftir Davíð Oddssyni í stjórnmál á nýjan leik," segir Svanborg Sigmarsdóttir. „Hann kom hins vegar aftur inn í umræðuna síðasta haust í hruninu sem seðlabankastjóri og Davíð hefur verið í umræðunni undanfarið vegna ráðningar hans í ritstjórastól Morgunblaðsins."

DAVÍÐ ODDSSON

„Mér þykir út af fyrir sig vera forvitnilegt að í hugum einhverra sé Davíð Oddsson enn þá stjórnmálamaður," segir Valgerður Jóhannesdóttir. „Hann virðist alltaf eiga sína fylgismenn en maður á kannski ekki að lesa svo mikið í þessar niðurstöður, enda ekki svo margir á bak við þær þegar komið er svo neðarlega á listann.

SÓLARLOTTÓ
KANARÍ

nóvember og desember

Fyrstur kemur, fyrstur fær!

Kanarí - 11 nætur

Verðfrá:

99.500 kr.

m.v. tvo í stúdíóíbúð.
Brottfarir 14. nóv - 14 nætur og 28. nóv - 11 nætur.

ALLT INNIFALIÐ!

Kanarí - 11 nætur

Verðfrá:

139.900 kr.

m.v. tvo í herbergi og "allt innifalið".*
Brottfarir 14. nóv - 14 nætur og 28. nóv - 11 nætur.
* Fullt fæði og allir drykkir og snarl milli mála.

Bókaðu betur í vetur á

www.plusferdir.is

Skráðu þig í netklúbb Plúsferða og
vertu fyrstur til að fá bestu tilboðin!
Alltaf ódýrasta verðið á netinu.

plús FERÐIR

www.plusferdir.is

Ferðaskrifstofa

PLÚSFERÐIR – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

HVÍLD Á stærstu verslunargötu miðborgarinnar er hægt að finna ró og næði á bekk undir gylltum haustlaufum.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

BIRTIR TIL Þegar óveðrinu slotaði á dögunum myndaðist þessi fallegi regnbogi við smábátahöfnina
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SKÓLINN FAÐMAÐUR Skólastarfið er komið á fullt enda kominn miður október. Hér eru nemendur í Hlíðaskóla að faðma skólann sinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Haustið í Reykjavík

Skammdegið færist yfir höfuðborgina, gulu laufin eru farin að fjúka á braut en Reykjavík iðar þó af mannlífi á haustin. *Ljósmyndarar Fréttablaðsins* fönguðu fallega hauststemningu innan borgarmarkanna á dögunum.

BERIN TÍND Hér gæða starrar sér á hvítum berjum koparreynisins en brátt fara berin að falla til jarðar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HAUSTLITIR Fagrir gullnir runnar í grasagarðinum í Laugardal
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



FALLIN LAUF Ótal litir haustins sjást hér á götu borgarinnar
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

VIÐ TJÖRNINA Þessi litli snáði lítur gæsina hornauga enda virðist hún ætla að færa sig hættulega mikið upp á skaftið.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRAMÚRSKARANDI FYRR EN ÞAU HAFA NOTIÐ ÆSKUNNAR • ÞAÐ BESTA SEM ÞÚ EYÐIR Í BARNIÐ ÞITT ER TÍMI • ÞÚ GETUR LÆRT MARGT AF BÖRNUNUM, TIL DÆMIS HVERSU MIKLA ÞOLINMÆÐI ÞÚ HEFUR • BÖRN EIGA HVORKI FORTÍÐ NÉ FRAMTÍÐ, ÞAU LIFA Í NÚINU, SEM FÆST OKKAR GERA • BARN ER MANNESKJA SEM GETUR BÖRN ERU OG VERÐA ALLTAF BÖRN, VIÐ ÞURFUM AÐ LEYFA ÞEIM AÐ VERA BÖRN EINS LENGI OG HÆGT ER! VIÐ MEGUM EKKI ÆTLAST TIL AÐ ÞAU VAXI HRATT OG VERÐI SKYNSÖM, IÐIN OG EKKI SKILIÐ AF HVERJU EINHVER MYNDI GEFA FRÁ SÉR LÍTINN KETTLING • BÖRNIN OKKAR ERU ÞAÐ DÝRMÆTASTA SEM VIÐ EIGUM

Til bjargar Íslandssögunni

Gunnar Karlsson, prófessor í sagnfræði, lét af störfum á dögunum eftir rúmlega þrjátíu ár hjá Háskóla Íslands. Hann er einn áhrifamesti fræðimaður á sínu sviði á Íslandi og atkvæðamikill námsbókahöfundur. Í samtali við ***Bergstein Sigurðsson*** stiklar Gunnar á stóru í starfi sínu og ræðir gildi þess að þekkja söguna á örlagaríkum tímum og hvernig hann reyndi að bjarga Íslandssögunni.

Það er kassi á gólfinu í skrifstofunni í Árnagarði, fullur af bókum og búið að líma fyrir. Gunnar er að undirbúa brottför. „Ég fékk leyfi til að vera hér fram að mánaðamótum. Mér áskotnuðust þessir kassar og ákvað að byrja hægt og rólega og fara alltaf með einn kassa heim á dag. Þetta verða eflaust talsverð viðbrigði fyrir mig. Ég keypti mér til dæmis ljósritunarkort í gær. Það held ég að ég hafi aldrei gert áður," segir hann og brosir.

Spurður hvað standi upp úr þegar hann lítur yfir starfsferilinn hugsar Gunnar sig um áður en hann svarar. „Námsbókagerðin. Mér finnst hún vera mitt verk; þar sem ég gerði eitthvað sem var óvenjulegt að háskólakennari gerði, mér fannst mér láta vel að gera og þótti alltaf skemmtilegt. Ég man þegar ég var að skrifa fyrstu bækurnar fyrir barnaskóla að á morgnana þegar ég var á leiðinni til vinnu fann ég einkennilegt sambland af tilhlökkun og kvíða. Þetta er erfiðara en fræðiritagerð. Maður verður að vanda sig svo mikið að tjá sig skýrt og troða efninu aldrei inn í formið heldur leyfa því að njóta sín."



GUNNAR KARLSSON „Ég var umfram allt að skrifa frásagnir og reyndi að gera þær aðgengilegri og meira aðlaðandi en bækurnar sem voru í notkun. Mér fannst ég vera að bjarga Íslandssögunni." FRÉTTABLAÐIÐ/ GVA

Að varðveita menningararfinn

Tvær stefnur voru ríkjandi í kennslubókum um sögu þegar Gunnar hóf ritun þeirra: þjóðernisleg Íslandssaga Jónasar frá Hriflu og samfélagsfræðilínan svokallaða, sem ætlaði að gefa upp á bátinn að kenna samfellda Íslandssögu frá byrjun og velja í staðinn ákveðin þemu. „Þegar ég byrjaði að skrifa fyrir börn var ég sannfærður um að samfélagslínan yrði ofan á. Ég byrjaði að skrifa mínar bækur sem bráðbirgðaefni. Mér fannst þeir í samfélagshópnum vinna of hægt, það gekk of illa að endurnýja efni, þannig að ég ákvað að prófa að punda þessu út. Síðan tók Námsgagnastofnun vel við þessu og það varð framhald á."

Gunnar segist hafa reynt að hafa það að leiðarljósi í sínum skrifum að varðveita menningararf og viðhalda venjubundinni Íslandssöguþekkingu.

„Ég var umfram allt að skrifa frásagnir og reyndi að gera þær aðgengilegri og meira aðlaðandi en bækurnar sem voru í notkun. Mér fannst ég vera að bjarga Íslandssögunni; að það væri hætta á því að hún myndi þurrkast út, ekki út af bókum Jónasar frá Hriflu, heldur yngri bókum sem voru daufar stælingar á Íslandssögu Jónasar. Kennari sagði mér að þær væru svo óvinsælar að stúlkurnar hefðu ekki tekið á þeim nema með vettlingum. Ég hugsaði mér þetta því sem björgunarstarf. Svo fór þetta að verða skemmtilegt viðfangsefni og í þriðja lagi kom í ljós að þetta var ágæt tekjulind og bjargaði mér í gegnum níunda áratuginn þegar laun háskólakennara voru allra verst."

Sumum hefur þótt Gunnar jafnvel helst til fyrirferðarmikill í námsbókaritun fyrir börn; að söguskoðun heilu kynslóðanna væri meira eða minna mótuð af einum manni. Gunnar gerir lítið úr því. „Ég held að það sé ofmetið að hversu miklu leyti söguskoðun er stýrt af skólunum. Í öðru lagi finn ég enga eindregna söguskoðun í mínum bókum. Ég held ég hafi því stýrt litlu."

Lífseig söguskoðun sjálfstæðisbaráttunnar

Gunnar kveðst eiga erfitt með að meta hvort einhver ein tiltekin söguskoðun sé ráðandi á Íslandi. Í stjórnmálaumræðu dagsins í dag sé þó furðu mikið eftir af söguskoðun sjálfstæðisbaráttunnar.

„Allar söguskoðanir eru mikil einföldun og ég efast um að þessi einfalda söguskoðun sjálfstæðisbaráttunnar komi til með að lifa alla tíð. En hún er lífseig og það kemur stundum fyrir að manni ofbýður umræðan eins og hún er sett fram með skírskotun í söguna. Í fyrravetur og vor var til dæmis mikið rætt um breytingar á stjórnkerfinu. Íslendingar hafa reyndar oftrú á skipulagsbreytingum. Oft er samt eins og fólk hafi litla stjórnskipunarsögu á valdi sínu. Fyrir vikið missa hugmyndirnar marks, sem er vissulega sorglegt.

Ég held að það væri til mikilla bóta ef fólk hefði meiri vitund um söguna, til dæmis hvernig ríkisvaldinu er ætlað að vinna, og gerði kröfur til stjórnmálamanna í betra samræmi við það. Ég hef lagt áherslu á það í skrifum fyrir almenning að segja þessa sjálfstæðisbaráttusögu, eða þjóðríkismyndunarsögu, þannig að hún hjálpi fólki að skilja hvernig ríkisvaldið er sett saman, en af umræðunni að dæma get ég ekki séð að það hafi borið mikinn árangur."

> Ég held að það væri til mikilla bóta ef fólk hefði meiri vitund um söguna, til dæmis hvernig ríkisvaldinu er ætlað að vinna, og gerði kröfur til stjórnmálamanna í betra samræmi við það.

Lét betur að skrifa sögu en lesa

Upphaflega ætlaði Gunnar sér ekki að verða sagnfræðingur, heldur stefndi á að læra bókmenntir. „Þetta var dálítið flókið. Ég fór í íslensk fræði, byrjaði raunar í sálfræði en gafst upp á henni fljótlega. Í íslenskum fræðum var um þrennt að velja: að verða málfræðingur, bókmenntafræðingur eða sagnfræðingur. Mér datt ekki í hug annað en að ég færi í bókmenntir, fór gagngert í íslensk fræði til að nema þær. Svo fannst mér vera meira framboð af upprennandi bókmenntafræðingum, það virtist vera meira tómarúm í sagnfræðinni einmitt um það leyti sem ég var að ákveða hvar ég sérhæfði mig. Mér hafði aldrei þótt sérstaklega skemmtilegt að læra sögu í skóla, ég var enginn söguhestur sem kunni allt; ég lærði kennslubækurnar fyrir próf en það vakti svo sem engan áhuga. En þegar ég fór að skrifa ritgerðir í háskólanáminu uppgötvaði ég að það var miklu skemmtilegra að skrifa sögu en lesa hana; að skapa sögu átti betur við mig."

Í skrifum Gunnars er Íslandssagan öll oftar en ekki undir. Spurður hvort hann haldi upp á eitthvert tímabil frekar en annað segir hann svo vera.

„Ég byrjaði sem 19. aldar fræðingur, rannsakaði stjórnmálasögu 19. aldar og hef aldrei yfirgefið það svið alveg. En svo rak mig einhvern veginn aftur til miðalda. Þegar ég byrjaði að kenna uppi í Háskóla vantaði einhvern til að kenna þetta tímabil. Ég tók það að mér og fór í kjölfarið að kynna mér það betur. Og já, ég verð að segja að mér finnst þetta skemmtilegasta tímabilið; hámiðaldasaga, þjóðveldisaldarsaga, Sturlungaöld, þetta höfðar mest til mín."

Óslökkvandi áhugi

Eftir tæplega fjörutíu ára feril í sagnfræði segir Gunnar áhugann síst fara minnkandi. „Mig langar til að gera svo miklu meira en ég kemst yfir. Nú er ég að skrifa fjölbinda handbók um íslenska miðaldasögu. Inngangsbindið kom út 2007 og nú er eitt bindi í próförk. Þetta byrjaði á því að ég ætlaði að skrifa akademíska námsbók fyrir nemendur í grunnnámi í sagnfræði.

En þetta vatt upp á sig og óx upp fyrir að vera heppilegt fyrir nemendur. Þá sneri ég þessu úr námsbók yfir í handbók. Þær kalla hins vegar á miklu meira efni en námsbækur, bara stækka og stækka. Ég er líka vanur að segja að ég ætla ekkert endilega að ljúka því verki, ég get alveg dáið frá því."

Til varnar þjóðmenningunni

Spurður hvort Íslandssagan hafi breyst í hans huga með árunum, hvort hann líti fortíðina öðrum augum nú en þegar hann var yngri, segir hann svo ekki vera. „Ekki verulega að minnsta kosti. Þegar á líður held ég að ég hafi gerst meiri varnarmaður fyrir þjóðmenninguna.

Sænski sagnfræðingurinn Harald Gustafsson skrifaði í ritdómi um bók eftir mig að hún einkenndist af því sem hann kallaði nýþjóðrækni, sem viðurkenndi gagnrýnina á gömlu þjóðræknina þeirra Jóns Aðils og Jónasar frá Hriflu, en kæmist svo að þeirri niðurstöðu að hún væri ekki svo fjarri sannleikanum.

Þetta helgast líklega af því að það er komið fram á vettvanginn svo margt fólk sem er tilbúið til og upptekið af því að gagnrýna gömlu þjóðernissinnuðu söguna. Ég tók líka eftir því að hjá síðustu árgöngunum sem ég kenndi 19. og 20. aldar sögu var afskaplega áberandi að nemendur komu úr framhaldsskólunum með þá skoðun að tilvera Íslendinga hefði lengst verið mjög aumingjaleg og það væri einhvern veginn óviðeigandi að segja annað.

Mér hefur því fundist það standa upp á mig að verja, ja, ekki þessa þjóðernissinnuðu sögu sem var skrifuð, heldur þjóðmenninguna sem slíka og segja: Fólk var að gera merkilega hluti. Öll samfélög eiga einhverja merkilega sögu, hugsa ég, og þau eiga að leitast við að segja umheiminum hana með heilbrigðu stolti."

4ra rétta tilboð

Nú fer hver að verða síðastur! Lýkur 21. október!

4ra rétta veisla á aðeins **6.890 kr.** *(sjá nánar á perlan.is)*

Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 10.990 kr.

Villibráðarhlaðborðið

22. október - 18. nóvember

Hefst 22. okt.

Þar má meðal annars finna villigölt, dúfur, fasana, gæsa carpaccio, reyktan lunda, skelfisk, heiðargæsa-lifrarfrauð, silung, lax, sushi , hvalur, villigæsabringu, heilsteiktan hreindýravöðva, gæsalæri, svartfuglsbringu, gufusoðinn krækling og fleira.

Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum.

Verð: 8.290 kr. — Tilboð mánudaga til miðvikudags: 7.290 kr.

Jólahlaðborðið

19. nóvember - 30. desember

Hefst 19. nóv.

Hið óviðjafnanlega jólahlaðborð Perlunnar nálgast óðfluga. Það borgar sig að panta borðið þitt strax – enda eitt vinsælasta jólahlaðborð á landinu!

Hringbrot

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207 - *Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hljótum að vilja vernda alla

Lög um kynferðisbrot vernda minnihluta þeirra sem verða fyrir nauðgun og það er ótækt, segir **Þórdís Elva Þorvaldsdóttir** sem skoðar umgjörð kynferðisglæpa í nýrri bók sinni, Á mannamáli. *Sigríður Björg Tómasdóttir* skoðaði málið.

Glæpamaður stöðvar mann úti á götu og krefur hann um veskið og önnur verðmæti. Hvernig bregst meðalmaðurinn við þessari árás? Með því að afhenda verðmætin og kæra svo glæpinn. Athæfið telst sannarlega glæpsamlegt og ekki líklegt að þolandinn þurfi að standa í stappi við að sannfæra yfirvöld um að á honum hafi verið brotið. Veskið er horfið, því var stolið.

Sama er ekki upp á teningnum þegar kynferðisglæpir eru annars vegar. Flestir sem er nauðgað berjast ekki á móti glæpnum, þora það ekki eða fá slíkt áfall við verknaðinn að þeir lamast og geta sig ekki hrært. Fórnarlambið bhefur því samkvæmt skilgreiningu laganna ekki verið nauðgað. Ákveði brotaþoli að leggja fram kæru vegna nauðgunarinnar er líklegra en ekki að hún verði felld niður, en fari hún alla leið þá eru miklar líkur á því að nauðgarinn verði sýknaður í dómssal – hann braut ekki lögin.

Þetta er óþolandi að mati Þórdísar Elvu Þorvaldsdóttur sem nýverið gaf út bókina Á mannamáli sem fjallar um kynferðisbrot og refsingar á Íslandi í víðu samhengi.

HVERN VERNDA LÖGIN? Fá fórnarlömb nauðgana leggja fram kæru og hátt hlutfall kæra leiðir til sakfellingar. Úr þessu þarf að bæta, segir Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, höfundur bókarinnar Á mannamáli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Germönsk lagahefð

„Okkar lög fylgja germanskri hefð, og samkvæmt henni er gert ráð fyrir að nauðgun fylgi annars konar ofbeldi, annars er ekki um nauðgun að ræða. Þetta er óþolandi því rannsóknir hafa sýnt að aðrar tegundir ofbeldis fylgja alls ekki öllum nauðgunum, og fæstir sem fyrir þeim verða berjast á móti," segir Þórdís Elva. „Öll félagsmótun segir okkur líka að láta í minni pokann, mætum við ofjarl okkar. Og rannsóknir sýna það að einungis fjórðungur þeirra sem verða fyrir nauðgun berjast á móti henni."



ÞÓRDÍS ELVA ÞORVALDSDÓTTIR

Í lögum um kynferðisbrot eru þrjár greinar er varða nauðgun, í þeirri fyrstu segir að „hver sem með ofbeldi eða hótun um ofbeldi þröngvar manni til holdlegs samræðis eða annarra kynferðismaka," skuli sæta fangelsisvist. Til ofbeldis teljist svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti. Í annarri grein segir: „Hver sem með annars konar ólögmætri nauðung þröngvar manni til samræðis eða annarra kynferðismaka," skuli sæta fangelsi allt að 6 árum í þeirri þriðju er kveðið á um að ekki megi otfæra sér geðveiki eða andlega annamarka manneskju til að hafa við hana samræði.

Undir þriðju lagagreinina falla einnig brot gegn dauðadrukknum. Þess má geta hér að til ársins 2007 taldist það ekki vera nauðgun að hafa samræði við dauðadrukkna manneskju, heldur var það kallað misneyting.

Ætlast til mótspyrnu

Þórdís bendir hins vegar á það í bókinni að lögin verndi ekki þá sem ekki teljast nægilega ölvaðir til að þykja ófærir um að veita mótspyrnu. Hún bendir meðal annars á dóm sem féll vorið 2008 máli sínu til stuðnings þar sem ákærði var sýknaður af því að hafa nauðgað konu. Konan hafði lagst til hvílu eftir næturlangt rall með hóp af fólki, sem endaði með samsæti heima hjá henni þar sem hún, bróðir hennar og aðkomumaður voru að lokum ein eftir. Konan fór að sofa en skömmu síðar kom maðurinn inn í svefnherbergið og nauðgaði henni. Það er að segja í skilningi orðabókarinnar um málið, en þar segir að nauðgun sé samfarir gegn vilja viðkomandi. Íslensk lög líta öðrum augum á málið. Konan var nefnilega með nokkurri meðvitund eins og það er orðað í dómnum og þótti ölvunarástand hennar og svefndrungi ekki geta skýrt hvers vegna hún barðist ekki á móti ofbeldismanninum.

Konan sagði að hún hefði hugleitt að kalla á bróður sinn en ekki getað það vegna hræðslu. Hún var semsagt ekki nægilega ölvuð til þess að lögin vernduðu hana. Ef hún hefði verið algjörlega meðvitundarlaus hefðu lögin hugsanlega verndað hana en þar sem hún var það ekki hefði hún átt að berjast á móti.

Áfallið lamar

En það er fáránleg krafa að leggja á þá sem verða fyrir nauðgun að mati Þórdísar, hræðslan lami hreinlega mjög marga brotaþola, áfallið sem nauðgun er komi í veg fyrir viðbrögð.

Eins og Þórdís bendir á í bókinni er erfitt að sakfella mann sem kærður er fyrir brot á borð við nauðgun ef ekki tekst að sanna að hann hafi ásett sér að fremja það. Af þeim sökum er algengt að hinn ákærði beri fyrir sig að hann hafi hreinlega ekki vita að kynmökin væru gegn vilja brotaþolans, sérstaklega ef sá spyrnir ekki á móti.

Hún bendir á í þessu samhengi hvernig málum er háttað í öðrum brotaflokkum, til dæmis þegar um þjófnað sé að ræða. Þegar þjófur nappi fartölvu, segjum úr bíl, þá þurfi ekki að láta eiganda tölvunnar sanna að sambykki hans hafi ekki legið fyrir stuldinum, gengið sé út frá því að eigandinn hafi ekki viljað láta stela tölvunni og um leið gengið út frá því að þjófurinn hafi ætlað að stela henna.

„Þjófnaður er þjófnaður þó að ekki sé barist á móti honum en nauðgun er ekki nauðgun nema barist sé á móti henni," bendir Þórdís á. „Hvernig væri að við gengjum út frá því að fólk vilji ekki láta hafa við sig ósamþykkt kynmök? Hvernig væri að leyfi fyrir afnotum af skrokki annarrar manneksju yrði jafn sjálfsagt og leyfi fyrir afnotum af örum eigum? Eins og málum er háttað í dag er hægt að kæra mann, sem ryðst óboðinn inn á heimili, fyrir innbrot hvort sem húsráðandinn streittist á móti eða lá sofandi í rúmi sínu þegar atburðurinn átti sér stað. Slíkt hið sama gildir ekki um líkama fólks, ef marka má undangengna dóma. Mönnum er frjáls að áætla samþykki til kynmaka, jafvel þótt engin slík ósk hafi verið gefin til kynna," segir hún í bók sinni.

Í dómnum áðurnefnda sagði sá ákærði að konan hefði engan áhuga sýnt á kynlífi um kvöldið, hún hefði heldur ekki tekið þátt í kynmökunum á neinn hátt, né sýnt viðbrögð við þeim. Þó var maðurinn sýknaður, enda ekki talið að hann hefði brotið lögin.

Þegar ný lög kynferðisbrot voru samþykkt árið 2007 var gerð sú tillaga að nauðgunarákvæðinu væri breytt, þannig að samræði án samþykkis beggja aðila teldist vera nauðgun. Slík er venjan í engilsaxneskri lagahefði. Fallið var frá því og rökstutt þannig af Ragnheiður Bragadóttur þáverandi prófessor við Háskóla Íslands og núverandi héröasdómari sem gaf álit um málið að þannig nauðgunarskilgreining yrð miklu óljósari og erfiðara yrði að sanna nauðgunina.

Að mati Þórdísar Elvu er þessi röksemd ekki gild. „Sönnunarbyrðin yrði öðruvísi og hugsanlega snúnari, en lögin myndu vernda alla, sem hlýtur að vera það sem við viljum."

Vilji til lagabreytinga

Atli Gíslason lögmaður og þingmaður Vinstri grænna deilir þessari skoðun Þórdísar en hann hyggst leggja fram frumvarp um breytingu á þessari lagagrein á alþingi á næstunni, með stuðningi þingmanna úr öllum flokkum. Hann hefur áður lagt frumvarpið fram á þingi en það hefur ekki komist upp úr nefnd enn. „Ég vil taka verknaðarlýsinguna út, nauðgun er hugtak eins og hvert annað hugtak."

Atli segir að þó að lög um kynferðisbrot hafi lagast þá skorti enn á að þau séu nægilega góð. Málaflokkurinn sem slíkur mæti einnig miklu skilningsleysi. „Mjög fáar kærur, eða innan við fimm prósent, leiða til sakfellingar. Það þarf ekki að segja meira um ástandið."

Atli fellst ekki á þau rök að sönnunarbyrðin verði of flókin, hann segir afleiðingu glæpsins vera nægilega sönnun í sjálfu sér. „Þegar brotaþoli er enn nötrandi mörgum mánuðum síðar, fer í sjálfsvígshugsanir eða lokar á sig, ef kynlíf verður ónýtt í framhaldinu, þá er það full sönnun á nauðgun og það er öllum augljóst sem að vilja skoða það."

Hann segir andstöðu við þessar breytingar vera til marks um skilningsleysi á málaflokknum, ekki sé verið að slaka á raunverulegum sönnunarkröfum. „Líkið eða meiðslin eru sönnun í ofbeldisglæpum, afleiðingarnar eru sönnun á nauðgun, svo einfalt er það."

Atli segir lagabreytinguna sem slíka ekki vera töfralausn í málinu en þó skref í rétta átt.

Þórdís Elva tekur undir þau sjónarmið. Auðvitað sé vandi brotaþola meiri en þessi lagagrein. Viðhorfið til nauðgana einkennist til dæmis enn af fordómum, athyglin sé um of á brotaþolanum, ekki ofbeldismanninum. Refsingar séu einnig vægar í samanburði við það sem tíðkast í öðrum glæpum, og refsirammin langt frá því að vera fullnýttur.

Það sé hins vegar mikilvægt að breyta lögunum, til þess að þau verndi alla. Slíkar breytingar hlytu einnig að hvetja fleiri til að leita réttar síns þegar á þeim er brotið. „Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hefur skorað á íslensk yfirvöld að ekki sé latið hjá líða að refsa fyrir nauðgun og við hljótum að vilja bregðast við því."

SJÖTÍU PRÓSENT KÆRA VORU FELLDAR NIÐUR*

Á tímabilinu 2002 til 2006 bárust ríkissaksóknara 155 kærur vegna nauðgana. Af þeim voru 105 felldar niður eða tæp 70 prósent. Ákært var í 50 málum og lauk 22 þeirra með endanlegri sakfellingu eða um 14 prósent. Á sama tímabili leituðu 472 einstaklingar á Neyðarmóttökuna í Fossvogi og 67 á Neyðarmóttökuna á Akureyri. Alls 408 mál komu á borð til Stígamóta og 156 leituðu í Kvennaathvarfið vegna kynferðisofbeldis.

*Heimild Á mannamáli blaðsíðu 124

HAFA EKKI TRÚ Á KERFINU

„Langstærstur hluti þeirra sem verður fyrir kynferðisofbeldi er skelfingu lostinn meðan á glæpnum stendur," segir Þórunn Þórarinsdóttir hjá Stígamótum. „Konur eru mikill meirihluti sem leita sér hjálpar hér og þær hafa lýst því hvernig áfallið lamar þær, þær finna að þær eru ofurliði bornar. Og svo skiptir iðulega ekki máli hvort þær berjast á móti, glæpamaðurin er búinn að ákveða að fremja glæpinn og gerir það. Þær konur sem hafa barist á móti hafa líka sagt frá því ofbeldi sem þær hafa þá verið beittar og það er skelfilegt."

Mikill minnihluti þeirra kvenna og karla sem leita til Stígamóta leggur fram kæru vegna nauðgunar. „Ástæða sem er mjög oft nefnd er vantrú á kerfinu, þær treysta því ekki að það komi nokkuð út úr kærunni. Þær treysta sér ekki til þess að fara í gegnum ferlið sem kæra er og segja mjög oft, þeir fá hvort eð er engan dóm og til hvers á ég þá að leggja þetta á mig? Einnig óttast sumar nauðgarana," segir Þórunn sem segir starfsfólk Stígamóta styðja við þá sem leiti sér hjálpar og virði ákvarðanir þeirra, bendi á möguleikann til að kæra en þrýsti ekki á neinn.

Þórunn segir margt gott hafa gerst í málaflokki kynferðisbrota undanfarin ár en margt megi betur fara. „Erlendar rannsóknir sýna að 4. til 5. hver stúlka lendir í kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur og 9. hver strákur. Því miður bendir ekkert til þess að ástandið sé annað hér á landi. Ég vildi óska að þetta væri ekki svona en þetta er staðreyndin. Draumurinn er auðvitað að útrýma þessum glæpum, og til þess að það takist verðum við til dæmis að þora að tala um þá.

Þá þurfa kerfið og yfirvöld auðvitað að taka þá alvarlega og taka afleiðingar kynferðisglæpa alvarlega. Rannsóknir sýna að afleiðingar kynferðisofbeldis eru svipaðar því og að lenda í náttúruhamförum, hvernig ætli fólk þætti að þær væru bara hundsaðar?

Kynferðisbrot eru samfélagsmein og ekki einkamál þeirra sem í þeim lenda. Við berum öll ábyrgð á því að reyna að koma í veg fyrir þau."

PHILIPS

ambilight · Perfect Pixel HD ENGINE · Full HD 1080p · Perfect Natural Motion · 200Hz Clear LCD 1ms · Network LINK dlna · CI+ · mp4 · NetTV

PHILIPS 42PFL9664H
- Örþunnt Full HD 1080p 16:9 LCD
- Ambilight Spectra 2 Baklýsing
- Perfect Pixel HD og Perfect Natural Motion
- Dýnamísk skerpa : 80.000:1
- Svartími 1ms / 200 Hz Clear LCD
- NetTV gegnum Wi-Fi ofl.

TILBOÐ 399.995
FULLT VERÐ 499.995



PHILIPS 42PFL5604H
- Full HD 1080p 16:9 LCD
- Pixel Plus HD myndtækni
- Dýnamísk 50.000:1 skerpa
- Stafrænn DVBT og DVBC móttakari
- Svartími 5ms ofl.

TILBOÐ 239.995
FULLT VERÐ 249.995

PHILIPS 47PFL5604H
- Full HD 1080p 16:9 LCD
- Pixel Plus HD myndtækni
- Dýnamísk 50.000:1 skerpa
- Stafrænn DVBT móttakari
- Svartími 5ms ofl.

TILBOÐ 339.995
FULLT VERÐ 399.995

PLASMA OG LCD BREIÐTJÖLD

100Hz · VIERA LINK · DVB-T · Vreal 4

Panasonic TXP50X10
- 1366x768 punkta upplausn
- Vreal 4 og Viera Link
- 24p Playback og 100Hz
- Real Black Drive 20.000:1 skerpa
- Háskerpu DVB-T stafrænn móttakari
- SD/SDHC kortalesari, HDMI ofl.

TrustedReviews.com TR RECOMMENDED

TILBOÐ 269.995
FULLT VERÐ 349.995

Vreal 4 · VIERA LINK · Stuff tv HOT BUY

Panasonic TXP42X10
- 1024x768 punkta upplausn
- Vreal 4 og Viera Link
- 24p Playback og 100Hz
- Real Black Drive 20.000:1 skerpa
- Háskerpu DVB-T stafrænn móttakari
- SD/SDHC kortalesari, HDMI(1.3) ofl.

TILBOÐ 199.995
FULLT VERÐ 259.995

Vreal PRO 3

Panasonic TXL42S10
- 1920x1080p punkta upplausn
- Vreal Pro3 og Viera Link
- 24p Playback
- Dýnamísk 50.000:1 skerpa
- Stafrænn háskerpu DVB-T móttakari
- Tölvuleikja- og Eco Mode stilling

TILBOÐ 249.995
FULLT VERÐ 279.995

REYKJAVÍK SUÐURLANDSBRAUT 26 SÍMI 569 1500
AKUREYRI GLERÁRGÖTU 36 460 3380
HÚSAVÍK GARÐARSBRAUT 18A 464 1600
SELFOSS EYRARVEGI 21 480 3700

Heimilistæki ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

LISTAMAÐURINN AÐ STÖRFUM Ísak Óli væri enn að mála Strumpana ef hann hefði fengið að ráða.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Málari sem fær fólk til að brosa

Ísak Óli Sævarsson, einhverfur málari í Álfheimunum, er að slá í gegn með málverkum sínum. *Dr. Gunni* ræddi við pabba hans, Sævar Magnússon, og *Valgarður Gíslason* heimsótti fjölskylduna með myndavélina sína.

Ungur maður, Ísak Óli Sævarsson er á góðri leið með að verða stjarna í myndlistarheiminum. Hann teiknar eingöngu persónur sem hann þekkir úr sögum sem lesnar hafa verið fyrir hann og málverk eftir hann seljast eins og rauðglóandi lummur. Ísak verður tvítugur í desember og býr með foreldrum sínum og tveimur systkinum í Álfheimunum.

„Ísak var greindur með dæmigerða einhverfu um fjögurra ára aldurinn," segir pabbi hans, Sævar Magnússon. Hann segir Ísak geta talað en hann tjái sig takmarkað og staðlað. „Myndlistaráhuginn kom snemma fram. Við þurftum alltaf að passa að það væri til nóg af eldhúspappír á heimilinu því Ísak vildi bara teikna á eldhúsrúllur þegar hann var yngri. Kannski var það áferðin á pappírnum sem höfðaði til hans. Hann varð strax mjög afkastamikill. Hann elskar Strumpana og teiknaði bara myndir af Strumpunum fyrstu árin. Hann á 260 litla Strumpa-karla sem hann tekur með sér út um allt. Það er öryggispakkinn hans. Ísak væri örugglega enn þá að teikna Strumpana ef hann hefði fengið að ráða."

Átak að prófa eitthvað nýtt

Sævar segir að þegar Strumpamyndirnar á eldhúsrúllunum hafi verið komnar að því að sprengja húsið hafi konan hans, Halla Þ. Stephensen, fengið þá hugmynd að kaupa striga á blindramma og liti – „Það kæmu þá alla vega færri myndir þannig," segir Sævar. „Við vorum nú orðin ansi þreytt á öllum þessum Strumpa-myndum, svo við hvöttum hann til að prufa að mála Barbapabba. Það þurfti mikið átak til að fá hann til að samþykkja það. Svo höfum við haldið áfram að teygja listsköpunina og fórum næst í Einar Áskel. En það þarf alltaf að semja við hann. Hann samþykkir kannski að mála einn Einar Áskel, ef hann fær fyrst að mála tvo Strumpa."

Með árunum hefur fjölgað í karaktera-galleríi Ísaks. Pappírs-Pési, Fred Flintstone, Jógi björn og Mjallhvít og dvergarnir sjö eru meðal annars komin inn og þessi misserin er Ísak á skæðu Tinna-tímabili. „Þetta er orðið fjölbreytilegt safn, en það þarf alltaf mikið átak að fá hann til að prófa eitthvað nýtt. Það er eins og að kippa honum upp úr leðju í hvert skipti," segir pabbi hans.

Ísak hélt einkasýningu í Galleríi Tukt í maí 2008 og þar seldust öll verkin upp á tveimur dögum. Hann tók þátt í List án landamæra í vor þar sem hann sýndi á sýningunni Lennon & Baktus í Mosfellsbæ. Á sýningunni unnu fatlaðir og ófatlaðir listamenn saman og Ísak vann með Siggu Björgu Sigurðardóttur. Afraksturinn varð 80 myndir sem seldist vel af, meira en helmingurinn.

MÁLIN RÆDD Í ELDHÚSINU Ísak Óli, Sævar Magnússon og Halla Þ. Stephensen.

AFKÖST Brot af verkum Ísaks Óla.

Ekkert truflar

Þessa dagana eru Tinna-myndir eftir Ísak til sýnis á samsýningu fjölda

október 2009
menning
[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR]

Allt sem er gott er hættulegt

Viðtal við Þorleif Örn Arnarsson leikstjóra.

SÍÐA 6

Myndlist sem umhverfi

Aðalsteinn Ingólfsson skrifar um skúlptúra Guðrúnar Nielsen.

SÍÐA 8

SVARTIR SVANIR HVÍTIR HRAFNAR

Gjörningaklúbburinn opnar sýningu í dag í Kling & Bang á Hverfisgötu 42. **The Icelandic Love Corporation,** eins og þær stöllur kalla sig upp á enskuna, sýna þar skúlptúra. Þá verða þær með á Sequences-hátíðinni sem hefst í næstu viku og sýna þar kvikmynd sem þær hafa gert.

MYNDLIST **PÁLL BALDVIN BALDVINSSON**

Eirún Sigurðardóttir, Jóní Jónsdóttir og Sigrún Hrólfsdóttir mynda þessa skemmtilegu grúppu sem hefur á undanförnum árum fengist við margs kyns myndlist, frá fötum í stórar innsetningar. Þessa sýningu kenna þær við svarta svaninn, sem eins og frændi hans hvíti hrafninn, er undantekningin og hefur á síðustu misserum fengið nýja hagfræðilega merkingu: það sem vænta má þótt það sé brot á öllum reglum litarafts á svanastofninum. Að því talið var lengi vel, ekki var mönnum kunnugt um að á hinum helmingi jarðarinnar var svartur svanastofn til og þaðan breiddist hann út um heiminn. Í Tasmaníu þykja svartir svanir ekkert sérstaklega merkilegir en það er einmitt þaðan sem sá svarti er upprunninn, en á norðurhveli jarðar er hann afar sjaldséður og stundum jafnvel óvelkominn.

Svartur svanur er myndlíking sem búin hefur verið til fyrir atburði sem gerast óvænt, koma líkt og þruma úr heiðskíru lofti. Viðburðir þessir valda gjarnan miklum usla en eftir á að hyggja hefði kannski mátt sjá þá fyrir: „Allt er þetta spurning um það hversu læsir menn eru á umhverfi sitt, líkt og þegar heimiliskötturinn sleikir sig og rekur annan afturfótinn út í loftið, svokallað gestaspjót. Þá er von á gesti," segja þær gjörningasystur.

Á sýningu Gjörningaklúbbsins eru ný þrívíð verk og ein teiknimynd, sem sýnd hafa verið á suður- og norðurhveli jarðar á síðasta ári en ekki ratað til Reykjavíkur fyrr en nú. Hluti verkanna var búinn til í Montreal síðasta vetur þar sem Gjörningaklúbburinn var með vinnustofu og heimili í sex mánuði í boði The Canada Council for the Arts.

Verk þessi eiga öll rætur sínar að rekja til gjörninga þótt hér séu engir lifandi líkamar á ferðinni … nema áhorfendur. Einnig verður kvikmyndasýning í Regnboganum undir lok mánaðarins sem hluti af myndlistarhátíðinni Sequences. Þar verða sýndar myndir eftir ILC, Curver og myndin An Exquisite Corpse in Nikisialka eftir sextán íslenska og pólska listamenn.

Svartur svanur eftir þær Gjörningaklúbbssystur. MYND FRÉTTABLAÐIÐ GVA

NORRÆN MENNING Í HAUST!

Í ljósaskiptunum 9.–15. nóvember
UPPLESTRARHÁTÍÐ Á BÓKASÖFNUM
www.bibliotek.org

Norðurlöndin í bíó – Þema: Umburðarlyndi
STUTTMYNDIR FYRIR SKÓLA
www.nordenibio.org
NORDEN iBIO.ORG

STUTTMYNDASAMKEPPNI UM LOFTSLAGSMÁL
Glæsileg verðlaun í boði!
www.reclimate.net
REClimate

Samband Norrænu félaganna (FNF) með stuðningi Norrænu ráðherranefndarinnar, Kulturrådet, Norsk kulturråd, Norsk Filminstitutt, Det Danske Filminstitut og Svenska Filminstitutet

MARTEINN KVEÐUR **TÓNLISTARDAGA**

Tónlistardagar Dómkirkjunnar hafa verið fastur liður í tónlistarlífi Reykjavíkur síðan 1982 en dagarnir eru haldnir er undir kjörorðinu Soli Deo Gloria – Guði einum til dýrðar. Nú kveður stjórnandinn, **Marteinn Hunger Friðriksson,** starfsvettvang sinn á hátíðinni sem hefst í dag.

TÓNLIST **PÁLL BALDVIN BALDVINSSON**

FRÉTTABLAÐIÐ/EÓL

Marteinn H. Friðriksson, dómorganisti og stjórnandi, lætur nú af störfum eftir farsælan feril og er stór hluti af dagskrá Tónlistardaga Dómkirkjunnar helgaður honum í virðingarskyni.

Sá siður upphófst snemma á Tónlistardögum Dómkirkjunnar að Dómkórinn eða dómorganisti frumflutti verk sem samið var sérstaklega fyrir tónlistardagana. Ekki verður brugðið út af þeirri venju í ár, en þessir tónlistardagar markast af því að þeir eru þeir síðustu undir stjórn Marteins H. Friðrikssonar. Hann varð sjötugur 24. apríl á þessu ári og ákvað fljótlega að hætta afskiptum af Tónlistardögum, þótt von sé til þess að Dómkirkjan og kórinn fái að njóta krafta hans áfram.

Af þessu tilefni ákvað hann að semja sjálfur tónverk sem að vanda verður frumflutt laugardaginn 24. október kl. 17 og endurflutt í hátíðarmessu daginn eftir, á vígsludegi Dómkirkjunnar, en henni verður útvarpað á Rás 1. Á tónleikunum koma einnig fram afmælisgestirnir Anna Guðný Guðmundsdóttir, Sigrún Hjálmtýsdóttir, Sigurður Snorrason og fleiri.

Alls verða sex tónleikar og ein messa á Tónlistardögunum í ár. Tónleikarnir eru óvenjumargir vegna þess að þegar afmæli Marteins spurðist út í vor komu fjölmargir tónlistarmenn á fund hans og vildu heiðra hann með tónleikahaldi. Úr því varð tónleikaröð sem hefst í dag kl. 17 þegar fyrrverandi nemandi Marteins og Dómkórsfélagi, Steingrímur Þórhallsson, organisti í Neskirkju, kemur með kórinn sinn í heimsókn í Dómkirkjuna. Þar verður meðal annars frumflutt kórverk eftir Steingrím sem hann tileinkar Marteini.

Á allraheilagramessu, sunnudaginn 1. nóvember, verður minning látinna í Dómkirkjunni milli kl. 16 og 18 síðdegis. Þá gefst kirkjugestum tækifæri til að líta inn í Dómkirkjuna og hlýða á kór- og orgeltónlist. Þar verða fjórir kórar auk annarra tónlistarmanna: Graduale Nobile, Kammerkór Dómkirkjunnar, Mótettukórinn, Voces masculorum, Marta Guðrún Halldórsdóttir, Örn Magnússon, Kjartan Sigurjónsson og fleiri.

Viku síðar, sunnudaginn 8. nóvember kl. 17, verða tónleikar í Dómkirkjunni þar sem fram koma Anna Sigríður Helgadóttir, Guðný Guðmundsdóttir, Guðrún Birgisdóttir, Gunnar Kvaran, Lenka Mátéová, Martial Nardeau, Skólakór Kársness undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur og fleiri afmælisgestir.

Enn líður vika og þá er röðin komin að Dómkórnum sem verður með tónleika í Hallgrímskirkju sunnudaginn 15. nóvember kl. 17. Þar flytur kórinn Messu í D-dúr eftir Antonin Dvorák fyrir einsöngvara, kór og orgel og einnig mótettuna Fest- und Gedenksprüche eftir Johannes Brahms. Flytjendur auk kórsins verða: Þóra Einarsdóttir sópran, Sesselja Kristjánsdóttir alt, Gissur Páll Gissurarson tenór, Ágúst Ólafsson bassi og Guðný Einarsdóttir orgelleikari. Stjórnandi er að sjálfsögðu Marteinn H. Friðriksson.

Lokatónleikarnir verða svo í Dómkirkjunni laugardaginn 21. nóvember kl. 17. Þeir verða í umsjá Kjartans Óskarssonar, klarinettuleikara og skólastjóra Tónlistarskólans í Reykjavík, en auk hans koma þar fram Bergþór Pálsson, Sesselja Kristjánsdóttir, Steingrímur Þórhallsson og fleiri afmælisgestir.

Þess má geta að ókeypis verður á alla tónleikana nema tónleika Dómkórsins í Hallgrímskirkju.

Iðandi, tælandi Indlandssýn fléttuð inn í snjallan krimma

Ný bók eftir höfund *Viltu vinna milljarð?*



JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Bókmenntir ★★★★

Reyndu aftur – Ævisaga Magnúsar Eiríkssonar

Tómas Hermannsson skráði



Smámyndir þjóðskáldsins

„Það er kominn tími á að loka ferðabók Magnúsar Eiríkssonar,“ segir í inngangsorðum lokakafla Reyndu aftur. Orðalagið vekur athygli því ferðasaga, viðtals- eða samtalsbók upp á gamla mátann er í raun réttari innihaldslýsing á bókinni. Hér er ekki um eiginlega ævisögu að ræða. Magnús, einn af vinsælustu dægurlagasmiðum þjóðarinnar, og skrásetjarinn Tómas Hermannsson keyra um landið meðan spurningar og svör flæða. Víða er drepið niður fæti, gjarnan tilviljanakennt og ekki hefði skaðað að kafa örlítið dýpra á köflum (og lengra, því bókin er nánast glæpsamlega fljótlesin). Undantekningin er sukkið, sem fær sinn skerf og rúmlega til. Annað er fásinna í popptengdum bókmenntum.

Samt er það þessi kæruleysislegi andi sem fær bókina til að virka svo vel. Textinn er lifandi og í dynjandi takt við umfjöllunarefnið, en það er atriði sem of margar bækur um íslenska tónlistarmenn hafa flaskað á undanfarin ár. Persónuleiki Magnúsar, sem virðist vera æðru- og tilgerðarleysið uppmálað, skín í gegn hvort sem tæpt er á ævintýrum messaguttans Magga á millilandaskipum, fjölskylduerfiðleikum eða sveppatrippi á Höfn í Hornafirði. Mörgum af bestu textum Magnúsar er svo blandað taktískt inn í söguna, handskrifuðum af höfundinum, sem er sérlega vel til fundið. Fáum tekst nefnilega betur að fanga íslenskan veruleika.

Ef bókin væri popplag eftir Magga Eiríks myndi það flokkast meðal hans bestu. Sagan snertir, er einlæg og ofurgrípandi, en kaldhæðnin, grínið og glensið aldrei langt undan. Melódíumeistarinn er vel sæmdur af Reyndu aftur og aðdáendur hafa ástæðu til að gleðjast.

kjartan@frettabladid.is

Niðurstaða: Ein af bestu bókum um íslenska tónlistarmenn sem komið hafa út. Einlæg, áhugaverð og umfram allt þrælskemmtileg.

EVRÓPSKI ÚTVARPSDAGURINN

Evrópski útvarpsdagurinn verður haldinn hátíðlegur á morgun. Fléttuþáttur, helgaður íslenskum og grænlenskum draugum, verður af því tilefni fluttur á Rás 1 klukkan 17.25 og í grænlenska ríkisútvarpinu, KNR, á sama tíma.

Frá árinu 2003 hafa útvarpsstöðvar víða um Evrópu tekið þátt í Evrópska útvarpsdeginum. Hugmyndin að baki deginum er að leiða saman dagskrárgerðarfólk frá útvarpsstöðvum ólíkra málsvæða og menningar, gefa þeim kost á að vinna saman að verkefni. Hann er haldinn annað hvert ár og í ár er viðfangsefnið fjöltyngi. Sjö styrkir voru veittir til framleiðslu þátta sem spanna það hugtak, allir fluttir á tveimur eða fleiri tungumálum Eitt af verkefnunum sem hlutu styrk í ár er fléttuþáttur eftir íslensku og grænlensku útvarpskonurnar Henriette Rasmussen, Þorgerði E. Sigurðardóttur og Elísabetu Indru Ragnarsdóttur. Þátturinn er helgaður draugatrú og draugasögum.

118 ja.is Símaskráin



ÍSLAND Í JÁKVÆÐU LJÓSI

Samkeppni um forsíðu Símaskrárinnar 2010

1. verðlaun: 700.000 kr.
2. verðlaun: 200.000 kr.
3. verðlaun: 100.000 kr.

Sjá nánar á **www.ja.is**

já -er svarið

ÍSLENSKA SÍA.IS JAA 47423 10/2009

Hrakningasaga að vestan

Bókmenntir ★★★★

Harmur englanna

Jón Kalman Stefánsson

Ný skáldsaga Jóns Kalmans Stefánssonar hefst nokkurn veginn þar sem Himnaríki og helvíti lýkur, Harmur englanna heitir nýja sagan en stendur sem sjálfstætt verk. Hún er stærri í sniðum, 316 síður, en stílmót allt og frásögnin ekki ólík hans fyrri miðum. Alvitur sögumaður er okkar tímamaður, inni í nítjándu aldarlokalýsingu rekur orð úr nýrra talmáli: „halló“ og „taka sjensinn“ rétt eins og sögumaðurinn hafi slökkt á fréttunum, lækkað ljósin og sitji í stofu okkar og segi söguna.

Hér fer fram sögum af stráknum, liðléttingi í plássi hjá kaupmönnum, embættismönnum, sjávarbændum og tómthúsfólki. Grunurinn eftir fyrri söguna að pilturinn elti spor Hjalta í Önnu á Stóruborg og úr yrði ástarsaga unglings og eldri konu rætist ekki hér, sagan endar í spurn og gæti því úr henni ræst á þann veg, það eru enda karlmannsaugu sem sjá þessa framvindu fyrir sér og glápa á konur, ungar, þroskaðar, aldraðar. Það er lostabál í huga sögumannsins en náttúran í sögunni er nánast öll karllæg og til kvenna.

Enda karlmennskusaga: strákurinn er sendur yfir Djúpið á skekktu á vetrarstrandir og firðina þar norðan af með tröllinu Jens pósti, manni sem þrífst best í vondum veðrum á fjöllum. Harmur englanna er hrakningasaga og sækir um flest til ritaðra sagna af því tagi frá nítjándu öldinni sem rekja leiðangra um landið ófært að vetri til með láni og lánleysi ferðalanga.

Sögusviðið og sögutíminn er nokkuð klár þótt Jón umbreyti staðarheitum: Skúli sýslumaður og Arngerðareyri vísa okkur vestur á Ísafjörð skömmu fyrir aldamótin 1900, þátt staðurinn heiti Plássið og öll heiti þar norðan Djúps lúti nafngiftum sögumanns. Hér er enn verið að sækja í þann djúpa sjóð sem mannlífið við Djúp skóp höfundum sem kunna að leita í sjóðinn.

Ferð um ókunnar slóðir í bálviðri skömmu áður en leysingar tæma fjöllin kallar á tvennt: ferðin verður innra með mönnum í hvítabirtu ýmist eða svartabyl, og þá geysast hugurinn, og svo hið ytra: menn berjast áfram, úr einu skjóli í annað. Í hverjum áningarstað hitta þeir Jens nýtt fólk og þeim ókunnugt. Jón er hér að skoða nyrstu byggðir áður en þær tóku að braggast með vélvæðingunni og aðkomu erlendra manna sem þó var hafin sunnar. Við erum stödd fyrir tilkomu aldamótahugsjónanna sem hleyptu mönnum kapp í kinn uns byggðin tærðist upp í stríðinu.

Jón valdi þá lífshugsjón til handa stráknum, hetjunni sinni sem er sumpart eins og óskrifað blað og því handhæg til að sjá heiminn í nýju ljósi, að hann væri heillaður af skáldskapnum, frekar en trú eða áköfum umbótavilja. Þetta bensín þrýtur ekki í þessari sögu: pilturinn leitar alltaf í skáldskapinn og það er hans fró. Þar tekst hann á við næstum alla karlmenn sem hann hittir, utan prestinn Kjartan og kafteininn gamla, þetta er heimur þögulla manna. Sagan fjallar þannig einum þræði um samskiptin, kulda og þíðu.

Svo er sagan í senn mögnuð þjóðlífslýsing og náttúruskoðun og sem slík afar sannfærandi og spennandi: komast menn af? Þótt lokin séu fullbrött á kafla. Bjartur og Pétur Gautur væru fullsæmdir af þeim háskalýsingum.

Jón hefur um langa hríð ástundað að gefa sér lausan taum með ljóðrænar útleggingar á atburðarás sem hann leggur upp með. Til þess þarf bæði andagift og gáfur og með því að sagan er löng nokkuð tekur hann að verða endurtekningasamur í þess háttar bróderíi. Sagan heldur sig við nokkuð trúverðuga lýsingu sögutímans, þótt smáatriði stoppi lesanda og fylli hann vantrú: þung gluggatjöld eru varla í svefnskonsu umkomulauss drengs (27), stóll varla í koteldhúsi (58), strákur kominn í ný stígvél (124), sagan lýtur metratali en ekki föðmum og þumlungum (130), áttir í landi eru ekki hægri og vinstri (132), heldur út eða inn eftir, eru kamína og hlóðir í sama eldhúsinu (146)?

Þá eru lýsingar á fatnaði kvenna úr annarri álfu en þær eru allar í kjólum blessaðar, og sumar jafnvel flegnum í vetrarhörkunum vestra. Prófarkarlesara hefur yfirsést á stöku stað.

Það er nefnilega þannig að þegar menn eru orðnir góðir þá slaknar ekki á kröfunum til þeirra. Þær aukast. Jón Kalman er afburðahöfundur sinnar kynslóðar og á ferð sinni um skáldalendurnar á hann eftir að finna margt yndislegt og stórt okkur lesendum sínum til huggunar, gleði og harms; stór í sniðum. Þessi saga er áfangi, frábærlega skrifuð, ekki gallalaus í þaulhugsun sinni, en áhrifamikil og spennandi lesning um hlut fólks sem gekk þessar götur á undan okkur með minna í malnum en við. Okkar fólk.

Páll Baldvin Baldvinsson

Niðurstaða: Glæsilega byggð saga en nokkuð löng.

Jón Kalman Stefánsson skáld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

NÝ LJÓÐABÓK EFTIR MATTHÍAS JOHANNESSEN

Vegur minn til þín

Matthías sannar hér sem aldrei fyrr hversu fjölhæfur hann er í efnistökum og tjáningu. Hann yrkir nútímaljóð í hefðbundnum bragformum, líkt og ekkert sé eðlilegra, en á það líka til að semja glettin prósaljóð um samferðamenn sína eða bregða á loft smáum myndum í frjálsu formi sem opna þó víða sýn á náttúruheiminn.

Skáldið hugar að minningum sínum og leiftrum úr menningarsögunni en hann leyfir samtíðinni einnig að snerta kviku sína á ævikvöldi. Hann yrkir um hrunadansinn, feigðarósinn, lífsfögnuðinnn og ekki síst um erindi sín á vegum ástarinnar.

Ástráður Eysteinsson annaðist útgáfuna og ritaði eftirmála.

HÁSKÓLAÚTGÁFAN

Kæru þið! Upp með gleði og kjark

Hin vinsælu byrjendanámskeið halda áfram í

Yogastöðinni Heilsubót

Síðumúla 15, sími: 588-5711
www.yogaheilsa.is yogaheilsa@yogaheilsa.is

Nýtt námskeið hefst 3. nóvember Innritun hafin.

Vanir yogaiðkendur hjartanlega velkomnir
Í morguntíma, hádegis, síðdegis og kvöldtíma.

Yogastöðin Heilsubót

Síðumúla 15, sími: 588-5711
www.yogaheilsa.is yogaheilsa@yogaheilsa.is

Kæru barnshafandi konur
Yogaleikfimi fyrir ykkur!

Bjóðum við sérstakar æfingar sem þið getið stundað alla meðgönguna.
Að þið myndið huglæga og andlega tengingu við fóstrið.
Að þið lærið sérstaka fæðingaröndun og að þið upplifið slökun.
Að þið njótið meðgöngunnar á sérstakan hátt!

Halla á Laugabóli

Á morgun verður opnuð sýning sem helguð er ævi skáldkonunnar frá Laugabóli. Af því tilefni verður flutt dagskrá með tónlist og skáldskap hennar.

Dagskrá helguð Höllu Eyjólfsdóttur skáldkonu á Laugabóli við Djúp verður flutt á morgun í Gerðubergi. Tilefnið er opnun sýningarinnar Svanurinn minn syngur – Líf og ljóð skáldkonunnar Höllu Eyjólfsdóttur. Guðfinna M. Hreiðarsdóttir sagnfræðingur á heiðurinn að sýningunni, sem sett var upp á Ísafirði árið 2008 um leið og gefin var út bók um sama efni.

Halla Eyjólfsdóttir skáldkona (1866-1937) var húsfreyja á stórbýlinu Laugabóli við Ísafjarðardjúp frá lokum nítjándu aldar og fram á fyrri hluta hinnar tuttugustu. Hún var fjórtán barna móðir og sinnti allri bústjórn á stórbýli á þeirra tíma mælikvarða en bóndi hennar, Þórður Jónsson, var formaður á eigin skipi við utanvert Djúp drjúgan hluta ársins og því lítið heima við.

Listrænt samstarf Höllu við tónskáldið Sigvalda Kaldalóns fær sinn sess í dagskránni þar sem Nathalía Druzin Halldórsdóttir mezzósópran og Gissur Páll Gissurarson tenór flytja, ásamt Nínu Margréti Grímsdóttur píanóleikara, úrval sönglaga Sigvalda við ljóð Höllu: Svanurinn minn syngur, Maríubæn og Ég lít í anda liðna tíð, en þau hafa lifað svo lengi sem raun ber vitni fyrir þá sök að þar fara saman ljóð og lag. Það fyrirbæri mun tónskáldið Elín Gunnlaugsdóttir ræða í erindi um samspil tóna og ljóða.

Þá verður lesið úr ljóðum Höllu; sellóleikarinn Margrét Árnadóttir flytur, ásamt Nínu Margréti, Tilbrigði um íslenskt þjóðlag frá árinu 1964 eftir fyrsta kventónskáld okkar, Jórunni Viðar, og stúlknakórinn Graduale Nobili flytur kórlög eftir íslensk kventónskáld undir stjórn Jóns Stefánssonar, þar með taldar Barnagælur Jórunnar.

Páll Baldvin Baldvinsson

Eftir Höllu Eyjólfsdóttur liggja nokkur ljóð sem lifa góðu lífi með þjóðinni við lög Sigvalda Kaldalóns. MYND/GERÐUBERG

ego dekor

Skápur fáanlegur í svörtu og hvítu háglans

Verð:
138.000,-



DIVANY
– einnig fáanlegt í hvítu háglans

Veggskápur 160cm verð:
69.000,-
Skenkur 180cm verð:
158.000,-
Borðstofuborð 140X140 verð:
118.000,-

-20%

Borðstofuborð
160X90 hvítt háglans
Verð áður: 78.000,-
Verð nú: 62.400,-



COMO
Stækkanleg borðstofuborð í hnotu

160(248)x100
Verð: 159.000,-

200(288)x110
Verð: 179.000,-

Vegghengdur skenkur 182cm
Verð: 108.000,-

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM



VISION leðursófasett
Fáanlegt í svörtu og hvítu leðri

3ja sæta
Verð: 169.000,-

Stóll
Verð: 85.000,-

Sicily tungusófi
Stærð: 267X165
Færanleg tunga

Verð: 198.000,-

-20%

GRANDO tungusófi
Stærð: 230x157cm
Færanleg tunga

Verð áður: 168.000,-
Verð nú: 134.400,-

Íslenskir púðar
Verð: 4.800,-

-15%

FATCAT tungusófi
Stærð: 320X165
Færanleg tunga

Verð áður: 235.000,-
Verð nú: 199.750,-

Opið mán-fös: 10.00-18.00
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is

FLEST GOTT ER *hættulegt*

Á hverjum tíma koma fram ungir leikstjórar og verða sumir það langt fram á fertugsaldurinn. Þorleifur Örn Arnarsson fór í leiklistarskóla hér heima fljótt eftir stúdentspróf og vann síðan um nokkurt skeið áður en hann fór í framhaldsnám í leikstjórn í Berlín. Hann setti í vetur upp þrjár stórar sviðsetningar, hverja í sínu horni þýska menningarsvæðisins, og er nú kominn heim – um stund.

LEIKHÚS
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þorleifur Örn Arnarsson leikstjóri undirbýr næstu sýningu sína fyrir Ísland í Kanada en fram undan er líka sviðsetning á A Clockwork Orange í Þýskalandi.

„Ég mæli ekki með því, ég fór fram úr mér," segir hann. Á sex mánuðum setti hann upp þrjár sviðsetningar, hverja í sínu horni þýska málsvæðisins; menn gera ekki annað á meðan. „Mér tókst nú samt að labba Laugaveginn – það var svona nauðarfrí – maður leitar að stað þar sem GSM-sími nær ekki sambandi."

Hringekjan fer hratt

Verkin sem hann setti upp voru líka úr ólíkum áttum: Rómeó og Júlíu setti hann upp í St. Gallen í Sviss en sú sviðsetning verður sýnd hér í maí á næsta ári á Rómeó og Júlíu-hátíð Leikfélags Reykjavíkur. „St. Gallen er ein ríkasta kantóna Sviss, þekkt fyrir íhaldssama áhorfendur. Ég var jókerinn í pakkanum, ungur og kraftmikill. Það tókst vel miðað við viðtökur. Þaðan fór ég beint til Karlsruhe þar sem ég var með leikmyndaæfingu vegna 4:48. Þá er leikmyndin sett upp, konseftið kynnt og maður hittir staffið.

> Á einni kvöldstund fáum við að upplifa manneskju rísa og falla, breytast eða átta sig, sem í lífi okkar tekur mánuði eða ár…

Þaðan fór ég til Osnabrück sem er skammt frá hollensku landamærunum. Þar er á tveggja ára fresti leiklistarhátíð helguð nýjum verkum. Þar setti ég upp verkið Sál mín annars staðar, verk sem hafði unnið til verðlauna á Teatertreffen í Berlín árið áður. Það fjallar um sifjaspell og er hægt og drungalegt. Það var erfitt að koma úr fantasíunni og öfgunum í Rómeó og Júlíu í þessa depurð. Svo aftur til Karlsruhe að setja upp síðasta verk Söru Kane, 4:48 Psychosis.

Ég sé það núna að þetta er ekki sniðugt. Ég gekk of nærri mér þótt verkin kæmu öll vel undan og heppnuðust, en þetta gera margir ungir leikstjórar í Þýskalandi. Það er hringekja í gangi og maður óttast að missa af lestinni. En þetta geri ég ekki aftur."

Óhamingjan eilífa

Þorleifur er núna að undirbúa sýningu hér á landi sem kemur upp í Borgarleikhúsinu í mars. Hann hélt héðan undir helgina til að ganga frá samningum varðandi sviðsetningar í St. Gallen en er annars á leið til Kanada til að skrifa það verk, Eilífa óhamingju, en það er beint framhald af sýningu sem hann vann í sama húsi í fyrra með Andra Snæ Magnasyni.

Hann lýsti vinnu sinni við það sem tilraun til að takast á við hið pólitíska gegnum hið leikræna; jafnframt hefði hann haft áhuga á að gefa leikurunum tækifæri til að útvíkka sín mörk. Nú vill hann annað: „Spunar eru til margs gagnlegir, en misskilnings gætir í íslenska spunaleikhúsinu. Það er ekki hlutverk leikarans að sjá heildarmyndina. Það er hlutverk höfundar. Því að klippa þann út sem hefur yfirsýn á hið listræna ferli leikstjórans? Því er gott að hafa Andra Snæ með. Mig langar að bjóða leikurunum upp á móment, þeir eru sérfræðingar í sitúasjónum og í hinum leikræna prósess geta þeir fundið einhverja ótrúlega galdra. Og svo er það okkar verk að setja þá í samhengi. Það var fjandanum erfiðara með fyrra verkið en góður skóli." Þeir frumsýna í Borgarleikhúsinu í marslok í samstarfi leikflokks Þorleifs og LR.

Kvikmyndakynslóðin hugsar í klippi

Þorleifur segist fá hauga af nýjum leikverkum, bæði þýsk, vestur- og austur-evrópsk, sem flest beri mörg einkenni. Þau eru skrifuð af kvikmyndakynslóðinni sem hefur lítið unnið með leikurum og þekkir ekki hugmyndina um hvað leiklistin gengur út á; í ferli hraðar leikhúsið á tímanum. Á einni kvöldstund fáum við að upplifa manneskju rísa og falla, breytast eða átta sig sem í lífi okkar sjálfra tekur mánuði eða ár. Vandamál nýrra verka er hvernig höfundarnir nota klippinguna. Í blakkinu gerist alltaf eitthvað: við kynnumst manneskju áður en partíið gerist eða eftir að partíið gerist, en ekki í partíinu þegar allt gerist. Svo heyrum við bara af atburðunum í frásögn, enda miklu auðveldara að skrifa frásögn en sýna hvernig aðstæður koma upp og breytast."

Leikstjóri er höfundur

Hann segir ríka kröfu til leikstjóra í Þýskalandi um að þeir séu höfundar, komi með umsköpun á verkinu ef það er til á bók. „Sarah Kane sem ég var að setja upp hefur lítið og mikið með verkið að gera. Ef ég hefði sett það upp sem safn ósamstæðra ljóða hefði ég verið sendur heim í þriðju viku."

Þorleifur segir leikhúsið hafa tapað stöðu sinni í framvarðarsveit listanna, enn séu menn að tala um Ibsen sökum þess hvað honum tókst að þræða saman heimspekileg, pólitísk og leikræn viðhorf.

„Hér ægir í stærri leikhúsunum saman sýningum sem víðast hvar annars staðar teldust til skemmtiiðnaðar, en líka sýningum sem eru tilraunakenndar í formi og stíl, gamaldags og nýstárlegar. Hér er líka að finna tilraunamennsku og kraftmikið áhugamannaleikhús, bæði í skólum og í áhugamannafélögum."

Leikhús fólksins

„Samanborið við Þýskaland er ólíku saman að jafna: á Íslandi er leikhúsið almenningseign. Hér fer hver maður í leikhús tvisvar á ári. Sama hvernig leiksýningar það eru. Burtséð frá því hvort það er skemmtileikhúsið eða listræna leikhúsið, það fá allir að njóta þess að upplifa það að vera viðstaddir lifandi leikatburð. Þetta er fjársjóður sem við megum ekki glata. En í því felast líka hættur, eins og í flestu sem gott er. Hættan sem í þessu liggur er að við förum að trúa því að þetta sé sami hluturinn, skemmtileikhúsið og hið listræna leikhús.

Nú ætla ég ekki að segja að annar hluturinn sé merkilegri en hinn. Þar þarf bæði fagmennsku, hugmyndaauðgi, leikgleði og kraft en munurinn liggur í tilganginum. Það sem hefur gerst og er svo hættulegt er þegar við teljum árangur okkar í áhorfendatölum; Þegar sigrar okkar eru metnir í innkomunni. Þá erum við fallin í gryfju þess fegursta sem einkennir íslenskt leikhús sem er að það er leikhús fyrir alla. Þá förum við að gera leikhús fyrir alla úr öllu. Það er hættan."

Skortur á umræðu og samtali

„Þetta felst líka í skilgreiningarleysi. Í Þýskalandi eru 170 ríkisstyrkt stór leikhús og enn fleiri smærri flokkar. Það eru þrjú listræn leikhústímarit gefin út í Þýskalandi. Þarna skapast því gríðarlega sterkur grundvöllur undir umræðu um hvað leikhúsið er, hvert það er að fara og hvað það er að gera. Hin akademíska stétt leikhússins heldur utan um og veitir leikhúsinu gríðarlegt aðhald. Því sér maður ekki hreina afþreyingarlist í leikhúsunum í Þýskalandi. Það eru önnur hús sem sinna því. Aðgreiningin er þannig miklu skýrari, en á móti kemur að það fara líklega svona sjö til tíu prósent Þjóðverja í leikhús þegar best lætur. Þetta er miklu meira sport fyrir elítuna heldur en hér."

Gleymdir auðkýfingar

„Hlutverk listarinnar í grunninn er að hreyfa við samfélögum. Ef við horfum til baka til horfinna samfélaga eru þau aðeins metin fyrir tvennt: listsköpun sem þar þreifst og vísindastarf. Allt annað er gleymt. Það man enginn eftir stórfyrirtækjum sem störfuðu fyrir hundrað árum."

Þorleifur hefur verið ráðinn aftur í öll þessi hús sem hann hefur starfað í í Þýskalandi. Hann er bókaður 2010/11 og farinn að ræða við leikhús um stórar sviðsetningar 2011/12. Þannig vinna menn í atvinnuleikhúsum meginlands Evrópu.

VINJETTUHÁTÍÐ verður haldin í Hafnarfirði í dag. Miðstöð símenntunnar í samvinnu við Skólaskrifstofu og Tónkvísl standa fyrir hátíðinni sem fram fer í Tónkvísl, Tónlistarskóla Hafnarfjarðar við Skólabraut frá 14 til 16. Meðal upplesara eru Ármann Reynisson og Sr. Gunnþór Ingason.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

Lín Design, gamla sjónvarpshúsið Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

Meirapróf

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737

NÝTT NÁMSKEIÐ HEFST 21. OKTÓBER

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

Róla er í raun tveggja tóna pendúll sem býr yfir skemmtilegu hreyfimynstri. Ef penni er festur við hana kemur í ljós að hægt er að myndgera þessa hreyfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Listræn róla og leyndardómar límbandsins

Ari Ólafsson tilraunaeðlisfræðingur leiðir listsmiðju um ljósfræði og pendúla á sunnudaginn í tengslum við sýninguna Blik á Kjarvalsstöðum. Hann lofar góðri skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

„Ég hef lengi reynt að kynna ýmiss konar atriði úr vísindum fyrir almenningi enda hefur mér stundum sviðið hvað vísindin hafa einkennilega mynd í augum margra. Við erum taldir hálfskrítnir sem stundum þessi fræði," segir Ari Ólafsson tilraunaeðlisfræðingur við Háskóla Íslands. Hann stendur fyrir skemmtilegri uppákomu á sunnudaginn í tengslum við sýninguna Blik á Kjarvalsstöðum. Þar mun hann leiða listsmiðju um ljósfræði og pendúla. „Þar sýni ég rólu sem skráir niður hreyfingarmynstur sitt, eða teiknar með öðrum orðum. Þetta hef ég sýnt á nokkrum stöðum og meðal annars farið með til útlanda og það vekur alltaf mikla lukku," segir Ari og tekur fram að sérstaklega verði börnin heilluð að sjá að svona kunnuglegur hlutur eins og róla geti þetta.

„Myndunum er hægt að breyta með því að stilla róluna á mismunandi hátt og úr verða hin mestu listaverk," útskýrir Ari. Hann verður einnig með annað skylt fyrirbæri sem er tvíbrot í límbandi. „Með því að nota skautunarsíur get ég framkallað heilmikla litadýrð í límbandi," upplýsir Ari. „Þetta er sennilega eiginleiki sem framleiðandinn veit ekkert af en er mjög skemmtilegur," bætir hann glettinn við.

Listasmiðjan á Kjarvalsstöðum hefst klukkan 14 og stendur fram eftir degi. Þangað geta allir áhugasamir komið og fylgst með listrænu rólunni teikna myndir og uppgötvað leyndardóma límbandsins. „Fólk getur einnig verið með puttana í þessu sjálft og teiknað sína eigin mynd með rólunni," segir Ari. Hann hefur sjálfur heillast af myndum rólunnar og hefur hengt slíka mynd upp á vegg hjá sér.

Fyrir utan listsmiðjuna geta gestir Kjarvalsstaða einnig skoðað sýninguna Blik. Þar eru sýnd verk eftir kunna, íslenska listamenn sem beita sjónhverfingum og blekkingum í verkum sínum.

solveig@frettabladid.is

HELGIN

LAUGARDALSLAUG verður opin þrisvar á dag dagana 16. til 24. október. Frá 6.30 til 7.30, frá 11.30 til 13.30 og frá 20.30 til 22.30. Þetta er gert vegna Evrópumeistaramóts fatlaðra í sundi sem fram fer í lauginni.

Hvað gerist þegar breytan fólk er tekin út? Að þessu spyrja Lilja Kristjánsdóttir og Ingunn Jónsdóttur á ljósmyndasýningu sinni. MYND/LILJA KRISTJÁNSDÓTTIR

Hvenær hættir hús að vera heimili?

Lilja Kristjánsdóttir og Ingunn Jónsdóttir opna ljósmyndasýningu í dag.

Ef breytan fólk er tekin út, hvað gerir þá hús að heimili og hvenær hættir hús að vera heimili? Að þessum spurningum spyrja listamennirnir Lilja Kristjánsdóttir og Ingunn Jónsdóttir á ljósmyndasýningunni Hús: Heimili sem verður opnuð í Gallerí Fold við Rauðarárstíg í dag.

Þetta er önnur sýning þeirra Lilju og Ingunnar, sem unnu áður saman að sýningunni Egglost sumarið 2008 og þá ásamt Þórdísi Þorleifsdóttur.

Þess skal getið að Lilja Kristjánsdóttir er í ljósmyndanámi við Fotografskolen í Viborg í Danmörku. Ingunn Jónsdóttir er vöruhönnuður og útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands 2006.

Sýningin verður opnuð klukkan 15 og stendur til 1. nóvember.

Meðal annars verður keppt í uxagöngu, dekkjaveltu, bændagöngu og réttstöðulyftu í Smáralindinni í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íslenskar konur í frábæru formi og fílsterkar

Tuttugu konur keppa í dag um titilinn sterkasta kona Íslands. Skipuleggjandinn, Gemma Magnússon, spáir hörkukeppni þar sem mjótt verði á munum. Allur ágóði af keppninni rennur til Bleiku slaufunnar.

„Þetta verður hörkukeppni og ég býst fastlega við að mjótt verði á mununum. Ég hef mínar hugmyndir um hver þeirra komi til með að standa uppi sem sigurvegari, en gef ekkert upp um það að sinni," segir Gemma Magnússon, skipuleggjandi keppninnar um sterkustu konu Íslands sem fram fer í Vetrarhöll Smáralindarinnar klukkan 14 í dag. Alls keppa tuttugu konur um titilinn. Allur ágóði af keppninni rennur til Bleiku slaufunnar, átaksverkefnis Krabbameinsfélagsins sem miðar að því að vekja athygli á brjóstakrabbameini.

Gemma er þrefaldur sigurvegari í keppninni um sterkustu konu Bretlands og varð önnur í keppninni um sterkustu konu heims árið 2005. Hún er gift Benedikt Magnússyni, fyrrum sterkasta manni Íslands, og saman reka þau kraftlyftingastöðina Super-Gym í Drangahrauni í Hafnarfirði. „Þegar við byrjuðum með stöðina tók ég eftir því að ekki einasta voru konurnar sem komu til að æfa hjá okkur í frábæru formi heldur voru þær margar hverjar fílsterkar. Það er mikill kraftur í þessum konum. Þess vegna fannst mér hreinlega nauðsynlegt að koma svona keppni aftur á koppinn. Hjalti Úrsus stóð fyrir nokkrum slíkum keppnum fyrir nokkrum árum, en þær voru smáar í sniðum og þátttakendur voru oftast í kringum þrír eða fjórir. Það verður stærri umgjörð í kringum keppnina í ár," segir Gemma.

Gemma Magnússon, skipuleggjandi keppninnar, er þrefaldur sigurvegari í keppninni um sterkustu konu Bretlands. Æskuhetjur hennar voru meðal annars þeir Jón Páll Sigmarsson og Magnús Ver Magnússon. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gemma er ekki meðal keppenda í dag vegna þess að hún er breskur ríkisborgari, uppalin í bænum Thirsk í Norður-Jórvíkurskíri í norðurhluta Englands. Hún hefur haft áhuga á kraftaíþróttum frá unga aldri. „Ég ólst upp við að fylgjast með mönnum eins og Jóni Páli Sigmarssyni og Magnúsi Ver Magnússyni sýna listir sínar í kraftakeppnum í sjónvarpinu og síðan hef ég verið mikill aðdáandi Íslands. Mig grunar að sumir Íslendingar geri sér ekki grein fyrir því hversu miklar hetjur þessir menn voru víða um heim."

Slagorð Super-Gym er „Höldum Íslandi sterku". Að sögn Gemmu felast mikilvæg skilaboð í slagorðinu. „Þegar land á í svona miklum erfiðleikum er mjög mikilvægt að styrkurinn innra með Íslendingum smiti út frá sér," segir Gemma Magnússon.

kjartan@frettabladid.is

GLÓFAXI HF.
Ármúla 42 - Simi 581 2900
glofaxi@simnet.is

Bílskúrs-, útidyra- og iðnaðarhurðir
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Pústþjónustan Ás

Pústkerfi í flestar gerðir bíla. Sérsmíði & viðgerðir. 2 1/2" & 3" púst í jeppa og sendibíla.

Fljót og góð þjónusta
S. 562 8966, Nóatúni 2

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

Högni Óskarsson læknir segir það ávallt hafa verið í fyrirrúmi í 100 ára sögu Læknafélags Reykjavíkur að miðla upplýsingum til almennings svo hann geti sjálfur reynt að bæta heilsu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Læknar vilja fræða almenning um helgina

Haldið er upp á 100 ára afmæli Læknafélags Reykjavíkur nú um helgina. Læknar bjóða fólki að koma á afmælishátíðina og leita ráða en yfirskrift hátíðarinnar er Heilsa – ábyrgð okkar allra.

Frá stofnun Læknafélags Íslands eru nú liðin 100 ár. Þessara tímamóta ætlar stjórn Læknafélagsins að minnast í dag, 17. október, á Hilton Nordica hótelinu frá klukkan tíu til klukkan fjögur. Þar hyggjast læknar setja upp eins konar stöðvar þar sem almenningur getur komið við og leitað fræðslu um ýmislegt varðandi heilsufar.

„Og svo getur fólk komið, rabbað og leitað sér upplýsinga sjálfu sér til gagns og ánægju," segir Högni Óskarsson, geðlæknir og fyrrverandi formaður Læknafélags Reykjavíkur.

Högni bendir á að saga læknisfræðinnar sé talin ná langt aftur fyrir elstu rituðu heimildir enda megi slá því föstu að maðurinn hafi reynt að bæta heilsu sína frá því að saga hans hófst. Í þessari óralöngu sögu hafi þó líklega aldrei orðið jafn stórstígar breytingar til batnaðar og á síðustu 100 árum. Margs sé því að minnast þegar litið sé yfir farinn veg. Það sé þó ánægjulegt að í gegnum þessar breytingar hafi meðlimir Læknafélagsins ávallt beitt sér á svipaðan hátt. Fræðsla almenningi til gagns og handa hafi ávallt verið í fyrirrúmi sem og þátttaka læknisins í tengslum við samfélagsleg mál og forvarnarstarf. Vandamálin sem nú steðji að séu þó önnur en í byrjun síðustu aldar. „Þá var brýnast að fræða fólk um gildi ungbarnaeftirlits og hreinlætis en nú eru það annars konar lífsstílsvandamál sem þarf að fræða fólk um," segir Högni og tiltekur nauðsyn þess að sporna við offitu barna, draga úr sjúkdómum tengdum streitu og miðla upplýsingum um forvarnir gegn krabbameini.

Dagskráin hefst með málþingi um sögu holdsveiki hér á landi og í Noregi. Einnig verður haldinn fyrirlestur um ýmsa frumkvöðla á sviði læknavísindanna, meðal annars Jónas Sveinsson lækni á Hvammstanga.

Að loknu málþingi og fyrirlestri tekur við viðamikil fræðslu- og samræðudagskrá undir yfirskriftinni Heilsa – ábyrgð okkar allra, þar sem fjöldi lækna frá sjúkrahúsunum, heilsugæslustöðvunum og læknamiðstöðvunum verður til staðar til að ræða við gesti um ýmis mál er varða barnaheilsu, unglingaheilsu, kvennaheilsu, karlaheilsu og streitu. Þar verður til dæmis Bangsaspítalinn, þangað geta börn komið með dúkkur í læknisskoðun, og nokkrar landsliðskonur í fótbolta koma og gefa eiginhandaráritanir.

karen@frettabladid.is

Stærsta verkefni Íþróttafélags fatlaðra frá upphafi

Evrópumeistaramót fatlaðra í sundi hófst í innilauginni í Laugardal á fimmtudag og stendur til 25. október.

Á mótinu mun Ísland tefla fram þrettán sundmönnum, fjórum konum og níu körlum. Fimm sundmenn koma úr flokki þroskaheftra en níu úr flokki hreyfihamlaðra eða blindra.

Um er að ræða stærsta verkefni Íþróttasambands fatlaðra frá upphafi og jafnframt stærsta alþjóðlega sundmót sem haldið hefur verið á Íslandi. Þetta er auk þess í fyrsta sinn síðan 2001 sem Evrópumeistaramót á vegum Alþjóðaólympíuhreyfingu fatlaðra (IPC) fer fram og í fyrsta sinn síðan árið 2000 sem þroskaheftir íþróttamenn fá keppnisleyfi á vegum IPC.

Búist er við 415 sundmönnum og um 250 aðstoðarmönnum á mótið að ótöldum erlendum gestum á borð við fjölmiðla, forsvarsmenn íþróttahreyfinga fatlaðra í Evrópu og fjölskyldumeðlimi keppenda. „Mótið er því mjög gjaldeyrisskapandi," segir Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri Íþróttasambands fatlaðra. Hann bendir á að Íþróttasamband fatlaðra hafi verið fremst á meðal jafningja í réttlætisbaráttu þroskaheftra íþróttamanna og að mikill áfangasigur hafi verið unninn með framkvæmd EM á Íslandi þar sem þroskaheftir munu taka þátt.

Íslendingar munu tefla fram þrettán sundmönnum á mótinu. MYND/ÍF

Á meðal sundmanna íslenska hópsins eru þau Eyþór Þrastarson og Sonja Sigurðardóttir en bæði kepptu þau fyrir Íslands hönd á Ólympíumóti fatlaðra í Peking á síðasta ári. Þá voru þau útnefnd íþróttamaður og íþróttakona ársins 2008 hjá Íþróttasambandi fatlaðra.

- ve

Sálrænn stuðningur

Kópavogsdeild Rauða krossins heldur námskeiðið Sálrænn stuðningur þriðjudaginn 27. október kl. 17-21 í Hamraborg 11, 2 hæð.

Á námskeiðinu fræðast þátttakendur um gildi sálræns stuðnings í aðstæðum sem geta valdið áföllum. Þátttakendur læra að gera sér betur grein fyrir eðlilegum viðbrögðum fólks sem lendir í sársaukafullum aðstæðum og hvernig þeir geti veitt stuðning og umhyggju.

- Þátttökugjald er 5000 krónur.
- Innifalið er þátttökuskírteini og námskeiðsgögn.
- Leiðbeinandi er Margrét Blöndal.
- Sjálfboðaliðar Kópavogsdeildar fá ókeypis á námskeiðið og félagsmenn sem greitt hafa félagsgjaldið fá 10% afslátt.

Frekari upplýsingar fást í síma 554 6626 með tölvupósti á kopavogur@redcross.is.

Skráning er til 22. október.

Rauði kross Íslands Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • www.redcross.is/kopavogur • opið virka daga kl. 10-16

Hin árlega Sauðamessa

FEGURÐARSAMKEPPNI MÝRAHRÚTA OG ÁRLEGT LÆRAKAPPÁT ER MEÐAL ÞESS SEM BOÐIÐ ER UPP Á Á SAUÐAMESSU Í BORGARNESI.

Hin árlega Sauðamessa verður haldin í Borgarnesi í dag eftir því sem fram kemur á fréttavefnum Skessuhorni. Messugjörð hefst með fjárrekstri frá Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi klukkan 13.30. Eru íbúar og gestir beðnir um aðstoð við að verja heimalönd íbúa við Borgarbraut, Þorsteinsgötu og Skallagrímsgötu en það er sú leið sem farin verður með fjárreksturinn þetta árið.

Í og við Skallagrímsgarð verður hátíðardagskrá fram eftir degi. Þar verður markaðstorg og á sviði verður dagskrá frá klukkan 14.02 til 16.03. Þar troða meðal annars upp Bakkabræður og Bakkasystur, Siggi Óli og Bankaræningjarnir, haldin verður fegurðarsamkeppni Mýrahrúta og hið árlega lærakappát. Þá verður ýmiss konar afþreying í boði í garðinum á meðan á dagskrá stendur.

Öllum gestum verður boðið upp á ókeypis kjötsúpu í boði sauðfjárbænda í héraði sem Raftar, einnig úr héraði, sjá um að framreiða við Tónlistarskóla Borgarfjarðar.

Um kvöldið verður réttarball í nýju reiðhöllinni í Borgarnesi. Þar mun hljómsveitin Festival spila fyrir dansi.

Lærakappátið vekur ávallt lukku.

Mynd Birtu varpar ljósi á þann gríðarlega menningarmun sem Birta og Rajeev búa við. Hún segist hafa stungið nokkuð í stúf í brúðkaupi vinar síns meðal fíla og hindúa í litríkum klæðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ekki vitlaust að finna maka eftir stjörnumerki

Rajeev Revisited nefnist ný mynd Birtu Fróðadóttur leikstjóra. Myndin er sjálfstætt framhald heimildarmyndarinnar Leitin að Rajeev. Á sunnudaginn verður haldin styrktarsýning Í Háskólabíói.

„Þetta er fyrst og fremst mynd um indverskt brúðkaup," segir Birta Fróðadóttir, sem hefur staðið fyrir því að kvikmynda lífshlaup indverska drengsins Rajeev, sem Íslendingar kynntust fyrst sem eins af félögum Pappírspésa í samnefndri kvikmynd. Lífshlaup Rajeevs er nú orðið nokkuð merkilegt en því hefur æskuvinkona hans Birta gert góð skil í kvikmyndunum Leitin að Rajeev og nú Rajeev Revisited, eða Rajeev, heimsóttur á ný.

„Nú finnst mér Rajeev vera orðinn fullorðinn," segir Birta en hún kynntist þessum vini sínum þegar þau voru á barnsaldri í Mosfellsdal. Þangað flutti fjölskylda hans vegna starfa föður hans við símvirkjun og dvaldi í fjögur ár. Fáir innflytjendur bjuggu á Íslandi á þeim tíma, hvað þá þeir sem komu frá framandi stöðum eins og Indlandi. En frá Íslandi flutti Rajeev og átti hann síðar erfiða ævi. Nú sýnist Birtu framtíðin blasa björt við Rajeev en í myndinni er skilið við hann nýkvæntan og hamingjusaman. Hún segir kvikmyndina varpa ljósi á ótrúlegan menningarmun, sem skilið hefur að æskuvini, og draga upp mynd af indverskum brúðkaupum sem í alla staði séu mjög ólík þeim sem Íslendingar þekkja. Henni þótti hún stinga talsvert í stúf við hindúana í brúðkaupinu, litrík klæði þeirra og fíla.

Einnig þótti henni mjög áhugavert að Rajeev og kona hans voru valin saman eftir því hvernig stjörnur þeirra áttu saman. „Þetta var gert með tæki á internetinu og þar kom í ljós að þau væru heppilegt par. Þau voru síðan kynnt fyrir hvort öðru og gefinn tími til að spjalla og kynnast," segir Birta um hvernig indverskur ráðahagur í efri stéttum samfélagsins þar í landi fer fram. Hún segir enga þvingun hafa falist í hjónabandinu heldur hafi þau bæði virkað sérlega ástfangin og hamingjusöm. „Já, mér sýnist ekkert vitlaust að velja saman fólk eftir stjörnukorti á Netinu," segir Birta.

Sýningin á sunnudag er í samvinnu við Hjálparstarf kirkjunnar og rennur aðgangseyrir óskiptur til verkefnis sem hjálparstarfið styður við. Byggist það á að leysa þrælabörn á Indlandi úr ánauð og koma þeim til mennta. Aðalframleiðandi myndarinnar er kvikmyndagerðarfyrirtækið Vala sem hefur nýtekið til starfa. Sýningin hefst klukkan 13.30 og er miðaverð 1.500 krónur. *karen@frettabladid.is*

Upphitun fyrir Breiðholtsdaga

Markaður verður haldinn í Mjóddinni í Breiðholti í dag.

„Markaðurinn á að vera vettvangur fyrir íbúana til að hittast og selja eða gefa hluti sem ekki er not fyrir lengur," segir Helgi Kristófersson, formaður íbúasamtakanna Betra Breiðholt, sem standa fyrir markaði í göngugötunni í Mjódd í dag á milli klukkan 11 til 14.

Helgi segir þetta jafnframt tilvalið tækifæri fyrir þá sem vilja skapa aukið rými í geymslunni eða vilja létta á birgðum heimilisframleiðslunnar. „Þarna verða seljendur sem hafa pantað pláss í gegnum okkur. Þeim sem vilja er velkomið að koma við og gefa þeim dót, svo lengi sem það er heillegt."

Helgi tekur fram að einnig verði nýjar vörur á boðstólnum. „Sem dæmi get ég nefnt bretti undir fartölvur sem er nýjung á íslenskum markaði."

Þá verða ýmsar uppákomur í tengslum við markaðinn. „Já, Valgeir Guðjónsson kíkir meðal annars í heimsókn og tekur lagið," segir Helgi og bætir við að ef vel takist til sé aldrei að vita nema framhald verði á. *- rve*



Fólki er velkomið að koma við og gefa seljendum dót.

Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

Fréttablaðið er með **106%** meiri lestur en Morgunblaðið.

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðill.

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í maí 2009 – júlí 2009.

Hringdu í síma

512 5060

ef blaðið berst ekki

Prestskona með flókna fortíð

FJALLAÐ VERÐUR UM ÆVI GUÐRÍÐAR SÍMONARDÓTTUR Á FRÆÐSLUMORGNI Í HALLGRÍMSKIRKJU Á SUNNUDAG.

Steinunn Jóhannesdóttir rithöfundur flytur fræðsluerindi um ævi Guðríðar Símonardóttur undir yfirskriftinni „Prestskona með flókna fortíð" á fræðslumorgni í Hallgrímskirkju 18. október. Í fræðsluerindi sínu fjallar hún um líf konunnar sem varð eiginkona Hallgríms Péturssonar og deildi kjörum með honum í 38 ár. Rakin verður fortíð hennar áður en leiðir þeirra Hallgríms lágu saman í Kaupmannahöfn, sagt frá þeim mannraunum sem hún ratáði í sem eitt af fjölmörgum fórnarlömbum Tyrkjaránsins og útlausn hennar og annarra úr nær áratugar ánauð í Algeirsborg. Að lokum verður rakin stuttlega sambúðarsaga hennar og Hallgríms eftir því sem heimildir vitna um. Fræðslumorgnar hefjast kl. 10.00 og þeim lýkur um 10.40.

Steinunn Jóhannesdóttir.

Tónleikarnir á sunnudag eru framlag hljómsveitarinnar til Heimsgöngu í þágu friðar og tilveru án ofbeldis. MYND/ÚR EINKASAFNI

Frumflytja tvö verk

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna mun á morgun frumflytja tvö verk eftir aðalstjórnanda sveitarinnar, Oliver Kentish.

Verkin eru sérstaklega samin fyrir tvo einleikara af yngri kynslóð hljómsveitarinnar, þá Magnús Pálsson klarinettuleikara og Baldvin Oddsson trompetleikara.

Verkin, Artemis, fyrir einleiksklarinett og kammersveit, og Appollo, fyrir einleikstrompet og kammersveit, verða flutt í Seltjarnarneskirkju klukkan 17.00 en auk einleiksverkanna verður 9. sinfónía Dvoráks, Frá Nýja heiminum, flutt.

Aðgangseyrir er 2.000 kr. fyrir fullorðna og 1.000 kr. fyrir eldri borgara og nema. Frítt er fyrir börn.

Þess má geta að tónleikarnir eru framlag hljómsveitarinnar til Heimsgöngu í þágu friðar og tilveru án ofbeldis. *- jma*

Krabbameinsfélagið

Krabbameinsfélag Íslands var stofnað 27. júní 1951.
Nánari upplýsingar um félagið: **www.krabb.is**

Forstjóri

Stjórn Krabbameinsfélags Íslands auglýsir laust til umsóknar starf forstjóra Krabbameinsfélags Íslands. Aðild að félaginu eiga um 30 krabbameinsfélög í landinu, bæði svæðafélög og stuðningshópar. Hlutverk Krabbameinsfélagsins er að vera í fylkingarbrjósti í baráttunni gegn krabbameini og sinnir það m.a. leitarstarfi, skráningu, fræðslu og stuðningi. Unnið er að nýrri stefnumótun félagsins. Starfið er laust frá næstu áramótum.

Starfs- og ábyrgðarsvið
- Stefnumótun
- Stjórnun og rekstur
- Samskipti við innlenda og erlenda aðila
- Samningagerð

Menntunar- og hæfniskröfur
- Umfangsmikil stjórnunarþekking og reynsla
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Háskólamenntun á heilbrigðissviði æskileg
- Framhaldsnám sem nýtist í starfi æskilegt
- Leiðtogahæfileikar
- Frumkvæði
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku, ensku og Norðurlandamáli

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá, afrit af prófskírteinum og rökstuðningur fyrir umsókn.

Nánari upplýsingar veita:
Katrín S. Óladóttir og
Kristín Guðmundsdóttir.
Netföng: katrin@hagvangur.is
og kristin@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 10. nóvember nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Allar fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

NORCEM
HEIDELBERGCEMENT Group

Norcem AS er eini sementsframleiðandi Noregs og hefur áralanga reynslu af framleiðslu og útflutningi sements. Norcem AS framleiðir allar gerðir sements til bygginga-, mannvirkja- og olíuiðnaðar í Noregi. Hjá fyrirtækinu starfa um 500 starfsmenn og er fyrirtækið hluti af HeidelbergCement samsteypunni. HeidelbergCement samsteypan er ein stærsta sementsframleiðsla í heiminum með yfir 60.000 starfsmenn í um 50 löndum.

Nánari upplýsingar: **www.norcem.no**

Vélaverkfræðingur í Noregi

Norcem óskar eftir að ráða reyndan vélaverkfræðing í vélaviðhaldsdeild sína í Kjøpsvik, sem staðsett er í Norður-Noregi.

Starfssvið:
- Leiða, samhæfa og stjórna öllum aðgerðum innan deildarinnar
- Samstarf við viðhaldsstjórnstöð varðandi ákvarðanir um skipulagt viðhald og viðhaldskostnað
- Gæðaeftirlit og stuðningur við verkstjóra og verktaka sem sinna viðhaldi
- Hönnun og úrbætur viðhaldsferla og leiðbeininga
- Fylgjast með nýjustu tækni, aðferðum og fræðum er varða viðhald
- Gerð starfslýsinga fyrir starfsmenn deildarinnar
- Markmiðasetning fyrir deildina og reglulegt frammistöðumat
- Umsjón með árlegri þarfagreiningu vegna þjálfunar og kennslu
- Önnur fjölbreytt verkefni í viðhaldsdeild

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun í vélaverkfræði eða sambærilegt
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Góð þekking á vélaviðhaldi og viðgerðum
- Góð þekking á tölvustýrðum viðhaldskerfum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta
- Kunnátta í norsku eða öðru Norðurlandamáli er æskileg
- Góðir samskiptahæfileikar og hæfni til að vinna í hópi

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is og ferilskrár þurfa að vera á ensku eða norsku, eða öðru Norðurlandamáli.

Nánari upplýsingar veita:
Inga S. Arnardóttir, inga@hagvangur.is
Rannveig J. Haraldsdóttir,
rannveig@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með: 26. október nk.

NORCEM
HEIDELBERGCEMENT Group

Norcem AS is the sole manufacturer of cement in Norway, and has extensive experience as an international cement supplier. Norcem AS develops, manufactures, markets and sells all types of cement for building, construction and oil industry in Norway.
The company has about 500 employees and is part of the cement and building materials group HeidelbergCement. HeidelbergCement Group is one of the largest cement producers in the world, with over 60.000 employees in over 50 countries.

Further information: **www.norcem.no**

Mechanical Manager in Norway

Norcem is looking to hire a highly skilled Mechanical Manager for their Mechanical Maintenance department in Kjøpsvik, which is located in northern Norway.

Job description:
- Lead, coordinate and control all activities inside the department
- Cooperate with the Maintenance Control Centre in order to define planned repairs and maintenance budget
- Checking the quality of the work and support the foremen during repairs as well as external contractors
- Creating and improving the repair procedures and instructions
- Searching new maintenance technologies and methods
- Creating job descriptions for all Mechanical Department's staff
- Set up goals and periodical evaluation of the subordinates
- Preparing a formal yearly training needs analysis
- Other related tasks

Job requirements:
- Education in Mechanical Engineering or comparable
- Experience in a similar field of work
- Good knowledge of industry equipment repairs
- Good knowledge in computerized maintenance systems
- Good computer knowledge
- Good knowledge in spoken and written English and/or Norwegian/Scandinavian language
- Great communication skills and teamwork abilities

All applications must be submitted through www.hagvangur.is and CVs must be in either English or Norwegian/ Scandinavian language.

Further information provided by:
Inga S. Arnardóttir, inga@hagvangur.is
Er að rífa Musso 96-04.Musso Sport 04.Isuzu Trooper 99.Landrover Discovery 98.Lanos 00-02.Nubira 02.Galloper 00.Cherokee 94.Ford 250 04.Toy Double Cap 94.Korando 98. Kia Sportage 97.Opel Astar 97.Kaupum bíla til niðurrifs.Musso varahlutir Kaplahrauni 9.S.864 0984

Til sölu 16" heilsársdekk á álfelgum og fólksbílakerra. Uppl. í s. 898 1230 / 487 6650.

Þú finnur allar helstu bílapartasölur landsins á www.partasolur.is

Partabílar 770-6400

Er að rífa Swift 05-09 Yaris '05 BMW 525 disel '02 Honda Civic '97 Renult Kango '99, Dodge Carvan '97 og Nissan Primera '99, Peugot 306 '98. Kaupum bíla í niðurrif.

Óska eftir vinstra framljósi á MMC Galant '93-'97 eða bíl til niðurrifs. Steinþór 864-3814

www.netpartar.is
Bílapartasala

Notaðir varahlutir í nýlega bíla. Opið virka daga 9-18. S. 486 4499 & 486 4477.

Viðgerðir

Skiptum um bremsuklossa, rennum bremsudiska, allar almennar bílaviðgerðir, gerum ótrúlegustu hluti, skjót og góð þjónusta. Arents stál, Eirhöfði 17, s. 587 5650 og 894 0022.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Til sölu

Láttu ekki veturinn koma þér á óvart!
Eru rúðuþurrkurnar í lagi?
Láttu sérfræðinga okkar skipta um rúðuþurrkur fyrir veturinn. Eigum rúðuþurrkur á nær allar gerðir bíla.
Renndu við, þú færð góðar móttökur alla virka daga frá kl. 8 til 18.
N1 HJÓLBARÐA- OG SMURÞJÓNUSTA SÍMI 440 1000
Meira í leiðinni

Til sölu

Umboðssala
Tökum í umboðssölu notaðar vinnuvélar, vörubíla, byggingakrana ofl.
Góð markaðssetning og tengslanet víða um heim

Frekari upplýsingar veita sölumenn
KRAFTVÉLAR
Dalvegi 6-8 // 201 Kópavogur // S: 535 3500 // www.kraftvelar.is

Veislusalir

Leigjum veislusal, með eða án veitinga. Rúmar 120 manns í sæti. S. 896 1250.

Hreingerningar

Tökum að okkur öll gólfþrif, bónleysingu og bónun. Þrífum einnig sameignir. Vönduð vinnubrögð. Sími 822 0377 Björn.

Tek að mér hreingerningar í heimahúsum er vön og vandvirk. S. 894 2891, Eva.

Teppahreinsun

Tek af mér teppahreinsun fyrir húsfélög, fyrirtæki og einstaklinga. Upplýsingar í s. 892 9499

Garðyrkja

Gröfuþjónusta Auberts.

Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnnýjun á drenn og kloáklögnum.
Sími 892 1663.

Gröfuvinna. Tek að mér alla almenna gröfuvinnu. Fleygun, frágang og ræsingu. Hallur S: 899 2167.

Trjáklippingar / fellingar / sláttur

Öll almenn garðaþjónusta. Sláttu-og garðaþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

Trjáfellingar!

Runnaklippingar, trjáklippingar, snyrting á trjágróðri. Alhliða umhirða garða. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. S. 848 1723.

Bókhald

Bókhald, laun, vsk-uppgjör o.fl. Viðurkenndur bókari, vönduð vinna. S. 863 3864 og 821 0210.

Alhliða bókhaldsþjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Vönduð vinna, hagstætt verð. s. 892 5784

Bókhald, uppgjör, framtöl. Mjög öflugur bókhalds- og uppgjörs aðili getur bætt við sig verkefnum. s. 772 55 33 info@betrabokhald.com

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum, 10ára reynsla, vönduð vinnubrögð og frágangur. Tilboðsgerð þér að kostnaðarlausu eða tímavinna. A1 málun ehf S: 660-1787

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

Málarar geta bætt við sig verkefnum, uppl. s. 891 9890

Búslóðaflutningar

Búslóðaflutningar og allir alm. flutningar. Meðalstór og stór bíll. S. 661 1977 www.toppflutningar.is

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald



Fagþjónusta - Allt á einum stað

Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.

Húsaviðgerðir

Múrarar, málarar og smiðir með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712.

Þarf að skipta um rennur, glerja eða opnanleg fög? Tilboð/tímavinna. S. 553 2171.

Lekur þakið ?

Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598. .

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Húsaviðgerðir

Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

Pípulagnir

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069

Flisaverk.is

Gerum upp baðherbergið frá A-Ö Niðurrif-Förgun-Múrverk-Flísalagnir-Pípulagnir-Rafmagn-Smíðar kristjan@flisaverk.is S: 898 4990.

Húsaviðhald!

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Sprautum innréttingar, hurðir og fl. Gerum föst verðtilboð. S. 894 7200.

Hreinsa þakrennur

Hreinsa þakrennur fyrir veturinn. Næ í bíla heim/ í vinnuna og skipti yfir á vetrard ofl. ofl. Uppl. í s. 847 8704.

Stífluþjónusta

Óska eftir að kaupa tæki til að nota við stífluþjónustu. Svo sem röramyndavélar og dælur. Uppl. í s. 896 1001.

Nudd

Ódýrt afslöppunarnudd og heitsteinanudd. Sími 77 22 600 www.heitsteinanudd.com

Erótískt nudd. Uppl. í s. 857 9723.

NUDD

Whole body massage. S. 841 8529.

Spádómar

Steinunn 908 6060

Tarot, miðlun, trúnaður. Aðgát skal höfð í nærveru sálar.
Opið 12-23 S. 894 9228
Steinunn visa/euro

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393.

Skemmtanir

Enn og aftur mætum við í veisluna eða partíið með ljúfu lögin & auðvitað grípum við sem best í brekkusöngin hans Árna J. Nikolaus & JoJo sími: 822 4535 email: skiing@this.is

Rafvirkjun

Trésmíði

Húsasmíðameistari, félagi í Meistarafélagi Húsasmiða getur bætt á sig verkefnum. Upplýsingar í síma 699-5487. Verðtilboð ef þess er óskað.

smidaland.is

Nýsmíði, viðhald, gluggar, sólpallar, skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og jarðar. S. 772 0040.

Önnur þjónusta

Saumaverk

Tökum að okkur allan saumaskap, saumum fyrir hönnuði og fyrirtæki, einnig fatabreytingar og viðgerðir. Uppl. í s. 844 9301.

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í Brother, Canon og Epson send samdægurs heim að dyrum eða í vinnuna sjá nánar á www.blekhylki.is.

Bjóðum uppá fatabreytingar og viðgerðir. Skiptum um rennilása. Gott verð. Hröð og góð þjónusta. Saumagallerí Chaemsri Laugavegi 70 s. 552 1212.

GreenHouse

Haust- vetrarlína GreenHouse. Verið velkomin að sækja frían bækling. Opið í dag laugardag kl. 10-14.
Green House Rauðagerði 26.

Til sölu

Motor sport

Þjófavarnirnar komnar aftur!

Nú einnig með reykskynjara. Þú velur 3 símanúmer sem þjófavörnin hringir í ef brotist er inn hjá þér. Eigum alla aukahluti. Verð 23.900.-

Mótorsport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogsport.is

Kringlóttur vaskur þvermál 45 cm m. krana(Graff). Nýverði ca 170 þús. selst á 95 þús. Sturtubotn og glerhurð nýverði ca 150 þús. selst á 85 þús. S. 587 0054 & 894 7409.

Stigamaðurinn ehf.

Stigar og handrið úti sem inni. Tré-járn. Gerum föst verðtilboð. Sími 898 7779, 423 7779 & 897 1479.

Til sölu gamlar hvítar innihurðir og gamall plötuspilari. Óska eftir að kaupa Hobby hjólhýsi 460 árg. '07-'08. Uppl. í S 844 9595 / 898 5256

7 blóm myndir, krónur 770.000.000.000.000.000.000,00. Krónur. Edda. S. 552 5880.

Panill hvíttaður

Til s-lu ca. 400 fm af fallegum hvíttlituðum panel. Uppl. í s. 857 6890.



Eldsneytis sparari. Hvirfilstæki í bíla!

SPARNAÐUR: 7% til +27%* Þetta Virkar! Meiri Kraftur. VERÐ frá 11.900.-kr. 30 daga skilaréttur. S.K.M ehf. Viðarhöfða 2, (v/Stórhöfða). S: 517-8400. www.SNJOKEDJUR.is

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Frímerki - Mynt - Seðlar

Uppboðsaðili kaupir frímerki, umslög, mynt, seðla, póstkort, minnispeninga, orður, gömul skjöl og margt fleira. Staðgreiðsla í boði. S. 561 58 71/ 694 58 71.

Kaupi gull !

Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.

Leitið til fagmanns.
Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,

Verið velkomin

Óska eftir 20 feta geymslugám. Uppl. í s. 899 2346

Óska eftir flísum

Óska eftir ódýrum og góðum gólf og veggflísum, vantar töluvert magn af hvoru. S. 840 2611.

250-300 þús. STAÐGREITT. Óska eftir vel meðförnum bíl á 250-300 þús.stgr. Sendið uppl. á arnart@gmail.com eða 840 0354.

Lítil prentvél eða fjölritari óskast. Ljósritunarvél kemur til greina. Uppl. í s. 897 7798.

Tónlist

Diskar-diskar-diskar

www.syngjum.com / www.syngjum.com www.syngjum.com / www.syngjum.com

Hljóðfæri

Dúndurtilboð!

Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 4/4 stærð 15.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 39.900.- Þjóðlagagítarpakkar frá 19.900.- Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 79.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is.

Harmonikur og harmonikkugeisladiskar í úrvali. Tökum harmonikkur í umboðssölu. Einnig harmonikkukennsla. Sími 824 7610 & 660 1648.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Vélar og verkfæri

Til bygginga

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 555 7905 og ulfurinn.is

Geymslugámur: Til sölu Bos-geymslugámur 2 x 3 m m/læstri hurð. verð tilboð. uppl. í síma 892 5029

16 mm 250x120 plasthúðaðar spónaplötur. 10 stk. Og grenikrossviður 15 mm ca 50 fm. 16 plötur. Einnig víkings plastkubba steypumót ca 6 fm. Selst allt á góðu verði. S. 565 7467 & 896 6760.

Timbur til sölu. 1x6, 2x4, dokar, zetur og tengi. Uppl. í s. 863 0415

Verslun

Ýmislegt

Kæst tindaskötubörð til sölu, roðflett og snyrt. Einnig ókæst tindaskötubörð með roði. Upplýsingar í síma 893 1802

Heilsuvörur

Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Þjónusta

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

Kærleikssetrið

Nudd og nálastungur
Er kroppurinn eða sálin að kvarta, væri ekki gott að fara í nudd og nálastungur. Sigurður bíður framm aðstoð sína til að kippa því í liðin.
Nuddstofa Sigurðar Sigurðssonar í Kærleikssetrinu, Álfabakka 12, tímapantanir í s. 893 4727

TANTRA MASSAGE
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Ódýrir og vandaðir ferðanudd- og óléttubekkir til sölu. Nemaafsl. 891 6447 Óli.

J. B. HEILSULIND Dekurdagar?
Heilnudd, heitur pottur, skrúbb, snyrting, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, Ayur, Veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkaþjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-lau. Pantarnir í S. 445 5000. Velkomin

Námskeið

Námskeið í Heitsteinanuddi 7 nóv. Uppl: Sigurrós nuddfræðingur s: 860 0812

Þjónusta

Bowentækni.
Mjög árangursrík meðferð við alls kyns kvillum, sem hrjá fólk í daglegu lífi. Uppl. og tímapantanir í síma 699 8855.

Námskeið

www.namskeid.is
ÖLL NÁMSKEIÐ Á EINUM STAÐ



Smáskipanámskeið - Skemmtibátanámskeið
Smáskipanámskeið 26.10. - 5.12., fjarnám eða staðarnám. Skemmtibátanámskeið, fjarnám 26.10 - 5.12, staðarnám, 14. - 19.11. Skráning á www.tskoli.is Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins.

Leirmótunarnámskeið, glerbræðslunámskeið og skartgripanámskeið.
Næsta leirnámsk. Byrjar 20 október,upplagt að útbúa gjafirnar sjálfur núna í kreppunni. Allt til leir, gler og skartgripagerðar, yfir 300 gerðir af perlum og náttúrusteinum. Gott verð.
Glit ehf Krókhálsi 5 110 Rvk s. 587 5411 www.glit.is

Skartgripagerð - Silfursmíði
Námskeið í skartgripagerð. Smíðum úr silfri og skyldum málmum. Vinnum með íslenska steina. Tilvalið að búa til jólagjöfina. Uppl. og skráning í s. 823 1479.

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

www.aksturinn.is S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Húsgögn

Leðursófasett 3 sæta og 2 stólar, sjónvarpsskápur og sófaborð í stíl (Tekk company) S. 898 8022 e. 12 laugard.

Antík

Af sérstökum ástæðum eru til sölu einstakir munir fyrir safnara tengdir seinna stríði. Tveir foringjahringar Himmlers frá 1936 og upprunalega bókin Mein Kampf á þýsku eftir Adolf Hitler. Allar upplýsingar á blogg.visir.is/himmler

Húsgagnaviðgerðir

Leysum málningu og bæs af gömlum húsgögnum, hurðum ofl S. 897 5484/897 3327.

Heimilistæki

til sölu v/flutn nýr ísskápur m/stáláferð,frystir undir h:194 v;100 þús uppl 8221716

Fatnaður

Buxnastyttingar og viðgerðir. Saumagallery Chaemsri Laugaveg 70 S. 552 1212.

Dýrahald

Dverg Schnauzer hvolpar til sölu. Með HRFÍ ættbók. Undan meistara. Uppl. í s. 772 3993

3 Japanese chin-hvolpar til sölu. Þeir eru örmerktir og bólusettir. Uppl. í s. 554 5470 / 772 1322.

Skemmtanir

Cafe Catalina
Í kvöld spilar hljómsveitin Vanir menn
Allir velkomnir
Snyrtilegur klæðnaður áskilin
Hádegismatur alla virka daga
Allar veitingar á vægu verði.
Hamborgaratilboð !
Útleigusalur
Boltatilboð
Boltinn í beinni!
Hamraborg 11 200 Kóp. S: 554-2166

English Springer Spaniel hvolpar til sölu. Uppl. í síma 869 9627.



Til sölu Dobermann hvolpar (Tíkur)
Afhendast örmerktir, bólusettir og með ættbók frá Rex. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í síma 866 7214.



Miniature Pinscher
Til sölu rauður rakki og rauð tík. HRFÍ ættbók, heilsufarstrygging í eitt ár, hægt er að dreifa greiðslum. Foreldrar innfluttir frá exigors.se í Svíþjóð. Aðeins góð heimili koma til greina. Upplýsingar í síma 861 2333.

Til sölu hreinræktaðir langhunda hvolpar. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í s. 863 0474 og www.123.is/manaskin.

Hreinræktaðir Beagle hvolpar (rakkar) til sölu. Örmerktir, heilsufars og ættbók frá HRFÍ. Verð 180 þ. Afhending ca. 10. nóv. Uppl. 862-1304 og eggertr@simnet.is Sjá myndir á http://mario.beagle.googlepages.com/

Persneskir kettlingar
Gullfallegir og himneskir loðboltar til sölu. Aðeins gott heimili kemur til greina. S. 690 4716.

Húsnæði í boði

Nýjar 3ja og 4ra herb. íbúðir í Hfj.
Örugg leiga. Þvottavél, þurrkari, ísskápur, uppþv.vél, gardínur og öll ljós.
Fylgist með á www.heimahagar.is
Upplýsingar í síma 772 7553.

www.leiguherbergi.is
1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is



WINSOR HILLS ORLANDO
Til leigu 5 og 6 herbergja hús, á þessum frábæra stað rétt hjá Disney. Húsin er með einkasundlaug og búin öllum þægindum. Hagstætt verð og góður afsláttur á frábæran gólfvöll. Íslensk þjónusta á staðnum. Uppl. s: 898 6224 og 499 0755

Íbúð til leigu við Hringbraut 37. leigist á 120þ. hiti, rafm. og hússj. innif. Göngufæri við HÍ og aðra þjónustu. S. 864 7414.

Herbergi í Hlíðunum
10 fm herbergi í Hlíðunum, laust strax, öll aðstaða til staðar. 35þ Uppl. s. 663 5791.

101 RVK-Einbýlishús til leigu frá jan. í 3 mánuði. Gott verð. S:6993681

Til leigu stúdíó/herb. í hlíðunum, eldhúshorn með öllum búnaði. Húsgögnum og sjónvarpi, þvottavél og þurrkari í þvottahúsi. Aðeins reglusamir leigjendur koma til greina, laus strax. Uppl. í s. 856 7722.

101 Rvk. Rúmgott einstaklingsherbergi + aðstaða. Leiga 29þ. nettó. S. 867 4280.

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

120 fm sérhæð + 30 fm bílsk. í Hfj Reglusemi áskilin. Laus. Uppl. í s. 897 1776.

Til leigu herbergi í miðbænum. Verð 20 þ. Uppl. í s. 690 3429

Spacious room for rent 5 min. from down town Central Bus station. All facilities. 40þ. per month. Tel. 696 4379.

Björt og snyrtileg 65fm íbúð með sér inng. ,í hverfi 112,Rvík. Leiga 100þ m.hita/rafm vatnstr.uppl.í s. 659 6118.

Til leigu 4ra herb. efri sérhæð í suðurhlíðum Kóp. 163fm íbúð, þar af 32fm bílskýli. Sérinngangur. V. 140þ. Uppl. í s. 864 1318.

Falleg og björt stúdíóíbúð á 3.hæð, svæði 105 Rvk til sölu. Nánari uppl í síma 6946541

Góð 3 herb. íbúð til leigu á besta stað í Keflavík. Verð 80.000 kr. fyrir utan hita og rafmagn. Sími: 660-5981.

Til leigu nokkur herb. í 101 Rvík. m/aðgang að eldhúsi, baði, þvottaaðs. m/adsl. V. 30-40 þús. S. 770-6464

2 herb. til leigu m. aðg. að eldh. og baðherb. Gæti einnig leigst sem 2 herb. íbúð. S. 898 2862.

Rooms for rent
In Laudardalspark. Fully furnished with TV, fridge and wireless internet. Tel. 863 4456

Húsnæði óskast

Fallegt hús í suðurhlíðum Kópavogs til leigu.
Tvö svefnherb. góð stofa m. arni, stór fallegur garður með sólpalli. Allt nýlega uppgert. Þvottavél og ísskápur fylgja. Verð kr. 140.þús.pr.mán. Uppl. í síma 699-0005.

Óska eftir stúdíó íbúð miðsv. í Rvk. til leigu frá 20.okt til 26.nóv. Greiðslug. 40-60þ. S. 772 2549.

Óska eftir 3-4 herb. íbúð til leigu frá áramótum. Íbúðinni þarf að tilheyra bílskúr eða aðstöðu sem hægt er að vera vinnustofu. Erum 2 í heimili með örugga vinnu. Íbúðin má vera í Rvk, Kóp. Gbr, Hfj. Kemur líka til greina í iðnaðarhverfi. Uppl. í s. 823 1479.

Par óskar eftir 3 herb íbúð á Rvk svæðinu.Gjarnan með bílskúr. Uppl í síma -845 1688.

Atvinnuhúsnæði

Smiðshöfði- til leigu
Er með til leigu gott iðnaðar- og lagerpláss á götuhæð (Stórhöfðameginn) ca. 200 fm. Laust strax. Innkeyrsludyr. Gott leiguverð. S. 823-2610.

Lager/geymslu- og skrifst.húsnæði laust í Ármúla. 694 3113, leiga.armuli@gmail.com

IDNADAR-/FISKVINNSLUHÚSNÆÐI Í SANDGERÐI TIL SÖLU/LEIGU. UPPL. I SIMA 822-6181 EDA Á ASDF@MITT.IS

Geymsluhúsnæði

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Geymsluhúsnæði
Upphitað í 250 Garði. Tjaldvagnar 23 þús., fellihýsi 33 þús. Óli Páls S: 865 1166.

Geymslupláss
Upphitað á höfuðborgarsvæðinu. Pláss til 1. maí fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna eða annað. Verð 5000kr. á m2. Uppl. í s. 862 4685 / 893 9777.

Bílskúr

Bílskúr til leigu 32 fm. Með wc og gluggum í Vogonum. Laust 1. nóv. S. 696 9420.

Gisting



Frábær einbýlishús með einkasundlaug til leigu á golfvelli í Florida. Nánari uppl. á www.floridafri.is, rurik@floridafri.is og í S 618 2596.

stracta CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

Skammtímaleiga í 101
íbúðir fullbúnar húsgögnum og húsbúnaði á vikutilboði. Sjá nánar á mimis4rent.com.

Atvinna í boði

KORNIÐ HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT

Kornið Bakarí Óskar eftir að ráða metnaðarfullan og ábyrgan starfskraft í almenn skrifstofustörf.
Um er að ræða hlutastarf, vinnutími eftir hádegi.
Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi þekkingu og starfsreynslu á DK viðskiptahugbúnaði. Starfið fellst í innheimtu,reikningagerð,launaútreikningi ásamt öðrum tilfallandi skrifstofu störfum.
Umsóknir ásamt upplýsingum sendist á skrifstofa@kornid.is

Veitingahús í Kópavogi
Íslenskumælandi dyravörður óskast. Æskilegur aldur 30+.
Upplýsingar í síma 894 0292.

Tapasbarinn Vegna mikilla anna erum við að leita af öflugu og skemmtilegu starfsfólki í sal og eldhús. Kvöld og helgarvinna. Einungis fólk sem talar íslensku kemur til greina. Upplýsingar í síma : 551-2344 og tapas@tapas.is

Lækjarbrekka
Alltaf sígild - Alltaf ljú

Lækjarbrekka
Rótgróið, þekkt veitingahús getur tekið að sér nema í matreiðslu.
Upplýsinga veitir Steinunn, 865 5146 milli 10-12 og 14-17 eða steinunn@laekjarbrekka.is

Óska eftir aðstoðarmanni/konu frá 20-30 ára. Góð laun í boði. Uppl. í s. 844 1457.

Á saumastofu í fataviðgerðir. Einnig kjólameistara í nýsaum. Textillane, Laugavegur 101 og textillane@internet.is

Hellulagnir
Vantar vana hellulagningamenn í tímabundna vinnu uppl. í s. 617 3705.

Óskum eftir að ráða helgarstarfsmann í verslun okkar. Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð fást á staðnum. Rafvörumarkaðurinn v/Fellsmúla 108 Reykjavík

Yndislegar símadömur ó
Rauða Torgið leitar samstarfs við djarfar og skemmtilegar símadömur. Góðir tekjumöguleikar fyrir duglegar. Frjáls vinnutími. Aldur 25+. Nánar á www.RaudaTorgid.is.

Óska eftir duglegri konu til að sinna þrifum og almennum heimilisstörfum3 tíma á dag 4 daga vikunnar í heimahúsi. Þarf að vera barngóð og líka vel við hunda. Upplýsingar í síma 894 0003.

Stálsmiðja í Hfj óskar eftir starfskrafti. Aðeins íslenskumælandi vinnusamir og vanir koma til greina. Æskilegur aldur 23+. Uppl. sendist á skh@internet.is

Starfskraftur óskast
Helst vanur. Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs. S. 567 4468.

Atvinna óskast

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

Viðskiptatækifæri

Hótel óskast til leigu eða kaups!!
Samhent fjölskylda óskar eftir gistiheimili eða hótel til leigu eða kaups, helst á suðurlandi en allt annað skoðað í 2ja tíma akstursfjarlægð frá Reykjavík.
Uppl. í s. 699 8937 eða á póstfangið: hotelgisting@gmail.com

Frábært þóknunarkerfi. Miklir tekjumöguleikar. Áhugasamir hafi samband bjornelmar@hotmail.com

Einkamál

Við erum hérna yndislegar dömur og langar til að heyra í þér .
Hringdu!!! okkur hlakkar til að heyra í þérr. Hver verður daman þín í kvöld?
Sími 908 6666 - 908 2000.

23 ára stúlka vill kynnast góðum manni með hjónaband í huga. ourmerger@gmail.com

Óska eftir að kynnast reglusamri, sjálfstæðri góðri konu. 55-65 ára. Hef ýmis áhugamál. Tilboð merkt sjálfsstæður.

Kona á besta aldri vill kynnast karlmanni með tilbreytingu og ævintýri í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatortg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8197.

Kona með yndislega rödd leitar kynna við karlmann með notalegar stundir í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatortg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8658.

Góð kona vill kynnast hressum og heiðarlegum manni, 60-70 ára. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatortg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8950.

Sjóðheit upptaka ungar konu sem af einstakri innlifun deilir með þér sínum dýpstu tilfinningum. Upptakan er hjá Sögum Rauða Torgsins, s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), uppt.nr. 8319.

Messa helguð Guðbrandi Þorlákssyni og kirkjulegum ritum hans er í Langholti í Reykjavík á morgun.

MYND/ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

So sem það fis á flatri jörð

Hátíðarmessa, samkvæmt Graduale- messubókinni frá 1594, eða Grallaranum eins og íslenskum mönnum einum gat dottið í hug að kalla messubók, verður í Langholtskirkju á morgun kl. 11. Messan er í tilefni af 25 ára vígsluafmæli Langholtskirkju sem helguð er Guðbrandi biskupi Þorlákssyni á Hólum. Sungin verður messa samkvæmt Grallaranum og fylgir texta úr Guðbrandsbiblíu frá 1584 og einnig verður sunginn sálmur úr sálmabók Guðbrands frá 1589. Sr. Jón Aðalsteinn Baldvinsson Hólabiskup predikar og þjónar fyrir altari ásamt sr. Kristjáni Vali Ingólfssyni og sr. Jóni Helga Þórarinssyni sóknarpresti.

Klukkustund fyrr, kl. 10, verður opnuð sýning á Guðbrandsbiblíu, prentaðri á Hólum, Grallara frá Skálholti og hebreskri Biblíu áritaðri af Guðbrandi en það er hald manna að Guðbrandur biskup hafi ætlað að nota hana til að endurbæta þýðinguna í Guðbrandsbiblíu á Gamla testamentinu.

Messan verður sungin án hljóðfæraleiks og fylgir messuformi Grallarans fyrir 19. sunnudag eftir þrenningarhátíð. Messan er sungin bæði á íslensku og latínu. Flestir föstu liðir hennar eru sungnir á latínu þ. e. Kyrie, Sanctus og Agnus Dei en aðrir messuliðir og sálmar á íslensku og í flestum tilfellum fylgt orðalagi Grallarans. Jón Stefánsson organisti hefur sett messuna upp með nútíma nótnaskrift og verður kirkjugestum gefið tækifæri að æfa hana kl. 10 óski þeir að taka þátt í flutningnum. Málfar sumra textanna er ofurlítið tyrfið en aðrir textar hafa staðist tímans tönn og eru kjarnyrtir og tærir. Má sjá dæmi þess hér á síðunni.

Það eru 415 ár liðin síðan Grallarinn var fyrst gefinn út á prenti, 425 ár síðan Guðbrandsbiblía kom fyrst út á prenti og 420 ár síðan sálmabókin kom fyrst út á prenti.

KVEÐIÐ UPP ÚR GRALLARANUM

Sæll er sá mann sem hafna kann
hrekkvísra manna ráði.
Og syndugra vegi aldrei ann
ei sat hjá skjemdar háði.
Heldur með vilja, hug og mátt
hreinferðugliga dag og nátt
að guðs lögmáli gáði.

Sá maður líkur eik sú er
upp vex hjá vatna straumi
á sínum tíma aldin ber
ei fellur lauf né blómi.
Allt hvað hættir að hafast að
honum mun ætíð veitast það
farsællega fram komi.

Þeir glæpavegi ganga á
Guðs ráðum ekki hlýða
auðnu þvílíkri aldrei ná
áfelli heldur líða.
So sem það fis á flatri jörð
feykja burt veður hvöss og hörð
um ýmsar álfur víða.

Illgjarnir munu ekki því
uppreisn í dómi hljóta
né sannra Guðs vina söfnuði' í
syndugir heiðurs njóta.
Enn góðra manna greiðir veg
Guðs náð og miskun æfinleg
ranglátra leið mun þriota.

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Velferð á tímum efnahagsþrenginga

Hótel Saga, Reykjavík, 21. Október 2009

Dagskrá

8:30-9:00
Skráning

9:00-9:15
Opnun ráðherra

9:20-9:50
Health Impacts of Financial Crisis: Evidence and Implications for Iceland
Dr. David Stuckler frá Oxfordháskóla

9:55-10:15
Social Political Lessons Learnt from The Finnish Depression of the 1990s
Dr. Pasi Moisio frá Lýðheilsustöðinni í Finnlandi

10:20-10:40
Lessons Learned from the Faroese Crisis Eyðun Christiansen, sérfræðingur hjá Sambandi færeyskra sveitarfélaga

10:45-11:05
Morgunhressing
Fyrirlestur Dr. Ruut Veenhoven, Erasmusháskólanum í Rotterdam: *The Effects of the 1980s Crisis on Well-Being in Europe*

11:05-11:20
Effects of the Financial Downturn on Mental Well-Being in Iceland
Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, forstjóri Lýðheilsustöðvar

11:25-11:45
Watching over Welfare in Times of Crisis Lára Björnsdóttir, formaður Velferðarvaktarinnar, félags- og tryggingamálaráðuneytinu

11:50-12:05
Challenges in Welfare Services
Jórunn Frímannsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar

12:05-12:50
Hádegismatur

12:50-13:10
The Role of Positive Psychology in Times of Crisis Dr. Hans Henrik Knoop, forstöðumaður rannsóknasetursins Universe Research Lab í Danmörku

13:15-13:40
Coping with Adversity: Finding Strength in Challenge Dr. Michael Steger, forstöðumaður rannsóknaseturs um Meaning and quality of life við Colorado State háskóla

13:45-14:05
"It was the best of times, it was the worst of times": Social Structure and Individual Welfare in Times of Economic Crisis Dr. Þórólfur Þórlindsson, Háskóla Íslands

14:10-14:40
Síðdegishressing og umræður með þátttakendum *Í hvers konar samfélagi viljum við búa? Hvers konar gildi og viðhorf viljum við að séu ríkjandi?*

14:45-15:00
The Role of Public Health in Times of Crisis Dr. Geir Gunnlaugsson, Háskólanum í Reykjavík

15:05-15:35
Reynsla Svía og Norðmanna: Jan Cedervärn, frá Lýðheilsustöðinni í Svíþjóð og Erik Nord frá Lýðheilsustöðinni í Noregi

15:40-16:15
Pallborðsumræður

RÁÐSTEFNAN ER ÖLLUM OPIN – AÐGANGUR ÓKEYPIS
SKRÁNING Á: WWW.LYDHEILSUSTOD.IS
RÁÐSTEFNAN FER FRAM Á ENSKU
STAÐSETNING: HÓTEL SAGA – SALUR: HARVARD

DAVIDTHOR.ORG - 2009

LÝÐHEILSUSTÖÐ
norden Nordisk Ministerråd
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVÍK UNIVERSITY
HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ
FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

UMHVERFI Í VERKI, VERK Í UM

Það er gömul saga og ný að listamenn þurfa ekki að vera ýkja lengi að heiman til að fenni yfir það rykti sem þeir hafa skapað sér, nema þá að útivist þeirra reynist ein samfelld frægðarför. Guðrún Nielsen myndlistarkona og ferill hennar er tilefni þessara hugleiðinga.

MYNDLIST AÐALSTEINN INGÓLFSSON

Skylight eftir Guðrúnu Nielsen á sínum stað.

Segja má að Guðrún Nielsen myndlistarmaður hafi verið fjarri heimahögum í tvöföldum skilningi; hún hefur verið við nám og störf í Bretlandi í fjórtán ár og í ofanálag hefur hún kosið að rækta það afbrigði þrívíddarlistar sem verið hefur nokkuð svo útundan í íslenskri myndlist hin síðari ár, nefnilega formhyggju með mínímalísku eða konstrúktífísku ívafi; ekki er úr vegi að nefna verk þeirra Hallsteins Sigurðssonar og Sigrúnar Ólafsdóttur, nú í Þýskalandi, í þessu samhengi.

Á hinn bóginn hefur Guðrún ávaxtað sitt listræna pund prýðilega í bresku skúlptúrumhverfi, enda er fyrir hendi þar í landi löng og sterk hefð fyrir móderníski þrívíddarlist af ýmsu tagi, allt frá fígúratífum bronsskúlptúr upp í staðbundnar innsetningar úr varanlegum efnum, og hefur þessi hefð hvergi látið undan síga fyrir nýrri afbrigðum þrívíddartjáningar, eins og gerðist hér heima. Í tímans rás hefði vissulega verið full ástæða til að staldra við og gera viðvart um ýmsa upphefð sem Guðrún hefur hlotið í Bretlandi. Þar má nefna samkeppnirnar sem hún hefur ýmist unnið eða hlotið margháttaðar viðurkenningar fyrir, verk hennar á opinberum vettvangi eða í eigu opinberra aðila í Bretlandi – tæplega 340 metra langt verðlaunaverk eftir hana frá 1998 mun rísa við Greenham Common innan tíðar – og ekki síst frama hennar innan samtaka breskra myndhöggvara (Royal Society of British Sculptors), sem buðu henni fulla aðild (e. fellowship) árið 2001. Þess má geta að aðeins litlum hluta þeirra myndhöggvara Í Bretlandi sem sækja um inngöngu er boðið að ganga í samtökin.

Tvennt er það sem án efa hefur sett varanlegt mark á viðhorf Guðrúnar til þrívíddarlistar, nærri tíu ára starfsferill hennar sem tækniteiknari hjá Fjarhitun – hún hóf ekki myndlistarnám fyrr en hún var komin á fertugsaldur – og kennarar hennar við skúlptúrdeild Myndlista- og handíðaskólans á árunum 1985-89, Ungverjinn Imre Kocis og Pétur Bjarnason, sá síðarnefndi nýkominn úr námi í bronssteypu í Belgíu. Báðir voru – og eru – þeir miklir verkmenn, gæddir ríkulegri efniskennd. Báðir voru aukinheldur hallir undir módernísk gildi í þrívíddarlist fremur en þá tilraunastarfsemi sem þá átti sér stað í svokallaðri „Deild í mótun“ annars staðar innan veggja Myndlista-og handíðaskólans. Listrænt innræti Guðrúnar kemur glöggt fram í lokaverkefni hennar við skólann, hrein og tær tilbrigði úr gifsi við þrjú frumform rúmfræðinnar, hring, þríhyrning og keilu. „Ég hafði þá um nokkurt skeið lagt sérstaka áherslu á jafnvægi og hreyfingu forma af þessu tagi,“ segir Guðrún í viðtali.

> í gegnum allt skín viðvarandi áhugi á hreinum og klárum formum og hlutföllum, öllu sem stuðlar að góðu innbyrðis skipulagi, léttleika, jafnvægi og samspili, jafnt utan verks sem innan.

Myndvæðing almannarýmis

Framhaldsnám Guðrúnar í Lundúnum, fyrst við Chelsea College of Art and Design 1990-92 og sérstaklega meistaranám hennar við byggingarlistardeild East London-háskólans 1994-95, varð til að þroska myndlistarleg viðhorf hennar til muna og veita henni innsýn í veröld „opinberrar myndlistar“ í Bretlandi, ef svo má að orði komast. Eins og áður er nefnt eiga Bretar sér langa hefð fyrir notkun þrívíðra listaverka á almannafæri og hafa fjölmargir aðilar, opinberir og óopinberir, milligöngu um „myndvæðingu“ skemmtigarða, ríkisrekinna stofnana sem og stórra einkarekinna fyrirtækja. Chelsea-listaskólinn lagði mikla áherslu á samvinnu frjálsrar myndlistardeildar og þeirrar deildar sem hafði með höndum allrahanda umhverfismótun, veggmyndahönnun jafnt sem mótun opins rýmis á almannafæri, hafði síðan milligöngu um þátttöku efnilegra nemenda í samkeppnum um listaverk á almannafæri. Það var eins og við manninn mælt; við lok náms í Chelsea-skólanum, 1992, hafði Guðrún dregist á að taka þátt í hvorki fleiri né færri en fimm samsýningum og samkeppnum.

Á sama tíma varð Guðrúnu vel ágengt með útskriftarverkefni sitt fyrir Chelsea-skólann, því verk hennar Wheel of Progress, hringlaga strúktúr á láréttu tannhjóli, 16,80 metra löngu, fékkst sett upp við Hönnunarsafnið í Lundúnum í tengslum við norræna hönnunarsýningu sem þar var haldin árið 1992. „Það er áberandi,“ segir Guðrún þegar hún lítur til baka, „hve oft ég nota hringformið sem ég var alltaf að teikna þegar ég var hjá Fjarhitun í gamla daga.“ Verkið við Hönnunarsafnið þótti afar vel heppnað og í takt við þá starfsemi sem fór fram í safninu og fór svo að þegar sýningunni lauk bauð stjórn safnsins Guðrúnu að setja verkið upp til frambúðar, svo fremi sem fjársterkir aðilar fengjust til að kosta bronssteypu þess. Ekki tókst að afla þess fjár og því varð ekkert úr varanlegri uppsetningu Framfarahjólsins við Hönnunarsafnið.

Eins og áður er nefnt hélt Guðrún áfram námi í skúlptúr-og umhverfisfræðum í arkítektúrdeild Háskólans í Austur-Lundúnum, en þetta er eins árs nám, ætlað nemendum úr lista-og hönnunargeiranum. Þar reynir enn á hæfileika listamanna til að laga viðhorf sín að þörfum arkitekta og annarra sérfræðinga á sviði umhverfis-og landslagshönnunar. Þarna var nemendum meðal annars uppálagt að vinna skúlptúrverkefni í tengslum við ýmis mannvirki og menningarlandslag í austurhluta Lundúnaborgar. Eitt af verkefnum Guðrúnar var að búa til drög að þrívíddarverki

Vegur minn til þín
Ný ljóðabók eftir
Matthías Johannessen

Svartbók kommúnismans
Glæpir – ofsóknir – kúgun
Hannes Hólmsteinn Gissurarson þýddi

Auðginnt er barn í bernsku sinni
Afnám fyrningar alvarlegra kynferðisbrota gegn börnum
Svala Ísfeld Ólafsdóttir

Saga viðskiptaráðuneytisins 1939-1994
Hugrún Ösp Reynisdóttir

Raddir frá Kúbu
Smásagnasafn með fjórtán sögum eftir konur frá Kúbu.
Erla Erlendsdóttir tók saman og þýddi

HÁSKÓLAÚTGÁFAN

HVERFI

sem tengdist flóðavörnunum við Thames-fljót.

Segja má að þetta nám hafi endanlega sannfært Guðrúnu um þjóðfélagslegt hlutverk þrívíddarlistar og nauðsyn þess að beintengja opinber þrívíddarverk ævinlega við nánasta umhverfi sitt, formrænt, hugmyndalega og sögulega. Hún er því ekki mikið fyrir að framleiða lítil þrívíddarverk til heimilisbrúks. Það gefur auga leið að sjálf laðast hún fyrst og fremst að verkum þeirra listamanna sem mest hafa látið að sér kveða á vettvangi svokallaðra „site-specific“ þrívíddarverka: umhverfistengdum verkum Íslandsvinarins Richards Serra, makalausu „húsi“ Rachel Whiteread, stærri verkum Anish Kapoor og loks að þeim verkum Anthony Caro sem bera mestan keim af arkitektúr. Sjálfsagt mætti leiða að því líkur að nýlegt verk Guðrúnar, Skylight (þakgluggi/himinskin), samstæða átta hárra pýramída á hvolfi, sem yfirskyggja hvern áhorfanda sem freistar inngöngu í verkið, sé öðrum þræði eins konar hylling til Richards Serra, sem einmitt er þekktur fyrir að setja saman háreistar, níðþungar og þar með mátulega „hættulegar“ stálplötur.

Japönsk áhrif

Of langt mál væri að telja upp þau verkefni sem Guðrún hefur tekist á hendur síðan hún lauk námi árið 1995, jafnt í tengslum við samkeppnir sem stærri sýningar. Af lýsingum og ljósmyndum að dæma er það þó tvennt sem einkennir öll þessi verkefni; eru þá væntanlega eins konar höfundareinkenni hennar. Annars vegar er klárlega næmi hennar fyrir sérkennum og sögu þess umhverfis sem henni er uppálagt að vinna fyrir og hæfileiki hennar til að finna þessum sérkennum og sögu myndrænt mótvægi við hæfi. Í svokallaðri „Cleveland Lakes Bird Hide Competition“ í Vestur-Englandi gerði Guðrún tillögu að þrívíddarverki í formi tveggja hæða byggingar, þar sem efniviðurinn var steinn, timbur og pressaður leir úr héraðinu. Hluti af þessari tillögu var svokallaður „serpentine-veggur“, ævagamalt enskt fyrirbæri, en breski listamaðurinn Andy Goldsworthy hefur einnig notað hann í að minnsta kosti einu verka sinna.

En lausnir Guðrúnar eru ekki alltaf eftir bókinni, því í mörgum tilfellum lætur hún hið kunnuglega og framandlega slá neista hvort af öðru, „endurspegla fjarlæga sögu“, svo notuð séu orð hennar sjálfrar. Í grasagarði Háskólans í Leicester brá hún á það ráð að reisa eins konar „óvirkt“ japanskt tehús, en þá hafði hún orðið fyrir mikilli hugljómun í Japansferðum með manni sínum árin 2003 og 2005. Japansáhrifin nýtti hún sér til enn frekari landvinninga; þau urðu kveikjan að sýningu að öðru „óvirku“ tehúsi í Galleríi Sævars Karls árið 2005 og japönsku tegarðshliði – Amigasamon – í Abbey House Gardens í Malmesbury árið 2007. Loks má geta um nýlegt (2008) þrívíddarverk Guðrúnar úr tré fyrir japanskan garð í Bretlandi, gert í japönskum stíl með hangandi „Obi“-lindum.

Skilight, átta háir píramídar á hvolfi.

Raunar má segja að Guðrún hafi verið komin til Japans í huganum áður en hún kom þangað í eigin persónu, ef svo má segja, því áðurnefnt verðlaunaverk hennar Changes frá 1998, gert fyrir Greenham Common-svæðið, er í eðli sínu risavaxið tilbrigði um japanskan origamipappírsskúlptúr af herþotu. Þessi Japansáhrif tengjast öðru höfundareinkenni Guðrúnar, sem vonandi skín í gegnum allt sem hér hefur verið sagt um hana, nefnilega viðvarandi áhuga hennar á hreinum og klárum formum og hlutföllum, öllu því sem stuðlar að góðu innbyrðis skipulagi, léttleika, jafnvægi og samspili, jafnt utan verks sem innan. Eins og margir vita er þetta einmitt einkenni á japanskri þrívíddarmótun, eins og hún birtist til dæmis í verkum nútíma arkitekta þar í landi. Þessu fylgir sparneytni í efnisnotkun, en það er einnig viðhorf sem stendur Guðrúnu nærri.

Guðrún hefur verið búsett á Íslandi frá 2003 og verður fróðlegt að fylgjast með því hvort henni tekst að afla hugmyndum sínum um umhverfistengd þrívíddarverk stuðnings í íslensku myndlistarumhverfi. Alltént hefur hún sambönd sín í Bretland upp á að hlaupa, en þar hefur hún áfram aðgang að vinnuaðstöðu og verkefnum.

ERTU SÍÞREYTT(UR)?

Þekkir þú tilfinninguna að vera þreytt(ur) á óheppilegum augnablikum? ÉNAXIN hjálpar þúsundum manna hvern dag að losna við þreytu, leiða og orkuleysi.

ÉNAXIN er náttúrulegt efni unnið úr öflugum og heilnæmum jurtakjörnum sem gefur þér orku og kraft strax. Mjög áhrifarík mixtúra eða töflur sem virka frá fyrsta degi – prófaðu ÉNAXIN strax í dag.

Þú færð ÉNAXIN í heilsubúðum, apótekum og heilsuhillunum í Fjarðarkaup og Hagkaup.

ÈNAXIN
ORKA BEINT FRÁ NÁTTÚRUNNI

Virkar frá fyrsta degi

Losar þig við þreytu

ÉNAXIN ENERGI & STYRKE

ÉNAXIN er ein vinsælasta heilsuvaran á Norðurlöndunum og nú fáanleg á Íslandi.

Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!
Fréttablaðið er með 106% meiri lestur en Morgunblaðið.

35%
MORGUNBLAÐIÐ

72%
FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðill.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í maí 2009 – júlí 2009.

Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

Sellófon í Danmörku fyrir fimm árum.

SELLÓFON Í ÚTFLUTNINGI Einleikur Bjarkar Jakobsdóttur um húsmóðurina sem vefur sig sellófaninu heima til að ná af sér aukakílóunum er enn á ferð um heiminn: í síðustu viku var hann frumsýndur á Maxim-leikhúsinu í Stokkhólmi, þar á undan setti Ágústa Skúladóttir hann upp í Úkraínu. Verkið hefur nú verið sett upp þrisvar í Svíþjóð og þrisvar á Finnlandi. Tvær aðrar frumsýningar verða á verkinu í vetur en síðar tilkynnt hvar þær verða.

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

Bókmenntir ★★

Fölsk nóta

Ragnar Jónasson

Forvitnileg flétta en vantar dýpt

Ari Þór Arason er ungur háskólanemi sem missti foreldra sína áratug fyrr. Faðir hans og alnafni hvarf sporlaust en móðir hans lést í bílslysi. Dag einn fær Ari Þór kreditkortareikning frá Bretlandi. Í ljós kemur að reikningurinn er í raun ætlaður föður hans. Á þessa leið er söguþráður spennusögunnar Falskrar nótu, fyrstu bókar Ragnars Jónassonar. Þetta er prýðilega hugmynd að fléttu og Ragnar vinnur ágætlega með hana; atburðarásin er sæmilega þétt og endahnúturinn er snyrtilega bundinn.

Akkilesarhæll bókarinnar er hins vegar stíllinn og fábrotin persónusköpun. Textinn er á köflum stirður og persónurnar flatar. Aðalpersónan er heldur bragðdauf. Eins er með aukapersónur, engin þeirra er gædd eigindum sem gera hana eftirtektarverða eða minnisstæðar. Betri persónusköpun og meiri togstreita hefði ljáð bókinni meiri dýpt. Þetta hlýtur að einhverju leyti að skrifast á útgefandann; hann hefði að ósekju mátt vera harðari við höfundinn . Þetta er jú hans fyrsta bók. Fölsk nóta er auðlesin bók og ágæt dægrardvöl sem slík. hann látið rækilega að sér kveða. **Bergsteinn Sigurðsson**

Niðurstaða: Ágæt dægradvöl en skilur ekki mikið eftir sig.

Umdeild
VERK NÍNU SÝND

Nína Sæmundsson myndlistarmaður starfaði lengst af ævi sinni á vesturströnd Bandaríkjanna. Framlag hennar til íslenskrar myndlistar var lengi umdeilt, en nú verður hún metin að verðleikum. Í Gallerí Fold verður opnuð í dag sýning á verkum hennar.


Nína Sæmundsson að vinnu við Hafmeyjuna sína.

MYNDLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Gallerí Fold opnar í dag gáttir sínar og forvitnir geta þar séð nokkur af verkum íslensku myndlistarkonunnar Nínu Sæmundsson. Tilkynning þess efnis að þar yrði uppi frummynd af hinni frægu styttu Nínu, Hafmeyjunni, vakti viðbrögð leiðarahöfunda Moggans. Gamall borgarstjórnarmeirihluti Sjálfstæðisflokksins setti verkið niður í öðrum Tjarnarhólmanum fyrir nærfellt sextíu árum við mikinn kurr margra borgarbúa og listamanna. Svo sterkur var andróður gegn verkinu að á endanum var stungið undir það dínamíti og það sprengt í tætlur í látunum á gamlárskvöld. Sögusagnir voru reyndar um það í bænum að nálægt því hefðu komið aðilar tengdir Mogganum. Löngu seinna var það flutt hingað og sett niður í Smáralind. Lífsferill Nínu hefur lengi verið gáta: hún stökk fram ung að aldri og varð þjóðfræg hér á landi fyrir verk sín. Nína (1892-1965) hóf undirbúningsnám fyrir dönsku Akademíuna í Teknisk skole haustið 1915 fyrir tilstuðlan Holger Wederkinch. Hún stundaði síðan nám við Akademíuna í fjögur ár og tók þátt í sýningu í Charlottenborg 1918. Hún var fígúratífur listamaður á þeim tíma þegar mannslíkaminn var að afmyndast í skynjun listamanna sem lifðu stríðið fyrra.

Nína fór til Bandaríkjanna 1926 til að sýna í Art Center í New York og sneri ekki aftur heim fyrr en 1955, þá 63 ára gömul. Þrátt fyrir að Nína hafi búið lengst af í Bandaríkjunum ásamt sambýliskonu sinni hélt hún þó alltaf í íslenskan ríkisborgararétt sinn. Hún vann að list sinni vestur í Hollywood og seldi verk sín þar víða á þeim stað sem „hefur framar öðrum borgum veraldar gert tilslökun við kröfulítinn meðalsmekk að stóriðju“ eins og Björn Th. Björnsson orðaði það í kafla sínum um Nínu í Íslenskri myndlist.

> Ævisaga Nínu er brot af því undri sem þjóðlíf okkar og örlög margra einstaklinga hafa verið á þessari öld . Hnútar sem virtust óleysanlegir, röknuðu tíðum eins og af sjálfum sér, draumar fátæks barns í hlaðvarpanum heima rættust oft … Björn Th. Björnsson.

Meðal þekktustu verka Nínu má nefna verkið Móðurást sem sett var upp í Mæðragarðinum 1928. Móðurást var fyrsta styttan á opinberum vettvangi sem var sjálfstætt listaverk en ekki minnisvarði. Þá er verkið Afrekshugur sem stendur yfir inngangi Waldorf Astoria-hótelsins í New York einnig þekkt. Það var sett upp eftir að Nína vann samkeppni um gerð merkis fyrir hótelið.


Höggmynd Nínu, Dauði Kleópötru, vakti mikla athygli 1925.

Þörf áminning

Bókmenntir ★★★

Mannlaus veröld

Alan Weisman

Hvað gerist ef sólin rís á mannlausa jörð einn daginn og mannkynið í heild sinni er horfið en alls staðar má sjá ummerki um það? Um það fjallar bókin Mannlaus veröld eftir bandaríska rithöfundinn Alan Weisman. Í bókinni bregður Weisman ljósi á þá staðreynd að maðurinn er ekki herra náttúrunnar heldur hluti, þó að hann hafi beygt hana undir sig að einhverju leyti.

Mannlaus veröld er þörf áminning, kannski óþarflega þörf. Mannkindin hefur þá tilhneigingu að líta á sig sem drottnara jarðarinnar. Weisman fer yfir þróun mannsins, frá því að ein tegund mannapa færði sig úr öryggi skógarins og út á slétturnar, fór síðan að rækta jurtir, halda húsdýr, kveikja eld, smíða verkfæri og á endanum skýjakljúfa og mengandi verksmiðjur.

Weisman tekst vel til í að setja manninn í rétt samhengi. Textinn er lipur og rennur áfram, nánast óaðfinnanlega þýddur af Ísak Harðarsyni. Framvinda bókarinnar er nánast eins og í spennusögu og höfundi tekst að flétta mann inn í sögu sem ætti þó flestum að vera kunn. Hann kann þá list að búa til stemmningu; lesandinn fylgir honum inn í myrkviði forsögulegra skóga, niður í lestargöng og upp á risastórar brýr. Weisman dregur mikinn fróðleik saman og persónugerir hvern kafla með því að kynna til sögunnar nýja rödd; skógfræðinga, sérfræðinga og heimamenn á hverjum stað. Örstuttar persónulýsingar höfundar um raddhljóm og háralit viðmælanda geta verið þreytandi, en bókin verður þó margradda fyrir vikið.

Stærsti kostur bókarinnar er kannski um leið stærsti gallinn. Með því að sýna fram á að ummerki um manninn hverfi á skömmum tíma - nokkur hundruð árum - tekst höfundi að taka manninn af stalli sínum og draga hann niður á jörðina, ef svo má segja. Um leið ýtir hann hins vegar undir þá hugmynd að gjörðir mannsins skipti kannski ekki svo miklu máli eftir allt, jörðin hristi og þurrki óværuna af sér og haldi áfram eins og ekkert hafi í skorist.

Weisman gerir hins vegar vel í að vekja fólk til umhugsunar um vandamálin sem steðja að jörðinni. Hvort allir skrifa undir eitt-barn-á-fjölskyldu-lausnina sem hann stingur upp á skal ósagt látið. Bókin höfðar til ábyrgðar mannsins og ekki veitir af. Hún er því þörf lesning öllum sem byggja þessa jörð. **Kolbeinn Óttarsson Proppé**

Niðurstaða: Þörf lesning öllum

Yfirþjóðlegur fróðleikur

Bókmenntir ★★★★

Frá Evróvisjón til evru

Eiríkur Bergmann

Umræður um Evrópusambandið fara einatt fram á sérstöku tungumáli þar sem gengur á með hugtökum og skammstöfunum sem fæstir vita líklega hvað þýða nema þeir hafi lagt sig eftir því að stúdera uppbyggingu sambandsins ofan í grunninn. Fréttir um rammaáætlanir, framkvæmdastjórn og leiðtogaráð, Lissabon-sáttmála, kol og stál, Rómarsáttmála, EES fara áreiðanlega fyrir ofan garð og neðan hjá flestu fólki.

Oft heyrist kallað eftir því að fræða þurfi almenning um Evrópusambandið svo hann geti tekið upplýsta afstöðu til spurningarinnar um aðild. Bókin bætir úr þessu og er upplýsingarit fyrir almenning, þannig að fólk viti hvaðan á það stendur veðrið þegar ESB ber á góma.

bókin nær þessum tilgangi sínum með sóma, sem er auðvitað hið þarfasta verk. Nú standa yfir aðildarviðræður milli Íslands og ESB. Það á að gera samning sem almenningur þarf að kjósa um og þess vegna er brýnt að koma málinu upp úr skotgröfum þar sem sannfærðir fylgjendur og andstæðingur hafast við.

Eiríkur Bergmann, sem er einn þekktasti Evrópusinni landsins, er hins vegar ekki í neinum skotgröfum í þessari bók heldur í hlutverki alþýðufræðarans og tekur sig ágætlega út sem slíkur. Stíll bókarinnar er yfirleitt knappur og skýr og er það nokkurs virði að hér er sýnt fram á að hægt er að fjalla um málefni tengd ESB á mannamál og á þann hátt að það nýtist flestum þeim sem geta lesið sér til gagns á annað borð.

Eiríkur Bergmann fer í gegnum grundvallaratriði sem tengjast sögu Evrópusambandsins, markmiðum þess og formlegri uppbyggingu fyrr og nú; og líka þeim verkefnum sem aðildarþjóðirnar sameinast um að fela sambandinu að sinna. Tveir kaflar eru sérstaklega helgaðir samskiptum Íslands og Evrópusambandsins, samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og hvaða niðurstöðu Íslendingar geta búist við úr aðildarviðræðum. **Pétur Gunnarsson**

Niðurstaða: Hið þarfasta verk.

Hönnunarsamkeppni um minjagrip fyrir Reykjavík

Reykjavíkurborg og Hönnunarmiðstöð Íslands standa fyrir keppni um hönnun minjagrips fyrir Reykjavík

Keppnin er öllum opin og felst í því að hanna nýjan og einkennandi minjagrip fyrir Reykjavík. Verðlaunatillagan skal endurspegla vörumerki Reykjavíkurborgar, Reykjavík - Pure Energy. Vörumerkið vísar til þeirrar hreinu orku sem sem Reykjavík býr yfir í fleiri en einni merkingu: í náttúrunni, vatninu, menningunni og sköpunarkraftinum. Minjagripurinn verður einkennisgripur Reykjavíkur, seldur víða í borginni.

Verðlaunahafi hlýtur **600.000** kr. verðlaun.

Dómnefnd
Áslaug Friðriksdóttir, formaður Menningar og ferðamálaráðs
Sif Gunnarsdóttir, forstöðumaður Höfuðborgarstofu
Guðrún Erla Geirsdóttir, Menningar og ferðamálaráð
Kristján Örn Kjartansson, arkitekt FAÍ
Tinna Gunnarsdóttir, vöruhönnuður
Hörður Lárusson, grafískur hönnuður FÍT
Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar

Keppnin hefst 14. október. Tillögum skal skila fyrir kl. 17.00, föstudaginn 15. febrúar 2010. Úrslit samkeppninnar verða kynnt á HönnunarMars 2010 en sýning á völdum innsendingum fer fram á sama tíma.

honnunarmidstod.is

HÖFUÐBORGARSTOFA

Hönnunarmiðstöð Iceland Design Centre

Kvikmyndatónlist John Williams

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Fim. 22.10. - Uppselt
Fös. 23.10. - Aukatónleikar



KVIKMYNDATÓNLIST JOHN WILLIAMS

Fös. 23.10.09 » 19:30

· **John Williams:**
Tónlist úr Star Wars, E.T., Raiders of the Lost Ark o.fl.
Michael Krajewski hljómsveitarstjóri

Tónleikarnir fara fram í Háskólabíói

John Williams hefur samið tónlist við fleiri ódauðlegar bíómyndir en nokkur annar fyrr eða síðar og hefur hann verið tilnefndur til alls 45 Óskarsverðlauna. Tónlist hans er oft samin fyrir stóra og glæsilega sinfóníuhljómsveit þar sem spennan nýtur sín til fulls.
Þetta eru tónleikar sem engir áhugamenn um kvikmyndir og góða tónlist mega láta fram hjá sér fara!
Tryggðu þér miða í síma 545 2500 eða á www.sinfonia.is

AÐALSTYRKTARAÐILAR
BORGUN Morgunblaðið

„Megi mátturinn vera með þér“

Obi-Wan Kenobi, Star Wars

AÐ TJALDABAKI



Í Árborg hafa menn verið að velta fyrir sér menningarhúsinu sem þar skal komið fyrir, en slík hús eru nú víðast að koma til sögunnar og þá er bara eftir að koma einhverju starfi þar í gang. Á þriðjudag verður opinn fundur um menningarmál í Árborg á Hótel Selfossi kl. 20. Þar tala Magnús Karel Hannesson, Guðfinna Gunnarsdóttir, Andrés Rúnar Ingason, Gísli Jónsson, og Þorvaldur Guðmundsson. Menntamálaráðherra mun mæta á fundinn. Slagurinn í Flóanum snýst um að nota ónotaða salinn í Hótelinu sem aldrei var kláraður eða byggja nýtt hús – svona 2007 vandamál.

Áhugamaður um menningu þar eystra, Bjarni Harðarson,

bóksali með meiru, hefur nú sent frá sér skáldsögu „úr veruleikanum“, Svo skal dansa. Hún lýsir baráttu kvenna og er sögð hetjusaga hinna snauðu og ættarsaga hinna ættlausu.

Nyrðra styttist í að tvö menningarhús komist í gagnið og er mikil eftirvænting við Eyjafjörðinn þótt enn viti menn ekki vel hvaða starfsemi á að vera í húsunum tveimur og hvort hún á að vera sjálfbær eins og er mikil tíska í menningarráðuneytinu um þessar mundir. Nú er eftir að sjá hvort fjárveitingar til menningarmála í tíð vinstri grænna í því ráðuneyti endi í sjálfbærri þróun.

512 5050 Auglýsingasími

– Mest lesið

listamanna í Galleríi Havarí í Austurstræti 6. Flestir myndirnar eru seldar og verk hans hafa spurst út því margir koma gagngert til að skoða þau. „Mín skoðun á vinsældum hans er að hann málar myndir sem fá fólk til að brosa. Hann málar myndir af karakterum sem fólk þekkir og finnst gaman að hafa uppi hjá sér," segir Sævar. Hann segir mynd af Tinna og félögum í geimfarabúningum vinsælustu myndina og einar tíu þannig hafi selst. „Þær eru náttúrulega ekki allar eins, en það er lítið mál að biðja Ísak um að mála einhver mótíf aftur og aftur. Hann hefur bara gaman af því. Það er áberandi hversu lunkinn hann er í því að teikna sömu persónurnar eftir eigin höfði, en hann vill síður teikna umhverfi eða bakgrunn. Hann hefur ekki teiknað neitt upp úr sjálfum sér enn þá, en það verður spennandi að sjá þegar það gerist."

Afköst Ísaks eru hvílík að þótt myndir hans seljist vel þá bætist við safnið á miklum hraða. „Ísak er mjög fylginn sér, hann setur sér skýr markmið og nær þeim undantekningarlaust. Segir kannski: „Klukkan tvö ætla ég að teikna Tinna og Kolbein", og svo bara einfaldlega gerir hann það. Einhverfan er þannig að það truflar hann ekkert. Það væri alltaf eitthvað að trufla okkur. Við myndum þurfa að fara út í búð, hlusta á fréttirnar eða skreppa á pöbbinn, en Ísak getur setið og málað allan daginn og það truflar hann ekkert. Vegna plássleysis heima þurfum við að skammta ofan í hann blindramma. Hann er að mála þetta 15-20 málverk á viku. Þetta yrði enn þá meira ef við takmörkuðum ekki flæðið. Og þegar hann er ekki að mála þá teiknar hann."

Framtíðin óráðin

Sævar segir að Ísak hafi frá fyrsta degi fengið ákaflega vandaða kennslu og þjálfun í skólakerfinu. „Hann hefur alltaf verið í sérdeildum fyrir einhverfa og það hefur hjálpað honum mikið," segir hann. „Vissulega var það rosa sjokk að eignast fatlað barn, en því fyrr sem maður áttar sig á því og sættir sig við það, því betra. Það er mikilvægt að sá fatlaði fái rétta þjálfun og hjá Ísaki hefur allt verið eins og það á að vera."

> Mér datt í hug að það væri sniðugt ef Listaháskólinn á Íslandi byði upp á deild fyrir fatlaða því það eru margir efnilegir fatlaðir listamenn á Íslandi.

Ísak er nú á tímamótum. „Hann kláraði stúdentinn frá FG í vor. Okkur hefur alltaf tekist að leika næsta leik í framtíð hans, en nú er það snúnara. Ekki er um auðugan garð að gresja hvað varðar nám fyrir fatlaða eftir að menntaskóla lýkur," segir pabbi hans.

Fjölskyldan fór til Danmerkur nýlega til að skoða myndlistarskóla fyrir fatlaða. „Það var mjög áhugavert. Mér datt í hug að það væri sniðugt ef Listaháskólinn á Íslandi byði upp á deild fyrir fatlaða því það eru margir efnilegir fatlaðir listamenn á Íslandi. Ég ræddi við Hjálmar H. Ragnarsson um möguleikann á þessu. Honum leist svo sem ágætlega á hugmyndina en málið strandar auðvitað á skorti á fé."

Framtíð Ísaks er því óráðin. „Hann sækir námskeið tvisvar í viku í Myndlistaskólanum í Reykjavík. Vitanlega viljum við að hann efli enn og þroski þessa hæfileika sína. Hann er bara að verða tvítugur svo það er alltof snemmt að hann fari að vinna. Það er ekkert annað í spilunum en að hann sinni þessu áfram. Þetta er það sem hann er góður í. Hann verður ekki verkfræðingur úr þessu."

➜ EINHVERFA

Samkvæmt nýjustu rannsóknum er einn af hverjum 150 einstaklingum með fötlun á einhverfurófinu, Aspergerheilkenni þar með talið. Þetta þýðir að á Íslandi eru um 2.000 einstaklingar með þessa fötlun. Mikill minnihluti þessara einstaklinga hefur fengið greiningu. Fötlunin er fimm til tíu sinnum algengari meðal drengja en stúlkna.

Núlifandi frægðarmenni með einhverfu eru til að mynda tölvupoppararinn Gary Numan og Craig Nicholls úr áströlsku hljómsveitinni The Vines, tónlistargagnrýnandinn og Pulitzerverðlaunahafinn Tim Page og Satoshi Tajiri, höfundur Pokémon.

Margt sögufrægt fólk hafði einkenni einhverfu, meðal annars stórmenni á borð við Thomas Edison, Albert Einstein, Henry Ford, Mark Twain, Alfred Hitchcock og Andy Warhol.

Frægar einhverfar persónur úr bíómyndum eru meðal annars Forrest Gump, Arnie Grape (leikinn af Leonardo DiCaprio) í What's Eating Gilbert Grape? og Raymond Babbitt (leikinn af Dustin Hoffman) í Rain Man.

Frægir foreldrar sem eiga eða hafa átt einhverf börn eru lagahöfundurinn Burt Bacharach og leikkonan Angie Dickinson, og leikararnir John Travolta og Kelly Preston.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SYKURSÆTIR OG ÞEKKJA EKKI BJARTMAR Hljómsveitin Sykur frá vinstri: Kristján Eldjárn, Halldór Eldjárn og Stefán Finnbogason. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Við erum á undanþágu frá barnaverndarlögum

Hljómsveitin **Sykur** spilar partívæna fimbulorgantónlist og strákarnir þrír í bandinu eru jafn hressir og músíkin. *Dr. Gunni* hitti þá og forvitnaðist um áhuga hljómsveitarmeðlima á Randver leikara, áhrif kreppunnar á stuðið og afleiðingar sykurskattsins.

Frábært eða frábært heitir flunkuný plata frá tríóinu Sykur. Hljómplötuútgáfan Record records gefur út. Hið sykursæta Sykurtríó er skipað Stefáni Finnbogasyni og tveimur Eldjárnum, þeim Halldóri og Kristjáni. Þetta er partí tónlist, sem þykist ekki vera neitt annað, hljóðgervla-knúin og stælleg. Á plötunni eru bæði ósungin lög og sungin. Eitt syngja strákarnir sjálfir, en þeir segjast vera svo slappir söngvarar að þeir fá annað fólk til að syngja. Á nýju plötunni þenja Rakel Mjöll Leifsdóttir úr Útidúr, Katrín Mogensen úr Mammút og Erpur Eyvindarson raddböndin. Strákarnir mæta allir í viðtal. Kristján, sem er tvítugur og „langelstur", kemur fyrstur. Einhvern veginn kemur upp úr dúrnum að hann hefur ekki hugmynd um hver Bjartmar Guðlaugsson er. Ég finn hvað ég er aldurhniginn og finnst að ég sé vanhæfur til að taka þetta viðtal vegna elli. Svo detta hinir tveir í hús, Stefán, sem er sautján ára og Halldór sem er átján. Þeir hafa heldur enga hugmynd um hver Bjartmar er.

Halldór: „Bjartmar? Ég hef reyndar heyrt þetta…"

Kristján: „Erpur var að tala um hann um daginn. Bjartmar er gaurinn þarna sem samdi fullt af lögum sem allir vita hver eru."

H: „Já, alveg rétt, alveg rétt."

Er ekkert mál að koma ykkur inn á skemmtistaðina framhjá dyravörðunum þegar þið eruð að spila?

Stefán: „Jú, við ættum eiginlega að búa til lista yfir alla dyraverðina sem hafa verið leiðinlegir við okkur. Doddi, Palli, Siggi…"

H: „Nei, nei, það er ekkert mál að komast inn þegar við erum að spila. Við segjumst bara vera að spila og þeir hleypa okkur inn."

K: „Þetta varðar samt ef til vill við barnaverndarlög. En ég held samt að það séu undanþágur frá barnaverndarlögum ef maður er að spila."

H: „Við erum með plagg."

Kómísk áhrif frá Randver

Árið 2007, þegar Sykur var að slíta barnsskónum, barðist Halldór ákaft fyrir því að Randver yrði tekinn aftur inn í Spaugstofuna. Hvað klikkaði?

H: „Það tók nú reyndar enginn eftir þessu baráttumáli nema blaðamenn og Stebbi Fr. Hann bloggaði langar færslur um þetta."

K: „Jú víst, þetta vakti víst mikla athygli. Allavega á Akureyri. Þaðan kom gott slagorð: Randver í myndver."

H: „Ég gerði allt sem ég gat. Prentaði út undirskriftarlista og skilaði um 3.000 undirskriftum til Þórhalls, dagskrárstjóra Ríkissjónvarpsins. Boltinn liggur ennþá hjá honum. Þrjú þúsund manns er kannski ekki mikið, en það er mikið fyrir einn leikara í Spaugstofunni."

Heyrðist eitthvað frá Randveri?

H: „Já já, hann hringdi í mig kl. sjö að laugardagsmorgni."

S: „Við höfðum verið að taka upp alla nóttina og vöknuðum einmitt þegar síminn hringdi og þá var bara Randver í símanum."

H: „Hann þakkaði mér kærlega fyrir og sagði að þetta hefði hlýjað sér um hjartaræturnar. Við vorum nýbyrjaðir að þróa okkur áfram í raftónlistinni og þess vegna má segja að Randver hafi haft mikil áhrif. Kómísk áhrif."

Þjóðin skuldar sér jákvæðni

Samkvæmt fréttatilkynningu er Sykur undir áhrifum frá Air, Serge Gainsbourg og Giorgio Moroder. Á meðan við biðum eftir hinum spurði ég Kristján út í þetta og hann hafði ekki hugmynd um hver Moroder er. Er þetta fölsuð fréttatilkynning?

H: „Ég skrifaði þennan lista og þetta eru mínir áhrifavaldar."

S: „Já, þetta er nú bara brot af þeirri tónlist sem við hlustum á."

H: „Við gefum fólki val og báðir kostirnir eru góðir. Annaðhvort er þetta frábært eða frábært. Við viljum virkja það einlæga og jákvæða í fólki."

K: „Á þessum síðustu og verstu."

Finnst ykkur vera skortur á jákvæðni í íslensku samfélagi í dag?

H: „Alla vega skuldar íslenska þjóðin sjálfri sér mjög mikla jákvæðni eftir Gleðibankahrunið."

K: „Við höfum orðið fyrir miklum búsifjum. Það er orðið alveg tvöfalt dýrara að kaupa sér fimbulorgan. Fimbulorgan er það sem Egill Ólafsson kallaði sinðesæsera. Kreppan hafði líka áhrif á okkur þegar verið var að tala um að það ætti að leggja á sykurskatt."

> Það er fátt skemmtilegra en að vera hrósað eftir tónleika. Þó það sé ekki nema eitt lítið hrós frá drukknum tannlækni.

H. „Úff, sá brandari var nú ekki fyndinn lengi. Það voru mjög margir með hann. Komu lúmskir og sögðu við okkur: Jæja, drengir. Gengur ekki bara vel hjá ykkur núna? Og við bara: Ha? Jú jú. Þá drógu menn augað í pung og sögðu: Hva, eru menn ekki bara að græða á tá og fingri. Það er sko að koma sykurskattur. Já já já já, blessaður!"

Er tónlistin ykkar einlæg eða grín?

K: „Einlæg. Hún kemur beint frá hjartanu. Algjörlega."

H: „Við erum aðallega að gera þetta af því að okkur finnst þetta ógeðslega skemmtilegt. Við getum ekki haft ekkert að gera. Eða alla vega ekki ég. Það tekur ekki nema svona tíu prósent af tímanum að vera í skóla."

En eruði þið ekki rosalega svartsýnir út af Icesave-skuldunum?

K: „Nei, nei, Þetta reddast. Ég er bara feginn að vera ekki með einhver lán. Það borgar sig að vera ungur."

H: „Við ættum kannski að halda styrktartónleika fyrir Icesave?"

K: „Vá, hvað það myndi enginn mæta."

Það eru allir Egill Ólafsson

Sykur má setja í flokk með íslensku hljómsveitunum Bloodgroup og FM Belfast. Takiði undir það?

K: „Já, algjörlega. Þau í Bloodgroup eru ótrúlega flink í því sem þau eru að gera."

S: „Og þau hafa líka hjálpað okkur mikið. Bæði með að lána okkur fimbulorgan og hlusta á okkur og gefa okkur ráð. Þau hrósa okkur líka mikið. Það er eitt af því sem heldur manni við efnið. Það er fátt skemmtilegra en að vera hrósað eftir tónleika."

H: „Þó það sé ekki nema eitt lítið hrós frá drukknum tannlækni."

S: „Eða frá Gumma í Stálsmiðjunni…"

K: „Já, hann!"

S: „Það er svona fimmtugur stálsmiður sem mætti á tónleika með okkur. Hann sagðist hlusta mjög mikið á tónlistarmanninn Basshunter."

H: „Svo stóð hann alveg upp við bassaboxið allan tímann. Hann hrósaði okkur í hástert og það bjargaði þeim tónleikum."

Hafiði spilað eitthvað fyrir utan Reykjavík?

H: „Já á Grundarfirði. Þegar maður hefur spilað á Grundarfirði þá er þetta nú bara komið. Þá getur maður hætt á toppnum."

K: „Við höfum spilað á flestum stöðum í bænum. Við náðum meira að segja að spila á Kafka."

S: „Við höfum stundum fengið lúðrasveit Reykjavíkur með okkur á tónleika. Þá er þetta svona lúðrasveitarteknó."

Fulla lúðrasveit?

H: „Já, þau eru alltaf blindfull þegar þau spila með okkur!"

S: „Nei, bara hluta af henni. Kannski svona sjö. Það kemur mjög vel út."

Þið eruð ekkert af krúttkynslóðinni, er það?

H: „Oj, nei."

K: „Við erum samt geðveikt sætir."

H: „Við erum Sykurkynslóðin."

H: „Krúttin skortir sjálfstraust og attitjúd."

Er kannski efnahagshrunið krúttkynslóðinni að kenna vegna þess að hún hafði ekkert sjálfstraust?

H: „Nei. Jón Ásgeir stofnaði ekki Sigur Rós!"

S: „Ég held einmitt ekki að ástæðan fyrir hruninu sé skortur á sjálfstrausti!"

Ef Sykur væri Stuðmenn hver væri þá Jakob og hver væri Valgeir?

H: „Jo bobb bobb! Jo bobb bobb! Ég væri Egill Ólafsson!"

S: „Ég líka!"

K: „Ef við værum Stuðmenn þá værum við allir Egill. Það eru allir Egill Ólafsson."

Þið þekkið sem sé Stuðmenn en hafið ekki hugmynd um hver Bjartmar er?

H: „Bjart-mar?"

S: „Það eru ekki allir Bjartmar."

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓN

OPNUM KL.10

Sama verð í Bónus um land allt

KS FERSKT LAMBAFILLET
2998 kr.kg

KS FERSKT LAMBAPRIME
1998 kr.kg

ÍSLANDSGRÍS PURSTEIK / ÚRBEINAÐ GRÍSALÆRI
FORKRYDDAÐ: TILBÚIÐ Í OFNINN **1298 kr.kg.**

KB FERSKT UNGNAUTAHAKK
MERKT VERÐ 1498 KR.KG. 35% AFSLÁTTUR **974 kr.kg.**

KS FERSKT LAMBALÆRI **HAUSTSLÁTRUN 2009** **1189 kr.kg.**

PAMPERS BLAUTÞURRKUR
72 STK. **259 kr.**

GILLETTE FUSION **598 kr.**
- RAKFROÐA 300 ML **398 kr.**

ES ELDHÚSRÚLLUR 4 STK **259 kr.**

ILMKERTI Í ÁLDÓS AÐEINS
98 kr.stk. *BRUNATÍMI 7-8 KLST.*

BRAZZI APPELSÍNU OG EPLA
1 ltr. **109 kr.**

MYLLU MÖNDLUKAKA 420G **175 kr.**

MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770g **189 kr.**

ES HAFRAMJÖL 1500G
259 kr.



AMERÍSK VÍNBER STEINALAUS
NÝ SENDING **598 kr.kg.**

AMERÍSK MACKINTOSHEPLI
NÝ UPPSKERA 1,36 KG. PAKKNING: **359 kr.**

COKE TILBOÐ 4 FL. x 2 LTR.= 8 LTR. **698 kr.**

50% AFSLÁTTUR
ALLA DAGA
90 kr. 100g

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 **SUNNUD:** 12:00-18:00

SÆLGÆTISBARINN
50% AFSLÁTTUR
ALLA DAGA
90 kr. 100g

ALLTAF GLÖÐ Þau Anna Sigríður Pálsdóttir dómkirkjuprestur og Hjálmar Jónsson, sóknarprestur Dómkirkjunnar, hjálpast oftast að við æðruleysismessurnar – og skemmta sér konunglega. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ó þá náð“ í sveiflandi takti

Þriðja hvert sunnudagskvöld fyllist Dómkirkjan í Reykjavík af tónlist og söng, gleði og innileika. Þau kvöld fara æðruleysismessurnar fram, sem fjöldi fólks má ekki fyrir sitt litla líf missa af. Í forvitni sinni leitaði *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* til prestanna í Dómkirkjunni, þeirra **Önnu Sigríðar Pálsdóttur** og **Hjálmars Jónssonar,** og fékk að vita hvað veldur vinsældunum.

Tónlistin spilar lykilhlutverk í æðruleysismessunum sem um margra ára skeið hafa farið fram þriðja hvert sunnudagskvöld í Dómkirkjunni í Reykjavík. „Við höfum verið svo heppin að hafa þá frábæru bræður, Hörð og Birgi Bragasyni, með okkur frá upphafi,“ segir Hjálmar Jónsson, sóknarprestur Dómkirkjunnar. Hann ásamt dómkirkjuprestinum Önnu Sigríði Pálsdóttir var svo vænn að setjast niður og útskýra fyrir fáfróðum blaðamanni hvað gerir æðruleysismessur svo frábrugðnar öðrum messum. Hann heldur áfram lýsingunni: „Hörður er á píanóinu. Hann tekur til dæmis sálminn „Ó, þá náð að eiga Jesúm“ í sveiflandi takti. Í lok lagsins eru allir komnir á fætur, því það er svo mikið stuð. Og allir syngja með fullum hálsi.“ Af lýsingunni að dæma dettur manni helst í hug einhvers konar gospel-messa. „Nei, nei. Þetta eru bara gömlu góðu sálmarnir sem allir þekkja, gerðir aðgengilegir fyrir almennan söng, þannig að allir geta tekið þátt.“

Glaðværð og einlægni

Allt frá tæplega hundrað upp í þrjú hundruð manns sækja æðruleysismessurnar. „Við byrjum alltaf á æðruleysisbæninni, því þaðan er nafnið á messunni komið,“ útskýrir Anna Sigríður Pálsdóttir. „Alla jafna er svo vitnisburður, þar sem einhver sem farið hefur í gegnum tólf sporin vitnar um það hvernig það hefur haft áhrif á hans líf til góðs. Eftir það höfum við hugleiðingu og oft á tíðum fyrirbæn við altarið. Og svo er mikið sungið – og allir taka þátt í söngnum.“

Og hér grípur Hjálmar inn í: „Við leyfum okkur meiri innileika og meiri gleði í þessum messum en í öðru helgihaldi kirkjunnar. Við þjónum saman, nokkrir prestar og leikmenn, við messurnar. Okkur líður vel að þjóna svona saman því okkur þykir skipta miklu máli hvað við erum nálægt fólkinu. Þarna er yfirleitt fólk saman komið sem margt hefur mikla lífsreynslu, sem það hefur fengið af miklum erfiðleikum og áföllum í lífinu. Þetta eru mjög persónulegar messur. Andi þeirra, glaðværðin og einlægnin, mætti sannarlega breiðast enn betur út um helgihald kirkjunnar.“

Allir velkomnir

Margir tengja æðruleysismessurnar við AA-samtökin, enda er æðruleysisbænin mikilvægur hluti af hefðum samtakanna. Og vissulega hafa margir sem mæta í messurnar farið í gegnum sporin tólf. En tengsl við samtökin eru þó ekkert skilyrði fyrir að mæta. „Margir halda að þeir þurfi að vera í tengslum við AA-samtökin til að koma í æðruleysismessu. Sumir eru meira að segja hræddir við að koma ef þeir eru ekki í samtökunum. Það er stór kjarni sem mætir alltaf og það hafa skapast sterk vinatengsl í hópnum. En það er eðli samfélags sem þess að taka vel á móti öllum þeim sem koma nýir inn. Það eru allir velkomnir,“ segir Anna Sigríður. Hún segir æðruleysisbænina góða lífsspeki fyrir alla, hvort sem þeir eru að fara í gegnum tólf spor AA-samtakanna eða ekki. „Það felst svo mikill sannleikur í æðruleysisbæninni. Að vera óttalaus gagnvart því sem maður getur ekki breytt en hafa enn fremur kjark til að breyta því sem er á valdi manns að breyta. Og svo öðlast þá dómgreind sem þarf til að greina þarna á milli. Þessi bæn er ein af þessum vegvísum til betra lífs.“

Nútímahelgihald

Hin hefðbundna sunnudagsmessa er eftir sem áður mikilvægasti hluti helgihaldsins í Dómkirkjunni. En því fer þó fjarri að æðruleysismessan sé það eina sem er ólíkt hefðbundnu helgihaldi. Undanfarin þrjú ár hefur kirkjan til að mynda verið opin öll fimmtudagskvöld milli klukkan átta og tíu. Það segja þau Hjálmar og Anna Sigríður einnig hafa mælst vel fyrir. „Fólk dettur inn af götunni eða gerir sér ferð hingað ef þannig liggur á því. Stundum er um að ræða fjölskyldur eða vini fólks sem hefur lent í slysi eða einhverju áfalli,“ útskýrir Anna Sigríður. „Þarna ríkir kyrrðin og friðurinn. Fólk kemur hingað á eigin forsendum og getur sest niður í rólegheitunum. Við erum alltaf nálæg og hægt er að koma og tala við okkur, ef fólk hefur þörf fyrir það.“

Í hádeginu á þriðjudögum er svo hádegisbæn, sem nokkur hópur fólks tekur reglulega þátt í. Hjálmar segir því kirkjuna fylgjast vel með tímanum. „Þegar við Anna Sigríður vorum að alast upp var bara um guðsþjónustu og barnamessu að ræða. Í dag er kirkjuhaldið mun fjölbreyttara og það er eitthvað að finna fyrir unga og aldna og alla þar á milli.“

Gefðu því séns

Þau Sigríður og Hjálmar eru sannfærð um að kirkjan hafi mikilvægu hlutverki að gegna á þeim erfiðu tímum sem þjóðin er nú að ganga í gegnum. Hjálmar lýsir sinni skoðun svona: „Við fólk sem segir „ég sæki ekki kirkju þó ég hafi mína barnatrú“ vil ég segja „gefðu því séns“. Og í þjóðfélagi þar sem svo stór hluti telst vera kristinn þætti mér sjálfsagt ef sálfræðingar og geðlæknar bentu fólki sem er trúað á þessa leið. Að það geti unnið í sjálfu sér með því að fara inn í kirkjuna í smá stund og taka þátt í bænastund. Þetta er ein leiðin í okkar samfélagi sem mér finnst að mætti reyna meira á. Ef einhverjum líður illa þá vantar yfirleitt ekki ráð hjá vinahópnum. „Farðu í meðferð, farðu í spa, eða hlauptu á bretti.“ Af hverju ekki að segja: „Farðu í kirkju?““

➜ „ÞAÐ ER BARA EITTHVAÐ VIÐ ÞESSAR MESSUR“

Í hugum margra er tónlistarflutningur bræðranna **Birgis og Harðar Bragasona** órjúfanlegur hluti af æðruleysismessum Dómkirkjunnar. Þeir hafa líka verið viðloðandi þær frá upphafi. „Það er bara eitthvað við þessar messur,“ segir Hörður, spurður þeirrar einfeldnislegu spurningar hvernig standi á því að þeir bræður eyði þriðja sunnudagskveldi hvers einasta mánaðar í messu í Dómkirkjunni. „Stundum erum við örþreyttir á sunnudögum, búnir að vera rosalega duglegir að spila hér og þar alla helgina. Þá skyldi maður ætla að það væri notalegt að gera ekki neitt. En í staðinn förum við þarna niður eftir í æðruleysismessu og snúum aftur endurnærðir og nýir menn.“

BRØDRENE UNDSKYLD Með töfrum sínum ljá bræðurnir Birgir og Hörður Bragasynir hefðbundnum sálmum nýtt líf.

Með Bræðrabandinu, eða Brødrene Undskyld eins og þeir kalla sig, spila ósjaldan aðrir tónlistarmenn. Meðal þeirra sem hafa komið fram eru þau Hjörleifur Valsson fiðluleikari, Anna Sigríður Helgadóttir söngkona, Gunnar Kvaran sellóleikari og fjöldi annarra.

Sumir segja að þeir bræður poppi sálmana upp fyrir messuna. Hörður er ekki alveg á því að sú skilgreining sé sú eina rétta. „Sálmarnir eru vissulega spilaðir öðruvísi en í hefðbundnum messum en þeir hafa farið í sinn eigin farveg. Við erum alls ekki að reyna að poppa þá eða djassa upp, eða gera þá fjörlegri. Við erum ekki að reyna að gera eitt eða neitt. Það myndast bara sérstakt líf í þeim, svo þeir verða öðruvísi, bara alveg af sjálfu sér.“

Ný bók frá höfundi bókarinnar Ljósaskipti „Twiglight“

Nýtt tungl

Heimur Isabellu Swan snýst aðeins um eitt, um Edward Cullen! Hann skiptir hana meira máli en lífið sjálft. En það er jafnvel hættulegra að elska vampíru en Isabella gerði sér í hugarlund. Edward er þegar búinn að bjarga henni úr klóm lífshættulegrar vampíru en þegar allt er fallið í ljúfa löð að nýju, ógnar samband þeirra samt sem áður gervallri tilveru þeirra. Kannski eru vandamálin bara rétt að byrja...

„Nýtt tungl skilur aðdáendurna eftir í andnauð af spennu eftir þriðju bókinni.“

School Library Journal

„„Fólk mun gleypa þetta nýja ævintýri í sig og hungra í meira.“

Booklist

3.990 kr.
~~5.290 kr.~~

*Tilboð gildir til og með 25. október 2009.

Höfundurinn Stephenie Meyer

Stephenie Meyer er þriggja barna móðir frá Phoenix í Bandaríkjunum. Söguþráður bókanna varð til á meðan hún sinnti húsmóðurverkunum og hún skrifaði fyrstu bókina seint á kvöldin þegar heimilisfólkið var komið í háttinn. Bækur Meyer hafa notið mikillar hylli um allan heim. Kvikmyndin ***Twilight*** sem gerð er eftir fyrstu bókinni sló rækilega í gegn og bíða margir aðdáendur spenntir eftir framhaldinu sem er væntanleg í kvikmyndahús.

Ljósaskipti



Ljósaskipti hefur slegið í gegn um allan heim og selst í bílförmum. Bókin er á metsölulista New York Times, á lista Publishers Weekly yfir bestu bækur ársins og útnefnd besta bók áratugarins fram til þessa á úrvalslista Teen People hjá Amazon.

Isabella Swan flytur til smábæjarins Forks þar sem hún kynnist dularfullum og gullfallegum pilti sem reynist vera vampíra.

1.980 kr.
Fylltu í safnið

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872



ÞÉTT FJÖLSKYLDUBÖND Tinna leikur annað tveggja hlutverka leikverksins „Fyrir framan annað fólk“ eftir bróður sinn, Kristján Þórð, á móti manni sínum, Sveini Geirssyni. Verkinu leikstýrir svo eiginkona Kristjáns Þórðar, Melkorka Tekla Ólafsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

París í uppáhaldi

Kristján Þórður og **Tinna Hrafnsbörn** eru ekki bara systkini heldur líka samstarfsfélagar og perluvinir. Tinna leikur eitt af aðalhlutverkunum í leikriti Kristjáns Þórðar, „Fyrir framan annað fólk“, sem sýnt er í Hafnarfjarðarleikhúsinu og hefur fengið glimrandi viðtökur. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* tók systkinin í þriðju gráðu yfirheyrslu.

Nefndu þrjá staði sem þú getur heimsótt aftur og aftur.

Kristján Þórður: París. Aðaldalur í Suður-Þingeyjarsýslu. Skaftafell.

Tinna: Hallormsstaður, Vestfirðir og París.

Ertu orðin/orðinn það sem þú ætlaðir að verða þegar þú yrðir stór?

Kristján Þórður: Já. Það má segja það.

Tinna: Nei, ég ætlaði að verða búðarkona eða snyrtikona eins og ég kallaði það. Kannski á ég það enn eftir. Hvað veit maður?

En hvert er draumastarfið í dag?

Kristján Þórður: Að stunda ritstörf.

Tinna: Að vinna við leiklist, í öllum mögulegum myndum.

Hvað veist þú, sem við hin vitum ekki?

Kristján Þórður: Ýmislegt. Til dæmis hvað áhorfendur hlæja mikið á leiksýningunni „Fyrir framan annað fólk“. Reyndar vita þeir sem eru búnir að sjá sýninguna það líka.

Tinna: Hvernig Hamarinn endar.

Andi birtist og veitir þér þrjár óskir. Hvað biður þú um?

Kristján Þórður: 1) Að hann komi líka til fólks sem mér þykir vænt um, jafn greiðvikinn. 2) Að ég megi hvísla að honum einum helstu óskinni minni. 3) Að hann komi aftur og heimsæki mig eftir ár, jafn bóngóður.

Tinna: Alheimsfrið að sjálfsögðu og réttlæti. Síðasta óskin er leyndarmál.

Hver er mest framandi staðurinn sem þú hefur komið til?

Kristján Þórður: Jamaíka.

Tinna: Hong Kong.

Hvert er þitt uppáhaldsleikverk?

Kristján Þórður: Listaverkið eftir Yasmina Reza.

Tinna: Þessa dagana „Fyrir framan annað fólk“ í Hafnarfjarðarleikhúsinu.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir?

Kristján Þórður: Eiga góða stund með mínum nánustu.

Tinna: Get ekki gert upp á milli þess að vinna við leiklist, ferðast með manninum mínum og njóta samvista með vinum og fjölskyldu.

En það leiðinlegasta?

Kristján Þórður: Lesa fréttir um hörmungar.

Tinna: Að efast.

Hver er leiðin út úr kreppunni?

Kristján Þórður: Hugvit, dugnaður, þolgæði, nægjusemi og lífsgleði.

Tinna: Að læra af mistökum fortíðarinnar.

Eftirlætislykt?

Kristján Þórður: Ilmurinn af birkitrjám eftir rigningu.

Tinna: Lykt af arineldi.

Hver er fyndnasti ættingi þinn?

Kristján Þórður: Litla dóttir mín, Thea Snæfríður.

Tinna: Kristján Þórður. Ekki spurning.

Hvað gerist að loknu þessu jarðlífi?

Kristján Þórður: Hið óþekkta tekur við.

Tinna: Ja, ef ég vissi það…

ÞRIÐJA GRÁÐAN

NAFN OG GÆLUNAFN: Tinna Hrafnsdóttir, stundum kölluð Tinns.

LÍFSFERILLINN Í HNOTSKURN: Það er ekki áfangastaðurinn heldur ferðalagið sem skiptir máli.

NAFN OG GÆLUNAFN: Kristján Þórður Hrafnsson, kallaður KÞH.

LÍFSFERILLINN Í HNOTSKURN: Varð gagntekinn af heimi skáldskaparins sem barn og hef verið það síðan.

BT ALLT AÐ GERAST!

BT ER EINNIG Í ORMSSON SMÁRALIND

facebook

FACEBOOK LEIKUR BT MÚSARINNAR:

ERT ÞÚ EKKI ÖRUGGLEGA VINUR BT MÚSARINNAR?

PACKARD BELL DOT N

FISTÖLVA MEÐ 11,6" HD LED SKJÁ

AMD Athlon 64 L110
2GB DDR2
512MB ATI X1270
250GB Harður diskur
Windows Vista Home Premium

8 GB 5.999

20.000 VERÐLÆKKUN

79.999

BT LÁN 7,7% Til allt að 24 mánaða

99.999

VERBATIM SJÓNVARPSFLAKKARI

500GB MEÐ 10/100 NETKORTI

500GB SATA harður diskur
Full HD 1080i output
LAN 10/100 Mbps
Fjarstýring fylgir

BT LÁN 7,7% Til allt að 24 mánaða

29.999

34.999

PANASONIC 32" LCD

TX-32C10E

32" LCD 16:9
HD ready 1366 x 768
DVB-T móttakari
Contrast 30.000:1
2x HDMI tengi
2x 10W

BT LÁN 7,7% Til allt að 24 mánaða

139.999

spilað & skilað

BT Skeifunni

Búinn með leikinn?

Við kaupum hann af þér!

Komdu með gamla leikinn þinn í BT og fáðu inneignarnótu eða annan leik í staðinn.

INNEIGNARNÓTUR BT GILDA EINNIG Í ORMSSON

Við tökum við PS2 – PS3 – Wii og DS leikjum

BT SKEIFAN - BT SMÁRALIND - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444

EMINEM FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1972.

„Ég er heimskur, ljótur, vitlaus og ég lykta illa. Var ég búinn að minnast á hversu heimskur ég er?“

Eminem er einn vinsælasti rappari sögunnar og hefur selt plötur í bílförmum um allan heim. Hann lék einnig aðalhlutverkið í kvikmyndinni 8 Mile árið 2002 og hlaut Óskarsverðlaunin fyrir lagið Lose Yourself úr myndinni.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 17. OKTÓBER 2003

Færeysk samtök samkynhneigðra

Friðarbogin, fyrstu samtök sam- og tvíkynhneigðra í Færeyjum, voru stofnuð fyrir slétt um sex árum. Yfirlýst markmið samtakanna er að vinna að bættum pólitískum-, menningarlegum og félagslegum réttindum sam- og tvíkynhneigðra Færeyinga.

Samtökin stóðu fyrir fyrstu Gay Pride göngunni í Færeyjum sumarið 2005. Þau eru einnig aðili að ANSO, sambandi samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transgender nemenda meðal norrænna þjóða.

Upphaflegt nafn samtakanna var Ælabogin, sem er færeyska yfir regnboga. Nafninu var breytt eftir að hljómsveit sem ber sama nafn bað samtökin að breyta nafni sínu.

Rasmus Rasmussen, tónlistar- og útvarpsmaður, var einn af stofnendum samtakanna. Í viðtali við vefsíðu Samtakanna '78 í nóvember árið 2006 sagði hann samtökin hafa unnið gott starf í byrjun en stöðugleika vantaði í starfsemi samtakanna, meðal annars vegna þess að flestir stofnmeðlima hefðu flust til útlanda.

MERKISATBURÐIR

1091 Hvirfilbylur skellur á miðborg Lundúna með þeim afleiðingum að tveir láta lífið.

1610 Loðvík XIII. er krýndur konungur Frakklands.

1755 Kötlugos hefst með miklu jökulhlaupi og öskufalli og er talið mesta öskugos í Kötlu á sögulegum tíma. Gosið stendur fram í febrúar.

1941 Ellefu bandarískir hermenn farast þegar þýskur kafbátur skýtur á bandarískan tundurspilli vestur af Íslandi. Þetta eru fyrstu bandarísku hermennirnir sem farast í seinni heimsstyrjöld.

1987 Brasilísk hjón eru tekin föst í Hveragerði með 450 grömm af kókaíni. Þetta var mesta magn kókaíns sem þá hafði fundist í einu lagi á Íslandi.

Fagnar 50 ára söngafmæli

Hjördís Geirs söngkona heldur tvenna tónleika í Salnum í Kópavogi á morgun í tilefni af fimmtíu ára söngafmæli sínu.

Þar verður farið yfir söngferil Hjördísar undanfarin fimmtíu ár. Henni til halds og trausts verða meðal annars Hera Björk dóttir Hjördísar, Friðrik Ómar, Labbi í Mánum, systur Hjördísar, Brynhildur og Úlfhildur, og fleiri. Hljómsveitarstjóri verður Pálmi Sigurhjartarson, sem mætir með vaska sveit sér við hlið.

Hjördís hefur gert víðreist á árinu og meðal annars haldið tónleika á Selfossi og nágrenni, Drangsnesi, Laugum í Reykjadal og í Ráðhúsinu í Reykjavík. Hápunkturinn eru tónleikar sem Hjördís heldur í Salnum.

Í HÁLFA HÖLD Hjördís Geirs fagnar fimmtíu ára söngafmæli með tvennum tónleikum í Salnum á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Uppselt er á tónleikana á morgun klukkan 20. Sérstakir aukatónleikar verða á morgun klukkan 16.

MINNAST JÓHANNS Harpa Cilia, ekkja Jóhanns, og Jóhann Pétur yngri vilja halda minningu Jóhanns Péturs eldri á lofti og halda áfram baráttu hans fyrir bættri stöðu fatlaðra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

MINNINGARSJÓÐUR JÓHANNS PÉTURS SVEINSSONAR: HELDUR STYRKTARKVÖLD

Halda áfram baráttu Jóhanns

Jóhann Pétur Sveinsson, lögfræðingur og formaður Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, hefði orðið fimmtugur á þessu ári. Af því tilefni býður stjórn Minningarsjóðs Jóhanns Péturs landsmönnum að fagna þessum tímamótum á afmælis- og styrktarkvöldi á Kringlukránni í kvöld.

„Við stofnuðum minningarsjóðinn ári eftir lát Jóhanns Péturs með það að markmiði að halda minningu hans á lofti og til að halda áfram þeirri baráttu sem hann hóf undir orðunum Samfélag fyrir alla,“ segir Harpa Cilia Ingólfsdóttir, ekkja Jóhanns Péturs, sem lést aðeins 35 ára gamall. Tilgangur sjóðsins er að styrkja hreyfihamlaða einstaklinga til náms með ýmsu móti og einnig að styrkja einstök málefni varðandi aðgengi fatlaðra.

Jóhann Pétur Sveinsson var einn af merkari mönnum samtímans og brautryðjandi á sinn hátt. Hann fæddist 18. september 1959 og fyrsta hluta ævinnar dvaldi hann meira og minna á spítölum sökum barnaliðagigtar en stundaði nám og félagslíf engu að síður. Hann braust í gegnum menntakerfið og ruddi þannig úr vegi margvíslegum hindrunum sem á þeim tíma komu í veg fyrir að hreyfihamlaðir einstaklingar hefðu aðgengi að ýmsum menntastofnunum. Hann lauk lagaprófi frá Háskóla Íslands og framhaldsprófi í félagsrétti frá Óslóarháskóla.

Jóhann Pétur rak lögmannastofu á Seltjarnarnesi ásamt félaga sínum. Hann var formaður Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, og beitti sér kröftuglega í þágu mannréttinda. Þá barðist hann ötullega fyrir „þjóðfélagi án þröskulda“ og fékk meðal annars þáverandi borgarstjóra, Davíð Oddsson, til þess að ferðast um í hjólastól daglangt til þess að hann mætti kynnast því hvernig ferlimálum fatlaðra væri háttað í borginni. Hann var einnig harður í stjórnmálum og gegndi til að mynda formennsku í Framsóknarfélagi Seltjarnarness um árabil. Sem sönnum Skagfirðingi var honum söngur í blóð borinn og söng hann með Skagfirsku söngsveitinni um árabil og einnig með sönghópnum Veirunum.

Til að halda minningu Jóhanns Péturs á lofti verður eins og áður sagði haldið styrktarkvöld í kvöld. „Við verðum með hliðarsalinn á Kringlukránni og hefst skemmtunin klukkan níu. Þar munu einhverjir segja skemmtilegar sögur en annars snýst þetta bara um að koma saman og gleðjast í minningu Jóhanns Péturs,“ segir Harpa og tekur fram að allir séu velkomnir, enginn aðgangseyrir sé rukkaður en fólki sé gefinn kostur á að styrkja minningarsjóðinn.

Næsta úthlutun úr sjóðnum verður á Alþjóðadegi fatlaðra 3. desember 2009. Er það ósk Hörpu og annarra stofnenda sjóðsins að mögulegt verði að veita styrki á hverju ári. Þeim sem vilja styrkja sjóðinn er einnig bent á bankareikning nr. 342-18-640098. Kennitala er 570269-2169. **solveig@frettabladid.is**

†

Elskulegur faðir minn, bróðir okkar og mágur,

Guðjón Sigurðsson

Eskihlíð 26, Reykjavík,

er lést þriðjudaginn 6. október sl. verður jarðsunginn mánudaginn 19. október frá Garðakirkju, Álftanesi.

Anna Björg Guðjónsdóttir
Rafn Sigurðsson
Jónfríður Sigurðardóttir
Guðmunda Lilja Sigvaldadóttir
og aðrir aðstandendur.

Guðrún Nielsen
Ólafur Nielsen
Helga Nielsen

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Ævar Sigfússon

fv. verkstjóri og fiskmatsmaður
frá Bergholti Raufarhöfn,

lést á líknardeild Landspítalans 10. október. Útförin fer fram frá Garðakirkju mánudaginn 19. október kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á LAUF, Landssamtök áhugafólks um flogaveiki.

Linda Björk Ævarsdóttir **Kristján Steinar Kristjánsson**
Þórunn Elfa Ævarsdóttir **Björn Sigurðsson**
og barnabörn.

Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson · Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

AFMÆLI

ZIGGY MARLEY tónlistarmaður er 41 árs í dag.



ZAC EFRON leikari er 22 ára í dag.

KIMI RÄIKKÖNEN ökuþór er þrítugur.

WYCLEF JEAN tónlistarmaður er 37 ára í dag.

Bragðgóð barátta

Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra veitti bókinni Bragð í baráttu viðtöku fyrr í vikunni á Krabbameinsfélagi Íslands.

„Rannsóknir áætla að hægt sé að koma í veg fyrir um þriðjung krabbameinstilvika með réttu mataræði, hreyfingu og með því að halda sér nærri kjörþyngdarmörkum," segir Oddur Benediktsson, formaður krabbameinsfélagsins Framfarar, í formála bókarinnar Bragð í baráttunni – matur sem vinnur gegn krabbameini. Eins og nafnið gefur til kynna inniheldur bókin uppskriftir og upplýsingar um matargerð sem á að hjálpa fólki að verjast krabbameini. Höfundar hennar eru Richard Béliveau, prófessor í lífefnafræði, sem hefur verið leiðandi við rannsóknir á krabbameini í Kanada, og Denis Gungras, sérfræðingur í sameindalíffræði. Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra veitti fyrsta eintakinu viðtöku í sal Krabbameinsfélags Íslands.

Bókin er gefin út af JPV að frumkvæði krabbameinsfélagsins Framfarar sem styrkti útgáfuna. Aðrir sem veittu styrk voru Helga Hjörvar til minningar um Úlf Hjörvar, heilbrigðisráðuneytið undir stjórn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, Krabbameinsfélag Íslands, Krabbameinsfélag Reykjavíkur og Ljósið.

MATUR GEGN KRABBAMENI Guðrún Agnarsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélags Íslands, og Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra með bókina ráðagóðu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Menningarganga í Hveragerði

Bókasafnið í Hveragerði og Listasafn Árnesinga efna á morgun til menningargöngu um Hveragerði undir yfirskriftinni Heitir þræðir í Hveragerði.

Í göngunni verða fjórir staðir valdir sem útgangspunktar. Á hverasvæðinu mun Soffía Valdimarsdóttir þjóðfræðinemi fjalla um ímynd svæðisins. Varmahlíðarhúsið er næsti viðkomustaður þar sem Jóhanna Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi í Hveragerði, mun segja frá. Við Reykjafoss í Varmá mun Njörður Sigurðsson sagnfræðingur meðal annars rekja sögu ullarþvotta. Í Fagrahvammi mun Helga Sigurðardóttir garðyrkjubóndi segja frá þessari elstu gróðrarstöð bæjarins.

Hlíf Arndal og Inga Jónsdóttir leiða gönguna og sýningarspjallið. Verkefnið er styrkt af Menningarráði Suðurlands.

Menningargangan hefst við hverasvæðið, í gestamótökunni, klukkan 13 og lýkur í Listasafni Árnesinga með spjalli um yfirstandandi sýningar, Þræddir þræðir og Einu sinni er.

MENNING Listasafn Árnesinga er einn þeirra staða sem verða heimsóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

†

Elska mamma okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigurbjörg Sigvaldadóttir

Sjávargrund 4a, Garðabæ,

lést 14. október. Jarðsungið verður frá Garðakirkju föstudaginn 23. október kl. 11.00.

Hanna Stefánsdóttir
Jón Guðlaugsson
Sigrún Stefánsdóttir
Sigþór Sigurjónsson
Bylgja Eybjörg Stefánsdóttir
Stefán Sigurður Stefánsson
Guðfinna Baldvinsdóttir
Guðný Stefánsdóttir
Agnar Agnarsson
ömmubörn og langömmubörn.

Okkar ástkæri eiginmaður, faðir og vinur,

Anton Galan

sem varð bráðkvaddur við veiðar hinn 8. október, verður kvaddur í Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 19. október kl. 15.00.

Hadda Sigríður Þorsteinsdóttir
Sigrún Antonsdóttir
Guðmundur Steinþór Jakobsson

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Árni Grétar Finnsson

hæstaréttarlögmaður, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 11. október. Jarðarförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 21. október kl. 15.00.

Sigríður Oliversdóttir
Lovísa Árnadóttir
Viðar Pétursson
Finnur Árnason
Anna María Urbancic
Ingibjörg Árnadóttir
Jónas Þór Guðmundsson
Sigríður Erla, Pétur, Davíð, Finnur Árni, Árni Grétar, Ebba Katrín, Oliver Páll, Viktor Pétur, Guðmundur Már, Lovísa Margrét og Stefán Árni.

†

Ástkær sambýliskona mín og móðir,

Hugrún B. Þórarinsdóttir

Skarðsbraut 4, Akranesi,

verður jarðsungin frá Akraneskirkju mánudaginn 26. október kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sjúkrahús Akraness.

Birgir S. Elínbergsson
Elísabet Jónatansdóttir.

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Sonju Jóhönnu Kristjánsdóttur

Hrauntungu 99, Kópavogi.

Svavar Benediktsson
Díana Jóhanna Svavarsdóttir
Guðmundur Þ. Eyjólfsson
Þorvaldur Svavarsson
Sigrún Erla Gísladóttir
Kristján Jónas Svavarsson
Edda Dan Róbertsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Björgvin S. Sighvatsson

fyrrv. skólastjóri á Ísafirði,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut að kvöldi miðvikudagsins 14. október sl. Útför verður auglýst síðar.

Jóhanna Sæmundsdóttir
Sighvatur Björgvinsson
Björk Melax
Elín K. Sighvatsdóttir
Sigþór Guðmundsson
Björgvin S. Sighvatsson
Dóra Gunnarsdóttir
Rúnar Sighvatsson
Alma Kovac
Bryndís Mavrou
Nicolas Mavrou
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Rósa Geirþrúður Halldórsdóttir

Rjúpufelli 31, Reykjavík,

sem lést þriðjudaginn 13. október á Landakotsspítala, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 23. október kl. 15.00.

Rósa Sigríður Sigurðardóttir
Þorleifur Már Sigurðsson
Dóra Guðný Sigurðardóttir
Jón Harry Óskarsson
Elmar Örn Sigurðsson
Tinna Sigurðsson
Kristján Guðni Sigurðsson
Heimir V. Pálmarsson
Emil Thorarensen
ömmubörn og langömmubörn.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, systir og amma,

Susie Bachmann

Depluhólum 10, Reykjavík,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir sunnudaginn 4. október. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 19. október kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Samband íslenskra kristniboðsfélaga og Styrktarsjóð Susie Rutar.

Páll Friðriksson
Stefán Jóhann Pálsson
Kristín Lilliendahl
Regína Gréta Pálsdóttir
Einar Sveinn Hálfdánarson
Páll Heimir Pálsson
Bryndís Skaftadóttir
Gréta Bachmann
Magnús Kristinsson
og barnabörn.

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna fráfalls ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa, sonar og bróður,

Gunnlaugs S. Sigurðssonar

iðnrekanda, Hlégerði 3, Kópavogi,

sem lést aðfaranótt 23. september á Landspítalanum Hringbraut. Viljum við jafnframt þakka starfsfólki krabbameinsdeildar 11 E og hjúkrunarfræðingum Karitas fyrir stuðninginn og hlýlegt viðmót gagnvart Gunnlaugi og aðstandendum.

Gíslunn Arngrímsdóttir
Sigurður, Bergþóra og Hulda Gunnlaugsbörn
Gísli Einarsson
afastrákarnir
Arnþrúður M. Jóhannesdóttir
Sigurður Gunnlaugsson
Aðalbjörg, Hulda, Sigurlaug og Margrét Sigurðardætur

Legsteinar og fylgihlutir

• Mikið úrval
• Yfir 40 ára reynsla
• Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Dúndur
útsölumarkaður
Skeifunni 17
Buxur
2.500,-
Jakkar
5.000,-
Toppar
1.500,-
Barnaföt
500,-
Kjólar
3.000,-
Peysur
2.000,-
Jólapappír og jólakort á klink!
next
8.- 25. október
Opið 12 - 18 alla daga

NOKKUR ORÐ
Atli Fannar Bjarkason

Raunir B-manns 3: Átakið

Ég er kominn í átak. Fyrsta skrefið er að minnka snúsfjölda niður í eitt á morgni. Vekjaraklukkan byrjar að hringja klukkan átta og ég á sem sagt að vera kominn á lappir klukkan níu mínútur yfir. Nema á mánudögum, þá má ég snúsa tvisvar. Umbreytingin er hafin og ég stefni á að vera orðinn A-maður um áramót.

Átakið hófst á miðvikudegi og árangurinn var undraverður. Þrjá daga í röð var ég kominn á lappir á tilsettum tíma. Mér tókst að hella upp á kaffi, fara í sturtu, taka vítamín, borða ristað brauð og drekka appelsínusafa *áður* en ég lagði af stað í vinnuna. Með öðrum orðum: Mér býður við sjálfum mér.

Það er erfitt að segja bless við sjálfan sig. Það var eitthvað spennandi við að fara að sofa án þess að vita hvenær mér tækist að rífa mig á fætur. Ég var tifandi tímasprengja og vissi aldrei hversu mörg snúsin yrðu. Var ég að fara að snúsa fimm sinnum? Sjö sinnum? Eða var ég að fara að slökkva á báðum vekjaraklukkunum og sofa þar til yfirmaðurinn hringdi – með þrútnar æðar af ólgandi bræði?

Í dag er spennan fólgin í óvissunni. Ég er ekki byrjaður að fagna sigri og B-maðurinn gæti bankað á dyrnar hvenær sem er; svangur, þreyttur og úrillur. Eitt veit ég þó, það að vinna frá níu til fimm er tærasta form fasisma í lífi B-manns, sem þarf ekki að líða annað ofbeldi. Þegar klukkan slær níu á Íslandi á veturna er ekki kominn dagur. Það er staðreynd. Við mætum í vinnu á næturnar í staðinn fyrir að breyta klukkunni þannig að það verði komin birtuglæta þegar vekjaraklukkan hringir.

myndasögur

Pondus — Eftir Frode Øverli

Gelgjan — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið — Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar — Eftir Patrick McDonnell

Barnalán — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Göngudagar

20%

afsláttur af öllum gönguskóm frá fimmtudegi til sunnudags. Öll helstu merkin í gönguskóm.

MEINDL · THE NORTH FACE · SCARPA · LOWA

HOLTAGÖRÐUM ∘ GLÆSIBÆ ∘ KRINGLUNNI ∘ SMÁRALIND ∘ SÍMI 545 1500

ÚTILÍF

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 47651 10/09

Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar

Eyþór Árnason hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2009. Aðrir sem áttu handrit í keppninni eru beðnir að vitja þeirra á skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar sem fyrst eða fyrir 15. janúar 2010. Einnig er unnt að fá handrit send í póstkröfu. Gefa þarf upp dulnefni. Aðeins var opnað umslag með nafni vinningshafa.

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar,
Ingólfsnausti - Vesturgötu 1,
101 Reykjavík,
menning@reykjavik.is

VERTU MEÐ!

www.raudikrossinn.is/reykjavik
sími: 545-0407 og netfang: urkir@redcross.is

Rauði krossinn í Reykjavík
Ungmennadeild

Austmenn í Íslenskri grafík

Hinn 10. þessa mánaðar var opnuð sýning á verkum tveggja myndlistarmanna í sal Íslenskrar grafíkur í Hafnarhúsinu – Miðbakkamegin. Þeir koma báðir að austan í tvennum skilningi. Richard Valtingojer er fæddur í Bolzano undir Brennerskarði 1935. Hann stundaði nám í Graz og Vín og á áttunda áratugnum hjá Paul Weber í Þýskalandi. Hann hefur haldið einkasýningar víða um lönd en hefur um árabil verið búsettur á Stöðvarfirði. Hann sýnir nú grafíkverk sem mörg sækja efni sitt á ströndina.

Zdenek Patak er fæddur í Prag 1979. Hann er menntaður grafískur hönnuður í Prag og Reykjavík, en hann fluttist hingað til lands 2007. Hann býr líka á Stöðvarfirði og sýnir hér stórar teikningar sem endurspegla návist stórra fjalla þar austur frá sem hann segir hafa gotneskt yfirbragð.

Sýning þeirra félaga verður opin frá fimmtudegi til sunnudags í sal Íslenskrar grafíkur til 1. nóvember.

MYNDLIST Teikning eftir Zdenek Patak úr röð hans Steinn og fjall.
MYND/ÍSLENSK GRAFÍK-ZEDENEK PATAK



MYNDLIST Ríkharður Valtingojer við vinnu sína en hann hefur haft ómæld áhrif á þróun íslenskrar grafíklistar með kennslu sinni. MYND/ÍSLENSK GRAFÍK

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 17. október 2009

Tónleikar

16.00 Söngkonan **Liv Skrudland** og sellóleikarinn **Karin Nielsen** flytja norsk og íslensk lög á tónleikum í **Gljúfrastein**, húsi skáldsins í Mosfellsdal.

20.30 **Skúli Sverrisson** bassaleikari verður með tónleika í **Þjóðmenningarhúsinu** við Hverfisgötu 15.

22.00 **Hvanndalsbræður** verða á **Kaffi Rósenberg** við Klapparstíg.

Opnanir

15.00 Í **Galleríi Fold** við Rauðarárstíg 12-14 opna tvær sýningar.

Hús: Heimili: Ljósmyndasýning **Lilju Krisjánsdóttir** og **Ingunnar Jónsdóttur**.

Hafmeyjan: sýning á verkum **Nínu Sæmundsson**. Opið mán.-fös. kl. 10-18, lau. kl. 11-16 og sun. kl. 14-16.

16.00 **Valgarður Gunnarsson** opnar sýningu í **Studio Stafni** við Ingólfsstræti 6. Opið alla daga nema mánudaga kl. 14-17.

17.00 **Gjörningaklúbburinn** opnar sýninguna **„Svartir svanir“** í **Kling & Bang** galleríi við Hverfisgötu 42. Opið fim.-sun. kl. 14-18.

15.00 Tíu listamenn opna sýninguna **„Fokhelt“** í tveimur samliggjandi fokheldum raðhúsum að **Breiðakri** 17-19 í Garðabæ. Opið sun. kl. 12-16. Nánari upplýsingar á www.this.is/fokhelt.

Dansleikir

Papar verða með dansleik í félagsheimilinu **Miðgarði** í Skagafirði. Sérstakur gestur verður **Gylfi Ægisson**.

Von og **Sigga Beinteins** verða á Skemmtistaðnum **Spot** við Bæjarlind í Kópavogi.

Sýningar

Danski myndlistarmaðurinn **John Krogh** hefur dvalið á **Gullkistunni** að Bjarkarbraut 6 á Laugarvatni. Hann verður með opna vinnustofu þar í dag kl. 14-16. Allir velkomnir.

Markaðir

Íbúasamtökin **Betra Breiðholt** standa fyrir markaði í göngugötunni í verslunarkjarnanum **Mjóddinni**, milli kl. 11 og 14 í dag.

Íslenskir fatahönnuðir selja vörur sínar í **Veltusundi** 1 (í kjallaranum fyrir neðan Einar Ben). Opið lau. og sun. kl 11-21. Aðeins þessa helgi.

Kvikmyndir

16.00 **Kvikmyndasafnið** sýnir kvikmynd leikstjórans Frank Beyer **„Spur der Steine“** (1966), í **Bæjarbíói** við Strandgötu í Hafnarfirði. Nánari upplýsingar á www.kvikmyndasafn.is.

Dagskrá

14.00 **Vinjettuhátíð**, dagskrá með upplestri og tónlist, verður haldin í salnum Tónkvísl við hliðina á gamla Lækjarskóla í Hafnarfirði. Meðal þeirra sem fram koma eru **Ármann Reynisson**, **Ingibjörg Einarsdóttir**, sigurvegarar úr **„Stóru upplestrarkeppninni“**, **Hjörleifur Valsson** og **Þórður Marteinsson**. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.

Leikrit

15.00 **Svanlaug Jóhannsdóttir** flytur einsöng-leikinn **„Hvað er bak við ystu sjónarrönd...“** í **Þjóðmenningarhúsinu** við Hverfisgötu 15. Flutningur fer fram á ensku. Nánari upplýsingar á www.thjodmenning.is.

Listamannaspjall

14.00 listakonurnar **Julia Staples** og **Lana Vogestad** taka á móti gestum og leiða um sýningu sýna **„No Man's Land“** í **Lost Horse** Gallery við Vitastíg 9a. Tónlistaratriði verða í tengslum við Airwaves-hátíðina og boðið upp á ís.

Sunnudagur 18. október 2009

Tónleikar

17.00 **Erla Björg Káradóttir** sópran og **Jón Ólafur Sigurðsson** organisti halda tónleika í **Hjallakirkju** við Álfaheiði í Kópavogi. Á efnisskránni verða verk eftir J.S. Bach, D. Buxtehude, F. Mendelssohn og J. Clarke. Aðgangur er ókeypis.

Heimildarmyndir

13.30 Sérstök styrktarsýning verður í **Háksólabíói** við Hagatorg á heimildarmynd **Birtu Fróðadóttur „Rajeev Revisited“**. Aðgangseyrir mun renna óskiptur til Hjálparstarfs kirkjunnar.

Sýningar

Brúðkaupssýning verður haldin í **Lionssalnum Lundi** að Auðbrekku 25-27 kl. 13-17. Nánari upplýsingar á www.salur.is.

Dansleikir

Danleikur **Félags eldri borgara** í Reykjavík og nágrenni verður haldinn að **Stangarhyl 4** kl. 20-23.30. **Borgartríó leikur** fyrir dansi.

Dagskrá

14.00 Í Menningarmiðstöðinni **Gerðubergi** (Gerðubergi 3-5) verður flutt dagskrá í tilefni af opnun sýningar um skáldkonuna **Höllu Eyjólfsdóttur**.

Leiðsögn

15.00 **Ólöf K. Sigurðardóttir** verður með leiðsögn um sýninguna **„Lífróður - föðurland vort hálft er hafið“** sem nú stendur yfir í **Hafnarborg** við Strandgötu í Hafnarfirði.

15.00 **Goddur** verður með leiðsögn um sýninguna **„Aftur heim til Írlands“** sem nú stendur yfir í **Gerðarsafni** við Hamraborg í Kópavogi.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

2009 | GERÐUBERG Menningarmiðstöð

Sýning, tónlist, ljóðalestur og fróðleikur í Gerðubergi sunnudaginn 18. október kl. 14-16

Sýningarstjóri: Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, sagnfræðingur

Listrænn stjórnandi tónlistardagskrár: Nína Margrét Grímsdóttir, pianóleikari

SVANURINN MINN SYNGUR

EFNISSKRÁ | Óður til Höllu Eyjólfsdóttur, skáldkonu (1866-1937)

14:00 – 14:05 Inngangsorð: Nína Margrét Grímsdóttir, listrænn stjórnandi tónlistardagskrár

14:05 – 14:20 Sigvaldi Kaldalóns / Halla Eyjólfsdóttir: Hvíslingar • Inngangur • Lögin fögru • Til Kaldalóns • Ég gleymi því aldrei

Flytjendur: Nathalía Druzin Halldórsdóttir, mezzózópran, Gissur Páll Gissurarson, tenór, Nína Margrét Grímsdóttir, píanó.

14:20 – 14:30 Um samspil tóna og ljóða I: Elín Gunnlaugsdóttir, tónskáld

14:30 – 14:40 Sigvaldi Kaldalóns / Halla Eyjólfsdóttir: Garðurinn minn • Máninn • Hvað býr í stjörnunum? • Maríubæn

Flytjendur: Nathalía Druzin Halldórsdóttir, mezzózópran, Gissur Páll Gissurarson, tenór, Nína Margrét Grímsdóttir, píanó.

14:40 – 14:50 Barnagælur • Jórunn Viðar / Þjóðvísur Maríuljóð • Hildigunnur Rúnarsdóttir / Vilborg Dagbjartsdóttir Ég vil lofa eina þá • Bára Grímsdóttir / Gamalt helgikvæði

Flytjendur: Graduale Nobili, stjórnandi Jón Stefánsson.

Heiðursgestur: Jórunn Viðar, tónskáld.

14:50 – 15:10 HLÉ

15:10 – 15:20 Jórunn Viðar: Tilbrigði um íslenskt þjóðlag (1964)

Flytjendur: Margrét Árnadóttir, selló, Nína Margrét Grímsdóttir, píanó.

15:20 – 15:35 Sigvaldi Kaldalóns / Halla Eyjólfsdóttir: Samtal fuglanna • Æ! Hvar er blómið blíða • Hinsta kveðjan • Mig langar að fljúga • Vorvísur

Flytjendur: Nathalía Druzin Halldórsdóttir, mezzózópran, Gissur Páll Gissurarson, tenór, Nína Margrét Grímsdóttir, píanó.

15:35 – 15:45 Um samspil tóna og ljóða II: Elín Gunnlaugsdóttir, tónskáld.

15:45 – 15:55 Sigvaldi Kaldalóns / Halla Eyjólfsdóttir: Svanurinn minn syngur • Æska mín • Ég lít í anda liðna tíð

Flytjendur: Nathalía Druzin Halldórsdóttir, mezzózópran, Gissur Páll Gissurarson, tenór, Nína Margrét Grímsdóttir, píanó.

15:55 – 16:00 Opnun sýningarinnar *Svanurinn minn syngur*. Sýningarstjóri: Guðfinna M. Hreiðarsdóttir.

Menningarmiðstöðin Gerðuberg • Gerðubergi 3-5 • 111 Reykjavík • sími 575 7700 • gerduberg@reykjavik.is • www.gerduberg.is

40% afsláttur

GOÐI

OFNSTEIK M/ DÖNSKUM BLÆ

1.348 kr/kg

~~2.247~~ kr/kg

Ódýrt að versla!

30% afsláttur

NAUTAPOTTRÉTTUR

1.259 kr/kg

~~1.798~~ kr/kg

FERSKUR, HEILL KJÚKLINGUR

475 kr/kg

~~698~~ kr/kg

32% afsláttur

BJÚGU, 4 stk.

398 kr/kg

~~498~~ kr/kg

40% afsláttur

GOÐI

KJÖTBOLLUR, FROSNAR

599 kr/kg

~~998~~ kr/kg

BILLYS PAN PIZZA 170g
original eða pepperoni

247 kr/stk.

~~298~~ kr/stk.

KJÚKLINGABRINGUR, 900g

1.398 kr/pk.

KJÚKLINGALUNDIR, 700g

1.298 kr/pk.

DEKRAÐU VIÐ BÍLINN!

29% afsláttur

TURTLE BÍLABÓN 118ml
2/pk.

255 kr/pk.

~~359~~ kr/pk.

BÍLASVAMPUR

175 kr/stk.

36% afsláttur

ASTONISH
anti-fog rúðuhreinsir
mælaborðahreinsir
áklæðahreinsir
dekkjahreinsir
felguhreinsir

249 kr/stk.

~~389~~ kr/stk.

www.markhonnun.is

Birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda 16. - 18. október eða meðan birgðir endast

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

nettó

Ódýrt fyrir heimilið!

> REKIN FYRIR AÐ VERA OF FEIT

Tölvuunnar myndir af fyrirsætunni Filippu Hamilton í auglýsingu fyrir Ralph Lauren hafa vakið töluverða athygli vestanhafs. Ljósmyndin lætur fyrirsætuna líta út fyrir að vera með mjaðmir sem eru grennri en þvermál höfuðsins. Filippa hefur sagt í fjölmiðlum að hún hafi verið rekin frá Ralph Lauren fyrir að vera feit en þó myndi hún teljast hraustleg og grönn kona í hinum raunverulega heimi.

stíll

utlit@frettabladid.is

Þessi dásamlega ullarkápa lífgar upp á veturinn og fæst í Fabelhaft, Laugavegi.

OKKUR LANGAR Í ...

Flottara augnskuggabox höfum við sjaldan séð. Fullkomið fyrir partíhelgina. Frá Bobbi Brown.

Falleg og drottningarleg handtaska frá Vivienne Westwood. Fæst í KronKron.



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

Vertu alvöruvampíra í vetur

Á hverju hausti er einn sjónvarpsþáttur sem allir verða að horfa á og í þetta sinn virðist það vera vampíruþátturinn True Blood sem hefur slegið rækilega í gegn. Þátturinn sá fjallar um vampírur í suðurríkjum Bandaríkja og er stútfullur af ofbeldi, kynlífi og sukki. Þar sem ég hef ætíð heillast af vampírusögum allt frá gömlu þöglu vampírumyndunum með Bela Lugosi upp til vampíruskáldsagna Anne Rice hef ég reynt að

sökkva mér niður í þessa bandarísku þætti án árangurs. Mér finnst þeir bara frekar niðrandi fyrir vampírur. Það er eitthvað við þá sem minnir mig á hina hræðilegu Twilight-mynd þegar allt sem tengist vampírum virðist vera stillt inn á bandaríska „emo"-unglinga. Það vantar allt „goth" í True Blood, allan Bela Lugosi gotneskan hrylling og alla rómantíkina um hina eilífu ást. Vampírur nefnilega stunda ekki kynlíf og eru aldrei aumingjar á því. Þær eru töff og kynþokkafullar og fullar af klassa. Ef þið viljið sjá alvöru, svalar vampírur, horfið þá á The Hunger með Catherine Deneuve og David Bowie eða Drakúlumynd Coppola. En það má áætla að mikið vampíruæði sé hafið á ný enda fullt af kvikmyndum um vampírur á leiðinni. Það má eflaust draga margar samfélagslegar ályktanir af þessu, til dæmis að unglingar séu þunglyndir og sæki í að óhlýðnast foreldrum sínum, vera fúll á móti, drekka áfengi, taka eiturlyf og stunda kynlíf. Eflaust kemur vampíruútlitið eitthvað fram í tískuheiminum á næstu misserum og þá myndi ég forðast að taka True Blood og ömurlega „emo-gothara" sem fyrirmynd. Best er þá að ímynda sér að maður búi í London sirka 1890 með ívafi af rokki sjöunda áratugarins. Þessi stíll myndi blanda saman þröngum svörtum fatnaði, svörtum ælæner og smá blúndum úr Fríðu frænku eða svipaðri verslun. Ímyndið ykkur Aubrey Beardsley eða Edgar Allan Poe ef þeir hefðu hlustað á Bauhaus. Svartur varalitur og litað hár held ég að sé dálítið of mikið af því góða því að alvöru „goth"-útlitið svokallaða dó eiginlega síðastliðið haust. Ég vona að minnsta kosti að alvöruvampírur eigi sér viðreisnar von eftir True Blood.

Verð kr. 265.000.-

Rainbow

Bjóðum nokkrar Rainbow á **186,000**
Eða gömul Rainbow upp í nýja tilboð 155,000

Eigum einnig notaðar yfirfarnar rainbow
með ábyrgð **verð 80.000 tilboð 58.000**
meðan byrgðir endast.

Hrein fjárfesting ehf
Dalbraut 3 105 reykjavík • rainbow@rainbow.is
Sími verslun 567 7773 . kvöld og helgar 893 6337

www.rainbow.is

SEXÍ Gegnsæ blússa með fjöðrum við klassískar svartar buxur frá Givenchy.

SÍTT Alveg gegnsær svartur síðkjóll frá Roberto Cavalli.

GAMALDAGS Mörg lög af svörtu gegnsæju efni við leggings frá Roberto Cavalli.

GEGNSÆTT OG KYNÞOKKAFULLT

SVART, SEXÍ SIFFON

Það er aftur farið að skína í hold í tískuheiminum. Fyrir haust og vetur 2009 sýndu margir hönnuðir svart siffon sem leyfir holdi að gægjast í gegn á kynþokkafullan en ekki of áberandi hátt. Ricardo Tisci hjá Givenchy og Stefano Pilati hjá Yves Saint Laurent notuðu mikið gegnsæjar blússur með síðum pilsum eða buxum og Roberto Cavalli tók þetta alla leið með alveg gegnsæjum síðkjól sem skildi lítið eftir fyrir ímyndunaraflið. **- amb**

BERT Fleginn svartur jakki með brjóstahaldara undir frá Givenchy.

SEIÐANDI Gegnsæ blússa með svörtum brjóstahaldara undir og leðurhönskum við frá Givenchy.

BLÚNDA Hvítur gegnsær kjóll með axlapúðum frá Givenchy.

GEGNSÆTT Fallegur kjóll með gegnsærri blússu frá Yves Saint Laurent.

Fróðleg, falleg og gagnleg

Tímamótarit um mataræði og krabbamein

Bók fyrir alla sem hugsa um heilsuna

Yfir 160 gómsætar uppskriftir sem auðvelt er að fara eftir

Aðgengileg, litrík og listilega hönnuð bók sem hefur að geyma girnilegar uppskriftir og ítarlega umfjöllun um fæðutegundir sem talið er að geti unnið gegn myndun krabbameina.



VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

>SELUR KASTALANA

Leikarinn **Nicolas Cage** hefur sett kastalann sinn á Bretlandseyjum í sölu. Kappinn þarf að losa sig við skuldir upp á 6,6 milljónir dollara, eða rúmlega 800 milljónir íslenskar krónur. Cage er þegar búinn að selja einn kastala á árinu og hann er að reyna að selja villurnar sínar í Hollywood og New Orleans.

fólk

folk@frettabladid.is

Fyndið að vera spilaðir á FM

Galgopabandið Hvanndalsbræður var stofnað árið 2002. Rögnvaldur „gáfaði“ Rögnvaldsson var ávallt í fararbroddi og þegar hann yfirgaf bandið í vor áttu margir von á að sveitin væri í andaslitrunum. Það var nú aldeilis ekki. Bandið hélt áfram án Rögnvaldar og hefur aldrei verið eins vinsælt og í dag. Lögin „La-la-lagið“ og „Vinkona“ hafa flogið upp flesta vinsældalista landsins. „Þetta er eiginlega bara alveg ótrúlegt. Það er bara alveg brjálað að gera hjá okkur. Eins og Röggi segir sjálfur þá var hann ekki fyrr búinn að pakka niður gítarnum að það fór eitthvað að gerast hjá bandinu,“ segir Valur Hvanndal og bætir við: „Við lítum nú reyndar þannig á að Röggi sé bara í pásu. Að ná áttum og komi svo tvíefldur til baka. Hann kom reyndar með okkur um síðustu helgi þegar við vorum að spila á Selfossi og í Keflavík. Hann var í miðasölunni og fannst það æðislegt.“

Valur segir „eitt smellið jólalag“ á leiðinni og svo ný plata næsta vor. Hljómsveitin er spiluð í spað um þessar mundir á bæði FM, Kananum og Bylgjunni og strákarnir skilja það ekki. „Einhvern tímann hefði það ekki verið fræðilegur möguleiki að við værum spilaðir á þessum stöðvum, en tímarnir eru greinilega breyttir og mennirnir með,“ segir Valur. „Við höfum hingað til plumað okkur ágætlega bara á Rás 2. Okkur finnst það aðallega bara fyndið að við séum spilaðir á FM957!“

VINSÆLIR! Hvanndalsbræður: Vilmar, Valur, Sumarliði, Pétur og Rögnvaldur.

Hvanndalsbræður halda uppi stuðinu frá kl. 22 í kvöld á Kaffi Rósenberg.

- drg

Þakkar Ashton fyrir

Mad Men-leikkonan January Jones var kærasta leikarans Ashtons Kutcher á árunum 1998 til 2001. Hún var þá fyrrverandi fyrirsæta sem hafði ákveðið að reyna fyrir sér sem leikkona. Í nýjasta hefti tímaritsins GQ segir Jones að hún eigi leiklistarferil sinn Kutcher að þakka. „Hann studdi ekki við bakið á mér. Hann sagði við mig: „Ég held að þú eigir ekki eftir að verða góð leikkona.“ Núna getur hann aðeins sagt góða hluti um leik minn, ef hann hefur á annað borð eitthvað að segja. Ég ætti að þakka honum af því að um leið og einhver segir við mig að ég geti ekki gert eitthvað, þá fyrst verð ég ákveðin í að láta það rætast.“ Jones hefur verið tilnefnd til Golden Globe-verðlaunanna fyrir leik sinn í Mad Men.

Kemst ekki á stefnumót

Leikarinn Robert Pattinson segist eiga erfitt með að finna stúlku sem vilji fara með honum á stefnumót þrátt fyrir vinsældir sínar meðal ungra kvenna. „Ef ég á að vera alveg hreinskilinn þá skil ég eiginlega ekki hvað er í gangi. Í gær fékk ég mér hádegismat og allt í einu voru um fjögur hundruð manns fyrir utan veitingastaðinn. Þetta er svo klikkað og svona er þetta alla daga… ég bara get ekki tekið þetta alvarlega. Stúlkurnar kalla á Edward, vampíruna úr Twilight, en nafnið mitt heyrist ekki. Ég hef enn ekki fundið stúlku sem vill fara með mér á stefnumót,“ segir leikarinn ungi.

MEIRI ÁST OG MINNA DRAMA

Tónlistarkonurnar Lára Rúnarsdóttir og Hafdís Huld gáfu báðar út nýjar plötur fyrir skömmu. Þessir ólíku persónuleikar hittust í fyrsta sinn í viðtalsherbergi Fréttablaðsins og fór vel á með þeim.

Plata Láru Rúnarsdóttur heitir Surprise og er sú þriðja í röðinni úr hennar herbúðum. Plata Hafdísar er aftur á móti hennar önnur afurð. Nefnist hún Synchronised Swimmers, þar sem bæði strákar og ofurhetjur koma við sögu.

Þrjú ár eru liðin síðan síðasta plata Láru, Þögn, kom út. Síðan þá hefur margt á daga hennar drifið. Fyrst fluttist hún til Madrid á Spáni sem skiptinemi þegar hún var í kennaranámi. Tónlistin var að sjálfsögðu ekki langt undan á hinum suðrænu slóðum. „Ég tók nokkur gigg og það var mjög gaman,“ segir Lára, róleg og yfirveguð. „Þar fær maður borgað fyrir að spila og það hjálpaði mjög mikið við að borga af námslánunum. Ætli það hafi ekki verið fyrsta borgaða giggið mitt,“ bætir hún við og hlær.

Minni dramatík en áður

Eftir að hún kom heim eignaðist hún dótturina Emblu Guðríði með kærasta sínum, trommaranum Arnari Þór Gíslasyni, sem spilar einmitt á nýju plötunni. Eins og gefur að skilja hafði dótturin áhrif á tónlistarsköpun Láru, enda er platan tileinkuð frumburðinum. „Hún er svolítið glaðlegri og poppaðri. Þetta fylgir því hvernig manni líður,“ segir hún um Surprise. Hún bætir við að dramatíkin sé minni á nýju plötunni en þeim fyrri. „Ég er ekki í neinu strákarugli lengur. Ég er búin að velja minn mann og hann er kominn til að vera.“

Eitt lag á plötunni, Crystals, samdi hún fyrir afa sinn þegar hann varð sjötugur en textanum var breytt fyrir útgáfuna sem er á plötunni. Nokkru síðar samdi hún lag um ömmu sína en það syngur hún eingöngu með hljómsveitinni Lifun. „Þau eiga þetta skilið,“ segir hún og greinilegt að henni þykir mjög vænt um afa sinn og ömmu.

Ekki eins krúttleg

Lára mun hita upp fyrir Hafdísi Huld á útgáfutónleikum hennar á Rósenberg annað kvöld. „Mér finnst hún flott. Hún er með skemmtilegan húmor og ég hlustaði mikið á fyrstu plötuna hennar,“ segir hún um Hafdísi, sem gengur skömmu síðar inn í herbergið. Hafdís er mun opnari persónuleiki en Lára og er afar prakkaraleg týpa.

Hún segir að fyrsta platan, Dirty Paper Cup, hafi verið mjög öðruvísi en sú nýja. „Á þessari plötu fór ég með band í gamla hlöðu í Scarborough og við vorum þar í viku. Þar voru hænur á vappi og mjög kósý en ógeðslega kalt,“ segir Hafdís, sem lagði áherslu á að búa til íslenska stemningu við upptökurnar. Hafdís hefur stundum verið nefnd í sömu andrá og krúttkynslóðin. Hún viðurkennir að fyrsta platan hennar hafi verið í þeim anda. „Það var allt krúttlegt á fyrstu plötunni en þetta er aðeins fullorðinslegra núna.“ Breskur kærasti hennar, Alisdair Wright spilar á plötunni, rétt eins og Arnar Þór gerir á plötu Láru. Alistair semur einnig með henni nokkur lög. „Við kynntumst í tónlistarnámi í London og hann var í framhaldsnámi í píanóleik,“ segir hún og er augljóslega yfir sig ástfangin.

Köngulóarmaður handtekinn

Vinsælasta lag Syncronized Swimmers til þessa, Könguló, hefur vakið mikla athygli enda var það samið um franska „köngulóarmanninn“ Alain Robert sem klífur háhýsi eins og að drekka vatn.

TVÆR TÓNLISTARKONUR Hafdís Huld og Lára Rúnarsdóttir hafa gefið út nýjar plötur sem heita Surprise og Synchronised Swimmers. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Það er búið að handtaka hann í Malasíu,“ segir Hafdís afar ósátt, enda er Alain orðinn góður vinur hennar. Er hún meira að segja með leyninúmerið hans í símanum sínum. Hún játar að vinsældir Köngulóar hafi hjálpað sér mikið í útlöndum. „Ég er búin að fara í fimmtán mismunandi útvarpsviðtöl og fæ alltaf að tala um köngulóarmanninn á milli þess sem kreppan kemst að.“

Útgáfutónleikar Hafdísar verða tvennir. Fyrst á Græna hattinum á Akureyri í kvöld og síðan á Rósenberg á morgun. Útgáfutónleikar Láru verða í byrjun nóvember og næsta sumar ætlar hún síðan í tónleikaferð um landið.

freyr@frettabladid.is

VIÐ ERUM TIL ÞEGAR Á REYNIR

Í LIÐSAUKA Rauða krossins

Vikuna 12.-17. október safnar Rauði krossinn sjálfboðaliðum í LIÐSAUKA Rauða krossins, varalið sem kallað er út við margvíslegar aðstæður, hamfarir og áföll.

Nýi Kaupþing banki er bakhjarl þessa átaks Rauða krossins og þegar hafa á annað hundrað starfsmanna bankans skráð sig í LIÐSAUKA.

Við hvetjum þig til að gerast LIÐSAUKI á **raudikrossinn.is**

NÝI KAUPÞING BANKI

ÍSLENSKA SÍA.IS KAU 47654 1009

Sísí Auður Elísabet Jóa Inger Sæunn Karitas Iðunn Anna Kristín

UNIQUE hár & spa

Þú getur hætt að leita -
Þær eru komnar til okkar!

Jóhanna Katrín Hársnyrtimeistari
Kristín Hársnyrtisveinn
Birgitta Elín Hársnyrtinemi
Lena Berg Snyrtifræðingur

Unique hár & spa
Borgartúni 29
105 Reykjavík
Sími 552 6789
www.unique.is

AVEDA

Löng biðröð á Kings

Mikill áhugi var fyrir tónleikum norska dúósins Kings of Convenience sem voru haldnir í Fríkirkjunni í gærkvöldi á vegum Iceland Airwaves. Löng biðröð var eftir miðum á tónleikana fyrir utan Skífuna á Laugaveginum og þurftu um hundrað manns frá að hverfa. „Erlend Øye kom á sínum tíma hingað með Whitest Boy Alive. Hann þekkir því hátíðina og varð ástfanginn af henni," segir Róbert Aron Magnússon hjá Airwaves. „Hann óskaði eftir því að spila hvergi annars staðar en í Fríkirkjunni eftir að hann sá gigg þar með Jóhanni Jóhannssyni árið 2006." Enginn annar og fjölmennari tónleikastaður kom því til greina í þetta sinn en Fríkirkjan sem tekur um 450 manns í sæti.

LÖNG BIÐRÖÐ Mikill áhugi var fyrir tónleikum norsku hljómsveitarinnar Kings of Convenience. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

- fb

Neyðarráðstöfun hjá Skjá einum

Skjár einn hyggst loka dagskrá sinni hinn 15. nóvember. Áskriftargjald verður innheimt hálfum mánuði síðar, eða 1. desember. Sjónvarpsstjóri stöðvarinnar segir þetta vera algjört neyðarúrræði til að halda stöðinni gangandi.

„Í mínum huga er það tvennt sem maður getur gert, svekkt sig yfir því hvernig aðstæðurnar eru eða tekið til endurskoðunar allt sem maður hefur sagt að maður myndi aldrei gera. Við gerðum það síðarnefnda," segir Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Skjásmiðla. Í gær var tilkynnt að Skjár einn hygðist hætta að vera ókeypis eftir tíu slík ár í loftinu. Áskriftargjald verður rukkað frá 1. desember og verður það 2.200 krónur. Sjónvarpsdagskránni verður hins vegar læst hinn 15. nóvember en þeir sem verða búnir að skrá sig fyrir áskrift fyrir þann tíma geta horft á sjónvarpsstöðina endurgjaldslaust. Opinn gluggi verður hins vegar milli hálf sjö og átta á kvöldin.

Sigríður kveðst ekki vilja rýna í baksýnisgluggana og reyna að kryfja til mergjar hvað hefði getað forðað sjónvarpsstöðinni frá þessu neyðarúrræði. En bendir engu síður á að nú sé ár liðið frá hruni og enn hafi ekki neinar takmarkanir verið settar á auglýsingatekjur Ríkissjónvarpsins. Eitthvað sem hefði gjörbreytt umhverfinu. „Hefði það getað forðað okkur frá þessu? Ég veit það ekki. Við vitum að allir stjórnmálaflokkar vilja leggja þessu máli lið en þeir eru bara ekki í aðstöðu til þess núna. Þetta er spurning sem við höfum reynt að svara í heilt ár en núna urðum við bara að grípa sjálf til aðgerða í stað þess að bíða eftir ákvörðunum stjórnmálamannanna. Ég held að það sé einfaldlega óraunhæft að ætlast til þess að þessu verði breytt á næstunni."

DAUÐASTRÍÐ Sigríður Margrét Oddsdóttir segir að það hefði verið dauðastríð ef Skjár einn hefði haldið áfram að vera ókeypis í loftinu.

Sigríður er ekki reiðubúin til að gefa upp hversu marga áskrifendur Skjár einn þarf til að halda stöðinni gangandi. „En það segir sig sjálft, að við erum með lágt verð og viljum fá sem flesta. Við reiknum síðan fastlega með því að auglýsingamagnið muni minnka í samræmi við áskriftirnar."

Sigríður fullyrðir að Skjár einn hefði lifað af í sinni gömlu mynd ef ekki hefði orðið bankahrunið, ókeypis sjónvarpsstöð sé vel raunhæfur möguleiki. „Við værum að skila hagnaði núna. Staðan er bara þannig að efnisgjöldin hækkuðu um hundrað prósent, auglýsingarnar drógust saman um helming og RÚV er enn á auglýsingamarkaði. Þetta hefði bara verið dauðastríð ef við hefðum haldið áfram á sömu braut."

freyrgigja@frettabladid.is

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

Hafmeyjan
sýning á verkum Nínu Sæmundsson
17. október – 1. nóvember
Á sýningunni er m.a. fyrirmynd hafmeyjunnar sem sprengd var í loft upp á nýársnótt 1960.
Sýningarnar opna kl. 15
laugardaginn 17. október

Ljósmyndasýning
Hús:Heimili
Lilja Kristjánsdóttir & Ingunn Jónsdóttir
17. október – 1. nóvember
Ef breytan „fólk" er tekin út, hvað gerir þá hús að heimili og hvenær hættir hús að vera heimili?

LISTMUNASALA fold
Opið virka daga 10–18, laugardaga kl. 11–16 og sunnudaga kl. 14–16
Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is
Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

VONBRIGÐI Rokksveitin Vonbrigði heldur sína fyrstu tónleika í langan tíma í kvöld.

Vonbrigði með tónleika

Rokksveitin Vonbrigði heldur sína fyrstu tónleika í um eitt ár á skemmtistaðnum Amsterdam í kvöld. Um nokkurs konar útgáfutónleika er að ræða vegna plötunnar Tapír sem hljómsveitin gaf út í vor. Hún var fyrsta plata Vonbrigða síðan Eðli annarra kom út en á henni voru lög með gömlu efni frá árunum 1981 til 1985. Hljómsveitin sló í gegn með laginu Ó Reykjavík, sem hljómaði í myndinni Rokk í Reykjavík, og hefur allar götur síðan haldið sama fjögurra manna kjarnanum. Frítt verður inn á tónleikana í kvöld og mun hljómsveitin Dýrðin hita upp.

Vill annað barn bráðum

Vinurinn Courteney Cox segist þurfa að hafa hraðann á vilji hún annað barn, en hún er nú 45 ára. „Við erum ekki byrjuð að reyna, en við vitum að við þurfum að hafa hraðann á. Ég er tilbúin til að verða móðir á ný, en aðeins af því að ég veit að klukkan tifar. Ef ég væri tíu árum yngri mundi ég bíða í eitt ár til viðbótar. Mér fyndist fínt að það væri smá aldursmunur á milli barnanna því þá gæti Coco hjálpað mér með næsta barn. Að eiga eitt er erfitt. Að eiga tvö börn er örugglega enn erfiðara,“ sagði leikkonan, en hún og eiginmaður hennar, David Arquette, eiga saman dótturna Coco Riley sem er fædd árið 2004.

BENEATH Hljómsveitin Beneath hefur gert samning við plötufyrirtækið Mordbrann Musikk.

Bandarískur samningur

Íslensku dauðarokkararnir í Beneath hafa gert samning við plötufyrirtækið Mordbrann Musikk í Kaliforníu. Samningurinn kveður á um útgáfu á fyrstu þröngskífu sveitarinnar, sem nefnist Hollow Empty Void. Hún inniheldur sex lög, þar á meðal tvö aukalög sem voru tekin upp á tíu ára afmælistónleikum Dordinguls í vor. Beneath hefur getið sér gott orð að undanförnu. Hún hitaði upp fyrir The Black Dahlia Murder á sínum fyrstu tónleikum í janúar og spilaði fyrst íslenskra hljómsveita á hinni þekktu þungarokkshátíð Wacken Open Air í Þýskalandi í ágúst.

Samtöl Matthíasar gefin út

Útgáfuhóf var haldið í Eymundsson Skólavörðustíg til að fagna útkomu bókarinnar Samtöl Matthíasar Johannessen.

Matthías Johannessen skrifaði samtöl við merka Íslendinga og valinkunna erlenda aðila er hann starfaði sem blaðamaður og ritstjóri Morgunblaðsins. Almenna bókafélagið gaf viðtölin út í fimm viðtalsbókum en þær eru löngu uppseldar.

Nú hefur Þröstur Helgason valið áhugaverðustu samtölin úr öllum bókunum og bætt fleiri samtölum við til að hafa í þessari bók, auk þess að skrifa inngang að samtölunum.

Í hófinu, þar sem margir góðir gestir litu við, ræddi Þröstur stuttlega um Matthías og samtölin.

GÓÐIR GESTIR Pálína Magnúsdóttir, Ingólfur Kristjánsson og Ragnar Steinarsson voru á meðal gesta í hófinu.

Í LOPAPEYSU Matthías Johannessen var þjóðlegur í lopapeysunni í útgáfuhófinu. Hér ræðir hann við Agnesi Bragadóttur, blaðamann Morgunblaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Íslendingur undirbýr matarmessu í Washington

Baldvin Jónsson hefur verið valinn í undirbúningsnefnd fyrir hina þekktu matarmessu Fanzy Food Show sem verður haldin í Washington árið 2011.

GLAÐIR KOKKAR Baldvin Jónsson, lengst til vinstri á myndinni, hefur verið valinn í undirbúningsnefnd fyrir matarmessuna Fanzy Food Show sem verður haldin í Washington. Á myndinni eru hann og Siggi Hall með danska kokkinn Claus Henriksen á milli sín.

„Auðvitað er þetta mikil viðurkenning. Það er afskaplega gaman að því þegar einhver tekur eftir því að maður er að gera eitthvað viturlegt en þetta er ekkert annað en vinna," segir Baldvin Jónsson. Hópurinn á að vinna að því að gera Washington að sælkeraborg Bandaríkjanna árið 2011 og er hátíðin hluti af þeirri áætlun. Sjö manns voru valdir í hópinn og er Baldvin eini útlendingurinn. „Það er ekki verið að velja núna Frakka, Spánverja eða Ítali. Það er verið að velja Íslendinga og það kitlar pínulítið hégómagirndina því ég hef verið mjög stoltur af íslenska matnum," segir hann.

Baldvin er búsettur í Washington þar sem hann hefur unnið ötullega að kynningu íslenskrar matargerðar. Að auki hefur hann unnið að Food & Fun-hátíðinni í Reykjavík undanfarin ár ásamt Sigga Hall. Food & Fun hefur vakið mikla athygli utan landsteinanna, meðal annars í Washington. „Þeim finnst áhugavert það sem við erum að gera heima. Þar höfum við verið að tengja saman matreiðslumeistara víða að úr heiminum og við erum núna búin að fá þessa viðurkenningu," segir hann og bætir við að tímaritið Forbes hafi valið Food & Fun sem eina af fremstu matarhátíðum heimsins.

Fanzy Food-sýningin hefur undanfarin ár verið haldin í New York en flyst til Washington 2011. „Fanzy Food-sýningin er risastór sýning sem gengur út á sælkeramat. Við höfum verið að reyna að ná fótfestu á þeim markaði og það er að takast. Við getum aldrei brauðfætt alheiminn en þurfum að finna hillur þar sem fólk kann að meta okkar afurðir og þær eru alltaf dýrar." freyr@frettabladid.is

Gefins ís á Vitastíg

„Okkur fannst alveg upplagt að gefa ís við opnun sýningarinnar og vorum svo heppnar að Ísbúð Vesturbæjar styrkti okkur höfðinglega," segir Julia Staples, en hún og samlanda hennar frá Bandaríkjunum, Lana Vogestad, halda samsýninguna No man's land þessa dagana í Lost Horse Galleríinu að Vitastíg 9a. Þær endurtaka ísgjöfina í dag frá kl. 13-19, eða eins lengi og birgðir endast. Auk listarinnar og íssins verður boðið upp á lifandi órafmagnaða tónlist í dag. Skúli Þórðarson, Snorri Helgason, Una Sveinbjarnardóttir, Adda og hljómsveitin Reykjavík! koma fram.

Við opnum nýja Ísbúð og veitum 30% kynningarafslátt af öllum ísréttum, samlokum, salötum og gosi
17-26 okt.
Opið til 22:00 alla daga

Ísbúð Kópavogs
Nýbýlavegi 32

SUPERSUB
Nýbýlavegi 32

Eyrarrósin

Framúrskarandi menningarstarf á landsbyggðinni

Listahátíð í Reykjavík, Byggðastofnun og Flugfélag Íslands standa saman að Eyrarrósinni, viðurkenningu sem veitt er árlega einu afburða menningarverkefni á starfssvæði Byggðastofnunar á landsbyggðinni. Fyrstu Eyrarrósina, árið 2005, hlaut Þjóðlagahátíðin á Siglufirði; 2006 féll hún í skaut LungA, Listahátíðar ungs fólks á Austurlandi; Eyrarrósina 2007 hlaut Strandagaldur á Hólmavík, árið 2008 kom hún í hlut hinnar ísfirsku Rokkhátíðar alþýðunnar; Aldrei fór ég suður, og á þessu ári hlaut Landnámssetrið í Borgarnesi Eyrarrósina.

- Úthlutunarnefnd tilnefnir þrjú verkefni úr hópi umsækjenda um Eyrarrósina 2010
- Eitt þeirra hlýtur viðurkenninguna, 1.500.000 kr. og verðlaunagrip til eignar
- Viðurkenningin verður afhent í ársbyrjun 2010 á Bessastöðum
- Verkefnið sem hlýtur viðurkenninguna fær sérstaka kynningu í tengslum við Listahátíð í Reykjavík 2010
- Verndari Eyrarrósarinnar er Dorrit Moussaieff forsetafrú

HÉR MEÐ ER AUGLÝST EFTIR UMSÓKNUM UM EYRARRÓSINA 2010

UMSÓKNUM SKAL FYLGJA:

Lýsing á verkefninu
Lögð skal fram greinagóð lýsing á verkefninu; umfangi þess, sögu og markmiðum.

Tíma- og verkáætlun
Gerð skal grein fyrir stöðu og áætlaðri framvindu verkefnisins og áformum á árinu 2010. Skilyrði er að verkefninu hafi nú þegar verið hleypt af stokkunum.

Upplýsingar um aðstandendur
Lagðar skulu fram ítarlegar upplýsingar um helstu aðila sem að verkefninu standa og grein gerð fyrir þeirra þætti í því.

Fjárhagsáætlun
Tilgreina skal tekjur og gjöld verkefnisins á þessu ári. Uppgjör ársins 2008 fylgi umsókn.

- Ef umsókn fylgja ekki ofangreindar upplýsingar verður hún ekki tekin til greina
- Umsækjendur geta verið m.a. stofnun, safn, tímabundið verkefni eða menningarhátíð
- Umsóknarfrestur er til 16. nóvember 2009 og verður öllum umsóknum svarað
- Viðurkenningin verður veitt í ársbyrjun 2010
- Umsóknir skal senda til Listahátíðar í Reykjavík, pósthólf 88, 121 Reykjavík, merktar „Eyrarrósin"

Allar nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri Listahátíðar í Reykjavík í síma 561 2444, johanna@artfest.is
www.listahatid.is

Listahátíð í Reykjavík
Reykjavík Arts Festival
Byggðastofnun
Flugfélag Íslands

ÍBÚAR ÍSLANDS:

Innan skamms ætlum við heimsækja ykkur. Bráðlega munið þið kynnast okkur. Við getum aðeins sagt að við erum hundrað manns sem langar að heimsækja allt landið og ætlum að halda mikinn fagnað með ykkur næsta miðvikudag, 21. október. Fljótlega heyrið þið meira frá okkur.

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

JÓHANNES
SUMIR DAGAR...
★★★½ - S.V. MBL
★★★★★ - A.K. - Útvarp Saga
NÝ ÍSLENSK GAMANMYND
550 kr. í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!
the ugly truth

STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM

9

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

JÓHANNES	kl. 2, 4, 6, 8 og 10	L
9	kl. 2, 4 og 6	10
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM	kl. 3, 6, 9 og 10.10	16
THE UGLY TRUTH	kl. 8	12

ÞÚ SPILAR TIL AÐ LIFA
Frá leikstjóra Crank
GERARD BUTLER
GAMER
HÖRKU HASARMYND

Ævintýri, grín og gaman!
Skellibjalla
Stórkostlegt mynd frá DISNEY fyrir alla fjölskylduna

Fame
ORPHAN
SURROGATES

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

GAMER	kl. 5:50 - 8D - 10:10D	16
GAMER	kl. 2 - 4 - 8 - 10:10	VIP
SKELLIBJALLA M/ísl. Tali	kl. 12 - 2 - 4 - 6	L
FAME	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	L
ORPHAN	kl. 8 - 10:40	16
SURROGATES	kl. 6 - 8 - 10:20	12
SURROGATES	kl. 6	VIP
ALGJÖR SVEPPI	kl. 12D - 2D - 4D - 6D	L
FUNNY PEOPLE	kl. 8	12
HAUNTING IN CONNECTICUT	kl. 10:40	16
UPP M/ísl. Tali	kl. 1:30 - 3:40	L
G-FORCE M/ísl. Tali	kl. 12 - 2 - 4	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

GAMER	kl.8:15D - 10:20D	16
SKELLIBJALLA M/ísl. Tali	kl. 12:15D - 2:15D - 4:15D	L
FAME	kl. 8:10D	L
ORPHAN	kl. 10:30	16
SURROGATES	kl. 8:20	16
DISTRICT 9	kl. 10:20	16
ALGJÖR SVEPPI	kl. 12:15D - 2:15D - 4:15D - 6:15D	L
UPP M/ísl. Tali	kl. 6:10(3D)	L
UPP M/ísl. Tali	kl. 12:15 - 2:15 - 4:15 - 6:15	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

GAMER	kl. 8 - 10:20	16
SKELLIBJALLA OG TÝNDI FJÁRSJÓÐURINN	kl. 2 - 6	L
ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA	kl. 2 - 4 - 6	L
FAME	kl. 6 - 8	L
ORPHAN	kl. 10:20	16

SPARbíó
550 KR Á Á MYNDIR MERKTAR APPELSÍNUGULU OG 850 Á MYNDIR MERKTAR GRÆNU

SYKURSÆTIR UNGLINGAR

Nóg var í boði fyrir tónlistaráhugamenn á öðru kvöldi Iceland Airwaves. Sara McMahon fylgdist með á Batteríinu og í Hafnarhúsinu.

Hinn sænski Moto Boy steig á svið Batterísins með rauðan varalit, svarta augnmálningu, í háum hælum og með rafmagnsgítar. Moto Boy, sem heitir réttu nafni Oskar Humlebo, sló í gegn í heimalandi sínu með laginu Blue Motorbike árið 2007 og vakti athygli fyrir einstaka sviðsframkomu og fallega rödd. Moto Boy tók nokkur þekkt lög eftir aðra tónlistarmenn og minnti rödd hans einna helst á rödd ungs kórdrengs, sem stakk eilítið í stúf við undarlegt útlit söngvarans. Á milli laga spjallaði hann við gesti og sló á létta strengi og var andrúmsloftið afslappað og þægilegt.

Næst á svið var samlandi hans, stúlka að nafni Christine Owman, sem leikur og syngur tregablandna tónlist í anda PJ Harvey. Tónlistin var ágæt en rann í gegn án þess að skilja eftir sig spor; lögin hljómuðu öll keimlík og stundum var erfitt að greina á milli þeirra.

Davíð Berndsen steig næstur á stokk og með honum hljómsveitin The Young Boys. Berndsen er nýtt andlit í íslensku tónlistarsenunni en hefur vakið mikla athygli með skemmtilegum tónlistarmyndböndum og grípandi laglínum. Söngur hans var ekki upp á marga fiska en hann bætti það upp með skemmtilegri sviðsframkomu, góðum hljóðfæraleikurum og hressandi rafgervlapoppi í anda níunda áratugarins. Blaðamaður náði þó ekki að hlýða á nema fjögur lög með Berndsen því tónleikar dönsku sveitarinnar When Saints Go Machine voru að hefjast í Hafnarhúsinu.

When Saints Go Machine hefur fengið glimrandi dóma í heimalandi sínu og var lag hennar, Fail Forever, valið besta lag ársins 2009. Hljómsveitin heillaði mig þó ekki. Því var ákveðið að halda aftur á Batteríið og ná hljómsveitinni Sykri. Ég sá ekki eftir þeirri ákvörðun. Sykur, sem hafði fengið til liðs við sig söngkonuna Rakel Mjöll, spilaði leikandi létta dans-

SYKUR Leikandi létt danstónlist ungu drengjanna í Sykur var einn af hápunktum fimmtudagskvöldsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR SVEINSSON

tónlist og sýndi það og sannaði enn og aftur að hér er á ferðinni eitt skemmtilegasta band landsins í dag. Að sykursýkinni lokinni var komið að enn einum Svíanum að stíga á svið og var það tónlistarmaðurinn Juvelen, sem lýsir sjálfum sér sem eins manns drengjahljómsveit. Tónlist Juvelen, sem mundi yfirfærast sem gimsteininn á íslensku, minnir um margt á meistara Prince og virtist hitta beint í mark hjá tónleikagestum, sem flykktust sveittir á dansgólfið.

WHEN SAINTS GO MACHINE Dönsku tískukrákarnir í When Saints Go Machine heilluðu ekki útsendara Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR SVEINSSON

NÝTT Í BÍÓ!

JÓHANNES
★★★½ - S.V. - MBL
★★★★★ ARNÞRÚÐUR - ÚTVARP SAGA
SUMIR DAGAR...
NÝ ÍSLENSK GAMANMYND

KVIKMYND EFTIR PEDRO ALMODÓVAR
„Stórskemmtileg!" – Hollywood Reporter
BROKEN EMBRACES
www.facebook.com/graenaljosid

MICHAEL NYQVIST NOOMI RAPACE
★★★★ - VJV, FBL
★★★½ -S.V., MBL
★★★ T.V. - Kvikmyndir.is
★★★★ - Þb, DV
LÚXUS
★★★ MMJ - kvikmyndir.com
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM
BYGGÐ Á METSÖLUBÓK STIEG LARSSON

Missið ekki af þessari frábæru ævintýra- og teiknimynd fyrir fólk á öllum aldri í anda Tim Burtons. Talsett af helstu stjörnum Hollywood.
★★★ T.V. – Kvikmyndir.is
★★★½ B.I. – kvikmyndir.com
★★★½ -S.V., MBL

★★★½ – Sæbjörn Valdimarsson, Mbl
★★★½ „Tímamótamynd!" – Erpur Eyvindarson, DV
GUÐ BLESSI ÍSLAND

HEIGL BUTLER
theuglytruth

Jennifer's Body
★★★ – S.V. MBL

★★★★½ -H.S. MBL
ÓTEXTUÐ
Antichrist

50.000 MANNS!

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ 550 kr.

JÓHANNES	kl. 1 - 3 - 6 - 8 - 10	L
JÓHANNES LÚXUS	kl. 1 - 3	L
9	kl. 1 - 4 - 6 - 8 - 10	10
GUÐ BLESSI ÍSLAND	kl. 5.45 - 8	L
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM	kl. 2.30 - 5.20 - 8 - 10.40	16
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM L	kl. 5.20 - 8 - 10.40	16
THE UGLY TRUTH	kl. 10.15	14
ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL	kl. 1 - 3	L

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ 550 kr.

JÓHANNES	kl. 3 - 5 - 7 - 9 - 11	L
GUÐ BLESSI ÍSLAND	kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15	L
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM	kl. 3 - 6 - 9	16
THE UGLY TRUTH	kl. 3.30 - 5.45 - 8	14
ANTICHRIST	kl. 10.20	18

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ 650 kr.

JÓHANNES	kl. 4 - 6 - 8 - 10	L
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM	kl. 8 - 10.20	16
GUÐ BLESSI ÍSLAND	kl. 6	L
BIONICLE ÍSLENSKT TAL	kl. 4	

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 TILBOÐSVERÐ 550 kr.

BROKEN EMBRACES	kl. 2.40 - 5.20 - 8 - 10.40	12
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM	kl. 2.40 - 5.20 - 8 - 10.40	16
JENNIFER'S BODY	kl. 10.20	16
THE UGLY TRUTH	kl. 3.30 - 5.45 - 8	14
INGLOURIOUS BASTERDS	kl. 3 - 6 - 9	16

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
Ódýrt í bíó
FRÁ FRAMLEIÐENDUNUM TIM BURTON OG TIMUR BEKMAMBETOV
ATH. SÝND KL.2
ÞEGAR VERÖLD OKKAR LEIÐ UNDIR LOK. HÓFST ÞEIRRA.
ATH. SÝND KL.3
KVIKMYND EFTIR DANIEL ALFREDSON
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM
BYGGÐ Á METSÖLUBÓK STIEG LARSSON
MICHAEL NYQVIST NOOMI RAPACE
LAUGARÁS BÍÓ 550 KR. Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

TILBOÐSVERÐ
SMÁRA BÍÓ REGNBOGINN HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ
550 kr.
KL.3.30 REGNBOGINN
KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ
550 kr.
KL.1 SMÁRABÍÓ ísl tal
550 kr.
KL.2.40 REGNBOGINN
KL.3 HÁSKÓLABÍÓ
550 kr.
KL.3.30 REGNBOGINN
550 kr.
KL.1 SMÁRABÍÓ

3 VIKUR Á TOPPNUM!
ALGJÖR SVEPPI

SPARBÍÓ
Skellibjalla og týndi fjársjóðurinn
SKELLIBJALLA M/ísl. Tali
kl. 12 í Álfabakka, 12:15 í Kringlunni, 2 á Akureyri og í Keflavík
SAMBÍÓIN

NÝTT Á DVD

MONSTERS VS ALIENS

FROM THE CREATORS OF SHREK AND MADAGASCAR

MONSTERS VS ALIENS

Oliver & Company

Hannah Montana The Movie

EINNIG TIL Á BLU-RAY

Race to Witch Mountain

EINNIG TIL Á BLU-RAY

Snow White

EINNIG TIL Á BLU-RAY

OPIÐ
24 Hagkaup
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Allt úrvalið er fáanlegt í Smáralind minna úrval í öðrum verslunum.

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

> Forsala í verslunum Lyfju

Forsala verður í fimm verslunum Lyfju á höfuðborgarsvæðinu fyrir leik Íslands og Austurríkis sem fer fram í Vodafone-höllinni á morgun klukkan 16. Landsliðskonur munu svo mæta sjálfar í verslanir Lyfju á milli 14 og 18 í dag þar sem hægt verður að kaupa tvo miða á verði eins – 1.000 krónur. Það tilboð er þó í gildi alla helgina. Lyfja hefur verið aðalstyrktaraðili íslenska kvennalandsliðsins í handbolta undanfarin misseri og verður áfram. Í gær var nýr samstarfssamningur á milli HSÍ og Lyfju undirritaður.

sport

sport@frettabladid.is

ARON KRISTJÁNSSON, ÞJÁLFARI HAUKA: BÝST VIÐ NOKKUR HUNDRUÐ PÓLVERJUM Á ÁSVÖLLUM Í DAG

Heimavöllurinn okkar má ekki breytast í útivöll

Haukar taka á móti pólska liðinu Wisla Plock í Evrópukeppni félagsliða í klukkan 16.00 dag. Um síðari leik liðanna er að ræða en Haukar standa ágætlega að vígi eftir að hafa tapað leiknum ytra með aðeins tveimur mörkum.

Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, biðlar til íslenskra áhorfenda að mæta á völlinn í dag enda er búist við talsverðum fjölda Pólverja á leikinn.

„Það var strax í sumar að ég fór að fá hringingar frá Pólverjum sem sýndu leiknum áhuga og vildu bara kaupa miða strax. Það er þegar búið að selja um fimmtíu Pólverjum miða í forsölu og það kemur um þrjátíu manna hópur með liðinu frá Póllandi. Ofan á það mun fjöldi kaupa miða á leikdegi og ég býst því við nokkur hundruð Pólverjum á leikinn. Það er því algjört lykilatriði að íslenskir áhorfendur fjölmenni á völlinn því heimavöllurinn okkar má ekki breytast í útivöll," sagði Aron.

Haukarnir fóru nýstárlega leið til þess að auglýsa leikinn en í auglýsingum sem var dreift um Hafnarfjörð var hann auglýstur bæði á íslensku og pólsku.

Haukunum hefur ekki gengið sérstaklega vel í fyrstu leikjunum sínum í N1-deildinni og því er ljóst að þeir hittu á betri leik í Póllandi.

„Sá leikur var talsvert betri en leikirnir hér heima. Vörnin var ágæt gegn Stjörnunni, sem og markvarslan, en úti í Póllandi kom sóknarleikurinn líka. Menn voru miklu beinskeyttari í öllum aðgerðum. Við tókum skref fram á við en stigum ansi mörg skref aftur á bak þegar Akureyri kom í heimsókn," sagði Aron og bætir við að hans lið þurfi að eiga toppleik til að vinna leikinn enda sé pólska liðið firnasterkt.

„Það er búið að setja mikinn pening í þetta lið, sem er meðal annars með sterka danska og norska leikmenn. Þarna er til að mynda Lars Möller Madsen sem skaut íslenska landsliðið í kaf á HM 2006. Svo er danskur þjálfari með liðið. Það er pressa á þeim enda ætlast til að liðið komist áfram miðað við hvað búið er að leggja í það," sagði Aron Kristjánsson.

Enska úrvalsdeildin fer aftur af stað um helgina:

Gerrard og Torres ekki með Liverpool

FÓTBOLTI Boltinn byrjar að rúlla á nýjan leik í ensku úrvalsdeildinni í dag eftir landsleikjahlé og að vanda eru margir áhugaverðir leikir í boði.

„Stóru fjögur" liðin verða öll í eldlínunni í dag og dagskráin hefst á Villa Park með hádegisleik toppliðs Chelsea og Aston Villa en Chelsea hefur unnið sjö af átta leikjum sínum í deildinni til þessa.

Englandsmeistarar Manchester United fá Grétar Rafn Steinsson og félaga í Bolton í heimsókn á Old Trafford og Arsenal tekur á móti nýliðum Birmingham á Emirates-leikvanginum.

Þá heimsækir Liverpool Leikvang ljóssins og mætir Sunderland en Steven Gerrard og Fernando Torres eru fjarri góðu gamni hjá Liverpool vegna meiðsla. - óþ



ÓLEIKFÆR Fernando Torres getur ekki leikið með Liverpool í dag frekar en Steven Gerrard.

NORDIC PHOTOS/AFP

Virkar ljósaperan þín?

Nú þegar farið er að dimma úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa **kveikt á útiljósum** við heimili sín á nóttinni til að auðvelda blaðberum Pósthússins aðgengi að póstlúgu.

Góð lýsing og örugg aðkoma að lúgu kemur í veg fyrir óhöpp hjá blaðberum og tryggir í leiðinni **örugga blaða- og póstdreifingu** inn á heimilið.

Með fyrirfram þökk, Pósthúsið

Pósthúsið

Pósthúsið | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | sími: 585 8300 | **www.posthusid.is**

SÉRSMÍÐI ÚR PARKETI

Gólfþjónustan er með sérlausnir í smíði borða fyrir fyrirtæki og heimili svo sem fundarborð, eldhús- og borðstofuborð.

GÓLFÞJÓNUSTA ÍSLANDS

SÉRHÆFING Í VIÐHALDI GÓLFA

S: 897 2225

info@golfthjonustan.is | golfthjonustan.is

Ætlum okkur á stórmót

Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari segir að íslenska landsliðið eigi góðan möguleika á að komast á stórmót í handbolta í fyrsta sinn. Til þess þarf liðið þó að vinna sigur á Austurríki í afar mikilvægum leik í Vodafone-höllinni á morgun.

HANDBOLTI Í vikunni lék Ísland sinn fyrsta leik í undankeppni Evrópumeistaramótsins sem haldið verður í Noregi og Danmörku í desember á næsta ári. Ísland tapaði þá fyrir Frakklandi ytra en getur náð sér á strik með sigri á Austurríki í Vodafone-höllinni á morgun. Leikurinn hefst klukkan 16.

Auk fyrrgreindra þriggja liða er Bretland í riðlinum en þau lið sem verða í efstu tveimur sætunum í riðlinum komast beint á EM. Júlíus Jónasson, landsliðsþjálfari, segir möguleika íslenska liðsins góða í leiknum á morgun.

„Við vorum mjög ánægð með dráttinn á sínum tíma þó svo að við vissum ekki nákvæmlega um styrkleika Austurríkis þá. Liðið hefur þó verið að missa gamlar stjörnur og því kom smá millibilsástand á meðan kynslóðaskipti áttu sér stað. Austurríki hefur hins vegar verið frægt fyrir það að safna liði með því að gefa erlendum leikmönnum vegabréf þegar mest þarf á að halda og það er búið að vera að gerast núna."

Hann á því von á sterku austurrísku liði á morgun en metur möguleika íslenska liðsins engu að síður góða. „Ég hef verið að skoða myndefni með þessu liði eins og það lítur út í dag og við eigum fína möguleika gegn því."

Ætli Ísland sér til Noregs og Danmerkur er ljóst að liðið þarf helst tvö stig í þessum leik. Frakkland er fyrir fram talið með sterkasta liðið í riðlinum og ætti að eiga greiða leið í úrslitakeppnina. Ísland og Austurríki munu því líklega berjast um annað sæti riðilsins þó svo að Júlíus vilji ekki afskrifa Breta, sem hafa ekki verið þekktir fyrir mikla handboltaiðkun.

KLÁR Í SLAGINN Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari og leikmennirnir Rakel Dögg Bragadóttir og Anna Úrsúla Guðmundsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Möguleikar okkar eru góðir og við ætlum okkur að sækja stíft að því að komast á þetta mót," sagði Júlíus. Ísland hefur aldrei áður tekið þátt í stórmóti í handbolta kvenna áður og segir hann að tími sé kominn til að brjóta þann múr.

„Lið sem koma sér inn á stórmót í fyrsta sinn koma alltaf til með að græða á því eins og dæmi kvennalandsliðsins í knattspyrnu sýnir. Það þarf að brjóta ísinn og byggja upp til framtíðar."

Rakel Dögg Bragadóttir á von á hörkuleik en hún segir leikmenn vel í stakk búna fyrir átökin.

„Við erum hrikalega spenntar fyrir því að fá að spila þennan leik. Okkar möguleikar eru ánokkurs vafa mjög raunhæfir enda erum við með sterkt lið og að spila á heimavelli. Með fullri höll stuðningsmanna eigum við fína möguleika," sagði hún og hvatti alla handboltaáhugamenn til að fjölmenna á leikinn.

Austurríki vann á miðvikudaginn Bretland í hinum leik fyrstu umferðar riðlakeppninnar, 30-20. Ísland tapaði fyrir Frakklandi á sama tíma, 32-23.

eirikur@frettabladid.is

Rakel Dögg Bragadóttir hefur fá tækifæri fengið með Vejen í Danmörku:

Vil komast að hjá nýju félagi

HANDBOLTI Landsliðsfyrirliðinn Rakel Dögg Bragadóttir hefur ekki fengið mörg tækifæri með liði sínu, Vejen, í dönsku úrvalsdeildinni í handbolta í vetur. Hún hefur því verið að hugsa sinn gang.

„Þetta er búið að ganga upp og ofan," sagði Rakel við Fréttablaðið í gær. „Mér gekk mjög vel eftir áramót á síðasta tímabili en svo hefur þetta farið illa af stað í haust að mér finnst. Ég hef lítið fengið að spila og er ekki nógu sátt við þjálfarana og fleira í þeim dúr."

Hún hefur því verið að hugsa sér til hreyfings. „Það kemur í ljós á næstu dögum eða vikum hvernig þetta fer hjá mér. Ég hef í það minnsta verið að hugsa minn gang vel og vandlega. Ég vil auðvitað fá að komast í lið þar sem ég fæ að spila. Ég hef til að mynda mikinn metnað fyrir landsliðinu og ég þarf að vera í toppformi fyrir verkefni þess. Það gerist ekki nema ég fái að spila með mínu félagsliði," segir Rakel.

Hún hefur þó ekki hug á að halda heim á leið. „Nei, ekki nema eitthvað mikið gerist í mínum málum. Ég á mörg ár eftir í boltanum og mér líður mjög vel úti í Danmörku. Ég hef líka verið að sinna mínu námi með boltanum og mun útskrifast frá Háskóla Íslands nú í vor. Stefnan er svo að fara í framhaldsnám og halda einnig áfram í handboltanum."

RAKEL DÖGG Hér í leik með íslenska landsliðinu fyrr á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Rakel varð margfaldur Íslands- og bikarmeistari með Stjörnunni áður en hún hélt til Danmerkur. Hún á að baki 62 landsleiki og hefur skorað í þeim 189 mörk.

KIF Vejen er nú í sjötta sæti dönsku úrvalsdeildarinnar með sex stig eftir sex leiki. Rakel hefur enn ekki fengið tækifæri með liðinu í haust.

- esá

TAX FREE

STÆRSTA OUTLET LANDSINS

MERKJA OUTLET

KORPUTORGI

Reebok · VIKING · Brandtex · Tamaris · ICHI · hummel · DIDRIKSONS 1913 · arena · RUGBY JEANS CO. · ZARA

Dömubuxur
Mikið úrval
1.000 kr.

Lúffur
Fyrir börn
995 kr.

T-bolir
Með myndum
1.695 kr.

Dömustígvél
Svört, támjó (36-41)
3.995 kr.

Íþróttaskór
Svartir (36-46)
4.995 kr.

IMAC
Leðurstígvél
9.995 kr.

Húfur
995 kr.

Hettupeysur
Svartar/Gráar
3.995 kr.

Fótboltabúningar
Fyrir börn
Ýmsar gerðir
3.495 kr.

Jakkaföt
Dökkblá og svört
Stærðir 46-64
14.995 kr.

Dömufatnaður
Herrafatnaður
Barnafatnaður
Íþróttafatnaður
Sundfatnaður
Töskur
Skór

30% AUKA AFSLÁTTUR AF HUMMEL ÍÞRÓTTAFATNAÐI!

Vertu vinur MerkjaOutlet á Facebook. Kíktu á myndirnar og skoðaðu vöruúrvalið!

Opið: Mán.-lau. 11 til 18 - Sun. 12 til 18 • Sími 578 9400

ÚRSLIT

Iceland Express-deild karla:

Keflavík-Breiðablik	96-74
Stjarnan-Fjölnir	90-67

Stig Stjörnunnar: Jovan Zdravevski 30, Fannar Helgason 24, Justin Shouse 18, Kjartan Kjartansson 8, Birgir Pétursson 5, Birkir Guðlaugsson 2, Ólafur Ingvason 2, Magnús Helgason 1.

Stig Fjölnis: Magni Hafsteinsson 13, Ægir Steinarsson 12, Tómas Tómasson 12, Chris Smith 10, Árni Jónsson 6, Arnþór Guðmundsson 5, Garðar SVeinbjörnsson 5, Sverrir Karlsson 2, Níels Dungal 2.

Tindastóll-Grindavík	64-95

Stig Tindastóls: Svavar Birgisson 20, Friðrik Hreinsson 11, Michael Giovacchini 10, Helgi Margeirsson 8, Helgi Viggósson 5, Sveinbjörn Skúlason 4, Axel Kárason 3, Hreinn Birgisson 2, Einar Einarsson 1.

Stig Grindavíkur: Brenton Birmingham 18, Amaani Bin Danish 18, Páll Axel Vilbergsson 17, Arnar Freyr Jónsson 10, Ómar Sævarsson 10, Ármann Vilbergsson 9, Björn Steinar Brynjólfsson 5, Ólafur Ólafsson 4, Þorleifur Ólafsson 2, Þorsteinn Finnbogason 2.

Iceland Express-deild karla:

Engin óvænt úrslit

KÖRFUBOLTI Þrír leikir fóru fram í Iceland Express-deild karla í gærkvöldi og er óhætt að segja að úrslitin hafi verið eftir bókinni.

Meistarakandidatarnir í Grindavík unnu öruggan sigur á Fjölni, Stjarnan skellti nýliðum Fjölnis og Keflavík lagði Breiðablik sem er spáð falli í deildinni.

Nýliðar Fjölnis hengu lengi vel í Stjörnunni en höfðu ekki það sem til þarf til að leggja lærisveina Teits Örlygssonar sem eiga líklega eftir að gera það gott í vetur.

- hbg

MIKE TYSON Er að mýkjast með aldrinum. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Mike Tyson og Holyfield:

Endurfundir hjá Opruh

BOX Sögulegur atburður átti sér stað í vikunni þegar hnefaleikakapparnir Mike Tyson og Evander Holyfield hittust í spjallþætti Oprah Winfrey.

Þetta var í fyrsta skipti sem þeir hittast síðan Tyson beit hluta af eyra Holyfields í frægum bardaga árið 1997.

Það var enginn hasar hjá Opruh heldur var Tyson auðmjúkur, bað Holyfield ítrekað afsökunar, tók í hönd hans og kallaði hann frábæran boxara og fallegan mann. **- hbg**

Stærsta salan í langri sögu KR

Markvörðurinn Stefán Logi Magnússon var í gær seldur frá KR til norska liðsins Lilleström. Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins hefur KR ekki áður fengið eins háa upphæð fyrir leikmann.

FÓTBOLTI KR er án markmanns í kjölfar þess að Stefán Logi Magnússon var seldur til norska úrvalsdeildarliðsins Lilleström sem hann samdi við til ársins 2013. Stefán hefur verið í láni hjá Lilleström síðustu mánuði og slegið í gegn. Svo vel hefur Stefán staðið sig að norska liðið var til í að greiða meira fyrir hann en gengur og gerist með markverði á Norðurlöndunum.

Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins er salan á Stefáni Loga sú stærsta í sögu KR og upphæðin yfir 30 milljónir íslenskra króna. Gengið hjálpar þarna vissulega til en þrátt fyrir það er Stefán Logi að fara fyrir talsvert hærri upphæð en gengur og gerist í sölu markvarða á Norðurlöndunum.

„Ég vil ekkert tjá mig um verðið á Stefáni. Það er bara ánægjulegt að málinu sé lokið," sagði Kristinn Kjærnested, formaður knattspyrnudeildar KR, en það er ljóst að KR-ingar þurfa að finna arftaka Stefáns Loga.

KR var með Norðmanninn Andre Hansen að láni frá Lilleström en lánssamningur hans er á enda runninn. KR hefur lýst yfir áhuga á að fá Andre aftur en allt er óráðið í þeim efnum.

„Við höfum verið að einbeita okkur að því að klára söluna á Stefáni áður en við tækjum næstu skref í málinu. Auðvitað vantar okkur markvörð og Andre stóð sig vel og kemur því til greina. Við verðum bara að bíða og sjá hvað gerist með það mál en ef það gengur ekki leitum við bara eitthvert annað eftir nýjum markverði," sagði Kristinn.

GULLKÁLFUR Salan á Stefáni Loga Magnússyni hjálpar verulega til við reksturinn á knattspyrnudeild KR enda fékk KR óvenju hátt verð fyrir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Andre á ár eftir af samningi sínum við Lilleström og í kjölfar kaupanna á Stefáni Loga stefnir ekki í að hann sé að fara að spila mikið hjá félaginu.

Stefán Logi var hæstánægður þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær enda hefur það tekið langan tíma að landa þessari sölu, sem hefur verið í kortunum svo mánuðum skiptir.

„Ég er mjög stoltur og glaður enda er þetta mikill áfangi fyrir mig. Ég hef stefnt að þessu í nokkurn tíma en það hefur ekki alveg gengið. KR setti upp svolítið hátt verð á mig en ég var ekkert endilega ósáttur við það. Núna eru allir kátir og hafa fengið sitt," sagði Stefán Logi við Fréttablaðið í gær en hann veit af því að KR er að fá verulega góðan pening fyrir sig.

„Ég veit vel að ég var dýr og að Lilleström greiddi meira fyrir mig en venjulega er greitt fyrir markmenn á Norðurlöndunum. Það sýnir bara hversu mikið félagið vildi fá mig og hversu mikla trú það hefur á mér. Ég þakkaði þetta traust með því að semja til lengri tíma við félagið í stað þess að pína það í 2-3 ára samning," sagði Stefán.

Stefán segist kveðja KR með söknuði enda hafi honum liðið vel þar. „Mér þykir mjög vænt um KR og alla í kringum félagið. Það var ekkert auðvelt að yfirgefa félagið um mitt sumar þegar liðið var að berjast á toppnum og standa sig vel í Evrópukeppninni," sagði Stefán Logi og bætti við að hann skuldaði markmannsþjálfaranum Guðmundi Hreiðarssyni mikið fyrir alla þá aðstoð sem hann hefði veitt sér. **henry@frettabladid.is**

Daníel Sigurðarson keppir ásamt bestu ökuþórum heims í breska rallinu um næstu helgi:

Stefnir hátt í keppni þeirra allra bestu

AKSTURSÍÞRÓTTIR Ísland mun nú í annað sinn í sögunni eiga keppanda í móti í heimsbikarmótaröðinni í rallakstri. Daníel Sigurðarson mun taka þátt í breska rallinu sem haldið verður í nágrenni Cardiff í Wales um næstu helgi. Hann tekur einnig þátt í keppni í Bretlandi þessa helgina til þess að búa sig undir stóra mótið um næstu helgi.

Daníel er margfaldur Íslandsmeistari í rallakstri en hefur síðustu ár mikið keppt í Bretlandi við mjög góðan orðstír. Hann hefur náð frábærum árangri, ekki síst í ár í keppnisbifreið sinni – Mitsubishi Evo X, árgerð 2009, sem Daníel tók þátt í að smíða í samstarfi við keppnislið Mitsubishi í Bretlandi. Árangurinn hefur vakið mikla eftirtekt í breskum rallíheimi.

„Ætli ég sé ekki 100 sinnum þekktari í Bretlandi en á Íslandi, eins einkennilega og það kann að hljóma," sagði Daníel við Fréttablaðið. „Það hefur komið mér vel. Ég hef fengið meiri stuðning frá Bretum en Íslendingum sem er afar mikilvægt enda þátttaka mín háð því hversu gott baklandið mitt er."

Allir bestu rallíkappar heimsins munu keppa í Cardiff um næstu helgi, til að mynda Frakkinn Sebastian Loeb. Hann keppir þó í flokki sérútbúinna bíla en Daníel í flokki lítið breyttra bíla.

„Ég hef gefið það út að ég stefni á topp tíu í mínum flokki en ég hef hvíslað því að sjálfum mér að stefna á efstu fimm sætin," sagði Daníel. Hann veit ekki hversu margir eru skráðir til leiks um aðra helgi en í keppninni sem hann tekur þátt í nú um helgina munu 175 bílar taka þátt.

DANÍEL SIGURÐARSON Stefnir langt í rallakstrinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég veit í raun ekki við hverju ég á að búast. Mér hefur gengið vel í Bretlandi hingað til en þar með er ekki sagt að mér muni ganga vel í sjálfri heimsmeistarakeppninni. Þarna verða allir þeir bestu saman komnir á einum stað og samkeppin getur ekki orðið meiri. Þarna skilja oft aðeins sekúndubrotin að."

Keppnin hefst á fimmtudaginn og lýkur svo á sunnudeginum. Framhaldið ræðst eftir það en Daníel útilokar ekki að reyna sig aftur meðal þeirra allra bestu ef vel gengur. „Hingað til hefur mér gengið vel en ég ætla að sjá til hvernig mér gengur gegn þessum stóru köllum. Þetta snýst allt um árangur og það yrði vissulega erfitt að líta fram hjá því ef ég myndi ná toppárangri nú." **- esá**

Boot cAmp
KOMDU ÞÉR Í FORM FYRIR JÓLIN!
TILBOÐ TIL JÓLA
8 VIKNA BOOT CAMP NÁMSKEIÐ
25.000
8 VIKNA BOOT CAMP GRÆNJAXLANÁMSKEIÐ (2X Í VIKU)
18.000
15% SKÓLAFSLÁTTUR
NÁNARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Á
WWW.BOOTCAMP.IS
ENGAR AFSAKANIR! - ENGIN UPPGJÖF! - HÁMARKS ÁRANGUR!
Suðurlandsbraut 6b | bootcamp@bootcamp.is | Sími: 517 6070
Boot cAmp

dagskrá sunnudagur

> Jennifer Garner

„Það grípur mig ofsahræðsla í hvert sinn sem ég þarf að finna rétta kjólinn. Ef ég mætti ráða væru allir í eins einkennisbúningum á frumsýningum og verðlaunahátíðum."

Garner fer með hlutverk í myndinni Catch and Release sem Stöð 2 bíó sýnir í dag.

SUNNUDAGSKVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.15

Fangavaktin

Georg hefur loksins náð takmarki sínu og þrieykið af bensínstöðinni á Laugaveginum er nú sameinað á ný. Ólafur kemst að því að hann hafði ranghugmyndir um fangelsi á meðan Daníel leiðir hann um sali Litla-Hrauns. Georg á hinn bóginn sér færi á að auka völd sín með því að gerast formaður Afstöðu, réttindafélags fanga. Þriðji þáttur er endursýndur á undan kl. 20.30.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Stöð 2 kl. 22.40

Mad Men - NÝTT

Önnur þáttaröðin þar sem fylgst er með daglegum störfum og einkalífi auglýsingapésans Dons Draper og kollega hans í hinum litríka auglýsingageira á Madison Avenue. Samkeppnin er hörð og óvægin, stíllinn settur ofar öllu og yfirborðsmennskan alger. Dagdrykkja er hluti af vinnunni og reykingar nauðsynlegur fylgifiskur sannrar karlmennsku.

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Friðþjófur forvitni, Lítil prinsessa, Þakbúarnir, Með afa í vasanum, Stjáni, Sígildar teiknimyndir, Alvöru dreki, Einu sinni var... Jörðin og Barist við risa.

10.50 Aldamótabörn (2:3) (e)

12.00 Viðtalið (Lasse Reimann)

12.30 Silfur Egils (e)

15.50 Landsleikur í handbolta Bein útsending frá leik kvennaliða í undankeppni HM sem fram fer í Vodafonehöllinni.

17.35 Táknmálsfréttir

17.45 Lína (2:7) (e)

17.51 Litli draugurinn Laban (2:6)

18.00 Stundin okkar

18.30 Spaugstofan (e)

19.00 Fréttir

19.30 Veðurfréttir

19.35 Fréttaaukinn Fréttaskýringaþáttur í umsjón fréttastofu RÚV.

20.10 Hamarinn (3:4) Ný íslensk sjónvarpsmynd í fjórum hlutum. Aðalhlutverk: Björn Hlynur Haraldsson og Dóra Jóhannsdóttir.

21.05 Persónur og leikendur Eva María Jónsdóttir ræðir við Bryndísi Pétursdóttur.

22.00 Rosenstrasse Þýsk bíómynd frá 2004. Ung kona kemst á snoðir um fjölskylduleyndarmál í minningarathöfn um pabba sinn og forvitnin rekur hana til Berlínar þar sem henni er sögð merkileg saga. Aðalhlutverk: Katja Riemann, Maria Schrader, Martin Feifel, Jürgen Vogel og Jutta Lampe.

00.10 Silfur Egils (e)

01.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BBC entertainment

10.30 State of Play **11.20** Dalziel and Pascoe **12.10** Dalziel and Pascoe **13.00** Saxondale **13.30** Saxondale **14.00** Saxondale **14.30** After You've Gone **15.00** After You've Gone **15.30** Doctor Who **16.15** Doctor Who **17.00** How Do You Solve A Problem Like Maria? **18.25** Primeval **19.15** Hustle **20.05** Gavin And Stacey **20.35** Gavin And Stacey **21.05** Gavin And Stacey **21.35** Doctor Who **22.20** Doctor Who **23.05** How Do You Solve A Problem Like Maria?

STÖÐ 2

07.00 Barnatími

08.00 Algjör Sveppi

09.45 Barnatími

10.35 Over the Hedge

12.00 Nágrannar

12.20 Nágrannar

12.40 Nágrannar

13.00 Nágrannar

13.20 Nágrannar

13.45 So You Think You Can Dance (3:25)

14.35 Chuck (6:22)

15.25 Monk (4:16)

16.20 Eldsnöggt með Jóa Fel (3:10) Tíunda þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakarameistaranum Jóa Fel.

16.55 Oprah Þáttur með spjallþáttadrottningunni Opruh Winfrey.

17.40 60 mínútur Reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar.

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.55 Íþróttir

19.02 Veður

19.10 The Moment of Truth (17:25) Spurningaþáttur þar sem þátttakendur leggja heiðarleika sinn að veði og svara persónulegum spurningum um sjálfa sig til þess að vinna háar peningaupphæðir.

19.50 Sjálfstætt fólk Jón Ársæll heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum.

20.30 Fangavaktin (3:8) Endursýndur þáttur frá 11. október.

21.10 Fangavaktin (4:8) Frumsýning.

21.50 Numbers (14:23) Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála.

22.35 Mad Men (1:13) Önnur þáttaröðin þar sem fylgst er með daglegum störfum og einkalífi auglýsingapésans Dons Draper.

23.25 The 4400 (10:13)

00.10 NCIS (10:19)

00.55 60 mínútur

01.40 The Mother

03.30 Superman Returns

06.00 Fréttir

SPORT *besta sætið*

07.35 Real Madrid - Valladolid Útsending frá leik í spænska boltanum.

09.15 Valencia - Barcelona Útsending frá leik í spænska boltanum.

10.55 Jermain Taylor - Arthur Abraham Útsending frá bardaga Jermain Taylor og Arthur Abraham.

11.40 Carl Froch - Andre Dirrell Útsending frá bardaga Carl Froch og Andre Direll.

12.25 US Open 2008 Útsending frá lokadegi US Open í golfi.

15.00 F1: Við rásmarkið

18.15 F1: Við endamarkið

18.45 Justin Timberlake Childrens Open

22.00 Mónakó - Lens Útsending frá leik í franska boltanum. Leikurinn er sýndur beint á Sport 3 kl 14.55.

23.40 F1: Við endamarkið

SPORT 2 *enski boltinn*

07.10 Mörk dagsins Allir leikir dagsins í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir.

07.50 Nottingham Forest - Newcastle Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.

09.30 Sunderland - Liverpool Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

11.10 Mörk dagsins Leikir dagsins í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir.

11.50 Blackburn - Burnley Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

13.55 Goals of the Season 2005 Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

14.50 Wigan - Man. City Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

17.00 Aston Villa - Chelsea Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

18.40 Man. Utd. - Bolton Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

20.20 Arsenal - Birmingham Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

22.00 Wigan - Man. City Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

23.40 Blackburn - Burnley Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

EXTRA

11.15 The Doctors

12.00 The Doctors

12.45 The Doctors

13.30 The Doctors

14.15 The Doctors

15.00 Oprah

15.45 Doctors (25:26)

16.15 Doctors (26:26)

16.45 Doctors (1:26)

17.15 Doctors (2:26)

17.45 Doctors (3:26)

18.15 Seinfeld (10:24)

18.40 Seinfeld (11:24)

19.05 Seinfeld (5:24)

19.35 Seinfeld (6:24)

20.05 So You Think You Can Dance (3:25) Dansæðið er hafið í sjötta sinn.

20.50 Blade (3:13) Blade er hálfur maður og hálf vampíra og berst við nýja tegund vampíra sem ætlar sér alger yfirráð yfir mannkyninu.

21.35 Logi í beinni

22.20 Auddi og Sveppi

22.50 Seinfeld (10:24)

23.15 Seinfeld (11:24)

23.40 Seinfeld (5:24)

00.05 Seinfeld (6:24)

00.30 Modern Toss (2:6)

01.00 The O.C. 2 (16:24)

01.45 ET Weekend

02.35 Sjáðu

03.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

iNN

16.00 Hrafnaþing

17.00 Græðlingur

17.30 Tryggvi Þór á alþingi

18.00 Borgarlíf

18.30 Íslands safarí

19.00 Hestafréttir

19.30 Björn Bjarna

20.00 Hrafnaþing

21.00 Í kallfæri

21.30 Grasrótin

22.00 Hrafnaþing

23.00 Mannamál

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist

13.25 World Cup of Pool 2008 (e)

14.15 Dynasty (e)

15.05 Dynasty (e)

15.55 The Contender Muay Thai (e)

16.45 Yes Dear (6:15) (e)

17.10 What I Like About You (e)

17.35 Spjallið með Sölva (4:13) (e)

18.25 She's Got the Look (6:6) (e)

19.15 30 Rock (2:22) (e)

19.45 Fyndnar fjölskyldumyndir (5:12) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru bæði innlend og erlend myndbrot, sem kitla hláturtaugarnar og koma öllum í gott skap. Kynnir þáttanna er Laddi.

20.20 Lífsaugað (5:10) Þórhallur Guðmundsson miðill stýrir skyggnilýsingum fyrir gesti sína í sal og sjónvarpsáhorfendur.

21.00 Law & Order: Special Victims Unit (6:19) Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi. Kona er myrt á hrottafenginn hátt og morðinginn virðist vera að herma eftir handbragði raðmorðingja sem er í fangelsi.

21.50 Harper's Island (6:13) Glæný og hörkuspennandi þáttaröð sem fær hárin til að rísa. Allt er í uppnámi eftir að faðir brúðarinnar var myrtur á hrottafenginn hátt. Abby, Henry og J.D. taka málin í sínar hendur og reyna að komast að því hver morðinginn er. Stranglega bannað börnum.

22.40 Flashpoint (12:12) (e)

23.30 Secret Diary of a Call Girl (e)

00.00 PA´s (6:6) (e)

01.00 Penn & Teller: Bullshit (e)

01.30 Penn & Teller: Bullshit (e)

02.00 Pepsi MAX tónlist

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

BÍÓ

06.35 Brokeback Mountain

08.45 A Good Year

10.40 Catch and Release

12.30 Iron Giant

14.00 A Good Year

16.00 Catch and Release Hugljúft og rómantískt drama með gamansömum undirtón með Jennifer Garner í aðalhlutverki.

18.00 Iron Giant Teiknimynd fyrir alla fjölskylduna.

20.00 Brokeback Mountain Sérstaklega áhrifamikil og dramatísk mynd sem fjallar um forboðnar ástir tveggja kúreka.

22.10 Eyes Wide Shut

00.45 The Squid and the Whale

02.05 Half Nelson

04.00 Eyes Wide Shut

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** Boxen **10.30** Truslen fra dybet **11.10** Sugar Rush **11.30** Hjerteflimmer Classic **12.00** Gudstjeneste i DR Kirken **12.45** OBS **12.50** Michael Palin i det nye Europa **13.45** Ridesport **15.30** Vores store verden **16.00** Hammerslag **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.05** Tæt på en dronning **18.00** Forbrydelsen II **19.00** 21 Sondag **19.40** SportNyt **19.50** Lewis **21.25** VM Taekwondo **21.55** Columbo **23.25** Seinfeld

NRK 1

10.50 Ut i nærturen **11.05** Løvebakken **11.30** Norsk attraksjon **12.00** De ukjente **13.00** TV-aksjonen CARE **16.00** Boxer **16.30** TV-aksjonen CARE **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **17.55** TV-aksjonen CARE **21.00** Kveldsnytt **21.20** TV-aksjonen CARE **22.15** Beat for beat **23.15** Hemmeligheten bak et godt ekteskap **23.40** Svisj gull

SVT 1

10.50 Regissören **11.50** Debatt **12.35** Här är ditt liv **14.05** Birgit Nilsson Prize Gala **15.00** Ridsport. Världscupen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Dansbandskampen **17.15** Världens Barn. Barnen som lever på gatan **17.20** 1809 **17.30** Rapport **17.55** Regionala nyheter **18.00** Playa del Sol **18.30** Sportspegeln **19.15** Fället **20.00** Vinna eller försvinna **20.30** Människans resa **20.55** Atomfysik **21.00** Andra Avenyn **21.45** Byss **22.00** Brottskod. Försvunnen





EKKI TAKA LITLA SNEIÐ FYRIR KURTEISISSAKIR

ÞÚ ÞARFT Á ÞEIRRI STÓRU AÐ HALDA

ÚTVARPSHLUSTUN SAMKVÆMT RAFRÆNUM MÆLINGUM CAPACENT

LANDIÐ ALLT - HEILDARHLUSTUN Í MÍNÚTUM - 12-80 ÁRA

MARKAÐSHLUTDEILD (VIKA 39)

RÁS 1 RÁS 2

*ÚTVARP SAGA, KANINN OG FLASS 104,5 ERU EKKI MEÐTALDAR

dagskrá

> Barbra Streisand

„Ég fór til Hollywood án þess að hafa breytt nafninu mínu, nefinu eða tönnunum og mér vegnaði vel."

Streisand fer með hlutverk í kvikmyndinni Focker-fjölskyldan sem Sjónvarpið sýnir kl. 21.15 í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON HLUSTAR TALSVERT Á ÚTVARP

Siggi Hlö er sannur fagmaður

Ætli það sé ekki skortur á hæfileikanum til að meðtaka hljóð og mynd í sama vetfangi sem gerir það að verkum að mér finnst betra að hlusta á fréttir í útvarpi en sjá þær í sjónvarpi. Hreinræktuð íhaldssemi gerði það hins vegar að verkum að ég hlustaði áfram á morgunútvarpið þótt morgunsjónvarpið væri komið í loftið. Og eldhúsdagsumræðum fylgist ég með í útvarpi en ekki sjónvarpi.

Ég er sem sagt fyrir útvarp.

Á morgnana skipti ég á milli Bylgjunnar og Rásar 2, allt eftir umfjöllunarefni og viðmælendum. Þáttastjórnendur beggja stöðva er hresst fólk með óendanlegan áhuga á „ástandinu".

Eftir áttafréttirnar, á leið í vinnuna, á ég góða stund með KK. Það er algjörlega nauðsynlegt eftir raunveruleikaútvarp klukkutímans áður.

Hádegisfréttirnar hlusta ég á liggjandi í brúnum sófa. Ég á það til að sofna í fjórðu frétt.

Síðdegis flakka ég á milli þremenninganna léttu í Reykjavík síðdegis, hins ábyrgðarfulla Síðdegisútvarps og gáfumannaþáttarins Víðsjár. Þegar sá síðastnefndi verður fyrir valinu á ég til að gerast ábúðarfullur og kinka kolli.

Takmarkalaus alvörugefni Spegilsmanna er mér orðin endanlega ofviða. Já, og hvers vegna í ósköpunum er sá þáttur sendur út á tveimur rásum Ríkisútvarpsins?

Margt fínt er í boði um helgar.

Allar stöðvar, nema auðvitað Rás 1, reyna að vera í stuði. Jóa og Simma á Bylgjunni tekst það vel enda hressir gaurar. Jói og Atli á Rás 2 eru oft skemmtilegir. Tvíhöfði er fyndinn.

Bestur um helgar er samt Siggi Hlö sem leikur sítt að aftan lög síðdegis á laugardögum. Hann er sannur fagmaður og þekkir viðfangsefnið jafn vel og vitringarnir hjá RÚV.

Talar um Nick Kershaw eins og Eiríkur Guðmunds talar um Gyrði og Gunnar Gunnarsson um AGS.

Undur útvarpsins heitir svo Útvarp Saga. Þeim verða gerð sérstök skil seinna.

LAUGARDAGUR

▶ **13.50 Man. Utd. – Bolton, beint** STÖÐ 2 SPORT 2

▶ **18.35 Yes Dear** SKJÁREINN

▶ **20.00 Ástríður** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **20.10 Útsvar** SJÓNVARPIÐ

▶ **21.00 My Fake Fiance** STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Pálína, Skellibær, Sögustund með Mömmu Marsibil, Tóta trúður, Paddi og Steinn, Tóti og Patti, Paddi og Steinn, Ólivía, Sögurnar okkar, Elías Knár, Kobbi gegn Kisa, Skúli skelfir og Paddi og Steinn.
10.25 Nýsköpun - Íslensk vísindi (e)
10.55 Leiðarljós (e)
11.35 Leiðarljós (e)
12.20 Kastljós (e)
13.00 Kiljan (e)
13.50 Hrunið (2:4)
14.45 Joe Strummer - Framtíðin er óskrifað blað (e)
16.50 Lincolnshæðir (22:23)
17.35 Táknmálsfréttir
17.45 Eldað með Jóhönnu Vigdísi (e)
18.20 Omid fer á kostum (e)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.40 Spaugstofan
▶**20.10 Útsvar** (Álftanes - Seltjarnarnes)
21.15 Focker-fjölskyldan (Meet the Fockers) Bandarísk gamanmynd frá 2004 um ungan mann sem býður tengdaforeldrum sínum til Miami að hitta pabba sinn og mömmu. Aðalhlutverk: Robert De Niro, Ben Stiller, Dustin Hoffman og Barbra Streisand.
23.10 Verksmiðjustúlkan (Factory Girl) Bandarísk bíómynd frá 2006 um stjörnuna Edie Sedgwick. Aðalhlutverk: Sienna Miller, Guy Pearce, Hayden Christensen og Mena Suvari.
00.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.10 Thank You for Smoking
10.00 Dying Young
12.00 Charlotte's Web
14.00 Thank You for Smoking
16.00 Dying Young
18.00 Charlotte's Web
20.00 Match Point
22.00 There Will Be Blood
00.35 The Addams Family
02.15 Jackass Number Two
04.00 There Will Be Blood

STÖÐ 2

07.00 Barnatími
08.00 Algjör Sveppi
09.45 Barnatími
12.00 Bold and the Beautiful
12.20 Bold and the Beautiful
13.00 Bold and the Beautiful
13.20 Bold and the Beautiful
13.45 Sjálfstætt fólk
14.25 Auddi og Sveppi
15.15 Logi í beinni
16.00 ET Weekend Allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
16.50 Ástríður (9:12) Heilbrigð innbyrðis samkeppni ríkir á öllum vinnustöðum. Sveini Torfa finnst þó eins og einhver sé í samkeppni við hann um hylli Ástríðar. Er það misskilningur?
17.20 Fangavaktin (3:8) Ólafur sleppur með skrekkinn eftir ránstilraunina og reynir í kjölfarið að klára díl aldarinnar. Á meðan þarf Daníel að kljást við einelti af hálfu samfanga sinna og Georg reynir að finna leið til að komast á flokksþing Vinstri grænna.
18.00 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru.
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.49 Íþróttir
18.56 Lottó
19.04 Veður
19.10 Ísland í dag - helgarúrval
19.35 Space Jam Barna- og fjölskyldumynd þar sem saman koma stjörnur teiknimynda og kvikmynda, Bill Murray, Danny DeVito, Bugs Bunny og Daffy Duck að ógleymdum Michael Jordan sem fer á kostum enda fer körfuboltinn með stórt hlutverk í myndinni.
▶**21.00 My Fake Fiance** Rómantísk gamanmynd um unga konu sem tekur þá örvæntingarfullu ákvörðun í peningaleysinu að sviðsetja brúðkaup sitt og ókunnugs stráks sem er líka blankur - allt fyrir gjafirnar. En að sjálfsögðu fer þetta lúalega bragð þeirra á allt annan veg en þau ráðgerðu.
22.30 The Number 23
00.10 Master and Commander. The Far Side of the World
02.25 As You Like It
04.30 ET Weekend
05.15 Fangavaktin (3:8)
05.45 Fréttir

SPORT *besta sætið*

09.00 England - Hvíta Rússland Útsending frá leik í undankeppni HM.
10.40 10 Bestu: Guðni Bergsson
11.35 Presidents Cup 2009: Hápunktar Sýnt frá hápunktunum í Forsetabikarnum í golfi sem fram fór helgina 8. - 11. október.
12.30 Inside the PGA Tour 2009
12.55 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur
13.25 F1: Brasilía / Æfingar
13.55 F1: Brasilía / Æfingar Sýnt beint frá æfingum í Formúlu 1 kappaksturinum.
15.00 10 Bestu: Rúnar Kristinsson
15.45 La Liga Report Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
16.15 F1: Við rásmarkið Hitað upp fyrir komandi keppni.
16.45 F1. Brasilía / Tímataka Sýnt beint frá tímatöku í Formúlu 1 kappaksturinum.
18.20 Real Madrid - Valladolid Bein útsending frá leik í spænska boltanum.
20.00 Valencia - Barcelona Bein útsending frá leik í spænska boltanum.
21.50 Jermain Taylor - Arthur Abraham Bein útsending frá bardaga sem fram fer í Berlín.
23.20 Carl Froch - Andre Dirrell Bein útsending frá Nottingham í Englandi.

SPORT 2 *enski boltinn*

08.55 Chelsea - Tottenham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
10.35 Premier League World
11.05 Premier League Preview
11.35 Aston Villa - Chelsea Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
▶**13.50 Man. Utd. - Bolton** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. Sunderland - Liverpool Sport 4. Arsenal - Birmingham Sport 5. Portsmouth - Tottenham Sport 6. Everton - Wolves
16.15 Nottingham Forest - Newcastle Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
18.30 Mörk dagsins Allir leikir dagsins í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir.
19.10 Leikur dagsins
20.55 Mörk dagsins
21.35 Mörk dagsins
22.15 Mörk dagsins
22.55 Mörk dagsins
23.35 Mörk dagsins

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
13.35 Dynasty (e)
14.25 Dynasty (e)
15.15 Dynasty (e)
16.05 Everybody Hates Chris (e)
16.30 90210 (2:22) (e)
17.20 Melrose Place (2:13) (e)
18.10 What I Like About You (22:24) Bandarísk gamansería um tvær ólíkar systur í New York. Aðalhlutverkin leika Amanda Bynes og Jennie Garth.
▶**18.35 Yes Dear** (6:15) Bandarísk gamansería um grallaraspóana Greg og Jimmy sem eru giftir systrunum Kim og Christine. Þeir halda að þeir ráði á sínum heimilum en að sjálfsögðu eru það eiginkonurnar sem eiga alltaf lokaorðið.
19.00 Game Tíví (5:14) (e)
19.30 Skemmtigarðurinn (5:8) Nýr íslenskur þáttur fyrir alla fjölskylduna. Í hverjum þætti keppa tvær 5 manna fjölskyldur í skemmtilegum leik. (e)
20.30 SkjárEinn í 10 ár (4:4) Skemmtiþáttur í umsjón Dóru Takefusa þar sem stiklað er á stóru í 10 ára sögu SkjásEins og rifjuð upp eftirminnileg atvik. (e)
21.30 Spjallið með Sölva (4:13) (e)
22.20 Nýtt útlit (3:10) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit. (e)
23.10 Lífsaugað (4:10) (e)
23.50 Lord of the Rings. Two Towers
03.40 World Cup of Pool 2008 (e)
04.30 Pepsi MAX tónlist

iNN

17.00 Mannamál
17.30 Græðlingur
18.00 Hrafnaþing
19.00 Mannamál
19.30 Græðlingur
20.00 Hrafnaþing
21.00 Græðlingur
21.30 Tryggvi Þór á alþingi
22.00 Borgarlíf
22.30 Íslands safarí
23.00 Hestafréttir
23.30 Björn Bjarna

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

LAGERSALA Seljum eingöngu beint af lager okkar sem er aðeins opinn um helgar. Lítil yfirbygging = betra verð

Edge - Hornsófi 280x200 kr. 298.700
Lagersöluverð kr. 238.900
Litir: Sand og Night

Bono - Borðstofuborð stækkanlegt 166 / 266 x 100 cm
Kr. 145.800 I Lagersöluverð kr. 87.500

2401 3ja sæta sófi kr. 324.800 I Nú kr. 194.800
2401 2ja sæta sófi kr. 310.000 I Nú kr. 186.000

OPIÐ UM HELGINA
Laugardag 12 - 16
Sunnudag 13 - 16
Skoðið úrvalið á heimasíðu okkar
www.linan.is

Madison skenkur kr. 131.400 I Nú kr. 65.700

Slim 3ja sæta sófi kr. 169.800 I Nú kr. 135.840
Slim 2ja sæta sófi kr. 132.600 I Nú kr. 106.000

LÍNAN
Akralind 9
201 Kópavogur
Sími 553 7100
www.linan.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.30

The Number 23

Walter Sparrow verður heillaður af bók sem honum finnst samsvara hans eigin lífi. Fljótlega breytist þessi hrifningin í þráhyggju og þegar nær dregur enda bókarinnar grípur hann ofsahræðsla er hann sannfærist um að hann muni hljóta sömu örlög og aðalsöguhetjan.
Leikstjóri myndarinnar er Joel Schumacher og með aðalhlutverk fara Jim Carrey, Logan Lerman og Virginia Madsen.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Identity

Stöð 2 Extra kl. 22.05

Nýr skemmtiþáttur með grínistanum Penn Jillette þar sem þátttakendur reyna að tengja saman tólf ókunnugar manneskjur við lista með auðkennum þeirra. Til mikils er að vinna því hálf milljón dala er í boði fyrir þann sem nær að klára listann.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.50 Bæn
08.00 Morgunfréttir
08.05 Gatan mín
09.03 Út um græna grundu
10.15 Kvika
11.00 Vikulokin
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Krossgötur
14.00 Til allra átta
14.40 Lostafulli listræninginn
15.15 Vítt og breitt
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Orð skulu standa
17.05 Flakk
18.00 Kvöldfréttir
18.17 Bláar nótur í bland
18.53 Dánarfregnir
19.00 Breiðstræti
20.00 Sagnaslóð
20.40 Raddir barna
21.10 Á tónsviðinu
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Hvað er að heyra?
23.10 Stefnumót
00.00 Næturtónar

FM 88,5	XA-Radíó	FM 96,3	FM Suðurland	FM 90,1	Rás 2
FM 90,9	Gullbylgjan	FM 96,7	Létt Bylgjan	FM 102,2	Útvarp Latibær
FM 91,9	Kaninn	FM 97,7	X-ið	FM 102,9	Lindin
FM 93,5	Rás 1	FM 98,9	Bylgjan	FM 105,5	Útvarp Boðun
FM 95,7	FM957	FM 99,4	Útvarp Saga		

2 EXTRA

14.00 Doctors (20:26)
14.30 Doctors (21:26)
15.00 Doctors (22:26)
15.30 Doctors (23:26)
16.00 Doctors (24:26)
16.30 Nágrannar
16.50 Nágrannar
17.10 Nágrannar
17.35 Nágrannar
18.00 Nágrannar
18.25 Ally McBeal (1:23)
19.15 Logi í beinni
▶ **20.00 Ástríður** (8:12) Tangónámskeið getur lífgað upp á ástarsambandið. Verst hvað Ástríður er lengi að tileinka sér réttar hreyfingar.
20.30 Ástríður (9:12) Heilbrigð innbyrðis samkeppni ríkir á öllum vinnustöðum. Sveini Torfa finnst þó eins og einhver sé í samkeppni við hann um hylli Ástríðar.
21.00 Fangavaktin (2:8) Daníel er kominn í vandræði gagnvart Ingva á meðan Georg festir sjálfan sig betur í sessi sem deildarformaður.
21.35 Fangavaktin (3:8) Ólafur sleppur með skrekkinn eftir ránstilraunina og Georg reynir að finna allar mögulegar leiðir til að komast á flokksþing Vinstri grænna.
22.05 Identity (3:12)
22.50 Auddi og Sveppi
23.25 Logi í beinni
00.10 Gilmore Girls
00.55 The Best Years (6:13)
01.45 John From Cincinnati (6:10)
02.35 ER (11:22)
03.20 Sjáðu
04.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.20 After You've Gone **10.50** Saxondale **11.20** Saxondale **11.50** EastEnders **12.20** EastEnders **12.50** EastEnders **13.20** EastEnders **13.50** Doctor Who **14.35** Dalziel and Pascoe **15.25** Dalziel and Pascoe **16.15** Never Better **16.45** Never Better **17.15** Hustle **18.05** How Do You Solve A Problem Like Maria? **19.35** The Jonathan Ross Show **20.25** Primeval **21.15** Dalziel and Pascoe **22.05** Dalziel and Pascoe **22.55** Never Better **23.25** Never Better **23.55** How Do You Solve A Problem Like Maria?

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** Troldspejlet **10.30** Family Guy **10.55** SPAM - Koleskabe og rumvæsener **11.20** Boogie Update **11.50** S P eller K **12.00** Talent 09 **13.00** Talent 09 - afgørelsen **13.25** So ein Ding **13.40** Columbo **15.10** For søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Sigurd og Operaen **16.00** Gepetto News **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** Min Sport. Hawaiis jernmænd **17.35** Pingvinerne fra Madagascar **18.00** Vikaren **19.30** Kriminalkommissær Barnaby **21.10** Skagerrak **22.55** VM Taekwondo **23.25** Kriminalkommissær Clare Blake

NRK 1

10.20 Billedbrev fra Europa **10.30** Elvis - store øyeblikk **11.25** Tilbake til 60-tallet **11.55** Tore på sporet **12.45** Beat for beat **13.45** 4-4-2 **16.00** Kometkameratene **16.25** Ugla **16.30** Krem Nasjonal **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** De ukjente **18.55** Norsk attraksjon **19.25** Med hjartet på rette staden **20.10** Queendom. Tatt av Afrika **20.35** TV-aksjonen CARE. Den store dugnaden **21.00** Kveldsnytt **21.15** Mansfield Park **22.50** Den norske humor **23.20** Dansefot jukeboks m/chat

SVT 1

11.30 Andra Avenyn **12.15** Uppdrag Granskning **13.15** Livet i Fagervik **14.00** Tillsammans för Världens barn **15.35** Byss **15.50** Helgmålsringning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** Disneydags **17.00** En ö i havet **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Här är ditt liv **19.30** Robins **20.00** Brottskod. Försvunnen **20.45** Nurse Jackie **21.15** Motor. VM i speedway **22.00** Hotel **23.15** Parkinson

FRAMÚRSKARANDI FYRR EN ÞAU HAFA NOTIÐ ÆSKUNNAR • ÞAÐ BESTA SEM ÞÚ EYÐIR Í BARNIÐ ÞITT ER TÍMI • ÞÚ GETUR LÆRT AÐ VERA BÖRN EINS LENGI OG HÆGT ER! VIÐ MEGUM EKKI ÆTLAST TIL AÐ ÞAU VAXI HRATT OG VERÐI SKYNSÖM, IÐIN OG MARGT AF BÖRNUNUM, TIL DÆMIS HVERSU MIKLA ÞOLINMÆÐI ÞÚ HEFUR • BÖRN EIGA HVORKI FORTÍÐ NÉ FRAMTÍÐ, ÞAU LIFA Í NÚINU, SEM FÆST OKKAR GERA • BARN ER MANNESKJA SEM GETUR BÖRN ERU OG VERÐA ALLTAF BÖRN, VIÐ ÞURFUM AÐ LEYFA ÞEIM AÐ GERA MISTÖK TIL AÐ LÆRA AF ÞEIM • BÖRNIN OKKAR ERU ÞAÐ DÝRMÆTASTA SEM VIÐ EIGUM

PERSÓNAN

Eyþór Árnason

Aldur: Ég er hundgamall. Fæddur 1954 og því orðinn 55 ára.

Starf: Aðallega sviðsstjóri í sjónvarpi.
Fjölskylda: Ég á konu og þrjú börn með henni.
Foreldrar: Árni Bjarnason og Sólveig Árnadóttir. Þau eru fyrrverandi bændur og bjuggu að Uppsölum í Skagafirði.
Búseta: Bý í Vesturbænum í Reykjavík.
Stjörnumerki: Ljón.

Eyþór Árnason fékk bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar í vikunni fyrir fyrstu ljóðabók sína, Hundgá úr annarri sveit.

Ný prinsessa glæpasagnanna

„Yrsa er kölluð drottning íslensku glæpasögunnar. Ég vona að ég geti orðið prinsessan," segir Lilja Sigurðardóttir, sem gefur út sína fyrstu glæpasögu á næstunni. Hún nefnist Spor og er eina íslenska glæpasagan sem Bjartur gefur út fyrir þessi jól.

Lilja var uppgötvuð eftir að hún sendi inn handrit að bókinni í samkeppni sem Bjartur stóð fyrir á síðasta ári þar sem leitað var að hinum íslenska Dan Brown. Hennar handrit þótti skara fram úr en taldist þó ekki nógu líkt þeirri formúlu sem Brown hefur notað í bókum sínum. „Auðvitað hefði verið gaman að vinna keppnina," segir Lilja, sem var engu síður ánægð með að fá útgáfusamning. „Þetta er ekki að öllu leyti hreinræktuð glæpasaga. Þótt plottið sé þannig byggt upp er þetta líka þroskasaga manns sem hefur varið lífi sínu dálítið illa. Þessi atburðarás sem hann lendir í verður til þess að hann fer að endurskoða marga aðra hluti í lífi sínu. Að því leyti er þetta saga í sögunni sem er kannski ekki í þessum hefðbundna glæpasagnastíl."

Lilja segist vera mjög hrifin af Dan Brown eins og svo margir aðrir. Hún á þó enn eftir að lesa nýjustu söguna hans, Týnda táknið. „Ég er almennt mjög hrifin af glæpasögum og sögum sem skemmta fólki," segir hún. Engir glæpasagnahöfundar eru þó í mestu uppáhaldi hjá henni, heldur þeir Ernest Hemingway og Halldór Laxness.

Lilja er menntaður uppeldisfræðingur en vinnur við vefumsjónarkerfi. Hún samdi Spor í frístundum sínum og hlakkar mikið til að sjá afraksturinn koma út úr prentsmiðju. Þýska útgáfufélagið Lübbe, sem gefur út Jón Hall Stefánsson, hefur þegar fengið handritið til yfirlestrar og virðist vera mjög spennt fyrir hinni nýju íslensku glæpasagnaprinsessu.

- fb

LILJA SIGURÐARDÓTTIR Fyrsta bók Lilju, Spor, kemur út á næstu vikum. Hún vill verða prinsessa íslenskra glæpasagna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



LÁRÉTT 2. tala, **6.** borðaði, **8.** tal, **9.** háttur, **11.** slá, **12.** skaf, **14.** vegahótel, **16.** hvað, **17.** þrí, **18.** tímabils, **20.** rykkorn, **21.** geð.

LÓÐRÉTT 1. líkamshluti, **3.** hljóm, **4.** avókadó, **5.** hamfletta, **7.** keppikefli, **10.** æxlunarkorn, **13.** sigað, **15.** hljóðfæri, **16.** rámur, **19.** átt.

LAUSN

LÁRÉTT: **2.** tólf, **6.** át, **8.** mál, **9.** lag, **11.** rá, **12.** skrap, **14.** mótel, **16.** ha, **17.** trl, **18.** árs, **20.** ar, **21.** skap.

LÓÐRÉTT: 1. háls, **3.** óm, **4.** iðrera, **5.** flá, **7.** takmark, **10.** gró, **13.** att, **15.** líra, **16.** hás, **19.** sa.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Haukum frá Hafnarfirði.
2. Níu þingmenn.
3. Skúli rafvirki.

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

NANNA RÖGNVALDARDÓTTIR: SVONA GERIR MAÐUR BARA EKKI

Matargúru ósátt við eldamennsku sjónvarpskokks

Nanna Rögnvaldardóttir gagnrýnir aðferðir Jóhönnu Vigdísar Hjaltadóttur við eldun spaghettís í síðasta matreiðsluþætti hennar. Sjónvarpskokkurinn fagnar umræðunni. „Ég var ekkert hífandi brjáluð, síst af öllu út í Jóhönnu sem er ákaflega skemmtileg kona og ég er mjög hrifin af því sem hún hefur gert," segir Nanna í samtali við Fréttablaðið en hún setti gagnrýni sína fram á bloggi sínu. Matargúrúrið Nanna, sem sjálf hefur gefið út fjölda matreiðslubóka, bætir því við að fólk hafi skipst í tvö horn í athugasemdakerfi hennar, sumir hafi verið ákaflega hrifnir af því sem Jóhanna bauð upp á, aðrir ekki.

Nanna gerir mestar athugasemdir við hvernig Jóhanna sauð spagettíið. Og að hún skyldi brjóta spagettíið, slíkt brjóti nánast í bága við eðli þess. „Því það er bara ekki náttúrulegt að brjóta spaghettí í tvennt. Sem sannast á því að ef maður tekur spaghettílengju, heldur um endana og beygir þar til hún brotnar, þá brotnar hún nánast aldrei í tvennt," útskýrir Nanna á bloggi sínu. Og svo er það hvernig Jóhanna sauð spagettíið. „Maður notar stóran pott með miklu vatni sem á að vera bullsjóðandi þegar pastað er sett út í. Ég endurtek: Bullsjóðandi," skrifar Nanna og skilur lítið í þeirri pælingu að kæla spagettíið líkt og Jóhanna gerði í þættinum.

Jóhanna Vigdís er ánægð með að fólk skuli ræða sín á milli hvernig eigi að sjóða spagettí. Sú umræða sé í það minnsta skemmtileg. „Ég segi auðvitað bara frá því sem ég geri og hvað hefur gengið best hjá mér í gegnum tíðina." Jóhanna skilur að Nanna skuli ekki vera sátt við brotna spagettíið. „Það eru margir sem vilja alls ekki gera það en krökkunum mínum hefur gengið best með spagettíið þannig þótt auðvitað hafi ég líka soðið það án þess að brjóta það."

Sjónvarpskonan bætir því við að upphaflega hugmyndin með þáttunum hafi verið sú að gefa fólki hugmyndir og tækifæri til að prófa eitthvað nýtt. „Maður á ekki endilega að segja að eitt sé rétt og annað rangt. Fólk á að skiptast á skoðunum og ég hef fengið mikið af viðbrögðum. Það var til að mynda ungur strákur sem hafði samband og spurði hvað hann ætti að fá sér í morgunmat." Jóhanna segir það hafa komið sér á óvart hversu mikill áhuginn er á matreiðsluþættinum. „Ég hef skrifað um mat í yfir tuttugu ár og hef alltaf sagt að maður á aldrei að loka á eitt eða neitt. Það geta allir tjáð sig um mat og það hafa langflestir gaman af því að borða."

freyrgigja@frettabladid.is

BROTIÐ EÐA ÓBROTIÐ, ÞAÐ ER SPURNINGIN

Nanna Rögnvaldardóttir heldur því fram á bloggsíðu sinni að það sé ekki náttúrulegt að brjóta spagettí áður en það er soðið. **Jóhanna Vigdís** segir krökkunum sínum ganga betur að borða það ef það er brotið í tvennt. Þær eru ekki sammála um hvernig eigi að sjóða þenna vinsæla, ítalska mat.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Mugison kom ekki fram á Iceland Airwaves-hátíðinni í ár, en hún fer nú fram í miðbæ Reykjavíkur. Aðdáendur kappans ættu þó ekki að örvænta því Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að hann komi fram í Reykjavík í kvöld. Hann ku hafa boðað komu sína á Kaffistofuna á Hverfisgötu 42 klukkan 19, á ljósmyndasýningu Harðar Sveinssonar. Hörður hefur boðið upp á tónleika frá því að sýningin hófst á miðvikudag og á hverju kvöldi hafa leynigestir mætt á svæðið.

Hjartalaga auglýsingar um að einhver sé á leiðinni hafa birst í ýmsum miðlum undanfarið. Erfitt hefur verið að nálgast upplýsingar um hver sé á leiðinni og hvað sé að gerast, en heimildir Fréttablaðsins herma að erlendir aðilar ætli að halda partí í Reykjavík á miðvikudaginn. Fjölmörgum Íslendingum verður boðið, en staðsetningin er á huldu. Sömu heimildir herma að hluta af partígestunum verði boðið í ókeypis ferð á hitabeltiseyju. Vissulega furðulegt boð, en eftir því sem komist verður næst er skýringin að hluta til sú að erlendir aðilar standi fyrir partíinu en ekki er vitað hvað þeim gengur til.

Nicky Byrne og félagar í hljómsveitinni Westlife dvelja nú á Íslandi og verða hér við myndbandsupptökur næstu daga. Meðlimir hljómsveitarinnar hafa auglýslega ekki gert sér grein fyrir því að stærsta tónlistarhátíð landsins stendur nú yfir því þeir hafa ekki sett sig í samband við aðstandendur Iceland Airwaves. Uppselt er á hátíðina, sem nær hápunkti í kvöld þegar Páll Óskar kemur fram með Hjaltalín í Hafnarhúsinu, en það er spurning hvort þeir gætu reddað sér miðum ef þeir kærðu sig um það.

- afb

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
SKÖTUSELUR LAXAFLÖK
TÚNFISKUR HUMARSÚPA
LÚÐUFLÖK STÓR HUMAR
Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

Tengjast virtum blússamtökum

Blúshátíð Reykjavíkur er orðin meðlimur í hinum virtu bandarísku samtökum The Blues Foundation sem standa á hverju ári fyrir alþjóðlegri hljómsveitakeppni. Til stendur að halda blúskeppni hér á landi og senda sigurvegaranna á blúshátíð sem samtökin halda í janúar á hverju ári í Memphis.

„Núna tengjumst við 165 blúshátíðum og félögum víðs vegar að úr heiminum. Það eru milljónir manna í þessum samtökum," segir Halldór Bragason, skipuleggjandi Blúshátíðarinnar.

Halldór er nýkominn heim frá Bandaríkjunum þar sem hann spilaði á einni þekktustu blúshátíð heims í Helena í Arkansas ásamt hinum 96 ára Pinetop Perkins, sem spilaði einmitt í Reykjavík í vor. Með þeim á sviðinu var Willie Big Eyes, sem hefur einnig komið hingað til lands, og þeir Bob Margolin og Bob Stroger. Allir hafa þeir getið sér gott orð fyrir að hafa spilað með goðsögninni Muddy Waters. „Það var rosalegur heiður að fá að gera þetta," segir Halldór. „Þetta eru yndislegustu tónleikar sem ég hef spilað á með Pinetop." Með Halldóri í för var Jóhann Vilhjálmsson úr Blúsfélagi Reykjavíkur. Ferðuðust þeir einnig til blúsborgarinnar Clarksdale í Mississippi og skoðuðu fæðingarstað Muddy Waters. „Maður lifir á þessu í mörg ár," segir Jóhann um þessa miklu pílagrímsferð.

- fb

HALLDÓR BRAGASON Blúshátíð Reykjavíkur tengist nú blússamtökunum The Blues Foundation.

Hópa dekur

Ljósmyndari Vera Pálsdóttir

Hópa-afsláttur

Við sérhönnum dekrið eftir ykkar óskum.
Tökum innilega á móti öllum stærðum af hópum í dekur og slökun.
Hægt er að velja um fjölbreytta þjónustu og sérhannaða dekurpakka fyrir hópinn þinn. Takið frá tíma og njótið ykkar með vinkonunum í hlýlegu umhverfinu í Baðhúsinu. Hafið samband á netfang **dekur@badhusid.is** og við sérhönnum pakka fyrir ykkur.

Hópa-Einka-ráðgjöf

Förðunar- og útlitsráðgjöf.
Persónuleg ráðgjöf um það hvernig þú getur orðið enn fallegri með réttri förðun, hárgreiðslu, klæðnaði og mataræði.
Við tökum allan daginn frá fyrir þig og setjum þig í fyrsta sæti.

Gjafakort

Minnum á okkar rómuðu dekurgjafakort. Dekurdagur er gjöfin sem allar konur þrá.

BAÐHÚSIÐ
www.badhusid.is
Sími 515 1900

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

BAKÞANKAR
Júlíu Margrétar Alexandersdóttur

Dauðalisti tungumálsins

Gamall kennari minn í íslensku, Bergljót Kristjánsdóttir, tók það sérstaklega fram eitt sinn í tíma að hún vildi láta kalla sig kellingu. Hún væri kelling og kelling skyldi hún heita. Fólk ætti hreinlega að kalla hlutunum þeim nöfnum sem þeir hétu. Auk þess væri orðið hressandi, gamalt og gott, og hún bæri það með stolti.

ÞETTA var góð kennsla og eftir hana hef ég kannski verið meira vakandi fyrir orðum sem við höfum talið okkur trú um að séu vond og rangt að nota. Eitt þessara orða er feitur. Við erum auðvitað ýmist hávaxin, lágvaxin, ljóshærð, dökkhærð, bláeygð, brúneygð, mjó og jú – feit. Þrátt fyrir að töluvert stór hluti þjóðarinnar sé of feitur er það sjaldan notað. Skilaboðin síðustu árin í umræðunni hafa nefnilega verið sú að ein mesta óhamingja lífsins felist í því að vera feitur. Og þú vinnur ekki neinni manneskju það til miska að lýsa henni sem feitri.

SJÁLF er ég í þyngri kantinum núna og hef ekkert stórar áhyggjur af því að kalla sjálfa mig feita. Ég er að vísu búin að drekka nokkra lítra af vatni þessa vikuna, stúdera fræði Atkins meðan ég narta í flögur og tek mambóspor í stofunni með Ágústu Johnson-myndbandi þegar tími gefst til. Fyrst og fremst til að komast aftur í gömlu fötin mín, enda ótrúlega dýrt að endurnýja fataskápinn. En nefni ég það við fólk að ég sé í átaki því ég sé orðin of FEIT í fötin mín sýpur fólk hveljur, klappar mér á öxlina og roðnar. Rétt eins og ég hafi sagst þjást af hvítkornafæð, ofsabjúg eða lifrarbólgu.

HVERNIG þetta orð komst á dauðalista tungumálsins má eflaust, eins og jú svo oft, kenna útlitsvæðingunni um. Um leið og við þykjumst vilja vinna gegn útlitsfordómum og útlitsvæðingunni förum við í hnút ef einhver segir orðið „feitur“ þannig að við erum yfirleitt stödd í mikilli mótsögn við sjálf okkur. Er svona hroðalegt að vera feitur? Mér finnst það bara frábært. Ég virðist hins vegar stödd á rangri plánetu með það að telja þetta vera í lagi.

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 17. október 2009, 290. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	8.24	13.13	18.00
Akureyri	8.14	12.58	17.40

Heimild: Almanak Háskólans



KOTTE innpökkunarsett
Ýmis mynstur **1.990,-/27 í setti**

KALLT rafmagnsskreyting
Ýmsir litir **3.490,-**

RÖNÅS kertastjaki H7cm
Rautt **495,-**

150,-
KOTTE skrautlengja
L2,7m. Ýmsir litir

Jólin þín byrja í IKEA



KOTTE gjafaborðar og slaufur. Ýmsir litir
895,-/24 í setti

KOTTE skraut málmstrimlar
Ýmsir litir **395,-/pk.**



KOTTE skrautfuglar
Ýmsir litir
595,-/4 í pk.

1.290,-/3 stk.
TRIPP dósir m/loki. Rautt/hvítt

KOTTE skrautkúlur
Ø2cm. Ýmsir litir
295,-/12 í pk.

BORRBY lugt f/kubbakerti
H28cm. Rautt **1.990,-**

KOTTE borðar L18m. Ýmsir litir
1.190,-/stk.



295,-/12 í pk.
KOTTE merkimiðar. Rautt/hvítt

KOTTE skrautsett. Ýmsir litir
1.990,-/60 í setti



JULROS kerti H23cm. Rautt
1.190,-/20 í pk.

SNÖA BAND dúnsokkar
stærðir 38-39 og 40-43
Rautt **1.990,-**

Hangikjöt
með kartöflum, rauðkáli, grænum baunum og uppstúf
895,-

695,-/stk.
JULROS ilmkerti í glasi H8cm. Ýmis mynstur



KOTTE skrauthjörtu B7cm.
Ýmsir litir **995,-/4 í pk.**

Verslun opin 11-19 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30

www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2009